

**SYLVÍA BJÖRG KRISTINSDÓTTIR**

*Íslenskan í uppáhaldi*

Nám Bílar Ferðir

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



**RUDOLPH GIULIANI**

*Heldur fyrirlestur á Íslandi*

Miklar öryggisráðstafanir gerðar

FÓLK 32


acer

Glæsilegur 8bls bæklingur með Acer ferðavélum og fylgihlutum fylgir fréttablaðinu í dag

TÖLVULISTINN REYKJAVÍK AKUREYRI KEFLAVÍK EGILSSTÖÐUM



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

23. ágúst 2006 — 225. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


**Með aðstoðarkonu í Englandi**



Indverska prinsessan Leoncie fór í prufur fyrir X Factor í Bretlandi á dögunum. Hún hefur ráðið sérlega aðstoðarkonu til að sinna öllum þeim fyrirspurnum og tilboðum sem henni berast.

FÓLK 42

**Arfleifð Valgerðar Briem**



Sýning í Gerðarsafni á verkum listakonunnar og myndlistarkennarans Valgerðar Briem og dóttur hennar Valgerðar Bergsdóttur.

MENNING 28

**Stjórnarsamstarfið: Þétt og bætt?**

En „hið ótrúlega hefur gerst", segir Moggi, „að Framsóknarflokknum tókst á flokksþingi sínu fyrir helgi að styrkja stöðu sína mjög," segir Ólafur Hannibalsson."

Í DAG 20

**Valur og Breiðablik í úrslit**



Það verða Valur og Breiðablik sem keppa til úrslita í VISA-bikarkeppni kvenna. Bæði lið lentu þó í óvæntum erfiðleikum í undanúrslitaleikjunum í gær en höfðu að lokum sigur.

ÍÞRÓTTIR 38

**VEÐRIÐ Í DAG**




**VATNSVEÐUR** Í dag verður stíf suðaustan átt um sunnan- og suðvestanvert landið, annars heldur hægari. Rigning sunnan og vestan til en þykknar upp norðan og austan til smám saman. Hiti 12-19 stig hlýjast til landsins á Norðurlandi.

VEÐUR 4

**> Markaðurinn**

*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG



# Alþýðusambandið hugleiðir evrulaun

**Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri Alþýðusambandsins, segir að innan þess hafi verið hreyft við hugmyndum um að laun mætti greiða að hluta í evrum. Kostir og gallar krónunnar verða ræddir á ársfundi ASÍ í október.**

**VIÐSKIPTI** Sá möguleiki að launafólk fái hluta launa sinna greiddan í evrum hefur verið ræddur á vettvangi Alþýðusambands Íslands.

„Ég get staðfest að þessi hugmynd hefur komið upp. Ekki kannski um að semja alfarið í evrum heldur að fólk geti tekið út ákveðinn hluta launa sinna í evrum," segir Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri Alþýðusambandsins. Hann segir vangaveltur tengdar því að fólk sé með langtímalán í erlendri mynt. „Mjög dýrt er fyrir einstaklinga að standa gjaldeyrisvaktina, slíkt er fyrirtækjunum jú miklu tamara. Fyrirtækin gætu þá axlað það ef launamaðurinn vildi taka lán í evrum," bætir hann við. Með þessu segir Gylfi að lágmarka mætti gengisáhættu af því að taka húsnæðislán í erlendri mynt.

Gylfi segir hins vegar varhugaverðara ef fólk færi að semja um evrulaun í einstaklingsbundnum samningum því sú staða gæti komið upp, vegna gengissveiflna, að laun fólks færu niður fyrir lögbundin lágmarkslaun. „Málið er því ekki alveg einfalt," segir hann.

Á ársfundi ASÍ í október verður umræða um kosti og galla krónunnar. „Á því er engin launung að sveiflukenndur gjaldmiðill, eins og krónan er, og mistök sem gerð hafa verið í hagstjórn bitna mjög illilega á fólki. Grunnvextir eru 13,5 prósent, sem þýðir að fólk er að borga af venjulegum lánum frá 15 upp í 18 prósenta vexti. Það gefur auga leið að þetta hefur gríðarleg áhrif á afkomu okkar félagsmanna."

Meðal fyrirtækja sem skráð eru í Kauphöll Íslands og fá tekjur sína að mestu erlendis frá er nú í gangi umræða um kosti þess að breyta skráningu hlutabréfa þeirra í Kauphöllinni úr krónum í evrur. Er það einnig sagt skref í þá átt að laða að erlenda fjárfesta.

- óká / sjá úttekt í Markaðnum



**FYRSTI SKÓLADAGURINN** Börn og forráðamenn þeirra mættu til skólasetningar í Rimaskóla í gær. Þessir krakkar í fjórða bekk Rimaskóla eru meðal þeirra fjölmörgu nemenda sem nú snúa aftur í skólann að loknu sumarfríi. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Hátt miðaverð á landsleik Íslands og Danmerkur kemur ekki veg fyrir mikla sölu:

# Nær uppselt á landsleikinn

**LANDSLEIKUR** Vegna mikillar eftirspurnar eftir miðum á leik Íslands og Danmerkur, í undankeppni Evrópumóts karlalandsliða í knattspyrnu, ákvað Knattspyrnusamband Íslands að hækka miðaverð á leikinn. „Við þurfum að hafa sem mestar tekjur út úr landsleikjunum. Eftirspurnin eftir miðum á leikinn gegn Dönum er gríðarleg, bæði hér á landi og erlendis. Við höfum áður hækkað miðaverð í svona stórum leikjum, en sé mið tekið af miðaverði á landsleiki erlendis þá er verðinu hér á landi stillt í hóf."

Miðaverð í nýuppgerða stúku á Laugardalsvelli er 5.000 krónur. Miðasala hófst eftir hádegi í gær og varð fljótt uppselt í þá stúku en hún tekur 3.300 manns í sæti.

Miðaverð í önnur stæði á vellinum er annars vegar 4.500, í stúku sem tekur 3.500 manns í sæti, og 2.000 krónur í stúkusæti sitthvoru megin við sætin í miðju nýuppgerðu stúkunnar.

Samtals nema tekjur vegna miðasölu ríflega 30 milljónum króna. Hægt er fá fimm hundruð króna afslátt á miðunum séu þeir keyptir í forsölu en líklegt má telja að uppselt verði á leikinn í dag, miðað við hversu hratt miðar seldust í gær.

- mh



**FRÁ LAUGARDALSVELLI** Nýju sætin reynast vonandi vel gegn Dönum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Neyðarlínan 112:

# Um 600 símtöl vegna barna

**NEYÐARLÍNAN** Neyðarlínunni 112 berast um 600 tilkynningar á hverju ári vegna brota gegn börnum, að sögn Péturs Hoffmann, gæðastjóra hennar. Í langflestum tilvikum er um að ræða vanrækslu á börnum, áhættuhegðun eða ofbeldisverk gegn þeim.

Kristján segir að starfsmenn Neyðarlínunnar kalli til lögreglu í einu til tveimur af hverjum tíu tilvikum þegar hringt er inn vegna mála af þessu tagi. Hann kveðst álíta að sumar þeirra tilkynninga sem berist til Neyðarlínunnar myndu ekki skila sér ef þessi þjónusta 112 væri ekki til staðar.

- jss / sjá síðu 4



**SVARIÐ AFHENT** Sendiherrar stórveldanna hjá Larijani í Teheran í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Íranar svara stórveldatilboði:

# Einskis getið um auðgun úrans

**ÍRAN, AP** Ari Larijani, aðaltalsmaður Íransstjórnar í kjarnorkumálum, greindi frá því í gær að stjórnin væri reiðubúin að hefja „alvöru samningaviðræður" um kjarnorkuáætlun sína.

Larijani sagði þetta er hann afhenti skriflegt svar Íransstjórnar við tilboði sex stórvelda um margvíslegan efnahagslegan ávinning Írönum til handa gegn því að þeir hlíti reglum Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar um eftirlit með kjarnorkuáætluninni.

Enginn talsmaður Íransstjórnar nefndi hvort gagntilboðið fæli í sér að hún stöðvaði tilraunir með auðgun úrans. Á það hafa Vesturveldin lagt höfuðáherslu. Frestur sem öryggisráð SÞ gaf Írönum rennur út 31. ágúst.

- aa


Drögum á morgun

Átt þú miða?

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings






## SPURNING DAGSINS

***Guðrún, stendur til að breyta nafninu í Heimsálfunnar beztu?***

„Nei, ég held að við höldum okkur bara við Bæjarins beztu að sinni.“

Pylsuvagn Bæjarins beztu í Tryggvagötu er besti pylsuvagn heimsálfunnar samkvæmt breska blaðinu The Guardian. Galdurinn er talinn felast í remúlaðinu. Guðrún Kristmundsdóttir er eigandi vagnsins.

Skinney-Þinganes kaupir rótgróna fjölskylduútgerð frá Húsavík:

# Skip og kvóti seld til Hafnar

**ÚTGERÐARMÁL** Útgerðarfélagið Skinney-Þinganes á Höfn í Hornafirði gekk í gær frá kaupum á hlut Bjarna Aðalgeirssonar og fjölskyldu í útgerðarfélaginu Langanesi hf. Langanes hefur gert út skipin Bjarna Sveinsson og Björgu Jónsdóttur um árabil.

Bjarni Aðalgeirsson, sem hefur lengi stýrt starfi Langaness hf., segir aflaverðmætin sem fylgi með í kaupunum fyrst og fremst vera uppsjávarkvóta. „Þetta er rúmlega tvö prósent af heildarloðnukvótanum, 2,8 prósent af norsk-íslenska stofninum og meira til viðbótar af öðrum tegundum. Við gáfum okkur tíma til þess að ganga frá þessum samningum og vorum ekkert að flýta okkur að þessu. Þetta eru mikil tímamót, en menn verða fullorðnir og taka þá ákvarðanir um breytingar,“ sagði Bjarni.

Langanes hf. var stofnað 1975 á Þórshöfn en nokkrum árum síðar voru höfuðstöðvar fyrirtækisins fluttar til Húsavíkur. Í rúmlega 26 ár hefur Langanes gert út samtals átta skip frá Húsavík.

Áhafnir á skipunum tveimur verða að mestu skipaðar sama fólki áfram, samkvæmt upplýsingum frá Aðalsteini Ingólfssyni, forstjóra hjá Skinney-Þinganesi. **- mh**



**FRÁ HÚSAVÍK** Langnes hf. hefur um árabil gert út skip frá Húsavík. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Mannabreytingar hjá Árvakri:

# Nýr framkvæmdastjóri

**RÁÐNING** Einar Sigurðsson verður ráðinn framkvæmdastjóri Árvakurs, útgáfufélags Morgunblaðsins, á stjórnarfundi félagsins á morgun samkvæmt fréttastofu RÚV. Hallgrímur Geirsson, núverandi framkvæmdastjóri útgáfufélagsins, lætur að sögn af störfum að eigin ósk.

Einar starfaði áður sem framkvæmdastjóri Flugleiða. Hann hefur starfað sem framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar hjá IMG Gallup frá því í desember 2005.

Hann er kvæntur Kristínu Ingólfsdóttur, rektor Háskóla Íslands. Ekki náðist í Einar áður en Fréttablaðið fór í prentun. **- æþe**

Kærður fyrir kynferðisbrot:

# Ekki enn verið yfirheyrður

**LÖGREGLUMÁL** Maður sem hefur verið kærður fyrir kynferðisbrot gegn þremur ungum stúlkum á samkomu línudansara í Rangárþingi um verslunarmannahelgina hefur ekki enn verið yfirheyrður af lögreglu. Bjarnþór Aðalsteinsson, fulltrúi hjá lögreglunni í Reykjavík, segir málið vera nýkomið inn á borð til þeirra, en lögreglan á Hvolsvelli sendi rannsókn málsins til Reykjavíkur í seinustu viku. Þá hafði maðurinn ekki verið yfirheyrður.

Maðurinn er grunaður um að hafa berað kynfæri sín fyrir framan þrjár átta til tólf ára stúlkur og leitað á að minnsta kosti eina þeirra á samkomunni. **- sþs**

Brunahætta af myndavélum:

# Hættulegur hugbúnaður

**NEYTENDUR** Innköllun á hugbúnaði hættulegra stafrænna myndavéla af gerðinni HP Photosmart R707 frá Hewlett Packard fer nú fram.

Umræddur hugbúnaður er í myndavélum af fyrrgreindri gerð sem seldar voru á tímabilinu ágúst 2004 til maí 2006.

HP hefur af þessum sökum innkallað stýrihugbúnaðinn sem fylgir þessum myndavélum og er notendum Photosmart bent á að sækja nýjan stýrihugbúnað á heimasíðu fyrirtækisins eða snúa sér til viðkomandi söluaðila. **-hs**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Erlendir ferðamenn og hraðakstur**
Lögreglan í Vík stöðvaði fimm ökumenn fyrir hraðakstur í umdæminu. Athygli vekur að allir ökumennirnir voru erlendir ferðamenn á bílaleigubíl. Sá sem hraðast ók var á tæplega 120 kílómetra hraða. Lögreglan á Vík hefur áhyggjur af þessari þróun. Ökumennirnir taka afskiptum lögreglu misvel og greiða sekt sína með greiðslukorti ellegar eru þeir færðir á lögreglustöðina.

# Ekki endurákært vegna fyrsta liðsins

**Sigurður Tómas Magnússon saksóknari segir niðurstöðuna ekki hafa áhrif á rannsókn eða saksókn vegna annarra brota. Kjarninn úr Baugsmálinu úr sögunni, segir Gestur Jónsson lögmaður Jóns Ásgeirs Jóhannessonar.**

**BAUGSMÁL** Ekki verður endurákært vegna fyrsta liðs Baugsmálsins svokallaða en Sigurður Tómas Magnússon, settur saksóknari í málinu, sendi frá sér fréttatilkynningu þess efnis í gær.

Hæstiréttur staðfesti frávísun héraðsdóms á fyrsta lið málsins 21. júlí síðastliðinn, en í honum var Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, forstjóra Baugs Group hf., meðal annars gefið að sök að hafa „beitt stjórn Baugs blekkingum í auðgunarskyni með því að leyna því að hann væri raunverulegur seljandi hlutfjárins“, eins og segir orðrétt í ákæru, þegar Baugur keypti Vöruveltuna sem rak 10-11 verslanirnar.

Í tilkynningu frá Sigurði Tómasi segir að Jóni Ásgeiri hafi verið sent bréf þar sem afstaða ákæruvaldsins er áréttuð, en jafnframt tekið fram að ákvörðunin lúti „einvörðungu að þeim ætluðu brotum sem ákærða voru gefin að sök samkvæmt 1. ákærulið en hafi ekki áhrif á rannsókn, eða eftir atvikum saksókn, vegna annarra brota“.

Átján liðir eru enn eftir af Baugsmálinu og bíða þeir nú efnismeðferðar í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Gestur Jónsson, lögmaður Jóns Ásgeirs, segist hafa búist við þessari niðurstöðu. „Þessi ákvörðun kemur mér ekki óvart og ég taldi reyndar sjálfgefið að hann kæmist að þessari niðurstöðu eftir að dómstólar höfðu sagt að í þessum ákærulið væri verði að lýsa viðskiptum en ekki lögbrotum. Eftir að sú afstaða var ljós, gat að mínu mati ekki verið um nýja ákæru að ræða. Þetta skiptir hins vegar miklu máli fyrir málið í heild þar sem kjarninn úr Baugsmáli er þar með úr sögunni.“

Ákæruliðirnir átján sem eftir standa í Baugsmálinu lúta meðal annars að ólögmætum lánveitingum, bókhaldsbrotum og „röngum tilkynningum um afkomu Baugs hf. til Verðbréfaþings Íslands í þeim tilgangi að skapa rangar hugmyndir um hag félagsins og hafa áhrif á sölu eða söluverð hluta í því“, eins og segir orðrétt í tilkynningu frá Sigurði Tómasi.

Ekki er ljóst ennþá hvenær málið verður tekið til efnismeðferðar. **magnush@frettabladid.is**



**JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON KEMUR ÚR DÓMSAL** Átján liðir eru enn eftir af Baugsmálinu og bíða þeir nú efnismeðferðar í Héraðsdómi Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL



**GESTUR JÓNSSON**



**SIGURÐUR TÓMAS MAGNÚSSON**

Jón Ásgeir Jóhannesson:

# Undarlegt að þurfa að bíða

**BAUGSMÁL** Jón Ásgeir Jóhannesson segir það hafa verið einkennilegt að þurfa að bíða eftir því „svo vikum skipti“ hvort endurákært yrði vegna fyrsta liðsins eða ekki.



**JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON**

„Ég hef frá upphafi sagt að þessi ákæruliður, sem oft hefur verið kenndur við 10-11 verslanirnar, snúist um viðskipti og ekkert annað. Þetta hafa dómstólar staðfest bæði héraðsdómur og Hæstiréttur. Það var því einkennilegt að þurfa að sitja undir því svo vikum skipti að Sigurður Tómas Magnússon segðist vera að velta því fyrir sér að ákæra í þriðja sinn af þessu tilefni.

Því verður vart trúað að slíkt hafi hann hugleitt í alvöru eftir þá dóma sem gengið höfðu,“ sagði Jón Ásgeir í tilkynningu í gær. **- mh**

Lögreglan í Hafnarfirði:

# Boxerhundur réðst á börn

**LÖGREGLUMÁL** Boxerhundur réðst á tvö níu ára börn, stúlku og dreng, í Ásahverfi í Hafnarfirði í gær.

Hundurinn réðst á stúlkuna og beit í höndina svo að áverki hlaust af, þar að auki klóraði hann í bringu stúlkunnar svo að hún rispaðist. Því næst réðst hann á strákinn og beit í báða upphandleggi hans svo að sá á pilti. Fatnaður drengsins skemmdist í árásinni.

Þegar lögregla kom á vettvang gekk illa að klófesta hundinn enda var skepnan mjög æst. Það tókst að lokum og var hundurinn færður á lögreglustöðina.

Eigandi hundsins kom á stöðina, eftir að samband var haft við hann, með yfirlýsingu um að hundurinn yrði svæfður. **- æþe**




Viljayfirlýsing á milli Landsbanka Íslands og Lífeyrissjóðs bankamanna:

# Búast við um 700 milljónum

**VIÐSKIPTI** „Samkvæmt síðasta milliuppgjöri bankans höfum við lagt til hliðar 700 milljónir króna til að mæta mögulegum skuldbindingum vegna þessa máls. Það er vísbending um hvað við búumst við að verði niðurstaðan. Það er ennþá verið að semja um ákveðin atriði og þetta er viljayfirlýsing um að klára þetta mál en ekki bindandi samkomulag. Málið er enn á viðræðustigi,“ segir Gunnar Viðar, forstöðumaður lögfræðiráðgjafar Landsbanka Íslands, um viljayfirlýsingu milli bankans og stjórnar Lífeyrissjóðs bankamanna vegna meintrar bakábyrgðar lífeyrisskuldbindinga í hlutfalladeild lífeyrissjóðsins.



Lífeyrissjóðurinn höfðaði mál gegn bankanum fyrir ári og átti að taka málið fyrir í september næstkomandi. Málsóknin hefur verið tekin úr dómi en ýtrustu dómkröfur sjóðsins námu 2,6 milljörðum króna vegna áranna 1998 til 2004 eða síðan Lífeyrissjóður bankamanna leysti af hólmi Eftirlaunasjóð Landsbankans í aðdraganda þess að ríkisbönkunum var breytt í hlutafélög.

Friðbert Traustason, formaður stjórnar Lífeyrissjóðs bankamanna, hefur ekki viljað tjá sig um efni viljayfirlýsingarinnar en telur að með samkomulaginu sé hagur félaga í hlutfalladeild lífeyrissjóðsins tryggður. **- shá**

**LANDSBANKI ÍSLANDS** Lífeyrissjóður hefur tekið málsókn á hendur Landsbanka Íslands úr dómi í kjólfar samkomulags. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# ÚTSALA

# ALVÖRU

## Komdu á alvöru útsölu hjá Bílalandi B&L.

### Allt að 100% lán á aðeins 3,9%* vöxtum og ekkert lántökugjald.

**DÆMI UM BÍLA Á ÚTSÖLU**



SUZUKI VITARA, verð áður kr. 620 þús.



RENAULT LAGUNA, verð áður kr. 630 þús.



VW PASSAT, verð áður kr. 630 þús.



SUBARU LEGACY, verð áður kr. 990 þús.



VW PASSAT, verð áður kr. 790 þús.









...áður kr. 950 þús.



RENAULT MEGANE, verð áður kr. 780 þús.

# HEFST Á MORGUN!



RENAULT MEGANE, verð áður kr. 770 þús.



SUZUKI GRAND VITARA, verð áður kr. 1390 þús.



RENAULT MEGANE II, verð áður kr. 1160 þús.



DAEWOO TACUMA, verð áður kr. 1050 þús.



RENAULT CLIO, verð áður kr. 990 þús.

**Alvöru útsala verður hjá Bíalandi B&L dagana 24. til 29. ágúst.**
**Opið verður frá kl. 10 til 18. Athugið að lokað verður sunnudaginn 27. ágúst.**

Alvöru útsala er einnig hjá B&L Selfossi, s. 575 1460, SG Bílum, Reykjanesbæ, s. 421 4444, Bílási, Akranesi, s. 431 2622 og Bílasölu Akureyrar, s. 461 2533.

**575 1230**

bíla land B&L
notaðir bílar

**Grjóthálsi 1**
**bilaland.is**

*Birt með fyrirvara um verðbreytingar og ásláttarvillur. Ath. að vaxtagreiðslur taka mið af gengisþróun CHF og JPY í jöfnu 50/50 hlutfalli.

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 22.8.2006**

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 70,12 | 70,46 |
| Sterlingspund | 132,65 | 133,29 |
| Evra | 89,96 | 90,46 |
| Dönsk króna | 12,056 | 12,126 |
| Norsk króna | 11,191 | 11,257 |
| Sænsk króna | 9,781 | 9,839 |
| Japanskt jen | 0,6032 | 0,6068 |
| SDR | 102,24 | 104,86 |

*Gengisvísitala krónunnar*
124,1951

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Enn er á huldu hverjir stóðu fyrir líkamsárásinni í svefnskála við Kárahnjúka:

# Árásarmenn voru dulbúnir

**LÖGREGLUMÁL** Árásarmennirnir sem réðust á Xu-Ting fa, kínverskan verkamann á fimmtugsaldri, í svefnskála við Kárahnjúka, voru dulbúnir að sögn fórnarlambsins. Maðurinn hefur því ekki getað gefið lögreglu upplýsingar um hverjir árásarmennirnir voru.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er alkunna á meðal kínversku verkamannanna hvaða menn stóðu fyrir árásinni, en enn hefur enginn gefið sig fram með upplýsingar sem nýst gætu lögreglunni.

Mennirnir réðust inn í svefnherbergi mannsins aðfaranótt sunnudags og lömdu og klipu hann með naglbít og skildu eftir í blóði sínu. Litlu munaði að manninum blæddi út og samkvæmt heimildum blaðsins voru áverkarnir lífshættulegir. Þrátt fyrir það rannsakar lögregla ekki málið sem manndrápstilraun. Maðurinn fannst afar illa útleikinn á sunnudagsmorgun af herbergisfélaga hans sem var að koma af næturvakt.

Tæknideild Rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík hélt áfram störfum í gær og rannsakaði vettvang og ummerki. Engar yfirheyrslur fóru fram í gær en Óskar Bjartmarz yfirlögregluþjónn á Egilsstöðum útilokar ekki að fleiri verði yfirheyrðir vegna málsins.

Síðast þegar fréttist var líðan mannsins eftir atvikum góð og flytja átti manninn á sjúkrahúsið í Neskaupstað í gær. Engar nánari upplýsingar fengust uppgefnar hjá sjúkrahúsinu um líðan mannsins. - æþe



**FRÁ KÁRAHNJÚKUM** Enn hefur engin verið handtekin í tengslum við hrottafengna líkamsárás á Káraknjúkum. Árásarmennirnir voru dulbúnir.

Lögreglan í Kópavogi:

# Glæpum fækkar í Kópavogi

**LÖGREGLUMÁL** Samkvæmt tölum frá lögreglunni í Kópavogi fyrir fyrstu sex mánuði ársins, fer afbrotum fækkandi í umdæminu.

Miðað við fyrstu sex mánuði ársins í fyrra hefur þjófnuðum fækkað um 27 prósent á milli ára. Ef sérstaklega eru skoðuð svokölluð hnuplmál eða þjófnaður úr verslunum, hefur slíkum málum fækkað um fjörtíu prósent.

Þá hefur innbrotum í umdæminu fækkað um tuttugu prósent á tímabilinu. Í 45 prósent tilvika var brotist inn í fyrirtæki eða stofnanir, þrjátíu prósent innbrotanna voru í bifreiðar og tólf prósent voru í íbúðarhúsnæði. - æþe

Fylgi Verkamannaflokksins:

# Versta útkoma í nítján ár

**LUNDÚNIR, AP** Nýleg skoðanakönnun breska blaðsins Guardian og IMC hefur leitt í ljós að 72 prósent Breta telja að utanríkisstefna Tonys Blair hafi aukið hættuna á hryðjuverkaárás á Bretland. Einungis eitt prósent aðspurðra er á öndverðri skoðun og telur landið öruggara.



TONY BLAIR

Þriðjungur kjósenda lýsti yfir stuðningi við Verkamannaflokkinn en fjörutíu af hundraði telja Íhaldsflokkinn æskilegri til að stjórna landinu. 22 prósent styðja Frjálslynda demókrata. Fylgi Verkamannaflokksins hefur ekki mælst minna í nítján ár í skoðanakönnun Guardian. - kóþ

Sjóslys undan Skagaströnd:

# Tveir slösuðust

**SJÓSLYS** Tveir voru fluttir til aðhlynningar á sjúkrahús eftir að björgunarskip Landsbjargar og línuveiðibátur rákust saman fimm sjómílum undan Skagaströnd í fyrrinótt.

Meiðsl mannanna voru ekki alvarleg en annar þeirra var fluttur á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri en sá slasaðist á mjöðm. Bátarnir eru báðir talsvert skemmdir en tildrög slyssins eru ókunn. Sjópróf munu fara fram vegna slyssins innan tíðar. - aöe

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Eftirlit með stefnuljósanotkun**
Lögreglan í Reykjavík kærði þrettán ökumenn fyrir að nota ekki stefnuljós í höfuðborginni í gær. Um er að ræða aukið eftirlit með stefnuljósanotkun af hálfu umferðardeildar lögreglunnar. Þá voru sjö ökumenn stöðvaðir fyrir of hraðan akstur og ellefu ökumenn boðaðir með bíla sína í skoðun.

# Um 600 tilkynningar á ári um brot gegn börnum

**Um 600 tilkynningar um brot gegn börnum berast á ári hverju til neyðarlínunnar 112. Í langflestum málanna er um vanrækslu barna að ræða, áhættuhegðun eða ofbeldisverk gagnvart þeim. Starfsmenn hennar kalla til lögreglu í einu til tveimur tilvikum af tíu, þegar slík símtöl berast.**

**NEYÐARLÍNAN** Neyðarlínan 112 tekur á móti 50-60 símtölum að meðaltali á mánuði þar sem tilkynnt er um brot gegn börnum, að sögn Kristjáns Hoffmann, gæðastjóra 112. Það gera um 600 tilkynningar um slík brot á ári. Í langflestum tilvikum er um vanrækslu á börnum að ræða, áhættuhegðun eða ofbeldi gegn þeim.

Barnaverndarstofa hefur tekið saman tölur fyrir Fréttablaðið um fjölda mála, sem komu til barnaverndarnefnda frá Neyðarlínunni 112, fyrir fyrstu fjóra mánuði áranna 2005 og 2006. Af þeim má ráða að umtalsverð aukning hafi orðið á milli ára. Þannig voru tilkynningar frá Neyðarlínunni samtals 71 á fyrstu fjórum mánuðunum 2005 og 159 talsins á sama tímabili í ár. Af síðarnefndu tölunni urðu 119 barnaverndarmál. Langflest símtalanna bárust úr Reykjavík, en einnig allnokkur annars staðar af höfuðborgarsvæðinu svo og frá einstökum stöðum á landsbyggðinni.

Kristján kveðst ekki hafa tölu yfir hversu margar tilkynningar hafi borist 112 frá 1. febrúar 2004 þegar þessi þjónusta hófst, þar sem þróa hafi þurft sérstakt bókunarkerfi í byrjun. Hitt sé ljóst að fjöldi innhringinga af þessum toga hafi farið vaxandi frá því að 112 fór af stað með þjónustuna.

„Hvað varðar lægri tölu frá Barnaverndarstofu heldur en við áætlum getur sá mismunur átt sér skýringar,“ segir hann. „Það geta borist til dæmis borist tvær hringingar vegna sama atburðar með klukkustundar millibili. Við erum búnir að afgreiða málið til barnaverndarnefndar eftir fyrri tilkynninguna. Þegar síðari tilkynningin berst hækkar hún ef til vill forgang málsins þannig að við sendum lögreglu á staðinn og látum barnaverndarnefnd vita. Þarna eru komnar tvær innhringingar til okkar sem verða að einu máli hjá barnaverndarnefnd.“

Kristján segir berast til 112 tilkynningar sem hann telji að myndu ekki skila sér ef þessi neyðarþjónusta væri ekki til staðar.

„Fólk veigrar sér kannski við því að ónáða aðra að kvöldi eða nóttu, eða þá að leita að símanúmerum. Það þarf að geta látið vita um leið og atburðurinn á sér stað, en vill þó ekki kalla til lögreglu. 112 er þá orðinn valkostur sem ég trúi að fólk eigi eftir að nota sér í vaxandi mæli.“

Spurður segir Kristján að starfsmenn Neyðarlínu kalli til lögreglu í einu til tveimur tilvikum af hverjum tíu þar sem brot gegn börnum eru tilkynnt.

jss@frettabladid.is



**NEYÐARLÍNAN** Tilkynningum til Neyðarlínunnar um brot gegn börnum fer stöðugt fjölgandi. Ekki eru nema tvö og hálft ár síðan farið var af stað með þessa þjónustu í 112.

**TILKYNNINGAR Í 112**

**Fjöldi barnaverndarmála***

| | 2005 | 2006 |
|---|---|---|
| Janúar | 16 | 39 |
| Febrúar | 15 | 36 |
| Mars | 22 | 14 |
| Apríl | 18 | 30 |

*skv. upplýsingum Barnaverndarstofu

**ÁSTÆÐUR TILKYNNINGA Í 112**

**Fyrstu fjóra mánuði 2006***

| | Fjöldi | % |
|---|---|---|
| Vanræksla | 78 | 49,2 |
| Ofbeldi | 18 | 11,3 |
| Áhættuhegðun | 46 | 28,9 |
| Heilsa eða líf ófædds barns í hættu | 1 | 0,6 |
| Annað | 16 | 10,1 |

*skv. upplýsingum Barnaverndarstofu

BÍLL DAGSINS
SUBARU OUTBACK 3.0 H6
Nýskr. 09.04 - Sjálfskiptur - Ekinn 17 þús. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00. Sími: 525 8020.

## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HELDUR LEIÐINLEGT**
Það er nú vart hægt annað en að gefa þessu veðri á sunnan- og vestanverðu landinu fremur lága einkunn. Vindhraðinn sunnan og suðvestan til verður 8-15 m/s sem er allnokkuð. Þá verður hann auk þess sýnilegri þegar saman fer rigning. Heldur leiðinlegt. Á Norður- og Austurlandi dregur fyrir sólu síðdegis í dag eftir frábæra tíð upp á síðkastið. Það léttir síðan heldur til á ný á föstudag.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**
Suðaustan 5-10 m/s. Rigning eða skúrir. Hiti 11-14 stig.

*um hádegi »*



*» á morgun*



Hæg, breytileg átt. Hætt við súld með ströndum.

*» föstudagur*



Hæg, breytileg átt.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 21°C skúrir | London | 21°C léttskýjað | Alicante | 29°C heiðskírt |
| Billund | 27°C léttskýjað | París | 22°C skúrir | Mallorca | 25°C heiðskírt |
| Osló | 20°C skúrir | Frankfurt | 19°C skúrir | Algarve | 29°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 27°C rigning | Friedrichshafen | 17°C skúrir | Krít | 34°C heiðskírt |
| Gautaborg | 19°C rigning | Berlín | 20°C skúrir | Las Palmas | 26°C heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



Ótakmörkuð
símtöl í
alla heimasíma
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is Ljósm. Svenni Speight
HiveHeimasími frá 990 kr. á mánuði
Nú getur þú fengið heimasíma hjá Hive. Þú getur talað eins oft og eins lengi og þú vilt í alla heimasíma innanlands. Þú borgar lægra mínútuverð í GSM, lægra mánaðargjald og frá aðeins 4.90 kr. á mínútu til útlanda. Það er ekkert mál að skipta og þú getur haldið símanúmerinu þínu. Þetta færðu allt ef þú ert með heimasíma og ADSL hjá Hive. Hefur þú frá miklu að segja?
Hive
Hive.is Grensásvegi 16, Reykjavík. Þjónustusími: 414 1616 hive@hive.is



## KJÖRKASSINN

*Á Menningarnótt að vera á sunnudegi?*

| | |
|---|---|
| Já | 40% |
| Nei | 60% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Eru íslenskir háskólar nægilega góðir?*

Segðu skoðun þína á vísir.is vísir

Ný könnun sýnir að nemendur sem vinna með námi skila betri árangri í skóla:

# Vinnuhestar eru betri námsmenn

**MENNTAMÁL** Þeir framhaldsskólanemar sem vinna með náminu skila betri námsárangri en þeir sem vinna ekki, klára fleiri einingar og falla síður, þrátt fyrir að þeir hafi minni tengsl við skóla og félagslíf, nýti minni tíma í heimanám, séu meira fjarverandi úr skólanum og finnist hann leiðinlegri. Þetta er meðal þess sem fram kemur í nýrri könnun sem félagsfræðingar við Menntaskólann í Kópavogi, Fjölbrautarskólann í Ármúla og Kvennaskólann í Reykjavík unnu í skólunum þremur.

Í könnuninni kemur fram að stúlkur vinni frekar með námi en piltar, eldri nemendur vinni frekar og vinna aukist í samræmi við það hversu langt nemendur eru komnir í námi. Þá er líklegra að nemandi vinni þeim mun minni menntun sem foreldrar hans hafa.



**Í SKÓLANUM** Þeir sem vinna með náminu skrópa oftar í kennslustundum en aðrir og finnst leiðinlegra í skólanum.

Það segir Hannes Í. Ólafsson, einn þeirra sem könnunina gerði, sérstakt í ljósi þess að samkvæmt könnunum hafi lítil menntun foreldra neikvæð áhrif á námsárangur, sem stangist á við niðurstöður þessarar könnunar sem sýnir að þeir sem vinna standa sig betur.

Könnunin leiðir í ljós að 65 prósent nemenda vinna með námi, mismikið eftir skólum. Hannes segir hlutfallið þó geta verið hærra, þar sem líklegra sé að þeir sem vinna hafi verið fjarverandi úr skólanum þegar könnunin var lögð fyrir.

Könnunin var styrkt af Þróunarsjóði framhaldsskóla. **- sh**

Styrkveiting frá Alcoa:

## Fengu tæp 77 þúsund í styrk

**ESKIFJÖRÐUR** Alcoa Fjarðaál greiddi samtals 76.951 krónu fyrir uppihald tveggja lögreglumanna frá Eskifirði, sem sóttu tveggja vikna námskeið í fíkniefnaleit til Flórída í Bandaríkjunum árið 2004.

Auk Alcoa styrktu ýmis fyrirtæki og stofnanir af Austurlandi námsför mannanna, en mennirnir sóttu um styrk fyrir ferðinni í eigin nafni.

Samkvæmt fréttatilkynningu sem barst frá álfyrirtækinu í kjölfar fregna af styrkveitingunni, kemur fram að fyrirtækið hefur veitt um 150 milljónir króna til ýmissa samfélagsverkefna á Austurlandi. Þar ber einna hæst framlag fyrirtækisins til byggingar íþróttahúss í Fjarðabyggð. **- æþe**

### NOREGUR

**Lilletun látinn** Norðmaðurinn Jon Lilletun, varaforseti norska Stórþingsins, lést á mánudag. Hann var sextugur að aldri, en talsmaður Kristilega demókrataflokksins, sem Lilleton tilheyrði, vildi ekki gefa upp dánarorsök. Lilletun var kirkju- og menntamálaráðherra Noregs á árunum 1997 til 2001.

### LEIÐRÉTTING

Sektir Skeljungs vegna samráðs olíufélaganna voru lækkaðar úr 1100 milljónum í 450 milljónir þegar áfrýjunarnefnd samkeppnismála úrskurðaði í málinu. Skeljungur fékk ekki afslátt vegna samstarfsvilja, líkt og hin félögin, en sekt fyrirtækisins var lækkuð um 650 milljónir.



**HEIÐURSBORGARI** Nóbelsskáldið verst kröfum um að skila heiðursborgaratitli fæðingarborgar sinnar.

NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Bréf frá Günter Grass:

## Biður Gdanskbúa um skilning

**PÓLLAND, AP** Þýska nóbelsskáldið Günter Grass hefur sent borgarstjóra fæðingarborgar sinnar Gdansk, sem áður hét Danzig, bréf þar sem hann útskýrir að hann hafi fyrst á elliárum fundið „réttu leiðina“ til að tala um að hann þjónaði í Waffen-SS-hersveit á síðustu mánuðum síðari heimsstyrjaldarinnar, þá á átjánda aldursári.

Grass er heiðursborgari Gdansk og sumir gagnrýnenda hans, þar á meðal Lech Walesa sem einnig er heiðursborgari, hafa skorað á hann að skila heiðurstitlinum eftir að hann upplýsti á dögunum um þetta áður ókunna atriði ævisögu sinnar. Lesið var upp úr bréfinu á blaðamannafundi í Gdansk í gær. Walesa sagðist í gær sáttur við útskýringar Grass. **- aa**

# Gæðum ábótavant

**Samkvæmt nýrri skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, um háskólastigið á Íslandi hefur stefna stjórnvalda borið árangur en endurskoða þarf fjármögnun háskóla. Einnig þarf að gera átak í gæðamálum háskólanna.**

**SKÓLAMÁL** „Það er margt mjög jákvætt í skýrslunni og það er greinilegt að við höfum náð þeim markmiðum að fjölga nemendum, sem er afar mikilvægt, og fjölga tækifærunum á háskólastigi. Hins vegar eru alvarlegar ábendingar varðandi gæðamálin sem styðja það sem við höfum verið að segja í ráðuneytinu, að við verðum að taka markvissari og ákveðnari skref í stefnumótum og betri nýtingu fjármagns,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra.

Í skýrslunni kemur fram að lög um háskóla frá 1997 hafi stuðlað að samkeppni og fjölbreytni á háskólastigi sem hafi leitt til öflugrar starfsemi háskólanna. Hins vegar er það tekið fram að of mikið frjálsræði geti komið niður á gæðum námsbrauta, en Ísland er sagt vera í hópi landa sem þurfi að gera átak í gæðamálum.

„Við höfum nú þegar svarað gagnrýni með nýrri löggjöf sem hefur tekið gildi og skólarnir hafa tvö ár til að laga sig að. Um leið brýnir þetta okkur í ráðuneytinu að fylgja þessu betur eftir, til dæmis að halda uppi gæðaeftirliti í þágu nemenda þannig að þekking skili sér í atvinnulífinu,“ segir Þorgerður.



**ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR** „Það er alltaf mikill fengur fyrir okkur sem stuðlum að stefnumótun og eflingu menntakerfisins að fá úttekt utanaðkomandi því glöggt er gests augað,“ segir Þorgerður, en ekki hefur verið gerð slík könnun áður hér á landi.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Skýrsluhöfundar benda jafnframt á að aðsókn í háskólamenntun aukist sífellt og bregðast verði við því með nýjum fjármögnunarleiðum. „Þeir segja að það sé ljóst að ríkisvaldið getur ekki annað þessu og við þurfum að hafa fjármögnunina fjölbreyttari. Þá erum við ekki bara að tala um skólagjöld heldur líka aðkomu annarra aðila í kostnaði og þátt atvinnulífsins,“ segir Þorgerður.

Í skýrslunni kemur fram að jafnrétti til náms á Íslandi er einstakt, bæði jafnrétti kynjanna og félagslegt jafnrétti. Í því samhengi fær Lánasjóður íslenskra námsmanna lofsamlega umsögn. Einnig segir í skýrslunni að Ísland sé framarlega í alþjóðavæðingu, enda geti námsmenn fengið lán fyrir námi í erlendum háskólum og virkt alþjóðlegt rannsóknarsamstarf styðji við háskólamenntun á Íslandi.

Skýrla OECD, sem út kom í gær, er hluti af úttekt sem nær til 24 landa en þrettán lönd voru tekin sérstaklega fyrir, þar á meðal Ísland. Sérfræðingar OECD heimsóttu allar stofnanir á háskólastigi á landinu síðastliðið haust og ræddu við hagsmunaaðila, þar á meðal fulltrúa atvinnulífsins.

**rosag@frettabladid.is**




Rússnesk farþegaþota hrapaði í Úkraínu með hörmulegum afleiðingum:

# 170 manns fórust í flugslysi

**ÚKRAÍNA, AP** Allir farþegar og áhöfn rússneskrar farþegaþotu fórust þegar vélin hrapaði í miklu þrumuveðri í Úkraínu síðdegis í gær, alls 170 manns. Fjörutíu og fimm þeirra voru börn.

Vélin var á ferð frá ferðamannastaðnum Anapa við Svartahafið til Pétursborgar, en hvarf af radarskjám yfir austurhluta Úkraínu, norðan borgarinnar Donetsk.

Flugmenn þotunnar sendu frá sér neyðarkall örfáum mínútum fyrir slysið.

Rússnesk yfirvöld kenna veðrinu um slysið og hafa útilokað að um hryðjuverk hafi verið að ræða. Talskona rússneskra almannavarnayfirvalda, Irina Andrianova, sagði að líklegast væri að eldingu hefði slegið niður í vélina. „Eftir að hún hrapaði, brotnaði hún í tvennt og eldur kom upp í henni,“ sagði hún.

Vélin var rússnesk af gerðinni Tupolev Tu-154. Hún var 16 ára gömul, frá flugfélaginu Pulkovo og hafði flogið 9.000 kílómetra síðan hún var síðast yfirfarin. Pulvoko er eitt stærsta flugfélag Rússlands, en mörg rússnesk flugfélög notast við vélar af þessari gerð.

Flestir farþeganna komu frá Pétursborg og virtust margar fjölskyldur hafa verið meðal þeirra því margir farþeganna deildu eftirnöfnum. Margar rússneskar fjölskyldur fara til Anapa í sumarfríinu. **- smk**



**FLUGSLYS** Slökkviliðsmenn gátu lítið að gert, þegar þeir komu að flaki vélarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Allt í skólann
## á einum stað



**Bolur**
svartur, silfur
st. 7/8-13/14
**1.699kr**

xin
**Hettubolur**
svartur
st. 122/128-170/176
**1.999kr**

**Buxur**
svartar
st. 9/10-13
**1.299kr**

**Gallabuxur**
bláar
st. 7/8-13/14
**2.999kr**

**Skólaföt í úrvali á frábæru verði**



**Vinsælar skólavörur í úrvali**



**Pennastokkar og pennaveski**



Fáanlegt í Kringlu, Smáralind og Akureyri

**Tölvur í úrvali, Asus, Fujitsu, HP**



**Vandaðar skólatöskur í úrvali**

Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Í hvaða blaði var Bæjarins bestu valinn næstbesti matsöluturn Evrópu?*

2 *Hvaða þjóð vill leiða friðargæslu í Líbanon?*

3 *Í hvaða sveitarfélagi eru þrjú af hverjum fjórum formannshlutverkum í nefndum sveitarfélagsins í höndum kvenna?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 42

Reykjavíkurborg greiðir engan löggæslukostnað vegna Menningarnætur:

# Rúm milljón úr vasa lögreglu

**MENNINGARNÓTT** Reykjavíkurborg greiðir engan löggæslukostnað vegna Menningarnætur. Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn segir kostnað lögreglunnar í Reykjavík vegna hátíðahaldanna á Menningarnótt vera um eina og hálfa milljón. Hátíðin fellur ekki undir reglugerð um skemmtanahald meðal annars vegna þess að enginn aðgangseyrir er rukkaður.

„Borgin þarf ekki að sækja um skemmtanaleyfi vegna þess að hún er ekki með dansleiki eða aðra leyfisskylda skemmtanastarfsemi á sínum vegum þetta kvöld,“ segir Geir Jón. „Þetta er töluverður kostnaður sem leggst á okkur, ég myndi áætla að þetta sé um ein og hálf milljón. Þarna höfum við lítið um það að segja að þurfa að leggja í fjárútlát vegna hluta sem við ráðum ekki yfir.“

„Það kostar ekkert inn á Menningarnótt þannig að borgin hefur ekki þurft að greiða löggæslukostnað vegna hátíðarinnar. Við höfum samt sem áður tekið þátt í að útvega fólk úr flugbjörgunarog hjálparsveitum á staði þar sem þörf er á gæslu. Við viljum endilega vera í sem bestu samstarfi við lögregluna í Reykjavík eins og undanfarin ár,“ segir Sif Gunnarsdóttir hjá Höfuðborgarstofu. - sþs



**FRÁ MENNINGARNÓTT** Menningarnótt fellur ekki undir reglugerð um skemmtanahald og þarf haldari því ekki að greiða löggæslukostnað vegna hátíðarinnar.

Bresk sjónvarpsstöð:

## Tommi og Jenni ritskoðaðir

**LUNDÚNIR, AP** Breska sjónvarpsstöðin Boomerang hefur ákveðið að ritskoða fimmtíu ára gamla Tomma og Jenna þætti vegna umkvörtunar eins viðskiptavinar stöðvarinnar, en honum ofbauð að sjá Tomma leika listir sínar við að rúlla sér sígarettu til að ganga í augun á læðu nokkurri.

Umrætt atriði, sem var í þættinum „Texas Tommi“ verður þurrkað út svo að koma megi í veg fyrir að reykingar virðist á nokkurn hátt „aðlaðandi eða sveipaðar töfraljóma“. Annað atriði í þættinum „Tennisfélagar“ verður einnig þurrkað út, en þar sést andstæðingur Tomma púa vindil. - kóþ

Ísraelar ráðast inn á Gaza:

## Grunsamlegir menn skotnir

**GAZA, AP** Ísraelskir hermenn skutu þrjá Palestínumenn til bana á Gaza-ströndinni aðfaranótt þriðjudags. AP hefur eftir talsmanni hersins að skothríð hafi verið gerð að mönnunum því þeir hafi talist „grunsamlegir, á göngu við landamærin með stóra poka“. Skriðdrekar skutu einnig í átt að mönnunum.

Palestínskir læknar komu að líkum mannanna eftir dagrenningu og sögðu erfitt að bera kennsl á sundurskotin líkin. Engin vopn fundust á líkunum né í nágrenni þeirra.

Haft er eftir palestínskum öryggisvörðum að mennirnir hafi tilheyrt herskáum samtökum, en samtökin staðfestu það ekki. - kóþ




**PÁLMI JÓHANNESSON Á FUNDINUM** Pálmi lagði sig allan fram við að útskýra flókna verkfræði Kárahnjúkavirkjunar fyrir fundargestum með einföldum hætti. Hann sést hér fara yfir ýmis verkfræðileg mál sem upp geta komið vegna Hálslóns. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ónægar upplýsingar kjarninn í gagnrýni

**Pálmi Jóhannesson, einn hönnuða Kárahnjúkavirkjunar, segir gagnrýni á virkjanaframkvæmdirnar stafa öðru fremur af ónægum upplýsingum. Landsvirkjun hélt kynningarfund með sérfræðingum og hönnuðum virkjunarinnar í gær.**

**VIRKJANIR** Öðru fremur stafar gagnrýni á virkjanaframkvæmdirnar á framkvæmdasvæðinu við Kárahnjúka af upplýsingaskorti og ónægri umræðu. Þetta segir Pálmi Jóhannesson, einn þeirra sem unnu að hönnun Kárahnjúkastíflu en hann sat fyrir svörum á blaðamannafundi hjá Landsvirkjun í gær.

Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu, hafa raunvísindamenn deilt um það að undanförnu hvort jarðvísindalegar athuganir á svæðinu við Kárahnjúka hafi verið nægilegar, en Landsvirkjun hefur vísað því á bug að athuganir á svæðinu hafi ekki verið nógu miklar.

Pálmi, sem tekið hefur þátt í hönnun stíflna víða um heim, segir gagnrýnina á virkjanaframkvæmdirnar ekki eiga rétt á sér. „Fyrst og fremst stafar gagnrýni á virkjanaframkvæmdirnar stafa af upplýsingaskorti. „Ég held að fólk vinni sig ekki nægilega vel að kjarna málsins áður en það fer að gagnrýna efnisatriði þess. Þetta er flókið mál sem unnið hefur verið að árum saman og það er ekki vilji neins að vinna að þessu verkefni með óvönduðum hætti. Það hefur verið unnið að öllum þáttum þessa verkefnisins af mikilli yfirvegun og það er alveg ljóst að við hönnun stíflunnar er fyllsta öryggis gætt.“

Sérfræðingar sem hafa verið til ráðgjafar vegna Kárahnjúkavirkjunar, Brasilíumaðurinn Nelson Pinto, Norðmaðurinn Kaare Höeg og Sveinbjörn Björnsson, fyrrverandi rektor Háskóla Íslands, sögðu Kárahnjúkavirkjun vera örugga og ekki þyrfti að óttast að hún myndi leka of mikið.

Eins og ítarlega hefur verið gerð grein fyrir í Fréttablaðinu, rannsökuðu jarðfræðingarnir Kristján Sæmundsson og Haukur Jóhannesson sprungur og misgengi við framkvæmdasvæðið við Kárahnjúka seinnipart árs 2004 og 2005, og leiddi það í ljós að sprungusveimar frá Kverkfjallaeldstöðinni væru nær framkvæmdasvæðinu en áður var talið.

Sérfræðingarnir þrír sögðu óþarft að hafa áhyggjur af því að sprungur í Hálslónsbotni myndu leka of mikið, en reiknað er með leka sem sé innan viðráðanlegra marka.

Jarðvísindamenn hafa að undanförnu deilt á starfshætti Landsvirkjunar. Haraldur Sigurðsson, jarðfræðiprófessor í Rhode Islandháskóla í Bandaríkjunum, sagði í Fréttablaðinu að bygging Kárahnjúkavirkjunar væri „ískyggileg bíræfni“ þar sem misgengi og sprungur undir framkvæmdasvæðinu væru virkar í jarðfræðilegum skilningi. Þá sagðist Grímur Björnsson jarðeðlisfræðingur hafa „mikla ónotatilfinningu fyrir stíflustæðinu“, í viðtali við Fréttablaðið 29. júlí síðastliðinn.

magnush@frettabladid.is



**LAX** 2500 laxar hafa veiðst í Ytri-Rangá það sem af er sumri.

Allt stefnir í metveiði í Rangá:

## Veiðin góð og fiskarnir stórir

**LAX** Veiði í Ytri-Rangá í sumar stefnir í að slá öll met, en um tvö þúsund og fimm hundruð laxar hafa veiðst það sem af er sumri. Samkvæmt Jóhannesi Hinrikssyni veiðiverði hefur veitt gríðarvel í sumar og er heilmikið eftir.

„Núverandi met er um þrjú þúsund laxar. Við opnuðum ekki fyrr en 23. júlí og eigum því mjög mikið eftir. Fiskarnir sjálfir hafa líka verið stórir og góðir í sumar, þeir eru flestir á bilinu fjögur til sjö pund með einum og einum ræfli inn á milli. Maðkaopnunin verður næsta laugardag þannig að það stefnir í metár hvað laxafjölda varðar,“ segir hann. - sþs



**HVANNEYRI** 300 nemendur stunda nám í Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri.

Nemendur LBHÍ aldrei fleiri:

## Landlagsarkitektúr vinsæll

**SKÓLASTARF** Nemendur við Landbúnaðarháskóla Íslands hafa aldrei verið fleiri eða tæplega 300 að sögn Guðrúnar Jónsdóttur, upplýsingafulltrúa Háskólans. „Skólastarfið hefur breyst mikið undanfarin ár og nú er í fyrsta skipti boðið upp á nám í skógfræði og landgræðslu.“

Landbúnaðarháskólinn hefur boðið upp á nám í landslagsarkitektúr undanfarin ár á námsbraut um umhverfisskipulag. Þetta er vinsælasta námið við skólann og færri komast að en vilja.

Guðrún segir sífellt fleiri nemendur stunda nám með vinnu en nú er hægt að skrá sig í staka áfanga við skólann. - hs

Sveitarstjórnir á Norðurlandi:

## Aðaldælingar vilja sameiningu

**SVEITARSTJÓRNMÁL** Sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur samþykkt að ganga til viðræðna við sveitarstjórn Aðaldælahrepps um hugsanlega sameiningu sveitarfélaganna. Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar hefur enn ekki svarað beiðni frá Aðaldælahreppi um viðræður um sameiningu.

Ólína Arnkelsdóttir, oddviti Aðaldælahrepps, segir viðræðurnar tilkomnar eftir niðurstöður könnunar sem gerð var meðal íbúa Aðaldælahrepps um leið og sveitarstjórnarkosningarnar voru haldnar í vor. „Niðurstaða könnunarinnar var sú að Aðaldælingar, eru tilbúnir til þess að ganga til viðræðna við sveitarstjórn Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar um hugsanlega sameiningu. Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar hefur enn ekki svarað skriflegu erindi okkar.“ - mh

### BANDARÍKIN

**Schwarzenegger hækkar laun** Lágmarkslaun í Kaliforníu verða hækkuð úr 475 krónum á tímann í 563 krónur á tveggja ára tímabili, eftir að ríkisstjórinn Arnold Schwarzenegger náði samkomulagi um þetta við þingmenn demókrata. Þar með eru lágmarkslaun í Kaliforníu þau hæstu í Bandaríkjunum.

### BANDARÍKIN

**Nýtt dísilhraðamet** Bretinn Andy Green sló í gær hraðamet dísilvélaknúins landfarartækis er hann komst í 379,39 km hraða á klukkustund á sérsmíðuðum straumlínubíl sínum á Bonneville-saltsléttunum í Utah.





Allt að
70%
afsláttur

# STÓRÚTSALA







Parket - flísar - náttúrusteinn - hurðir - þiljur - baðtæki - heitir pottar - pallaefni

**Egill Árnason hf**

Ármúli 8 - 108 Reykjavík
595 0500 - www.egillarnason.is



**NÝFÆDDUR Á BRJÓSTI** Górillan Muke gefur hér nýfæddum syni sínum brjóst, en þau mæðginin eiga heima í dýragarði í Cincinnati í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sakborningum í meinta hryðjuverkasamsærinu í Bretlandi birtar ákærur:

# Samsæri um morð og hryðjuverk

**BRETLAND, AP** Ellefu menn, sem ákærðir eru fyrir aðild að samsæri um að sprengja í loft upp farþegaþotur á leið milli Bretlands og Bandaríkjanna, voru leiddir fyrir dómara í Lundúnum í gær. Átta sakborningar, sem sæta ákæru fyrir að leggja á ráðin um morð og hryðjuverk, voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald fram í september. Hinir þrír sem sæta minna alvarlegum ákærum, verða einnig áfram í haldi.

Mohammed Zeb, verjandi eins sakborninganna, vísaði öllum ákærum á bug. Allir sakborningarnir eru breskir ríkisborgarar, múslimar og á aldrinum 19-28 ára. Einn er kona, en hún er eiginkona annars sakbornings.

Þau þrjú sem sæta minna alvarlegu ákærunum eru sökuð um að hafa haft undir höndum búnað sem hægt er að nota til hryðjuverka og að hafa brugðist skyldu til að koma á framfæri vitneskju sem hefði getað orðið til að hindra mannskætt hryðjuverk.

Af þeim 24 sem handteknir hafa verið í Bretlandi vegna málsins var einn látinn laus í gær án ákæru. Auk sakborninganna ellefu sem leiddir voru fyrir dómara í gær eru ellefu aðrir í haldi, sem ekki hafa enn verið ákærðir. Saksóknarar verða að ákveða í dag hvort mönnunum verði birtar ákærur, þeir látnir lausir eða lengra gæsluvarðhalds krafist yfir þeim. - aa



**TEIKNING AF SAKBORNINGUM** Konan er Cossar Ali, eiginkona Ahmeds Ali, sem er einn þeirra átta sem sæta alvarlegustu ákærunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forstjóri Exxon-Mobil:

# Olíulindir duga í áratugi enn

**ÓSLÓ, AP** Tækniframfarir munu gera kleift að dæla nægri olíu upp úr olíulindum heims til að fullnægja eftirspurn allrar heimsbyggðarinnar í marga áratugi til viðbótar. Þetta sagði Rex Tillerson, forstjóri olíurisans Exxon Mobil, á ráðstefnu í Stafangri í Vestur-Noregi í gær, miðstöð norska olíuiðnaðarins.

„Við vanmetum stöðugt möguleikana sem tækniframfarir hafa í för með sér,“ hafði Dow Jones Newswires eftir Tillerson. „Það eru til birgðir sem duga í áratugi.“ Hann benti á að mat á vinnanlegum olíubirgðum heims væri nú þrefalt hærra en árið 1950. - aa



**SPRENGJAN SKOÐUÐ** Græni klumpurinn við fætur hermannanna var skilinn eftir aftan á reiðhjóli í fjölförnu verslunarhverfi í Kólombó. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tilræði í höfuðborg Srí Lanka:

# Nær átta kílóa sprengja fannst

**SRÍ LANKA, AP** Lögreglumenn fundu sprengju í gær við fjölfarna götu í verslunarhverfi í Kólombó, höfuðborg Srí Lanka. Sprengjan vó nærri átta kíló og hefði getað valdið töluverðum mannskaða.

Verslanir, heimili og skrifstofuhúsnæði í nágrenninu var rýmt meðan sprengjusérfræðingar aftengdu sprengjuna, sem hafði verið komið fyrir í ávaxtakörfu aftan á reiðhjóli og falin innan um kálhausa. Fjarstýring fannst hinumegin við götuna.

Lögregluna grunar Tamílatígra um að hafa komið sprengjunni fyrir. - kóþ

Sjúkraflug á Vestfjörðum:

# Vélin fari hvergi í bráð

**SJÚKRAFLUG** Bæjarráð Ísafjarðarbæjar ítrekaði afstöðu sína vegna staðsetningar sjúkraflugvélar á Vestfjörðum, á fundi sínum í fyrradag. Bæjarráðið vill að sjúkraflugvélin verði áfram á Ísafirði.

Til stendur að sjúkraflugvélin verði staðsett á Þingeyri, en bæjarráðið telur það ótækt þar sem enn hefur ekki verið settur upp búnaður til næturflugs á Þingeyrarflugvelli, en ráðið álítur það forsendu fullnægjandi öryggis í sjúkraflugi.

Þingeyrarflugvöllur var vígður um síðustu helgi en könnun og mælingar fyrir næturflug eiga eftir að fara fram. Neyðarflug er þó heimilt á völlinn að næturlagi og þá einvörðungu við góðar aðstæður, svokallað nætursjónflug. - æþe

## PÓLLAND

**Walesa úr Samstöðu** Lech Walesa, stofnandi verkalýðshreyfingarinnar Samstöðu sem lék lykilhlutverk í að fella kommúnistastjórnina í Póllandi, greindi frá því í gær að hann væri genginn úr samtökunum. Hann ætti ekki lengur pólitíska samleið með þeim.

## EISTLAND

**Evru-aðild gæti frestast** Yfirvöld í Eistlandi greindu frá því í gær, að svo gæti farið að af inngöngu landsins í evrópska myntbandalagið yrði ekki í ársbyrjun 2008 eins hún hefur stefnt að. Verðbólguhorfur valda þessu.



**SABINE LESKOPF** Segist hafa orðið vör við mikla hræðslu meðal kvenna við að vera vísað úr landi. Sabine er stjórnarmaður í Samtökum kvenna af erlendum uppruna á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Brottvísun erlendra kvenna gagnrýnd

**Samtök kvenna af erlendum uppruna gagnrýna harkalega stjórnsýslu og segja að brottvísanir fráskildra kvenna af erlendum uppruna auðveldi íslenskum eiginmönnum að kúga erlendar konur sínar til hlýðni.**

**INNFLYTJENDUR** Sex konur frá ríkjum utan EES-svæðisins hafa leitað eftir aðstoð Alþjóðahúss vegna þess að útlit er fyrir að þeim verði synjað um atvinnu- og dvalarleyfi eftir skilnað við íslenska eiginmenn sína. Sumar hafa verið beittar heimilisofbeldi. Í september á síðasta ári var verklagi á útgáfu atvinnuleyfa breytt og forgangur EES-borgara til atvinnuleyfis ítrekaður og eftir það hefur fólki utan EES-svæðisins reynst erfitt að fá atvinnuleyfi.

„Vernd kvenna sem hafa orðið fyrir heimilisofbeldi var jafnlítil í lögum áður, en nú er farið að fylgja lögunum eftir bókstaflega. Áður gátum við sagt við konurnar sem voru hræddar og óöruggar að enginn hefði verið rekinn úr landi í þeirra stöðu en það er ekki hægt lengur,“ segir Gerður Gestsdóttir, verkefnastjóri fræðsludeildar Alþjóðahúss.

Sabine Leskopf, stjórnarmaður í Samtökum kvenna af erlendum uppruna á Íslandi, bendir á að á síðasta ári var hlutfall kvenna af erlendum uppruna í Kvennaathvarfi 39 prósent og því er um talsverðan hóp kvenna að ræða sem kann að óttast brottvísun við skilnað. „Þetta lagalega óöryggi verður til þess að margar konur þora ekki að koma fram þegar þær eru beittar heimilisofbeldi og þess vegna viljum við fá breytingar á lögunum,“ segir Sabine.

Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, segir að konur sem beittar hafi verið heimilisofbeldi geti sótt um dvalarleyfi af mannúðarástæðum og geti í kjölfarið fengið atvinnuleyfi og komist undan brottvísun. „Útlendingastofnun er heimilt að veita dvalarleyfi af mannúðarástæðum, og þá tökum við tillit til þess og getum veitt viðkomandi atvinnuleyfi. En sæki fólk ekki um slík mannúðardvalarleyfi, eða H-leyfi, er umsóknin meðhöndluð eins og hver önnur hjá okkur og þá fær viðkomandi synjun ef hann er utan EES,“ segir Gissur. Hann veit þó engin dæmi þess að konur sem hafa verið beittar ofbeldi hafi sótt um slík mannúðarleyfi.

Gissur segir að eina leiðin til að stjórna flæði vinnuafls til landsins sé að takmarka aðgengi fólks utan EES-svæðis, því flæði EES-borgara til landsins er í raun frjálst.

rosag@frettabladid.is




Karlmaður rauf tveggja ára skilorð þegar hann framdi rán í Bónus vídeó í lok júlí:

# Afpláni 300 daga eftirstöðvar

**DÓMSMÁL** Karlmaður sem framdi rán á skrifstofum Bónus vídeó í Hafnarfirði í lok júlí þarf að afplána 300 daga eftirstöðvar 20 mánaða fangelsisvistar sem hann hlaut í Malmö í Svíþjóð á síðasta ári. Hæstiréttur hefur staðfest úrskurð Héraðsdóms Reykjaness þess efnis.

Maðurinn er grunaður um að hafa framið rán á skrifstofum Bónus vídeós 31. júlí síðastliðinn, ráðist á tvær konur sem þar starfa og haft á brott með sér 1,8 milljónir króna. Hann var handtekinn fyrir utan ránsstaðinn eftir hafa brotið glugga og stokkið út.



**BÓNUS VÍDEÓ** Maðurinn réðst á tvær konur í ráninu í lok júlí, stal tæpum tveimur milljónum, braut glugga og stökk síðan niður af annarri hæð.

Maðurinn hlaut dóm í Malmö hinn 10. febrúar í fyrra og var veitt þaðan reynslulausn til tveggja ára, sem ekki eru liðin. Þegar hann framdi ránið í Hafnarfirði taldist hann því hafa brotið gegn skilyrðum reynslulausnarinnar og hefur verið gert að afplána 300 daga eftirstöðvar dómsins.

Þá er maðurinn grunaður um fleiri brot sem myndu teljast rof á reynslulausninni til dæmis gripdeild, líkamsárás og fíkniefnalagabrot í júlí á síðasta ári. - sh

# Vaxtalaus tilboð

## Dupen rúmin eingöngu fáanleg í Hagkaupum Smáralind og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri

COLCHON DUPEN

DINAMICA



**VAXTALAUS TILBOÐ**

| Rúmstærð | verð frá | mánuðir | stgr. |
|---|---|---|---|
| 90 x 200 | 1.800 kr* | 13 mán. | 23.400.- |
| 120 x 200 | 2.300 kr* | 13 mán. | 29.900.- |
| 150 x 200 | 2.800 kr* | 13 mán. | 36.400.- |

COLCHON DUPEN

ORTOPEDICA



**VAXTALAUS TILBOÐ**

| Rúmstærð | verð frá | mánuðir | stgr. |
|---|---|---|---|
| 90 x 200 | 3.500 kr* | 13 mán. | 45.500.- |
| 120 x 200 | 4.600 kr* | 13 mán. | 59.800.- |
| 150 x 200 | 5.100 kr* | 13 mán. | 66.300.- |
| 180 x 200 | 6.000 kr* | 13 mán. | 78.000.- |

COLCHON DUPEN

IMPERIAL



90 x 200
53.300 kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 13. mán.

120 x 200
65.000 kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 13. mán.

150 x 200
76.700 kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 13. mán.

180 x 200
100.100 kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 13. mán.

*Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

- Hágæða efni með 100% bómull
- 9-10 lög af efnum í hverju rúmi
- Sérstök öndun í rúmunum
- Sérstaklega löguð rúm fyrir bakveika
- Dupen rúmin hafa slegið í gegn í 55 þjóðlöndum
- Þýskt gæða gormakerfi í rúmunum
- Í hverju rúmi eru allt að 416 gormar
- Sérstaklega styrkt í köntum og hornum
- Efnin í rúminu eru sérstaklega ofnæmisprófuð

Vaxtalaust tilboð!
aðeins
3.499 kr*
á mán. í 10 mánuði
Verð 34.990,-



**Svefnsófi**
3ja sæta
blár, svartur, rauður

Vaxtalaust tilboð!
aðeins
2.999 kr*
á mán. í 10 mánuði
Verð 29.990,-



**Svefnsófi**
3ja sæta
blár, svartur

Vaxtalaust tilboð!
aðeins
1.299 kr*
á mán. í 10 mánuði
Verð 12.990,-



**Stóll**
með snúningi
blár, svartur, rauður

Gildir til 28. ágúst eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla



**MAÓRADROTTNING KVÖDD** Te Arikinui Dame Te Atairangikaahu, drottning Maóra, var jörðuð á mánudag og sonur hennar krýndur konungur Maóra á Nýja-Sjálandi. Myndin er frá jarðarförinni.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sjálfvirk tilkynningarskylda í bátum virkar ekki alltaf sem skyldi:

# Bátar kraftmeiri en áður var

**EFTIRLIT** Margir íslenskir smábátar eru orðnir það kraftmiklir og hraðskreiðir að æ algengara er að þeir fari út fyrir drægni sjálfvirkrar tilkynningarskyldu.

Þetta staðfesta starfsmenn Landhelgisgæslunnar en í fyrrinótt var þyrla send af stað til leitar að bát sem farið hafði út úr sjálfvirku tilkynningarskyldunni og ekki náðist samband við með öðrum hætti. Var nálægum bátum einnig gert viðvart og hófu margir þeirra leit strax í kjölfarið. Náði einn slíkur loks sambandi símleiðis við umræddan bát skömmu síðar og var leit þá hætt enda ekkert að um borð.

Í stjórnstöð Landhelgisgæslunnar fengust þær upplýsingar að sökum þess hve margir smærri bátar eru orðnir kraftmiklir og þar af leiðandi mun hraðskreiðari en áður var, sé mun algengara nú en áður að bátar fari lengra á haf út en drægni sjálfvirkra sendistöðva þeirra dregur. Fer drægnin jafnan eftir hversu ofarlega hægt er að staðsetja slíkan búnað og er það ekki hátt á flestum smærri bátum. Ekki fengust upplýsingar um hvað slík útköll hafa kostað Landhelgisgæsluna en henni ber skylda til að hefja leit strax náist ekki samband við báta eða skip við landið. - aöe



**ÞYRLA GÆSLUNNAR** Útköll vegna báta sem hverfa út fyrir drægni sjálfvirkrar tilkynningarskyldu hafa aukist talsvert.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Smygl með Skógafossi:

# Smyglaði til landsins áfengi

**DÓMSMÁL** Tæplega fimmtugur maður hefur verið ákærður fyrir að hafa smyglað hingað til lands 42 lítrum af vodka, 3600 vindlingum og 3,5 lítrum af viskíi með skipinu Skógafossi. Tollverðir fundu varninginn við leit í skipinu 6. janúar 2005. Viku síðar fundust 1800 vindlingar á heimili mannsins auk lítilræðis af áfengi. Talið er að þessum varningi hafi verið smyglað til landsins með Skógafossi. Þess er krafist af hálfu saksóknara að ákærði verði dæmdur til refsingar fyrir brot á tollalögum. Málið verður tekið til aðalmeðferðar í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag. - mh

Sænska ríkissjónvarpið:

# Klám sýnt í fréttatíma

**SVÍÞJÓÐ** Gróft tékkneskt klám var sýnt í fréttatíma sænska ríkissjónvarpsins aðfaranótt sunnudagsins, samkvæmt frétt Svenska Dagbladet. Ástæðan er sú að á skjáum fyrir aftan þulinn eru sýndar erlendar fréttastöðvar. Fyrr um kvöldið var starfsfólk sjónvarpsstöðvarinnar að fylgjast með íþróttum á stöð sem sýnir fullorðinsefni eftir miðnætti, en gleymdi að skipta aftur yfir á fréttastöð og því fór sem fór.

Klámið var ekki á skjánum nema í um þrjátíu sekúndur og engar kvartanir hafa borist vegna atviksins, en sænskir fjölmiðlar hafa hins vegar gert sér mikinn mat úr málinu. - smk

Rannsókn á tilraun til hryðjuverks í Þýskalandi:

# Vitorðsmenn í Hamborg

**ÞÝSKALAND, AP** Líbanskur námsmaður, sem grunaður er um að hafa átt þátt í misheppnaðri tilraun til að sprengja heimatilbúna sprengju í þýskri járnbrautalest, átti sér vitorðsmenn í Hamborg, að því er lögregla greindi frá í gær. Eins og kunnugt er voru lykilmenn í flugráns-árásunum á Bandaríkin 11. september 2001 námsmenn í Hamborg.



**HÚSLEIT Í KIEL** Rannsóknarlögreglumenn á vettvangi í íbúð hins handtekna.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lögregla upplýsti einnig í gær að hún hefði borið kennsl á annan mann sem leitað hefur verið vegna sprengnanna tveggja sem fundust ósprungnar í tveimur lestum um mánaðamótin síðustu. Hans er enn leitað. Í blaðinu Süddeutsche Zeitung var haft eftir heimildarmanni að hinir grunuðu tengdust Hizbut-Tahrir, samtökum herskárra múslima. - aa



**DEILT UM KOSTNAÐ** Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra, William Rossier, framkvæmdastjóri EFTA og Joseph Deiss, fyrrverandi viðskiptaráðherra Sviss. Sviss borgar mest til EFTA, en vill nú lækka framlagið. Á móti vilja Íslendingar og Norðmenn spara með því að skrifstofa EFTA í Genf verði sameinuð skrifstofunni í Brussel.

# Glíma um fé til EFTA

**Svisslendingar vilja lækka framlag sitt til EFTA. Með því skora þeir á Íslendinga og Norðmenn í glímu um fjárframlög og staðsetningu höfuðstöðva samtakanna.**

**EVRÓPUMÁL** Svisslendingar vilja ekki lengur greiða fullan hluta sinn af rekstrarkostnaði Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA, að því er segir í frétt norsku fréttastofunnar NTB í viðskiptablaðinu Dagens Næringsliv.

Joseph Deiss, sem þar til fyrir skemmstu var viðskiptaráðherra Sviss, kvað hafa viðrað þessar óskir svissneskra stjórnvalda um breytta deilingu rekstrarkostnaðar EFTA á ráðherrafundi EFTA á Höfn í Hornafirði í lok júní. En þetta útspil Svisslendinga er fyrst núna komið upp á yfirborð umræðunnar, og kallar á viðbrögð í hinum EFTA-löndunum, Íslandi, Noregi og Liechtenstein.





Þessar óskir Svisslendinga setja í uppnám málamiðlun sem samið var um árið 1995, eftir að Svisslendingar ákváðu að taka ekki þátt í EES-samstarfinu. Þá vildu Íslendingar og Norðmenn að aðalskrifstofa EFTA yrði flutt frá Genf til Brussel, þar sem meginhluti starfsemi EFTA tengdist EES-samstarfinu. Á það vildu Svisslendingar ekki fallast, svo lendingin varð sú að skrifstofunni var skipt í tvennt. Svisslendingar greiddu þó hlutfallslega stærri hluta kostnaðarins, enda fengu þeir að senda áheyrnarfulltrúa á ýmsa fundi sem tengdust EES-samstarfinu við Evrópusambandið, sem gerði Svisslendingum kleift að fylgjast náið með ýmsum málum sem vörðuðu einnig þeirra hagsmuni á innri markaði Evrópu.

Nú hefur sú breyting orðið á að Sviss hefur gert eigin tvíhliða samninga við Evrópusambandið, sem ná að vísu ekki yfir eins vítt svið og EES-samningurinn en hafa nú leitt til þessara óska um að lækka fjárframlagið til EFTA.

„Í stórum dráttum vilja Svisslendingar borga fyrir það sem EFTA gerir í Genf, en ekki í Brussel,“ segir í frétt NTB.

Víst þykir að ætli Svisslendingar að halda þessum kröfum til streitu geri Íslendingar og Norðmenn aftur kröfu um að öll EFTA-skrifstofan verði flutt til Brussel, enda augljós sparnaður sem fengist fram með því. NTB hefur eftir Antoni Egger, næstæðsta fulltrúa Sviss á EFTA-skrifstofunni í Genf, að stjórnin í Bern standi fast á því að framlag Sviss til EFTA verði tekið til gagngerrar endurskoðunar í haust. audunn@frettabladid.is


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
EKKERT BRUÐL
BÓNUS

Starfsfólk
vantar í Bónus Grafarvogi
og í Bónus í Hraunbæ

Okkur vantar starfsfólk á kassa í Bónus
Spönginni í Grafarvogi og í Hraunbæ.
Vinnutími frá um 11.00 til 19.30 virka daga.
Helgarvinna eftir samkomulagi.
Mætingarbónus er 30.000 kr. á mánuði.

Starf fyrir þig?

Einnig vantar starfsfólk
við áfyllingar í Bónus í Spönginni
og í Bónus í Hraunbæ.

BÓNUS

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem
fyrst og hafi vinsamlegast samband við
viðkomandi verslunarstjóra, Svan starfsmannastjóra
í síma 691 9988 eða skrái sig inná bonus.is.

BÓNUS bonus.is BÓNUS BÓNUS BÓNUS
EKKERT BRUÐL
BÓNUS

# skólastart í nettó

## lækkað verð



töskutilboð

aðeins 2 verð

**399 & 799** kr/stk

töskutilboð



75% verðlækkun

**995** kr/stk

Outback skólatöskur



**40%** afsláttur við kassa

Barbie skólavörur



frábært verð

**40%** afsláttur við kassa

Tweety skólavörur



þú sparar 1000 kr/stk

**990** kr/stk

Ferrari bakpoki



**40%** afsláttur við kassa

Batman skólavörur



verð frá 149 kr/stk

Pennaveski

Hönnun: HÉR & NÚ / SÍA
Umbrot: Auglýsingastofa Víkurfrétta



**40%** afsláttur við kassa

Spiderman skólavörur



**59** kr.stk.

A4 stílabók

## allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

nettó



**KÍNVERSKUR DANS** Hægt er að sjá þessa íðilfögru kínversku konu dansa hefðbundinn dans í Yunnan-leikhúsinu í Kunming í Kína, en yfir 75 prósent listamannanna þar eru bændur úr nágrenninu sem grípa í leiklist og dans í hjáverkum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Íslendingar hafa aukið ávaxtaneyslu en sykurneysla er enn mikil:

# Sælgætisneysla hefur aukist

**NEYSLUVENJUR** Ávaxtaneysla Íslendinga hefur aukist verulega síðustu tvö ár eða um 13,2 kg á hvern íbúa. Þetta kemur fram í tölum um fæðuframboð á Íslandi árin 2004 og 2005.



**LAUFEY STEINGRÍMSDÓTTIR**

Laufey Steingrímsdóttir næringafræðingur á Lýðheilsustöð segir þessar niðurstöður koma á óvart en að þær megi rekja til þess að skólar og vinnustaðir séu í auknum mæli farnir að bjóða upp á ávexti.

Íslendingar eiga Norðurlandamet í neyslu nýmjólkur en þó hefur nýmjólkurneysla landans minnkað á undanförnum árum. Laufey segir aukningu á neyslu fituminni mjólkurvara aðallega vera í formi skyrdrykkja en í þeim er þó að finna viðbættan sykur.

Í tölum um fæðuframboð kemur fram að sykurneysla sé enn mjög mikil á Íslandi í samanburði við aðrar Norðurlandaþjóðir eða tæpt kíló á viku á hvern íbúa. Gosdrykkir eiga drjúgan þátt í hinni miklu sykurneyslu og sælgætisneysla hefur einnig aukist.

Þá sýna niðurstöður að kjötneysla hefur aukist lítillega síðustu ár og munar þar mest um aukingu á neyslu kjúklinga og lambakjöts. - hs



**NORÐURLANDAMEISTARAR Í MJÓLKURDRYKKJU** Íslendingar drekka mest allra Norðurlandabúa af nýmjólk.

Danskir þingmenn tónelskir:

## Fara á tónleika með Madonnu

**DANMÖRK** Þingmenn sem sæti eiga í menningarnefnd danska þingsins verða viðstaddir tónleika Madonnu í Horsens á Jótlandi annað kvöld.

Nefndin verður í Horsens á morgun til að kynna sér menningarstarfið þar enda hefur títt tónleikahald vinsælla tónlistarmanna í bænum vakið þjóðarathygli.

Þingmenn Danska þjóðarflokksins og Sósíalíska þjóðarflokksins gagnrýna nefndarmenn fyrir að nota opinbert fé til kaupa á dýrum tónleikamiðum í frétt í Politiken í gær. Formaður nefndarinnar segir hins vegar eðlilegt að nefndarmenn fái fría miða á tónleikana enda þurfi þeir ekki sjálfir að borga aðgang að söfnum bæjarins á ferð sinni. - ks

### ÞRÓUNARSAMVINNA

**Ráðherrann í Namibíu** Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra er nú í heimsókn í Namibíu. Þróunarsamvinnustofnun Íslands stendur þar að ráðstefnu ásamt Hafrannsóknastofnun og fleirum.

### SLYS

**Á bæklunardeild** Átján ára piltur sem slasaðist í bílslysi norðan við Sandgerði fyrir viku hefur verið færður af gjörgæsludeild Landspítalans á bæklunardeild. Sagt var frá því í Fréttablaðinu í gær að hann væri útskrifaður, og átti það við gjörgæsluna. Þá var pilturinn ranglega sagður sautján ára í blaðinu. Tveir létust í slysinu.

# Upplausn ríkir víða í Mexíkó

**Niðurstöður kosninga eru virtar að vettugi, jafnt af hægri- sem vinstrimönnum. Kjarabarátta barnakennara breytist í vopnaða uppreisn og setur borgaralegt samfélag á annan endann.**

**MEXÍKÓ, AP** Strætisvagnar eru brenndir á götunum og þjóðvegum er lokað í einum mestu mótmælum sem skollið hafa á hinni íhaldssömu Oaxaca-borg í S-Mexíkó. Að auki hefur dagblaði og sjónvarpsstöð verið lokað og tólf útvarpsstöðvar hafa verið hernumdar af svekktum kennurum.

Þann 22. maí fóru um sjötíu þúsund barnaskólakennarar í verkfall og kröfðust um 8,7 milljarða króna launahækkunar. Gagntilboð ríkisstjóra var tæpur tíundi hluti af þeirri upphæð og var því hafnað. Mótmæli kennaranna snúast ekki um krónur lengur því eftir að skotárás var gerð á eina af útvarpsstöðvunum sem kennararnir höfðu á sínu valdi stigmögnuðust átökin og krefjast mótmælendur nú afsagnar ríkisstjórans. Hin þriggja mánaða löngu mótmæli í fylkinu hafa næsta umbreyst í uppreisn og eru foreldri barna vöruð við því að hleypa þeim út úr húsi. Samgöngukerfi borgarinnar hefur að mestu verið lamað með brennandi vegatálmum og mótmælendur arka um götur, vopnaðir bareflum ýmiss konar og teygjubyssum.

„Við erum búin að fá nóg af nýfrjálshyggju,“ hrópa mótmælendurnir, en ríkisstjórinn er flokksmaður PRI, þess flokks sem fór með völd í Mexíkó nær óslitið alla tuttugustu öldina. PAN flokkurinn, sem kenndur er við nýfrjálshyggju, studdi nýlega frambjóðanda PRI í ríkisstjórakosningum í Chiapas-fylki.

Mótmælin í Oaxaca kallast þannig á við víðtækari mótmæli sem tengjast nýlegum kosningum í landinu og má segja að hin nýja vinstribylgja Rómönsku Ameríku berjist við eldri hægrisinnaðri öfl í landinu. Ríkisstjóri Oaxaca er sakaður um að hafa haft svik í tafli í síðustu fylkiskosningum og eru kosningasvik og valdníðsla nú meginefni mótmælanna þar, líkt og í höfuðborginni og reyndar einnig í Chiapas-fylki, sem liggur við hlið Oaxaca-fylkis.

Chiapas-fylki er fátækasta fylki Mexíkó og komst í heimsfréttirnar árið 1994, þegar zapatistar gerðu þar uppreisn.

Í þessum mánuði fóru þar fram fylkisstjórakosningar. Samkvæmt síðustu tölum virðist hægrimaður hafa tapað fyrir vinstrimanni með nær engum mun atkvæða. Hægrimaðurinn ætlar að krefjast gagngerrar endurtalningar atkvæða og bendir á fordæmi vinstrimannsins Obradors, sem tapaði í forsetakosningunum í júlí og hefur haldið Mexíkóborg í gíslingu síðan.

Fyrst það er orðin regla að niðurstöður kosninga séu virtar að vettugi í Mexíkó, óttast stjórnmálaskýrendur að vopnuð barátta kennaranna í Oaxaca verði öðrum stéttum fyrirmynd á landsvísu, til dæmis þegar mótmæla skal niðurstöðum kosninga. Styttist þá í nýja mexíkóska byltingu.

klemens@frettabladid.is



**KENNARI Í KJARABARÁTTU** Notast er við teygjubyssur, rör, planka og kylfur, í hinni harðvítugu kjarabaráttu sem nú virðist vera að breytast í allsherjar uppreisn í hinni gömlu Oaxaca-borg. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


Beint flug
15. okt.
18. okt.
22. okt.
26. okt.
29. okt.
2. nóv.

Tallinn í haust frá kr. 19.990

Tryggðu þér einstaka borgarferð

Terra Nova býður helgarferðir í október í beinu flugi til þessarar stórkostlegu borgar í hjarta Evrópu. Tallinn er í dag afar vinsæll áfangastaður í borgarferðum, enda býður borgin einstakt mannlíf, menningu og skemmtun. Þú velur um góð 3 og 4 stjörnu hótel í hjarta Tallinn og spennandi kynnisferðir með fararstjórum Terra Nova.

Verð kr. 19.990
Flugsæti báðar leiðir með sköttum, m.v. 2 fyrir 1 tilboð 29. október. Netverð á mann.

Verð kr. 36.734
Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi 15. okt. í 3 nætur á Hotel L'Ermitage með morgunmat.

TERRA NOVA
SPENNANDI VALKOSTUR
Skógarhlíð 18 – 105 Reykjavík – sími 591 9000
Akureyri – sími 461 1099 • Hafnarfirði – sími 510 9500
www.terranova.is


Heilbrigðisráðuneytið mun auka fjárframlag sitt um 45 milljónir næstu tvö ár:

# Fleiri sjúklingar fá þjónustu

**HEILBRIGÐISMÁL** Samkvæmt þjónustusamningi sem heilbrigðisráðuneytið hefur gert við næringarsviðið á Reykjalundi er stefnt að því að auka þjónustu við sjúklinga með lífshættulega offitu.Sjúklingum fjölgar þannig úr 60-65 á ári í 110 sjúklinga árið 2007. Þjónustusamningurinn gildir til ársloka 2008.

Í ár er gert ráð fyrir að áttatíu manns fari í meðferð á næringarsviði Reykjalundar vegna offitu og að sami fjöldi fari í magaminnkunaraðgerð á Landspítala - háskólasjúkrahúsi.

Á árunum 2006 og 2007 mun heilbrigðisráðuneytið verja 45 miljónum króna í næringarsvið Reykjalundar sem skiptast þannig að fjárframlagið í ár mun aukast um þrjátíu milljónir, en fimmtán milljónir á næsta ári.

Í samningnum er gert ráð fyrir að um áttatíu sjúklingar fái meðferð í ár en nú bíða 390 manns eftir innlögn á næringarsvið Reykjalundar og teljast þeir allir lífshættulega feitir.

Í þjónustusamningi heilbrigðisráðuneytisins við næringarsvið Reykjalundar er ennfremur gert ráð fyrir eflingu göngudeildar næringarsviðs og að fjárframlag til hennar verði aukið um fimmtán milljónir króna á tímabilinu. Í árslok 2006 er gert ráð fyrir 4500 komum á göngudeildina á ári en í göngudeildarmeðferð er fólgin fræðsla, stuðingur og almenn þjálfun. - hs



**REYKJALUNDUR** Þeim sjúklingum sem fá þjónustu á næringarsviði Reykjalundar fjölgar úr 60 í 110.

Samfés ekki aðili að málinu:

## Samfés útilokar engan

**YFIRLÝSING** Vegna fréttar um ólögmæta notkun lista um mætingar sem birtist í Fréttablaðinu í gær skal tekið fram að Samfés er ekki beinn aðili að umræddu máli.

Í yfirlýsingu frá Samfés kemur fram að Samféshátíðin sé vinsæl meðal unglinga og því sé miðafjöldi takmarkaður. Samfés úthlutar miðum til félagsmiðstöðva en þeim er síðan úthlutað til nemenda án afskipta Samfés. Í starfsemi félagsmiðstöðva er lögð áhersla á að ná til þeirra sem ekki finna sig í skólakerfinu og því samræmast útilokanir úr starfi félagsmiðstöðva ekki þeirri hugmyndafræði sem þær vinna eftir. **- hs**

Ekki til kort af öllu Íslandi:

## Útgáfa landakorta verður boðin út

**KORTAÚTGÁFA** Landmælingar hætta útgáfu korta um áramótin og verður kortaútgáfa boðin út um næstu áramót. Landmælingar munu því ekki gefa út kort af öllu landinu í kvarðanum 1:50.000 en það eru þau kort sem björgunarsveitir og göngufólk notast við á ferðum sínum. Kort í þessum kvarða hafa verið gefin út af hluta landsins og eru þau byggð á hálfrar aldar gömlum kortum sem Bandaríkjaher gerði af landinu.

Gunnar H. Kristjánsson, sölustjóri Landmælinga, segir kort í þessum kvarða hafa verið gerð og séu til í stafrænum gagnagrunni stofnunarinnar. Þau séu meðal annars aðgengileg fyrir staðsetningartæki. Vegna þess að ákveðið hefur verið að Landmælingar muni hætta útgáfu korta er ekki ljóst hvort kort í þessum kvarða verða gefin út eða ekki.



**ÍSLAND KORTLAGT** Ekki hafa verið gefin út kort af Íslandi í kvarðanum 1:50000 á þeim hluta landsins sem er grænlitaður á myndinni. Myndin misprentaðist í gær og er því prentuð hér á nýjan leik.



**GEIR H. HAARDE** Forsætisráðherra er í opinberri heimsókn í Eistlandi.

Geir H. Haarde í Eistlandi:

## Hittir helstu ráðamenn

**STJÓRNMÁL** Geir H. Haarde forsætisráðherra er í opinberri heimsókn í Eistlandi í tilefni þess að fimmtán ár eru síðan Eistland endurheimti sjálfstæði sitt. Ísland varð fyrst ríkja til að taka upp stjórnmálasamband við Eistland og verður skjöldur til minningar um stuðning Íslands afhjúpaður á Íslandstorgi í höfuðborginni Tallinn.

Í heimsókninni hittir Geir eistneskan starfsbróður sinn, forseta landsins, utanríkisráðherra, forseta þingsins og borgarstjóra Tallinn. Þá heimsækir hann fyrirtæki sem tengjast viðskiptum við Ísland. **- bþs**



**ELVIRA ARELLANO** Vann áfangasigur í baráttu sinni, en dvelur enn í kirkjunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Innflytjendayfirvöld hika:

## Kirkjan er griðastaður

**CHICAGO, AP** Starfsmenn útlendingastofnunar Bandaríkjanna ætla ekki að ráðast inn í kirkjuna sem skýlir Elviru Arellano og syni hennar, Saul.

Mæðginin hafa dvalið í kirkjunni síðan á þriðjudaginn í síðustu viku, en þá stóð til að vísa Elviru úr landi. Sonur hennar er bandarískur ríkisborgari og hefði mátt vera eftir, en án móður sinnar. Elvira segist ekki geta hugsað sér að fara með hann með sér, því í Mexíkó séu ekki viðlíka tækifæri fyrir hann og í Bandaríkjunum.

Innflytjendayfirvöld eru þó ekki af baki dottin, þau munu ætla að bíða betra tækifæris. Elvira mun því sitja sem fastast í kirkjunni enn um sinn. **- kóþ**





**Isuzu** hefur fyrir löngu sannað öryggi og endingu á íslenskum vegum. Nú kynnum við nýjan og stórglæsilegan Isuzu D-MAX pallbíl. Hann er þjáll og lipur í akstri, en jafnframt rammbyggður og traustur félagi og á alveg ótrúlega góðu verði.

**Isuzu D-MAX** hefur fengið alveg nýtt útlit og er staðalbúnaður eins og hann gerist bestur, þar má nefna loftkælingu, ABS hemlakerfi, álfelgur o.fl. Isuzu er með 3.0 lítra dísilvél með túrbínu og millikæli og skilar 130 hestöflum.

***Isuzu D-MAX er farkostur fjölskyldunnar, vinsæll vinnufélagi og verðið ráða allir við!***



**Verð á Isuzu D-MAX Crew Cab** | Sjálfskiptur **2.590.000 kr.** | Beinskiptur **2.490.000 kr.**

**Ingvar Helgason** Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00

Umboðsmenn um land allt | Akranesi 431 1376 | Akureyri 464 7942 | Höfn í Hornafirði 478 1990 | Njarðvík 421 8808 | Reyðarfirði 474 1453

## „ORÐRÉTT“

### Í ágætis ástandi

**„Þetta var nú ekkert meiri gróður en við var að búast eftir svona langan tíma. Menn í slippnum segjast nú hafa séð það svartara.“**

KRISTJÁN LOFTSSON ER FRAMKVÆMDASTJÓRI HVALS HF. HVALBÁTURINN HVALUR 9 VAR TEKINN Í SLIPP Í GÆR Í FYRSTA SKIPTI Í SAUTJÁN ÁR. MORGUNBLAÐIÐ, 22. ÁGÚST.

### Hundeltur

**„Þeir eru hérna við hliðið á bílnum og ég hef staðið einn þeirra að verki sem játaði því að hann væri að fylgjast með mér. Svo var ég eltur í fyrradag af sérsveitarmönnum.“**

GUÐMUNDUR BECK, BÓNDI Á KOLLALEIRU, HEFUR VERIÐ KRAFINN UM RÚMAR ELLEFU MILLJÓNIR Í SKAÐABÆTUR AF ALCOA VEGNA MÓTMÆLA HANS ÞANN 14. ÁGÚST. FRÉTTABLAÐIÐ, 22. ÁGÚST.

nær og fjær

**tilveran**

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** GUÐBJÖRG BJÖRGVINSDÓTTIR BALLETTKENNARI

# Endurnýjar hugann í Lundúnum



„Ég er koma úr sumarbústað með fjölskyldunni, það var æðislegt veður og rosalega fínt. Ég varð að kíkja til sonar míns í bústaðinn,“ segir Guðbjörg Björgvinsdóttir ballettkennari þegar Fréttablaðið nær tali af henni. „Annars erum við að undirbúa næsta skólaár, við byrjum aftur 9. september,“ segir Guðbjörg en Ballettskóli Guðbjargar Björgvins hefur verið djásn Seltjarnarness í um tvo áratugi.

Guðbjörg var á flakki í sumar eins og flestir Íslendingar og urðu Lundúnir fyrir valinu. „Ég reyni að ferðast á sumrin og endurnýja hugann. Vanalega fer ég til London og fer á námskeið, það er nauðsynlegt að fylgjast með úti í heimi,“ segir Guðbjörg.

Sumarfríið var stutt hjá Guðbjörgu því ballettskólinn var með tvö sumarnámskeið sem stóðu fram í júlí. Guðbjörg segir að það hafi verið spennandi tækifæri að vera með námskeiðin. „Við fórum í nýtt húsnæði við Eiðistorg síðasta haust og það gaf möguleika á að lengja skólaárið. Námskeiðin vöktu mikla lukku og að þeim loknum vorum við með smásýningu.“ segir Guðbjörg, en skólinn var áður í Íþróttahúsi Seltjarnarness.

Guðbjörgu líst vel á veturinn framundan. „Það verður ansi stór hópur af nemendum í ár, frá þriggja ára aldri og upp úr. Þessi litlu eru einu sinni í viku og hin tvisvar eða upp í fjórum og fimm sinnum eftir aldri,“ segir Guðbjörg en hún sér þó ekki ein um kennsluna.

„Svo er líf í kringum búðina okkar, Arenu,“ segir hún en þar er hægt að fá allt fyrir ballettinn auk skófatnaðar fyrir samkvæmisdansa. Dóttir Guðbjargar rekur verslunina sem er í sama húsnæði og ballettskólinn. Eflaust eru þær margar ballerínurnar, ungar sem aldnar, sem hugsa vel til þeirra mæðgna, enda hefur Ballettskóli Guðbjargar Björgvins gamla og fallega sál.

## SJÓNARHÓLL

**NÁMSKEIÐSFERÐ LÖGREGLU STYRKT AF ALCOA**

### *Skrítið og hlægilegt*

„Mér finnst þetta bara vera fádæma dómgreindarleysi allra sem hlut eiga að máli, lögreglumannanna, yfirmanna þeirra og Alcoa,“ segir rithöfundurinn Ævar Örn Jósepsson um það að Alcoa hafi styrkt námskeiðsferð tveggja lögreglumanna til Flórída.



ÆVAR ÖRN JÓSEPSSON RITHÖFUNDUR

„Að lögreglan láti sér detta í hug að taka við persónulegum fjárstuðningi frá fyrirtæki finnst mér skrítið, svo ekki sé sterkara til orða tekið. Að yfirmenn lögreglunnar skuli ákveða að þetta sé bara allt í lagi af því að þetta sé í frítíma, er náttúrulega bara hlægilegt. Það er kannski einna helst að Alcoa sé vorkunn því að stjórnendurnir eru náttúrulega vanir að starfa í löndum og álfum þar sem ekkert þykir sjálfsagðara en að lauma einhverjum aurum í vasann hjá löggunni og öðrum yfirvöldum til þess að halda þeim góðum. Þeim hefur kannski bara litist þannig á samningagerðina hér og móttökurnar sem þeir hafa fengið að það væri svona svipað siðferði í gangi og fundist þetta bara eðlilegt.

Svona á bara alls ekkert að gerast. Menn í svona stöðu eiga að vera yfir allan vafa hafnir og þetta er bara til þess fallið að grafa undan trausti, hvort sem það er verðskuldað eða ekki. Þetta geta verið hinir mætustu menn, en svona grefur alltaf undan trausti.“

# Sungið og selt í góðgerðaskyni

**Unga kynslóðin lætur ekki sitt eftir liggja í góðgerðamálum. Blaðamaður Fréttablaðsins rakst á fríðan hóp sem safnað hafði tæpum þrjátíu þúsund krónum fyrir krabbameinssjúk börn. Þrátt fyrir ungan aldur hefur lífið kennt þeim dýrmæta lexíu sem hvetur krakkana til góðra verka.**

„Þegar ég var þriggja ára fékk ég æxli í höfuðið en svo batnaði það þegar ég var sjö ára,“ segir Eva Margrét Guðnadóttir sem nú safnar peningum ásamt átta öðrum félögum sínum úr Öldutúnsskóla fyrir krabbameinssjúk börn. Systir hennar Alma Guðrún verður alvarleg á svip þegar veikindi Evu Margrétar eru til umræðu en annars er stutt í brosið hjá níumenningunum.

„Við fengum hluti til að selja frá nokkrum búðum í Hafnarfirði og svo frá heimilum okkar og frá öðru fólki,“ segir Jón Arnar Jónsson. Svo komu þau sér fyrir með varninginn í verslunarmiðstöðinni Firðinum í Hafnarfirði og hófu prúttsölu. „Við erum búin að vera að í tvo daga að selja og við erum komin með 29 þúsund og eitthvað,“ segir Viktoría Dröfn Ólafsdóttir. En þrátt fyrir góðan árangur láta þau ekki staðar numið því næstu daga munu þau halda til í Smáralind og Kringlunni þar sem sölunni verður haldið áfram.



**FRÍÐUR HÓPUR GÓÐGERÐAMANNA** Í efri röð frá vinstri eru Hekla Lydía Gísladóttir, Jón Arnar Jónsson, Anna María Jónsdóttir, Ragna Margrét Einarsdóttir og Steinunn Arna Atladóttir. Í neðri röð eru Eva Margrét Guðnadóttir, Alma Guðrún Guðnadóttir, Elín Ólöf Benediktsdóttir og Viktoría Dröfn Ólafsdóttir.FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Sumir gefa okkur reyndar pening en vilja ekki kaupa neitt,“ segir Viktoría Dröfn Ólafsdóttir. „Eins og frændi hennar Elínar Ólínu, Geir Ólafsson söngvari, hann gaf okkur 500 kall en fékk ekki neitt.“ En þessi góðgerðahópur hefur einnig á að skipa góðum söngvurum og það getur komið sér vel í átaki sem þessu. Þær Hekla Lydía Gísladóttir og Anna María Jónsdóttir sungu fyrir blaðamann frumsamið lag en það var tileinkað minningu Bjarts litla sem lést 6 ára að aldri eftir baráttu við krabbamein. „Við sungum þetta fyrir konu sem vildi ekkert kaupa og þegar hún heyrði lagið fór hún að gráta og gaf okkur svo 500 kall,“ segir Hekla Lydía að söng loknum. Jón Arnar sneri upp á sig þegar söngur hófst en Ragna Margrét Einarsdóttir og Steinunn Arna Atladóttir voru hálf klökkar líkt og blaðamaður.

**jse@frettablaðið.is**




# Verkar og hnykkir skrokka

Útlendingar sem hér búa og starfa eru síður en svo einsleitur hópur fólks sem komið er sunnan frá til að flýja bágt ástand í sínu heimalandi. Helan Swartling Leiludóttir, sundlaugarvörður á Blönduósi, er reyndar komin frá norðlægari slóðum en flestir Íslendingar og bakgrunnur hennar er nokkuð sérstæður.

„Ég kem frá Jokkmokk í Svíþjóð sem er norðan heimskautsbaugs,“ segir Helen meðan hún afgreiðir sundlaugargesti. „Ég er matvælafræðingur og mitt sérsvið var hreindýraafurðir en minn fyrrverandi var einmitt hreindýrabóndi. Svo kom ég hingað til að vinna við sláturhúsið á Blönduósi árið 2003 því mig langaði að kynnast því hvernig þeir verkuðu kindakjötið. Ég hef einnig lært kírópraktík eða hnykkingar en hef hingað til ekki talið mig nógu færa í íslensku til að stunda þetta hér á landi. Það er mikilvægt fyrir þann sem er með fólk í slíkri meðferð að geta náð góðu sambandi við skjólstæðinginn og því er afar mikilvægt að tala og skilja málið vel. Ég er að gæla við það að hefjast handa með þetta í haust.“



**HELEN SWARTLING LEILUDÓTTIR** Sundvörðurinn lætur víða til sín taka í atvinnulífinu á Blönduósi. Hún byrjaði að verka kindaskrokka en innan skamms mun hún hnykkja skrokka tvífættra Húnvetninga.FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

Ekki er nóg með að Húnvetningar fái þarna metnaðarfullan hnykkjara því hún er einnig textílhönnuður góður og hefur verið fólki innan handar við Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi. **- jse**

# Til hamingju Bæjarins beztu!

Íslendingar borða SS pylsur



Til hamingju með að vera valinn næst besti matsölutum í Evrópu. Við hjá SS erum stolt af því að sjá Bæjarins beztu fyrir pylsum.

Nú er sko aldeilis tilefni til að pulsa sig upp!

GOTT FÓLK McCANN

## Svona erum við

> Fjölmennustu götur í Reykjavík árið 2005




Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** GENFARSÁTTMÁLINN

## *Sáttmáli um virðingu og vernd*

Rauði krossinn tilkynnti í fyrradag að öll fullvalda ríki heims, 194 talsins, hefðu undirritað Genfarsáttmálann um stríðsátök. Þetta er í fyrsta sinn sem nokkur samningur telst algildur í samfélagi þjóða. Svartfellingar voru síðastir þjóða og skrifuðu undir í byrjun ágúst.

**Hvað er Genfarsáttmálinn?**
Genfarsáttmálinn er í raun ekki einn sáttmáli heldur fjórir alþjóðasamningar sem samþykktir voru árið 1949 með tveimur frekari viðbótum árið 1977. Samningarnir eru alþjóðleg mannúðarlög sem snúa að verndun þeirra sem ekki taka beinan þátt í ófriði og vernda þá fyrir afleiðingum átakanna. Þar er aðallega átt við óbreytta borgara, stríðsfanga, starfsfólk hjálparsamtaka og særða eða sjúka hermenn. Lykilorð samninganna eru „virðing“ og „vernd“ gagnvart þeim sem taka ekki beinan þátt í hernaði. Í samningunum er hugtakið virðing skilgreint á þann hátt að „hvorki megi gera mönnum miska, ógna þeim né taka líf þeirra og alltaf beri að koma réttlátlega fram við þá og virða sem manneskju“. Vernd er skilgreind þannig að „hlífa beri mönnum fyrir hættu eða þjáningum sem gætu ógnað þeim og að koma þeim til verndar, hjálpar og stuðnings“.

**Hvenær var sáttmálinn skrifaður?**
Sem fyrr segir er ekki um einn sáttmála að ræða heldur fjóra samninga sem hver fjallar um ákveðið málefni. Sá fyrsti, sem var fullgerður árið 1864, fjallar um bætta meðferð særðra og sjúkra hermanna. Annar samningurinn, skrifaður 1906, nær til átaka á sjó og kveður á um bætta meðferð særðra, sjúkra og skipreika hermanna. Sá þriðji var skrifaður árið 1929 og tók á málefnum stríðsfanga. Árið 1948 voru samningarnir endurskoðaðir á ráðstefnu í Stokkhólmi, að hluta til vegna brota hernaðaraðila á sáttmálanum í seinni heimsstyrjöldinni. Þá var fjórði samningurinn ritaður og ári síðar voru samningarnir fjórir samþykktir í heild sinni. Tvær viðbætur voru gerðar árið 1977 vegna

**SPURT OG SVARAÐ**
KÓKAÍNNEYSLA Á ÍSLANDI



Þórarinn Tyrfingsson er formaður SÁÁ og yfirlæknir á Vogi.

## *Kókaínneysla vex*

**Hefur kókaínneysla aukist á Íslandi?**
Ef við lítum til síðustu sjö til átta ára hefur kókaínneysla farið stöðugt vaxandi. Hún jókst hraðast 1998 til 2000 en hefur farið hægt vaxandi undanfarin þrjú ár. Kókaínneysla er samofin amfetamínneyslunni, sumir eru að færa sig yfir í kókaínneyslu og öfugt. Þetta hefur svipað yfirbragð og tengist skemmtanalífi.

**Hvers konar hópur sækir í kókaín?**
Það er goðsögn að þetta sé vinsælast meðal ríkra en það er ekkert sem bendir til þess, þó það sé kannski sannleikskorn í því. Þeir sem koma til meðferðar eru ungir, ekki ríkir og félagslega illa staddir. Þeir eru ekki í skólum og oftast atvinnulausir. Í Evrópu er kókaínneyslan allt öðruvísi en í Bandaríkjunum, Hér er hún miklu blandaðri annarri vímuefnaneyslu og minna er um að hreina kókaínneyslu.

# Deilt um leið en ekki markmið

**Talsverður styr hefur staðið um klofningu eins og hálf árs gamals menntaráðs Reykjavíkurborgar í tvö ráð með endurstofnun leikskólaráðs. Fagaðilar hafa mótmælt breytingunni og sagt engin fagleg rök vera fyrir henni. Allir eru sammála um að mýkja þurfi skil milli skólastiganna, en eru ósammála um leiðina.**



**LEIKSKÓLABÖRN Í LEIKFIMI** Eitt helsta deilumálið í borgarpólitíkinni í sumar snertir málefni leikskóla og grunnskóla. R-listinn sameinaði Fræðsluráð Reykjavíkur og leikskólaráð í fyrra. En nú hefur Sjálfstæðisflokkurinn skipt hinu nýstofnaða menntaráði aftur í tvennt.

Í ársbyrjun 2005 var fræðsluráði Reykjavíkur og leikskólaráði steypt saman í nýtt menntaráð að undirlagi R-listans sáluga. Fræðsluráðið hafði farið með málefni grunnskólanna, tónlistarskóla og námsflokka en leikskólaráðið með málefni leikskóla, dagmæðra, gæsluvalla og leikvalla. Minnihluti Sjálfstæðisflokks í borgarstjórn lagðist gegn tillögunni, sem þó varð að veruleika. Nú þegar Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur hafa tekið höndum saman í borgarstjórn hefur nýtt borgarráð tekið ákvörðun um það að kljúfa menntaráð aftur, og endurstofna leikskólaráðið. Áætlað er að það taki til starfa hinn 15. september í stækkaðri mynd.

**Hvers vegna þessar breytingar?**
Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, verður formaður leikskólaráðs, og segir hún meginástæðu breytingarinnar nú vera þá að leggja aukna áherslu á leikskólastarf í borginni. „Við teljum það vera gríðarlegt heillaspor fyrir leikskólana að fá sérstakan vettvang til umræðu og framkvæmda,“ segir Þorbjörg Helga. „Það eru um helmingi fleiri stefnumótandi aðilar sem munu koma að þessum málum eftir breytinguna.“

Þorbjörg Helga segir það einnig hafa verið löst á menntaráði hversu margir sátu fundina. „Menntaráð telur yfir 20 manns, sem er stærra en borgarstjórn, og borgarstjórn er nú ekki talin fara yfir málin af mikilli dýpt,“ segir Þorbjörg. „Þarna er endalaust af málum afgreitt og það gefst mjög lítill tími til að ræða stefnumálin sem við viljum móta til að efla skólakerfið. Þetta er fyrst og fremst stjórnsýslubreyting. Tuttugu manna stjórn í fyrirtæki telst ekki mjög öflug stjórn, og þetta er sambærilegt því.“

Stefán Jón Hafstein, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, var formaður menntaráðs á síðasta kjörtímabili, og hann tekur undir þetta. „Eini gallinn sem mér fannst við menntaráð var sá að ráðsfundirnir urðu nokkuð margmennir, því þarna voru áheyrnarfulltrúar kennara, foreldra og skólastjóra beggja skólastiga. Hins vegar komu kostirnir líka í ljós þegar allt þetta fólk settist saman og ræddi málin, því það kom miklu meira út úr fundunum.“

**Skólastigin færð nær hvort öðru**
Breytingin árið 2005 var vegna þess að færa átti leikskólana nær grunnskólunum. „Það má segja að þetta hafi endurspeglað það álit okkar að leikskólinn sé að þróast úr því að vera svokallað dagvistarúrræði í það að vera fyrsta skrefið á menntabrautinni. Við teljum að leikskólinn eigi að vera jafnsettur grunnskólunum hvað varðar faglega umfjöllun mennta-



**ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTTIR** Segir að ráðin muni sameinast reglulega á fundum.



**STEFÁN JÓN HAFSTEIN** Segir að fagstéttirnar hafi áttað sig á kostum sameiningarinnar.

mál. Það eru sífellt fleiri sem benda á það að skilin milli leikskóla og grunnskóla séu of skörp,“ segir Stefán.

Þorbjörg Helga segir þetta vera stefnu nýs meirihluta eins og ríkisstjórnarinnar, þrátt fyrir breytingarnar. „Ráðin munu sameinast reglulega á fundum og allir starfshópar ráðanna sem varða sameiginleg mál munu hafa fulltrúa beggja ráða. Það verður áfram mjög mikið samstarf og verkefnin sem slík fá bara meira vægi í samstarfshópum heldur en inni í einu menntaráði.“ Segir hún sérstakan starfshóp þegar hafa verið stofnaðan til að vinna að því að skoða skil skólastiganna, efla samstarfið og sveigjanleikann.

**Óánægja með breytingarnar**
Kennarasamband Íslands, fulltrúar kennara í menntaráði, Félag leikskólakennara og aðrir fagaðilar hafa gagnrýnt fyrirhugaða breytingu og sagt fagleg rök fyrir henni skorta. Þá hafa þeir sagt skiptinguna vera skref aftur á bak í því ferli að færa leikskólann nær grunnskólanum. Borgarráði hefur meðal annars verið afhentur undirskriftalisti með nöfnum rúmlega 700 leikskólakennara þar sem klofningunni er mótmælt.

Þorbjörg Helga segist telja það sem þegar hefur komið fram fagleg rök fyrir breytingunni. Hún bendir einnig á að sömu aðilar hafi á sínum tíma sett sig upp á móti því að sameina fræðsluráð og leikskólaráð í eitt.

Stefán Jón segir að fagstéttirnar hafi áttað sig á því að sameiningin var til góðs eftir að hún var um garð gengin. „Þess vegna vilja þær alls ekki breyta þessu til baka núna.“

Allir hlutaðeigandi virðast því vera sammála um það að mýkja þurfi skilin milli leikskólastigsins og grunnskólastigsins. Deilan snýst minnst um markmiðið en mest um leiðina að því, eins og oft vill verða. Hvaða áhrif breytingin mun síðan hafa á eftir að koma í ljós.



FRÉTTASKÝRING
**STÍGUR HELGASON**
stigur@frettabladid.is

Stökktu til
Costa del Sol
31. ágúst
frá kr. 39.990
Síðustu sætin
Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á síðustu sætunum til Costa del Sol í ágúst. Þú bókar og tryggir þér sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Gríptu tækifærið og tryggðu þér sumarauka á frábærum kjörum á vinsælasta sumarleyfisstað Íslendinga.
Verð kr. 39.990
Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í íbúð í viku.
Verð kr. 49.990
Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi / stúdíó / íbúð í viku.
Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri sími 461 1099 • www.heimsferdir.is




Borgartúni 29 • Reykjavík
Opið kl. 8-18, lau. 11-16
**Í kvöld til kl. 21.00**

Höfðabakka 3 • Reykjavík
Opið kl. 8-18
**Í kvöld til kl. 21.00**

Glerárgötu 34 • Akureyri
Opið kl. 8-18
**Í kvöld til kl. 21.00**

# skoðun

SJÓNARMIÐ
ÞORSTEINN PÁLSSON

Krónan og evran:

## Utanflokkaumræða

Alkunna er að síðustu viku lauk með því að framsóknarmenn kusu viðskipta- og iðnaðarráðherrann til flokksforystu. Hans fyrsta verk var að blása út af flokksfundarborðinu allar umræður um Evrópusambandið og evruna.

Ekki eru nema nokkrir mánuðir síðan fyrrverandi viðskiptaráðherra gerði tilraun til þess að fleyta evruumræðunni. Það reyndist einum um of óþægur ljár í þúfu. Flokkseiningin kallaði einfaldlega á að allt slíkt tal yrði látið kyrrt liggja.

Þverstæðan við þessa sáttagjörð Framsóknarflokksins birtist á síðum þessa blaðs sama dag og hún var kunngerð. Þar kom fram að forystumenn tveggja stærstu og öflugustu íslensku hugvitsfyrirtækjanna sem haslað hafa sér völl á alþjóðamarkaði íhuga alvarlega að skrá hlutabréf þeirra í erlendri mynt.

Fyrirtækin Marel og Össur eru í raun og veru eitthvað það markverðasta sem sprottið hefur upp í atvinnulífsflóru Íslands síðustu áratugi. Það er því ástæða til þess að leggja við hlustir þegar forystumenn þessara fyrirtækja fjalla um starfsumhverfi þeirra.

Þessi tvö þýðingarmiklu fyrirtæki knýja nú á um sameiningu Kauphallarinnar við OMX kauphöllina til þess að auðvelda skráningu hlutabréfa í erlendri mynt. Það er mat forstjóra Össurar að þróunin muni fara hjá garði íslenska hlutabréfamarkaðarins verði þessi möguleiki ekki opnaður.

Fyrsta dag þessarar viku birti Morgunblaðið svo viðtal við Guðmund Magnússon hagfræðiprófessor, fyrrum rektor og um skeið fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í bankaráði Seðlabankans. Hans dómur um krónuna er að hún sé eins konar Svarti Pétur sem enginn vilji hafa á hendi.

Prófessorinn telur krónuna hindra erlenda fjárfestingu. Skilaboð hans til stjórnmálamanna eru skýr: „að fjarlægja gengisáhættuna ef þeir vilja ekki í raun að nokkrir aðilar eignist landið allt“. Hér er engin tæpitunga notuð.

Framkvæmdastjóri Alþýðusambandsins upplýsir síðan hér í blaðinu í dag að þar á bæ hafi menn íhugað hvort eðlilegt væri að gefa launamönnum kost á að fá laun að hluta til greidd í evrum eða að því marki sem þeir tækju hugsanlega lán í þeirri mynt til húsnæðiskaupa.

Þetta er athyglisverð hugmynd. Hún gæti ef til vill tryggt launafólki í ríkari mæli efnahagslegan stöðugleika og lægri vexti en verðtryggða krónuhagkerfið hefur nokkru sinni gert.

Ekkert er óeðlilegt við að umræða af þessu tagi blómstri á vettvangi atvinnulífsins, hjá launafólki og í fræðasamfélaginu en utan raða stjórnmálaflokkanna. Í raun og veru getur það beinlínis verið æskilegt.

Kjósendahópur allra stjórnmálaflokka er tvískiptur um þessi efni. Umræða á þeim vettvangi er því augljóslega til þess fallin að leiða af sér ágreining, jafnvel innan Samfylkingarinnar.

Það er því fullkomlega skiljanlegt að forystumenn stjórnmálaflokka reyni að halda umræðum um Evrópusambandið og evruna á lágum nótum eða algjörlega utan við vébönd þeirra. Ný forysta Framsóknarflokksins verður ekki gagnrýnd fyrir það.

Aðalatriðið er að stjórnmálaflokkarnir beiti ekki afli sínu og áhrifum til þess að hindra að þessi umræða fari fram í samfélaginu. Miklu skiptir að þar fái menn frjálst að reyna gildi röksemda sinna.

Einnig er eðlilegt að bæði fyrirtæki og launþegar fái að gera tilraunir með notkun evru þar sem það getur átt við. Stjórnmálaflokkarnir taka síðan við umræðunni þegar hún hefur þroskast og jafnvel nokkur þróun átt sér stað með notkun evru.

Fylling þess tíma þarf hins vegar ekki að vera langt undan.


Stökktu til Rimini
20. september
frá kr. 29.990
Allra síðustu sætin

Heimsferðir bjóða frábært tilboð til Rimini í september. Njóttu sumarauka á þessum vinsælasta sumarleyfisstað Ítalíu. Rimini er ekki aðeins frábær áfangastaður út af fyrir sig heldur eru ótrúlega spennandi valkostir í næsta nágrenni, vilji menn kynnast mörgum andlitum Ítalíu í einni ferð. Bókaðu flugsæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

Verð kr. 29.990
Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í íbúð í viku.

Verð kr. 39.990
Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi / stúdíó / íbúð í viku.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri sími 461 1099 • www.heimsferdir.is


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Einar til Árvakurs?

Eitthvað gengur Árvakri, útgáfufélagi Moggans, erfiðlega að finna nýjan framkvæmdastjóra, en nærri hálft ár er frá því að Hallgrímur Geirsson óskaði eftir að láta af störfum. Nú heyrist því fleygt að Einar Sigurðsson, fjölmiðlafulltrúi Flugleiða um langt árabil, taki við stöðu Hallgríms áður en langt um líður. En það er von að Moggamenn vandi valið því hefð er fyrir því að framkvæmdastjórar Árvakurs séu þaulsetnir í embætti; fram til dagsins í dag hafa aðeins þrír menn gegnt stöðunni frá því Árvakur var stofnaður 1923, Sigfús Jónsson, Haraldur Sveinsson og Hallgrímur Geirsson.



### Hefði átt að smala betur

Í kjöri til formanns Framsóknarflokksins á dögunum vakti athygli að ekki skyldu allir þingfulltrúar á flokksþinginu greiða atkvæði. Alls átti 841 rétt til setu á þinginu og maður skyldi ætla miðað við hvað var í húfi að frambjóðendur sæju til þess að öll atkvæði skiluðu sér í hús. Samt vantaði um 85 atkvæði upp á að allir væru með en þess má til gamans geta að atkvæðamunurinn á þeim Jóni Sigurðssyni og Siv Friðleifsdóttur var 81 atkvæði þegar upp var staðið.

### Dulin skilaboð?

Siv Friðleifsdóttir er ötull bloggari eins og mörgum er kunnugt um. Forvitnilegt er að skoða dagbókarfærslu Sivjar frá því á sunnudag, daginn eftir flokksþingið þar sem hún tapaði fyrir Jóni Sigurðssyni í kjöri til formanns. Í umræddri færslu minnist hún ekkert á flokksþingið en vísar hins vegar í frétt á vef Rúv um þingið. Sú frétt ber yfirskriftina: Flokksþing Framsóknar: Þing hinna glötuðu tækifæra? Í fréttinni er aðaláherslan lögð á viðtal við Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur sem lýsir sérstökum áhyggjum sínum af örlögum þeirra Sivjar og Jónínu á flokksþinginu. Í sama fréttatíma Rúv var líka önnur frétt frá flokksþinginu; viðtal við Vilhjálm Hjálmarsson frá Brekku, en Siv lætur ógert að vísa til þess að bloggsíðu sinni.



ssal@frettabladid.is

## Stjórnarsamstarfið: Þétt og bætt?

Í DAG
STÓRPÓLITÍK MOGGANS



ÓLAFUR HANNIBALSSON

„Geir H. Haarde telur niðurstöðu landsfundar framsóknarmanna til þess fallna að þétta og bæta ríkisstjórnarsamstarfið.“ Þegar Geir mælti þessi orð í samtali við Fréttablaðið á föstudaginn var stóð hann báðum fótum yfir þeim sprungusveimi sem liggur undir öllum stíflustæðum við Kárahnjúka og reynt hefur verið að undanförnu að þétta með ýmsum ráðum, svo sem að troða í þær hefilspónum, steypuglundri og steinull og guð má vita hverju öðru en litháískum hrossaskít. Má segja að hann hafi valið sér táknrænan stað fyrir stórpólitíska yfirlýsingu um framtíð stjórnarsamstarfsins fram að næstu kosningum og framyfir þær.

Þungu fargi er líka létt af Mogganum í leiðara á mánudaginn undir yfirskriftinni Stórpólitíkin. Þar segir að stjórnarandstöðuflokkarnir hafi að undanförnu haft miklar væntingar um að þáttaskil yrðu í næstu þingkosningum, sem byggðust á áframhaldandi fylgishruni Framsóknarflokksins. Að skoðun leiðarahöfundar fólust þessar væntingar í því að hver stjórnarandstöðuflokkanna vonaðist eftir að verða í þeirri stöðu að geta leyst Framsókn af hólmi sem hækja íhaldsins.

„Augljóst hefur verið“, segir hann, „að einhver hluti Samfylkingarinnar hefur haft áhuga á samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn. Hugmyndum um samstarf við Sjálfstæðisflokk hefur aukist fylgi innan vinstri grænna og Frjálslyndi flokkurinn sýndi að loknum borgarstjórnarkosningum augljósan áhuga á samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn í borgarstjórn og þess vegna ekki ástæða til að ætla annað en að það sama gæti komið upp að loknum þingkosningum.“

Það er þannig skoðun leiðarahöfundar að Sjálfstæðisflokkurinn sé einhvers konar pólitísk eilífðarvél, sem ævinlega muni fara með stjórn landsins. Hlutverk annarra stjórnmálaflokka er

*Hlutverk annarra stjórnmálaflokka er það eitt að þreyja á bekknum og bíða þess að formaður Sjálfstæðisflokksins bjóði þeim upp í dans ...*

það eitt að þreyja á bekknum og bíða þess að formaður Sjálfstæðisflokksins bjóði þeim upp í dans og í öllum flokkunum séu sterk öfl sem bíði þess arna með ærinni óþreyju.

En „hið ótrúlega hefur gerst“, segir Moggi, „að Framsóknarflokknum tókst á flokksþingi sínu fyrir helgi að styrkja stöðu sína mjög.“ Því sýnist „nokkuð ljóst, að stjórnarflokkarnir geti búizt við nokkuð góðum úrslitum í þingkosningunum, ef ekkert óvænt kemur upp“.

Og hann heldur áfram: „Sú staðreynd ein út af fyrir sig mun draga máttinn úr stjórnarandstöðuflokkunum. Um leið og þeir sjá að brautin verður ekki jafnbein og greið til valda og þeir hafa kannski talið sér trú um undanfarnar vikur verður baráttukraftúrinn minni.“

En er nú víst að þessi draumastaða Moggans gangi eftir? Ekki er að efa að sú greining Moggans sé rétt að í öllum stjórnarandstöðuflokkunum sé að finna einhver öfl, sem eru svo lítilþæg, að telja baráttu flokka sinna snúast um það eitt að fá að deila völdum með Sjálfstæðisflokknum. En nú er ljóst að sú leið er lokuð. Eftir flokksþing Framsóknarflokksins ætti að liggja í augum uppi að núverandi stjórnarflokkar ætla að halda áfram samstarfi sínu eftir kosningar og hinn venjulega blekkingaleik í aðdraganda þeirra um að þeir „gangi óbundnir til kosninga“.

Í stað þess að sú staða verði til „að draga máttinn úr stjórnarandstöðuflokkunum“ ætti þeim að vera ljóst, að þeir eiga ekki annars úrkosta en að þjappa sér saman og lýsa yfir fyrirfram að þeir gangi til kosninga með það fyrir augum að leysa núverandi stjórnarflokka, báða, af hólmi fái þeir til þess styrk meirihluta kjósenda. Það mundi auka tiltrú þeirra ef þeir gætu sýnt ákveðna samstöðu í málflutningi á þingi í vetur og sýnt kjósendum fram á að þeir séu ekki eingöngu samstiga um að vera á móti, heldur geti með jákvæðum og uppbyggilegum hætti staðið saman að stjórn landsins.

Vilmundi heitnum Gylfasyni var það brennandi kappsmál að kjósendur gætu kosið stjórn landsins beinni kosningu. Í því augnamiði lagði hann fram ákveðnar hugmyndir um stjórnarskrárbreytingar og algeran aðskilnað framkvæmdavalds og löggjafarvalds. Stjórnarskrárbreytingar eru þungar í vöfum og taka langan tíma, þótt samstaða náist um þær. Nú eru hins vegar komnar upp þær sögulegu aðstæður, að í fyrsta sinn í 60 ára sögu lýðveldisins er hægt að gefa kjósendum kost á því að kjósa sér ríkisstjórn, án nokkurra breytinga á stjórnskipan landsins. Vilja þeir áframhaldandi stjórnarsetu núverandi samvöxnu tvíburaflokka eftir samfleyttan 12 og 16 ára valdaferil, eða fá þeir færi á að fela samhentri stjórnarandstöðu völdin með málefnalegu umboði til næsta kjörtímabils? Leiðarahöfundur Mogga, telur að kjósendur muni „ekki þora að taka þá áhættu að fela öðrum flokkum landsstjórnina“. Það er sögulegt tækifæri núverandi stjórnarandstöðu að láta á það reyna. Annars snúast kosningarnar um harla lítið eða ekki neitt, að venju.


MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
Sögurnar, tölurnar, fólkið.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

# Við viljum engin ofurlaun á Íslandi

UMRÆÐAN
OFURLAUN



BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON
VIÐSKIPTAFRÆÐINGUR

Mikil umræða hefur átt sér stað undanfarið um svokölluð ofurlaun. Frétt um, að forstjóri KB banka hefði 22 milljónir á mánuði hratt þessari umræðu af stað. Mönnum hefur lengi verið ljóst, að launamunur væri orðinn mjög mikill, einkum í fjármálageiranum. Áður hafa verið nefndar háar tölur, nokkrar milljónir á mánuði í laun. En 22 milljónir á mánuði var dropinn sem fyllti mælinn.

Sjálfsagt er hér um að ræða árangurstengd laun að einhverju leyti og tekjur vegna heimildar til kaupréttar á hlutabréfum. En hvernig svo sem ofurtekjurnar eru tilkomnar eru þær gersamlega út úr korti. Það verðskuldar enginn launamaður svona háar mánaðartekjur. Ef afkoma KB banka er svona góð á að láta viðskiptavini bankans njóta þess með lækkun þjónustugjalda og útlánsvaxta. Síðan á að hækka laun almennra starfsmanna bankans. Það er ekki nóg að hækka laun bankastjóra upp úr öllu valdi. Reynt hefur verið að halda því fram, að ofurlaunin séu nauðsynleg til þess að bankarnir geti náð í mjög góða starfsmenn, sem ella myndu fara til starfa erlendis. Einnig hefur verið bent á, að ofurlaunin tíðkist í bönkum og fjármálastofnunum erlendis og þar sem íslenskir bankar starfi í erlendu fjármálaumhverfi verði þeir að fylgja erlendri launastefnu. Þetta er rangt. Ísland getur ekki fylgt erlendri ofurlaunastefnu. Í Bandaríkjunum eru skurðlæknar t.d. á ofurlaunum, svo og eftirsóttir forstjórar og ritstjórar. Hvað fyndist almenningi um það ef góðir skurðlæknar hér fengju 22 milljónir á mánuði? Forstjóri banka er ekki mikilvægari starfsmaður en góður skurðlæknir. Í rauninni má með sanni segja, að starfsfólk allra starfsgreina sé mikilvægt. Starfsfólk fjármálastofnana er ekki mikilvægara eða hæfara en starfsfólk annarra greina. Sem betur fer finnst í öllum greinum hæft starfsfólk. Við eigum t.d. nú orðið afburða góða vísindamenn. En við getum ekki greitt þeim 22 milljónir á mánuði og okkur dettur ekki í hug, að árangurstengja laun þeirra.

Stjórnmálaleiðtogar hafa fordæmt ofurlaun og hafa sagt, að stórfyrirtækin verði að sýna samfélagslega ábyrgð. Einnig hafa þeir bent á, að lífeyrissjóðirnir gætu látið mál þetta til sín taka, m.a. með því að fjárfesta ekki í fyrirtækjum, sem reka ofurlaunastefnu.

Vegna ofurlauna er nauðsynlegt að taka upp hátekjuskatt, sem skattleggi myndarlega hæstu tekjur (ofurlaun). Það lýsir vel stefnu Sjálfstæðisflokksins og ríkisstjórnarinnar í skattamálum, að skattar skuli hafa verið hækkaðir á lægstu launum en lækkaðir á hæstu launum. Eðlilegra væri að þessu væri öfugt farið. Þeir sem hafa breiðu bökin eiga að bera þyngstu skattbyrðina en það á að hlífa þeim, sem hafa lægstu launin.

## AF NETINU

### Misgóð mótmæli

Talsmaður Íslandsvina, Andrea Ólafsdóttir, sat fyrir svörum í Kastljósinu sl. miðvikudag og þegar hún var spurð út í lögbrot mótmælenda á þeirra vegum þá sagði hún einfaldlega að hún hefði meiri áhyggjur af framkvæmdum Alcoa og lét þar með líta út fyrir að aðgerðir mótmælenda væru allt í lagi. Skv. Andreu er það sem sagt allt í lagi að fremja lögbrot sem beinist gegn löglegu athæfi ef maður er persónulega á móti athæfinu sjálfu.
Andrea taldi sig reyndar hafa heimildir fyrir því að framkvæmdir Alcoa væru ólöglegar en seinna kom á daginn að það var eins og hvert annað bull sem hún lét út úr sér. Það er svo sem ekkert nýtt að vinstri menn skuli ganga langt í mótmælaaðgerðum en flestir muna líklega eftir því þegar ráðist var inn á fund á Hótel Nordica síðasta sumar og grænu skyri slett yfir fundarmenn og tækjabúnað sem skemmdist fyrir vikið. Alltaf eru afsakanirnar þó eins, tjón af þessu tagi er allt í lagi þar sem tjónið á náttúrunni er meira að mati þessa fólks.

**Ari Guðjónsson af sus.is**

### Karlaveldið

Að loknu flokksþingi okkar Framsóknarmanna þar sem kosin var ný forysta flokksins, er ljóst að vakna munu spurningar um framtíðina. Það verða ekki flokksmenn sem munu spyrja, við fengum okkar svör á þinginu gegnum lýðræðislegar kosningar. En ef að Framsóknarflokkurinn á að lifa áfram þurfum við að auka fylgi hans frá því sem nú er og er væntanlegir kjósendur munu krefjast svara við ýmsum áleitnum spurningum. Sú fyrsta verður augljóslega þessi. „Hvar er jafnréttið sem Framsóknarflokkurinn hefur státað sig svo mjög af?" Flokkurinn mun þurfa að svara því hvers vegna rúmlega fertug kona, ráðherra með áratugs þingreynslu, varð að láta í minni pokann fyrir sextugum karlmanni með mun minni reynslu. Flokkurinn mun líka þurfa að svara því af hverju önnur kona, einnig ráðherra með mikla reynslu og menntun, mátti einnig sætta sig við tap.

**Stefán Bogi Sveinsson af suf.is**

### Framsóknarflokkurinn

Það er alltaf upplífgandi, jafnvel svolítið hrærandi, að lesa skrif manna sem eru svo innblásnir af eigin óskhyggju að þeir geta búið til heilu smásögurnar um heim þar sem allt er í himnalagi og hinn ljóti veruleiki gægist hvergi inn. Þannig líður manni stundum við að lesa leiðaraskrif Morgunblaðsins.
Nýlega sýndi skoðanakönnun Framsóknarflokkinn í 11% fylgi. Það gerðist eftir að Halldór Ásgrímsson boðaði afsögn sína og næsta víst var að Jón Sigurðsson tæki við. En Morgunblaðið varðar ekkert um það. Það trúir að Jón Sigurðsson sé bjargvættur Framsóknarflokksins. Líklega heldur leiðarahöfundur Morgunblaðsins að Jón sé járnkarlinn úr ævintýrinu. Hann segist munu skapa einingu í Framsóknarflokknum, og áður en maður getur sagt bingó, þá verður eining. Og allri heiftinni og illúðinni sem skyndilega opinberaðist milli æðstu manna flokksins er sópað undir teppið og þjóðin sem varð vitni að öllu saman mun nú snögglega og óvænt gleyma öllu þessu og finnast allt í sómanum í Framsóknarflokknum.

**Ármann Jakobsson af murinn.is**

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ


# Prentarar fyrir skólann og á skrifborðið

## Gæði, hraði og hagkvæmni með Canon

### Canon iP2200 bleksprautuprentari

**Hraðvirkur og notendavænn**

- Prentar 10x15 blæðandi myndir í ljósmyndagæðum á u.þ.b. 55 sek.
- Prentar allt að 22 A4 bls. á mín. í svarthvítu og 17 A4 bls. á mín. í texta og grafík.
- 4800x1200 dpi prentupplausn. Tvö blekhylki.
- ChromaLife100 kerfið frá Canon lengir líftíma útprentaðra mynda.



**Verð 9.900 kr.**

### Canon iP4200 bleksprautuprentari

**Mikil afköst**

- 9600x2400 dpi prentupplausn.
- Prentar beint á DVD/CD, sjálfvirk tvíhliða prentun, tvær pappírsskúffur.
- ChromaLife100 kerfið frá Canon lengir líftíma útprentaðra mynda.
- Prentar allt að 30 A4 bls. á mín. í svarthvítu og 24 A4 bls. á mín. í texta og grafík.
- Single Ink blekhylkjakerfi Canon stuðlar að lægri rekstrarkostnaði.



**Verð 16.900 kr.**

### Canon MP170 fjölnota prentari

**Sameinar hágæða prentun af myndavél og minniskorti ásamt litaskönnun og ljósritun**



- 4800x1200 dpi prentupplausn með Canon FINE tækninni.
- Prentar 10x15 cm myndir í lit í ljósmyndagæðum á 55 sek.
- Prentar allt að 22 A4 bls. á mín. í svarthvítu og 17 A4 bls. á mín. í texta og grafík.
- Ljósritar 22 bls. á mín. í svarthvítu og allt að 17 bls. á mín. í lit.
- ChromaLife100 kerfið frá Canon lengir líftíma útprentaðra mynda.

**Verð 14.900 kr.**

### Canon iP5200 bleksprautuprentari

**Fyrsta flokks ljósmyndagæði og mikill prenthraði**

- Prentar 10x15 blæðandi myndir í ljósmyndagæðum á u.þ.b. 36 sekúndum.
- Prentar allt að 30 A4 bls. á mín. í svarthvítu og 24 A4 bls. á mín. í texta og grafík.
- Prentar beint á DVD/CD, sjálfvirk tvíhliða prentun, tvær pappírsskúffur.
- 9600x2400 dpi prentupplausn.
- ChromaLife100 kerfið frá Canon lengir líftíma útprentaðra mynda.
- Single Ink blekhylkjakerfi Canon stuðlar að lægri rekstrarkostnaði.



**Verð 19.900 kr.**

### Canon iP5200R bleksprautuprentari

**Engar snúrur**

- Þráðlaus prentun gerir öllum á heimilinu kleift að nota einn prentara án þess að snúrur flækist fyrir.
- 9600x2400 dpi prentupplausn.
- Prentar allt að 30 A4 bls. á mín. í svarthvítu og 24 A4 bls. á mín. í texta og grafík.
- Prentar 10x15 cm myndir í lit á aðeins 36 sek. í gæðum sem jafnast á við framköllunarþjónustuna.
- Hægt að prenta á DVD/CD.
- ChromaLife100 kerfið frá Canon lengir líftíma útprentaðra mynda.
- Single Ink kerfið tryggir lægri rekstrarkostnað.



**Verð 29.900 kr.**

### Canon MP500 fjölnota prentari

**Með 6.3 cm LCD litaskjá – Einnig DVD/CD prentun og sjálfvirk prentun beggja megin**

- 9600x2400 dpi prentupplausn.
- Prentar 10x15 blæðandi myndir í ljósmyndagæðum á u.þ.b. 51 sek.
- Prentar allt að 22 A4 bls. á mín. í svarthvítu og 17 A4 bls. á mín. í texta og grafík.
- Ljósritar 29 bls. á mín. í svarthvítu og 19 bls. á mín. í lit.
- ChromaLife100 kerfið frá Canon lengir líftíma útprentaðra mynda.
- Einfalt að skoða og prenta út með því að nota 6.3 cm LCD litaskjá.
- Skýr skönnun með 1200x2400 dpi prentupplausn.
- Fjölnota prentari með DVD/CD prentun og sjálfvirkri tvíhliða prentun – duplex.
- Single Ink blekhylkjakerfi Canon stuðlar að lægri rekstrarkostnaði.



**Verð 26.900 kr.**

þú þekkir Canon

Söluaðilar um land allt
www.nyherji.is/canon

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.847 **+1,73%** **Fjöldi viðskipta:** 576 **Velta:** 6.187 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Össur** | 4,66% | **Icelandic Group** | 1,92% |
| **Alfesca** | 3,84% | **Marel** | 0,62% |
| **Dagsbrún** | 3,18% | | |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 66,00 +1,70% ... Alfesca 4,60 +3,84% ... Atlantic Petroleum 559,00 +0,54% ... Atorka 6,05 +1,68% ... Avion 33,80 +1,81% ... Bakkavör 52,50 +1,55% ... Dagsbrún 5,19 +3,18% ... FL Group 17,80 +2,30% ... Glitnir 19,00 +1,06% ... KB banki 799,00 +2,04% ... Landsbankinn 23,90 +2,58% ... Marel 80,00 -0,62% ... Mosaic Fashions 17,20 +0,00% ... Straumur-Burðarás 15,80 +0,00% ... Össur 123,50 +4,66%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is



**BEÐIÐ EFTIR STRÆTÓ Í RIGNINGUNNI** Í nýrri skýrslu Fjármálaeftirlitsins kemur fram að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna hafi aukist milli ára. Stór hluti af launum fólks rennur til sjóðanna, sem aftur fjárfesta mikið í innlendum verðbréfum. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Umfang lífeyrissjóðanna eykst

Hrein eign lífeyrissjóðanna til greiðslu lífeyris jókst um 23,6 prósent milli ársloka 2004 og 2005. Það samsvarar 18,7 prósenta raunaukningu miðað við vísitölu neysluverðs. Nam heildareignin þá 1.219,5 milljörðum króna en var 896,6 milljarðar fyrir árið 2004. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga lífeyrissjóða fyrir árið 2005.

Ráðstöfunarfé samkvæmt sjóðstreymi á árinu 2005 nam 486,8 milljörðum króna samanborið við 455,1 milljarð árið á undan. Hrein raunávöxtun miðað við neysluverðsvísitölu var 13,2 prósent en var 10,4 prósent árið 2004. Iðgjöld hækkuðu milli ára úr 72,4 milljörðum króna í 87 milljarða. Gjaldfærður lífeyrir var 34,9 milljarðar króna 2005 en var 31,2 milljarðar árið 2004.

Séreignasparnaður í vörslu lífeyrissjóða og annarra vörsluaðila jókst talsvert milli ára og nam 146,2 milljörðum króna í árslok 2005 samanborið við 110,5 milljarða í árslok 2004. **- hhs**

# Tap margfaldast hjá Atlantic Petrolium

Færeyska olíufélagið Atlantic Petrolium, sem skráð er í Kauphöll Íslands, tapaði tæpum 6,4 milljónum danskra króna eða rúmum 77 milljónum íslenskra króna á fyrstu sex mánuðum ársins. Þetta er um ellefu sinnum meira tap en á sama tíma fyrir ári.

Þá nam taprekstur á öðrum ársfjórðungi rúmum 4 milljónum danskra króna eða um 49 milljónum íslenskra króna. Á sama tíma fyrir ári nam tap á fjórðungnum 533 þúsundum danskra króna eða rúmum 6,4 milljónum íslenskra króna.

Haft er eftir Wilhelm Petersen, forstjóra Atlantic Petrolium, í tilkynningu frá félaginu til Kauphallar Íslands að tapið hafi verið meira en reiknað hafi verið með en rekstur félagsins hafi verið tryggður með hlutafjárútboði í júní á þessu ári. Er mestur hluti tapsins kominn til vegna afskrifta og kaupa á leyfum til olíuvinnslu.

Framkvæmdir félagsins eru á áætlun en reiknað er með að byrjað verði að olíuvinnsla hefjist á Chestnut-svæðinu á öðrum ársfjórðungi á næsta ári en á Ettrick-svæðinu, sem er í lögsögu Bretlands, í upphafi 2008.

Þá mun standa til að skrá Atlantic Petrolium í kauphöllina í Kaupmannahöfn síðar á þessu ári jafnframt því sem það verði áfram skráð í Kauphöllinni hér á landi. **- jab**



**WILHELM PETERSEN, FORSTJÓRI ATLANTIC PETROLIUM** Tap færeyska olíufélagsins nam 77 milljónum króna á fyrstu sex mánuðum ársins sem er ellefuföldun á milli ára.





Innritun er hafin í Klassíska listdansskólanum og er hægt að skrá sig frá klukkan 16 og 18 í síma 587 9030 eða á skrifstofu skólans að Grensásvegi 14 alla virka daga. Einnig er hægt að skrá sig á vef skólans, www.ballet.is og skoða það fjölbreytta nám sem skólinn býður upp á. Kennsla hefst 4. september.

Klassíski listdansskólinn er einkarekinn balletskóli og viðurkenndur af Menntamálaráðuneytinu og starfar eftir námskrá frá ráðuneytinu.

Klassíski listdansskólinn hefur allt frá stofnun lagt sérstaka áherslu á þjálfun einstaklingsins undir faglegri leiðsögn í hinum hefðbundna, sígilda þætti listdansins, jafnframt því að kynna aðra tegund dans, nýja danstækni og þróun. Jákvæð hvatning og uppbygging nemenda í minni námshópum er stór þáttur í starfi skólans.

Þar sem skólinn mun hér eftir starfa eftir námskrá Menntamálaráðuneytisins fá nemendur tækifæri til að fá nám sitt metið sem hluta af framhaldsnámi þeirra í klassískum og nútíma listdansi. Nemendur 16 ára og eldri geta fengið nám sitt metið úr Listadeild Menntaskólans við Hamrahlíð.

KENNSLA HEFST 4. SEPT

KLASSÍSKI LISTDANSSKÓLINN

Álfabakka 14a - Sími 587 9030 og Grensásvegi 14 - Sími 534 9030 - www.ballet.is

AUGLÝSINGASTOFAN DAGSVERK - 0806KL

## LÆRDÓMSRÍKT FERLI EN DÝRT OG TÍMAFREKT

Daði Erlingsson gerbreytti Toyota Corolla bifreið á fjórum árum.

BÍLAR 2



## HLAKKAR TIL OG KVÍÐIR FYRIR

Það eru ekki aðeins börnin sem eru að byrja í skólanum í haust. Nokkrir nýir kennarar taka til starfa.

NÁM 4



# allt



[ NÁM FERÐIR BÍLAR ]

**Skoda Octavia** bifreið sem lagði af stað í hringferð um landið á mánudag ætti að skila sér aftur til Reykjavíkur fyrir hádegi í dag, gangi allt eftir óskum. Tilgangur ferðarinnar er að athuga hvort Skódinn, sem er dísilbíll, komist hringinn á einum tanki.

**Útivist** stendur fyrir Útivistarrækt á morgun eins og aðra fimmtudaga. Að þessu sinni verður gengið frá bílastæðinu þar sem Skógræktarfélag Reykjavíkur var í Fossvogi og gengið vestur með Öskjuhlíð, um Nauthólsvík og út með Skerjafirði að norðan út undir Ægisíðu. Farið er sömu leið til baka og gönguferðin tekur rúma klukkustund.



**Tveir** fyrirlestrar fara fram í fyrirlestrastofu á 2. hæð í Læknagarði Háskóla Íslands í dag. Báðir fjalla þeir um erfðafræði ávana- og fíkniefnanotkunar. Kl. 14.00 hefst fyrirlestur Dr. Ming Li, Searching Susceptibility Genes for Nicotine Dependence, og kl. 15.00 tekur Dr. Jonathan D. Pollock við með fyrirlestur sinn, Addiction in Genetics at National Institute on Drug Abuse.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 23. ágúst, 235. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 5.42 | 13.30 | 21.16 |
| Akureyri | 5.19 | 13.15 | 21.09 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Sylvía Björg lítur björtum augum fram á komandi vetur í FG.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Íslenskan í uppáhaldi

***Það er stór áfangi fyrir ungmenni að fara úr grunnskóla yfir í framhaldsskóla. Sylvía Björg Kristinsdóttir er ein þeirra sem stíga það skref í haust. Hún ætlar í Fjölbraut í Garðabæ.***

„Mér líst mjög vel á að byrja í framhaldsskóla og hlakka bara rosalega til,“ segir Sylvía þegar hún er spurð hvernig það leggist í hana að hoppa á milli skólastiga. Stutt vegalengd er milli grunnskólans sem hún hefur gengið í undanfarin ár og fjölbrautaskólans. Samt segir hún fáa af hennar gömlu bekkjarfélögum samstiga henni í náminu. „Það fara eiginlega allir hver í sína áttina, bæði dreifast þeir milli brauta innan FG og sumir fara í aðra skóla,“ útskýrir hún og það gætir smá söknuðar í röddinni. Sjálf ætlar hún á félagsfræðibraut. „Þar er svo mikið val,“ segir hún og kveðst til dæmis hafa mikinn áhuga á fjölmiðlafræðinni. Í framhaldinu er hún spurð hverjar hafi verið hennar eftirlætisnámsgreinar til þessa. „Íslenskan,“ svarar hún án umhugsunar. „Ég er búin með fyrsta áfangann, tók hann í 10. bekk.“

Sylvía kveðst vera um fimm mínútur að labba út í FG svo hann er nánast við bæjardyrnar. Það kemur líka í ljós í spjallinu við hana að hún er þar hagvön því mamma hennar vinnur í mötuneytinu. „Ég er búin að tryggja það að ég fái nóg að borða,“ segir Sylvía glaðlega að lokum.

*gun@frettabladid.is*

## Santa Fe vel tekið

NÝ KYNSLÓÐ SANTA FE FÉKK NÝLEGA FIMM STJÖRNUR HJÁ BRESKA BÍLABLAÐINU AUTO EXPRESS.



Breska bílablaðið Auto Express telur innanrými Santa Fe óvenjugott og bílnum til tekna.

Síðasta tölublaði fylgdi sérstakur frístundaviðauki sem fjallar meðal annars um Toyota RAV4, Nissan X-trail, Honda CR-V og fleiri í 4x4 flokknum sem fallið geta undir skilgreininguna frístundabíll. Santa Fe og Land Rover Freelander voru þeir einu sem hlutu fimm stjörnur og voru það aðallega kraftmiklir jeppaeiginleikar og þar með aukin fjölhæfni, sem tryggði þeim fimmtu stjörnuna. Jafnframt var óvenjugott rými talið Santa Fe sérstaklega til tekna, ásamt „frábærri“ dísilvél og vel útfærði sjö sæta útgáfu. Þá valdi blaðið Santa Fe besta nýja 4x4 bílinn á árinu í júní-blaðinu sínu.





**Olía** Það er nauðsynlegt að skipta um olíu á bílnum á 3.000-5.000 km fresti. Það er til dæmis hægt að láta gera það á smurstöðvum.












Fjöðrunarkerfið er stillanlegt í hæð og mótorinn mun skila 300 hestöflum þegar Daði hefur lokið við bílinn. Ekki alveg venjuleg Corolla.

# Margir hlutir smíðaðir oftar en einu sinni

***Lærdómsríkt ferli, en frekt á tíma og peninga.***



Daði í bílstjórasætinu. Bíllinn er aðeins notaður stuttan tíma á hverju ári.

Fyrsti bíllinn sem Daði Erlingsson fékk sér var Toyota Corolla, árgerð 1994. Fjórum árum seinna er bíllinn algjörlega óþekkjanlegur, enda hefur Daði eytt þúsundum vinnustunda og milljónum króna í að breyta bílnum eftir sínu höfði.

„Þegar ég keypti þennan bíl var hann ljótur, upplitaður og bleikur. Mig langaði í flottan í bíl. Það er engin skynsemi í þessu en ég er að vinna við bifreiðasmíðar og búinn að læra helling á að gera þetta sjálfur," segir Daði sem er tvítugur og keyrir bílinn bara yfir blásumarið. Flesta mánuði ársins er hann inni í skúr þar sem hann vinnur í honum öllum lausum stundum.

„Það síðasta sem ég gerði var að skipta um mótor í bílnum. Ég pantaði hann frá Japan. Það er 1600 mótor, 20 ventla og eftir að túrbínu var bætt á hann skilar hann um 210 hestöflum. Svo er nýbúið að mála allan bílinn. Hann hefur verið almálaður þrisvar. Það eru engir hurðarhúnar á honum heldur fer maður inn í hann með fjarstýringu. Undir speglunum eru rafmagnstakkar til að opna framhurðirnar," segir Daði.

Þetta þætti mörgum nóg en Daði er hvergi nærri hættur upptalningunni. Í skottinu á bílnum smíðaði hann skel úr trefjaefni sem hýsir fjórar 1000 watta bassakeilur, þrjá magnara, tvo rafgeyma, tvo þétta, 17 tommu flatskjá og fjarstýringar fyrir Playstation 2 leikjatölvu. Já, í skottinu.

„Inni í bíl er ég búinn að skipta um stóla frammi í, setti í hann körfustóla og ég klæddi afturbekkinn og hurðarspjöldin í stíl og lét sérsauma merki í hvort tveggja. Ég sérsmíðaði líka öll hurðarspjöld sem eru með máluðum hátalarafestingum. Fyrir framan farþegasætið er 7 tommu skjár og í hanskahólfinu er DVD tæki. Bíllinn var rifinn í tætlur og hljóðeinangraður út og í gegn," segir Daði sem segist búa eitthvað til eitt árið og gera það svo upp á nýtt árið eftir, þegar hann hefur lært meira. Þannig hafa margir hlutir í bílnum verið smíðaðir upp oftar en einu sinni.

„Það vaknaði mikill áhugi hjá mér þegar ég sá fyrstu myndina Fast and the Furious. Það voru ekki mjög margir að þessu þegar ég byrjaði og ég lærði af mistökunum. Það eru aðallega tvö fyrirtæki hér á landi sem eru í svona breytingum. Ég og vinur minn fengum punkta hjá öðru þeirra, sem ég er að vinna aðeins fyrir."

Daði segist hvergi nærri hættur að breyta bílnum en þó sjái hann fram á að fá sér nýjan bíl fljótlega, þar sem hann sé búinn að læra nóg til að takast á við stærra verkefni. „Ég fékk mikla aðstoð við Corolluna og mig langar að nota tækifærið og þakka öllum sem hafa hjálpað mér. Nú getur maður keypt sér alvöru bíl og gert alvöru hluti. Það verður Toyota Supra," segir Daði að lokum.

einareli@frettabladid.is



Skottið er án efa eitt það flottasta á landinu, og þótt víðar væri leitað. Skelina byggði Daði í fimm hlutum, þannig að hægt er að fjarlæga hana án þess að eyðileggja neitt.



Farþegamegin er skjár og DVD spilari.



Eins og sést hefur allur bíllinn fengið andlitslyftingu. Takið sérstaklega eftir hurðarspjöldunum, sem Daði smíðaði sjálfur.



Mótorinn er sérpantaður frá Japan. Allar slöngur eru málaðar eða krómaðar.



Einar Magnús Magnússon, upplýsingafulltrúi hjá Umferðarstofu, vonast til að átak fækki tilfellum alvarlegra umferðarslysa. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fórnarlömb fræða um tjón umferðarslysa

***Umferðarstofa stefnir á að heimsækja menntaskóla í haust til að ræða umferðarslys og fá til liðs við sig fórnarlömb alvarlegra slysa til að miðla af reynslu sinni.***

„Við stefnum á að fá bæði fórnarlömb og sökudólga umferðarslysa, ef svo má að orðum komast, til að fara með okkur í skólana til að uppfræða nemendur um það gífurlega tjón sem umferðarslys geta valdið,“ segir Einar Magnús Magnússon, upplýsingafulltrúi hjá Umferðarstofu.

Einar segir ekki mikið rætt um þá sem slasast alvarlega í umferðarslysum á Íslandi í fjölmiðlum, heldur snúist umræðan miklu fremur um banaslys í umferðinni.

Einar vonast til þess að átakið í haust bæti úr því og ýti af stað ítarlegri umfjöllun um alvarleg meiðsl. „Þótt auglýsingar beri alltaf ákveðinn árangur er öðruvísi að tala beint við þá sem hafa upplifað slys af eigin raun og teljum við að þessi nálgun eigi eftir að hafa áhrif.“

Þess má geta að tilfellum alvarlegra slasaðra í umferðinni hefur fækkað á undanförnum árum á Íslandi. Árið 2005 slösuðust 129 manns alvarlega í umferðinni, 145 árið 2003 og 164 árið 2002.

Á fyrstu sex mánuðum þessa árs slösuðust 56 manns, miðað við 54 manns á sama tíma í fyrra. 14 manns á aldursbilinu 13-20 ára eru í hópi hinna slösuðu, en aldursdreifing er nokkuð jöfn. Af þessum 56 eru karlar í meirihluta eða 37 talsins.

Hæst er hlutfall ökumanna í hópi hinna slösuðu, eða 35 manns af 56. Næst koma farþegar sem eru fimmtán talsins. Loks eru fimm vegfarendur og einn hjólreiðamaður. *roald@frettabladid.is*

# Íslendingar á BMW World Final

***Keppa í Suður-Afríku í byrjun desember ásamt kylfingum frá 39 öðrum löndum.***

BMW Golf Cup International fór fram fyrir skemmstu í fjórða sinn hér á landi. Sigurvegarar mótsins halda í desemberbyrjun til Suður-Afríku, ásamt sigurvegurum frá 39 öðrum löndum, þar sem úrslitamót mótaraðarinnar fer að þessu sinni fram.

Alls tóku um 200 áhugakylfingar þátt hérlendis og reyndust hlutskörpust þau Hansína Þorkelsdóttir úr GKG, Annel Jón Þorkelsson úr GSG og Jóhann Guðmundsson úr GÖ.

Það verður þó ekki Hansína heldur Ingunn Einarsdóttir, sem varð í öðru sæti, sem heldur utan á lokamótið og er ástæðan sú að Hansína var í sigurliði síðasta árs. „Samkvæmt reglunum verða að líða að minnsta kosti þrjú úrslitamót á milli þátttöku, eins og títt er um stór áhugamannamót,“ segir Karl Óskarsson, sölustjóri hjá B&L. „Það vill síðan þannig til, að í fyrra var Hansína í sömu sporum og Ingunn er nú. Hulda Birna Baldursdóttir, sigurvegari ársins 2005, hafði sigrað árinu þar áður og þær Hansína þurftu því að hafa „verðlaunaskipti“. Á móti kemur að ferðavinningur með Icelandair var fyrir 2. sæti, þannig að Hansína fór ekki tómhent af mótinu.“



Fulltrúar Íslands á BMW Golf Cup International World Final, Jóhann Guðmundsson, sigurvegari í B flokki karla, og Ingunn Einarsdóttir, sem varð í 2. sæti í kvennaflokki.



Pínu Suzuki Swift og pínu Audi Q7?

## Splash og Sport í París

SUZUKI FRUMSÝNIR TVO BÍLA Á BÍLASÝNINGU Í SEPTEMBER.

Fyrir þá sem eru á ferðinni í París í næsta mánuði gæti verið rétt að kíkja á bílasýninguna sem þar verður.

Meðal þess sem sýnt verður á sýningunni er nýr Suzuki sem fram til þessa hefur verið kallaður „Splash-verkefnið“. Lítið er vitað um bílinn annað en að hann er byggður á Swift-grunni, rúmar 5 manns og að undir vélarhlífinni er 4 strokka 1200 mótor.

Að öðru leyti er hægt að vísa í meðfylgjandi teikningu og velta því fyrir sér hvort Swift hafi einhverntíma hitt Audi Q7 á förnum vegi, kannski fyrir níu mánuðum síðan eða svo.

Af öðrum áformum Suzuki fyrir sýninguna má nefna frumsýningu Evrópuútgáfu Swift Sport. Ef hún verður búin sömu 133 hestafla 1600 VVT vélinni og Japansútgáfan, sem kom út fyrir ári síðan, ætti salan ekki að vera lengi að taka við sér.

SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA FYRIR
Jeep CHRYSLER DODGE
BÍLJÖFUR
BIFREIÐAVERKSTÆÐI
Smiðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

Ryðfríar grillgrindur
TILBOÐ
54.900 kr.



Á margar gerðir jeppa!

67 mm grindur · handpóleraðar suður festingar fyrir ljóskastara

| Bílgerð | Bílgerð |
|---|---|
| Chevrolet Silverado | Nissan Navara NÝR |
| Grand Cherokee | Nissan Pathfinder |
| Ford F150/250 | Nissan Patrol |
| Honda CRV | Nissan Terrano |
| Hyundai Santa Fe | Suzuki Gr.Vit |
| Hyundai Terrac | Toyota Hiace |
| Lexus RX300 | Toyota Hilux |
| MB M-Class | Toyota LC90 |
| MMC L200 | Toyota LC100 |
| MMC Pajero | Toyota LC120 há |
| Musso Sports | Toyota LC120 lág |
| Nissan Crew Cab | ToyotaRav4 |
| Nissan Murano | VW Touareg |

ARCTIC TRUCKS
06-0028 KC
Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is

allt tilboð
Alla föstudaga

Gæði á góðu verði Daewoo lyftarar



Partur-Spyrnan-Lyftarar • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557

**September** kemur brátt með vindi og kulda. Best er að undirbúa haustkomuna og eiga nóg af húfum og vettlingum á skólabörnin.




## Einstakt enskunámskeið

Fyrir þá sem vilja styrkja enskugrunninn, tala og skilja enska tungu.



- Fjarnám með 27 1/2 tíma enskunámskeiði á cd diskum
- Slökunardiskur með jákvæðri staðfestingu með tónlist frá Friðriki Karlssyni
- Vinnubók með enska og íslenska textanum
- Taska undir diskana
- Áheyrnarpróf í lok náms

Mörg stéttarfélög, fræðslusjóðir og fyrirtæki styrkja þetta námskeið

Allar upplýsingar
www.tungumal.is
eða í símum 540-8400 eða 820-3799

allt matur
Alla föstudaga


# Hlakkar til að fá að miðla þekkingu og fræðslu

***Um þessar mundir byrja sex ára börn um allt land í skóla í fyrsta sinn. Við tekur nýr heimur, nýtt líf.***

Í sömu sporum standa nýútskrifaðir kennaranemar sem taka sín fyrstu skref í nýju starfi og upplifa nú skólaumhverfið frá nýju sjónarhorni – hinu megin við kennaraborðið. Edda Björk Gunnarsdóttir er í hópi þeirra.

„Ég er að fara að kenna í Árbæjarskóla. Þar eru börn í fyrsta til tíunda bekk og skólinn er safnskóli á unglingastigi. Það þýðir að þrír skólar sameinast í einn á unglingastiginu,“ segir Edda sem sjálf verður umsjónarkennari í 6. bekk. „Ég ákvað að taka umsjónarkennslu og svo er ég að kenna samfélagsgreinar í 9. og 10. bekk. Á miðstigi kennir umsjónarkennari íslensku, stærðfræði, samfélagsgreinar, fer með nemendum á bókasafn og heldur utan um öll foreldrasamskipti.“

Edda útskrifaðist úr Kennaraháskóla Íslands í vor. „Námið var rosalega skemmtilegt en mætti vera lengra. Það vantar áfanga í skyldunámið sem ættu að vera þar, eins og um agastjórnun og umsjónarkennslu. Þetta eru valáfangar í skólanum en ættu að vera skylduáfangar, og eins áfangar um börn með greiningu eins og athyglisbrest, ofvirkni eða sérþarfir. Ég er hlynnt því að námið verði lengt, ég hefði verið til í að vera í skólanum ári lengur til að læra þessa áfanga.“



Edda Björk hlakkar mikið til að hefja starf sitt sem kennari. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Aðspurð um ástæðuna fyrir því að hún fór í kennaranám segir Edda að hún hafi alltaf haft gaman af því að vinna með börnum. „Ég var að vinna í sumarbúðum í fjögur ár og á leikjanámskeiðum í tvö ár og leiddist út á þessa braut. Það eru engir kennarar í kringum mig, þetta er ákvörðun sem ég tók upp á eigin spýtur.“

Nemendur Eddu komu til skóla í gær og það örlaði á örlitlum kvíða þegar rætt var við hana nokkru áður. „Ég held að það sé eðlilegt, en ég er líka full tilhlökkunar og hlakka mikið til vetrarins. Margir kennarar í skólanum hafa boðið fram hjálp ef þetta verður of mikið. Þetta er því eins og að stökkva út í djúpu laugina, en með björgunarhring og einhvern á bakkanum sem dregur mann að landi,“ segir Edda. „Ég hlakka til að fá að starfa við það sem ég er búin að mennta mig í og að fá að vera með nemendum og reyna að miðla þekkingu og fræðslu til þeirra, og ala þau svolítið upp,“ bætir hún við og hlær.

*einareli@frettabladid.is*


## Þau hafa lengt sinn sólarhring!

"Ekki eingöngu les ég hraðar. Ég les með ...margfalt meiri skilning."
**Inger, 24 ára Sjúkraliði og nemi.**

"...held ég sé á góðri leið með að ná inntökuprófinu í læknadeild í vor."
**Bergþóra Þorgeirsdóttir, 18 ára næstum því stúdent.**

"...hvergi áður náð jafn hárri ávöxtun á tímasparnað ..."
**Fylkir Sævarsson, 39 ára Iðnfræðingur.**

**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**
Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviábyrgð, nytsamlegt, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð fljónusta.

**NÝTT!** 6. vikna námskeið hefst **6. sept.** (dagnámskeið)
**NÝTT!** 3 vikna hraðnámskeið **21. september**
**AKUREYRI 31. ágúst** og **SUÐURNES 12. október**

**Skráning á hraðlestrarnámskeið er hafin**
á www.h.is og í síma 586-9400

HRAÐLESTRARSKÓLINN

VR og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.





# Komið til móts við alla nema

***Árið 2002 stofnaði Þorsteinn Gauti píanóskóla. Nú sex árum síðar kenna sex kennarar rúmlega hundrað nemendum að spila á píanó eftir þeirra eigin höfði.***

„Við reynum að koma til móts við alla nemendur okkar og kennum þeim það sem þeir vilja læra,“ segir Þorsteinn þegar hann er spurður um sérstöðu skólans. „Við bjóðum bæði upp á klassískt tónlistarnám og líka nám fyrir þá sem gera þetta eingöngu að gamni sínu.“

Nemendur skólans eru flestir á aldrinum fjögurra ára til tvítugs. Einhverjir nemendur eru eldri en allir eru velkomnir að sögn Þorsteins. Hver sá sem vill læra píanóleik getur fengið tilsögn og skiptir þá engu máli þótt viðkomandi hafi aldrei snert hljóðfæri og aldrei lesið nótur. „Við erum með eldri deild og þeir, eins og aðrir, geta valið að spila bara uppáhaldslögin sín, lært að lesa nótur og skilja hljómaganga eða spilað eftir eyranu,“ segir Þorsteinn.

Fyrir þá sem vilja ganga lengra og leggja áherslu á metnað auk skemmtanagildis er hægt að læra „alla leið upp í listaháskóla,“ eins og Þorsteinn orðar það. Kennt er eftir námskrá menntamálaráðuneytisins svo öllum skilyrðum lengra tónlistarnáms er uppfyllt.



Þorsteinn Gauti með nemendum sínum, Matthíasi Huga Grétarssyni og Silju Guðbjörgu Tryggvadóttur.

Skólinn er til húsa í Ármúla 38 en þangað flutti starfsemin á síðasta ári. Rúmt er um nemendur og reglulega eru haldnir jólatónleikar og vortónleikar þar sem nemendur spila hver fyrir annan og aðstandendur. Kennsla hefst um næstu mánaðamót en skráning fer fram í síma 551 6751 og 691 6980 eða gegnum rafræna Reykjavík. Nánari upplýsingar er að finna á www.pianoskolinn.is og hægt er að senda fyrirspurnir á pianoskolinn@pianoskolinn.is.

# Skipt á gömlum skræðum

***Skiptibókamarkaður Griffils í húsnæðið þar sem Áman var.***

Það var mikil ös á skiptibókamarkaði Griffils í Skeifunni 11 þegar ljósmyndari Fréttablaðsins átti þar leið hjá. Greinilegt er að Griffill hefur tekið yfir húsnæðið þar sem Áman var áður en ekki hefur gefist tími til að taka niður skiltið.

Mikið er að gera á skiptibókamörkuðum í borginni um þessar mundir enda skólarnir allir að hefja starfsemi sína. Nemendur reyna að spara hverja krónu enda eru bækur munaðarvara. Þá er gott að geta fjárfest í bókum með sögu sem sumar hafa jafnvel aukafróðleik að geyma með handskrifuðum glósum.



Griffill hefur tekið yfir húsnæði Ámunnar en ekki hefur gefist tími til að taka niður skiltið.
FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN



Háskóli Íslands gefur út Almanak á hverju ári

# Almanakið komið út

***Almanak Háskóla Íslands hefur verið gefið út 171 sinni.***

Háskóli Íslands gefur út Almanak fyrir Ísland á hverju ári. Almanakið fyrir árið 2007 hefur nú litið dagsins ljós og er það númer 171 í röðinni. Dr. Þorsteinn Sæmundsson, stjörnufræðingur hjá Raunvísindastofnun Háskólans, hefur reiknað almanakið og búið það til prentunar.

Auk dagatals eru í almanakinu margvíslegar upplýsingar, svo sem um sjávarföll og gang himintungla. Lýst er helstu fyrirbærum á himni, sem sjást frá Íslandi. Þar er að finna stjörnukort, kort sem sýnir áttavitastefnur á Íslandi og kort sem sýnir tímabelti heimsins. Einnig er yfirlit yfir hnetti himingeimsins, mælieiningar, veðurfar, stærð og mannfjölda allra sjálfstæðra ríkja og tímann í höfuðborgum þeirra. Í þetta sinn er sérstaklega fjallað um stjörnukerfi vetrarbrautarinnar, lengdarbaug Greenwich og halastjörnur. Loks eru í almanakinu upplýsingar um helstu merkisdaga fjögur ár fram í tímann.

Fleiri skemmtilegar upplýsingar er að finna á www.almanak.hi.is


Nýnemar við HA hófu nám í vikunni.

# Meistaranám í lögfræði

***Rúmlega 1.450 nemendur hefja nám í Háskólanum á Akureyri í haust.***

Í dagskóla eru skráðir rúmlega 750 nemendur og um 520 í fjarnám. Að auki stunda tæplega 200 nemendur framhaldsnám. Fjölmennustu deildir Háskólans á Akureyri eru kennaradeild og viðskipta- og raunvísindadeild með um 450 nemendur hvor.

Við félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri hefst í fyrsta sinn tveggja ára nám á meistarastigi í lögfræði. Áhersla er lögð á hagnýta íslenska lögfræði.

Á annan tug skiptinema verða við nám í HA í vetur. Nemarnir koma frá Norðurlöndunum, Rússlandi, Þýskalandi, Póllandi, Lettlandi, Kína og Bandaríkjunum en flestir munu stunda nám við viðskipta- og raunvísindadeild.

Kennsla nýnema hófst á mánudaginn með dagskrá sem nefnd er velgengnisvika sem snýr að því að undirbúa nýnema undir nám og starf í skóla. Kennsla eldri nema hefst svo í byrjun næstu viku.

allt
atvinna
Alla sunnudaga





TT námskeið

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Taktu þér tak!

Viltu ná kjörþyngd?



Stelpur - Konur / Staðurinn - Ræktin

OPNUM NÝJAN, STÆRRI OG ENN BETRI STAÐ! OPNUNARHÁTÍÐ 10. SEPTEMBER KL. 14 - 17

**Innritun hafin á ný í síma 581 3730.**
**Öflug átaksnámskeið fyrir stelpur á aldursbilinu 16-20 og 21-30!**

- Líkamsrækt við skemmtilega tónlist
- Leiðbeiningar um mataræði
- Fundir, aðhald, vigtun og mælingar

**Kvöldtímar**
Um er að ræða 6 vikna námskeið, 3 x í viku.

**Vertu velkomin í okkar hóp!**

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • www.jsb.is

**Tilboð** Nú er um að gera að vera með opin augun fyrir tilboðum frá flugfélögunum í alls kyns haustferðir til stórborganna. Það er fín leið til að lengja sumarið.



MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI
Í útileguna

allt hús
Alla mánudaga



Eva Heiða Önnudóttir sportkafari. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Endurnærandi sport

***Fyrir einu ári lét Eva Heiða Önnudóttir draum sinn rætast og lærði köfun. Síðan þá hefur hún ekki setið auðum höndum heldur farið í fjölmargar köfunarferðir, bæði innanlands og erlendis.***



Kafað í Þingvallavatni. MYND ÚR EINKASAFNI/KOFUNARSKOLINN.IS

„Þegar ég var átján ára fór ég með vini mínum í næturköfun og eftir það langaði mig ofsalega að læra köfun. Í mörg ár reyndi ég að fá einhvern með mér á köfunarnámskeið en það er svolítið erfiðara en að plata einhvern með sér til dæmis í ræktina. Þannig að lokum fór ég bara ein á námskeið og síðan hef ég verið á fullu í sportinu," segir Eva Heiða en um leið og hún fékk kafararéttindin fór hún í ferðalag til Suður-Afríku og þar naut hún þess að kafa.

„Ég kafaði með hákörlum sem eru af þeirri tegund sem lætur menn yfirleitt í friði. Það voru bara nokkrar reglur sem maður þurfti að hafa í huga. Til dæmis má alls ekki klappa þeim og ekki synda á móti þeim heldur með þeim. Þetta var náttúrulega svolítið ógnvekjandi en ég er samt hræddari við að synda í hellum eða þröngum göngum."

Eva fékk að kynnast þeim aðstæðum þegar hún fór með Sportkafarafélagi Íslands í köfunarferð til Vestmannaeyja. „Við fórum í fjórar kafanir á þremur dögum og ein köfunin var fólgin í að skoða neðansjávarhelli. Til þess þarf maður að fara í gegnum 160 metra löng göng sem eru inni í einu klettabeltinu. Ég þorði það nú ekki. Ætli innilokunarkenndin hafi ekki stoppað mig þar sem það tekur tuttugu mínútur að komast í gegn og það er algjört myrkur allan tímann," segir Eva Heiða en köfunin gengur þó ekki eingöngu út á spennu. „Þó þetta sé algjört kikk þá er líka hægt að líkja köfuninni við hugleiðslu. Umhverfið er svo gjörólíkt því sem maður þekkir og allar áhyggjur og hugsanir eru skildar eftir fyrir ofan vatnið. Þetta er algjör tilfinningaleg afslöppun og maður kemur upp alveg endurnærður."

Eva Heiða fór í Köfunarskólann.is og tók bæði verklegt og munnlegt próf áður en hún fékk réttindin. „Maður þarf ekkert að vera í toppformi til að læra köfun. Þetta tekur meira á lungun og úthaldið en styrkinn. Svo eftir að maður er byrjaður í sportinu fær maður hálfgerða dellu. Ég dunda mér við að skoða alls konar köfunarbúnað og sæki reglulega í góða félagsskapinn hjá Sportkafarafélaginu. Ég þekkti engan þegar ég byrjaði en á nú fullt af kunningjum. Ég hef farið með þeim í alls kyns ferðir og nóg er framboðið. Á veturna er farið hverja helgi og síðasta gamlárskvöld fór ég til dæmis með félaginu að kafa í Þingvallavatni. Það var alveg meiriháttar," segir Eva Heiða að lokum.

Nánari upplýsingar um köfun og köfunarskólann er að finna á heimasíðunum: kofun.is og kofunarskolinn.is.

**erlabjorg@frettabladid.is**

25. - 27.8.
Miklafell - Hverfisfljót
Helgarganga í stórbrotnu umhverfi Lakagíga.
Fararstjóri Marrit Meintema.
Verð 9200/10400 kr.
ÚTIVIST
Laugavegi 178, sími 562 1000
www.utivist.is

LÆRÐU AÐ NOTA ILMKJARNAOLÍUR
Námskeið um meðferð og notkun ilmkjarnaolía
* Áhrif ilmkjarnaolía á líkama og huga
* Blöndun og uppskriftir
* Ítarleg umfjöllun um 20 algengar ilmkjarnaolíur
* Vegleg námskeiðsmappa fylgir
* Allt efni innifalið
Leiðbeinandi á námskeiðinu er Rúna Björk Smáradóttir, ilmkjarnaolíufræðingur.
Palmarosa
Upplýsingar og skráning á www.palmarosa.is eða í síma 691 3129 (Rúna)

Allar nýjustu upplýsingar og fréttir á ensku á vefnum reykjavik.com og í blaðinu Reykjavikmag
REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG

# Gengið á Hrafnkelsslóðum

***Félagsskapur sem kennir sig við Hrafnkelssögu Freysgoða helgaði kappanum einn dag í ágúst og efndi til ferða á slóðir hans á Héraði.***



Gengið var í góðu veðri um slóðir Hrafnkelssögu Freysgoða undir traustri leiðsögn Önnu Guðnýjar Halldórsdóttur sem hér sést í fararbroddi. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Anna Guðný Halldórsdóttir, húsfreyja á Brú á Jökuldal, var leiðsögumaður í gönguferð sem fimmtán manns tóku þátt í. Gengið var frá Brú að Aðalbóli í Hrafnkelsdal þar sem Hrafnkell bjó forðum.

„Leiðin var sú sama og farin var á sínum tíma af mönnum sem gerðu aðför að Hrafnkeli, eftir því sem sagan greinir. Við gengum sem sagt í slóð Sáms og Vestfirðinganna sem hröktu hann frá búi sínu og gerðu brottrækan, eftir dóma á Þingvöllum," lýsir Anna þegar haft var samband við hana símleiðis.

Ferðin var á vegum félags áhugafólks um Hrafnkelssögu og menningartengda ferðamennsku á Héraði og var önnur af tveimur sem félagið efndi til. Hin var rútuferð sem hófst á Egilsstöðum. Í henni var staðnæmst við þá sögustaði sem sjást frá veginum um Fljótsdal, Fljótsdalsheiði og vegarslóða sem liggur um heiðina niður í Hrafnkelsdal. Þar sá Páll Pálsson, fræðimaður á Aðalbóli, um fararstjórn. Fleira mun vera í bígerð á vegum hins nýja félags því verið er að hanna söguspjöld sem verða sett á valda staði.

*- gg*

# Fínir bílar



**BMW 120I.** Nýskr: 07/2005, 2000cc
5 dyra, Fimmgíra, Svartur, Ekinn 11.000 þ.
Bíll með öllu toppl,leður og fl.
Verð: 3.380.000



**BMW 316I**. Nýskr: 12/2004, 1800cc
4 dyra, Fimmgíra, Ljósgrár,
Ekinn 31.000 þ. Verð: 2.630.000



**BMW 325I.** Nýskr: 12/2004, 2500cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 24.000 þ. Verð: 4.390.000



**BMW 520I**. Nýskr: 07/2003, 2000cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Dökkblár, Ekinn
61.500 þ. Verð: 3.190.000



**BMW 530I** Nýskr: 05/2003, 3000cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Blár, Ekinn 54.000 þ.
Bíll með öllu! Geggjuð græja!
Verð: 3.550.000



**BMW 530I**
Nýskr: 04/2002, 3000cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Blár, Ekinn 51.000 þ.
Verð: 2.790.000



**BMW X3** Nýskr: 01/2005, 3000cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Grár, Ekinn 13.500 þ.
Verð: 5.450.000



**BMW X5** Nýskr: 08/2003, 4600cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Svartur, Ekinn 58.000
þ. Bíll með öllu! Rautt leður
Verð: 7.690.000



**BMW X5**
Nýskr: 03/2004, 3000cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár, Ekinn
35.000 þ. Verð: 5.790.000



**BMW X5**
Nýskr: 02/2003, 3000cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár, Ekinn
49.000 þ. Verð: 4.730.000

bíla land B&L
notaðir bílar

bilaland.is

Grjótháls 1 Reykjavík
Hrísmýri 2a Selfoss

Reykjavík 575 1230
Selfoss 575 1460



Bíll fyrir fatlaða, hús eða sendibíll. Útbúin með lyftu raf.stól og handb. Ford Econoline árg.'94 ek. aðeins 42 þús. km. 6 cyl. 4,9l. Verð 820 þús. Uppl. í s. 898 0291.



Opel Astra 1,6, ssk. árg. 2000. ek. 85 þús. Mikið af aukahlutum. Selst með bilaða tímareim. Verð 400 þús. Uppl. í s. 894 9002.



MMC Pajero 2,5 TDI 7 manna, ek.126, krókur, smurbók 32"dekk, lán 1.400þ. afb 27, Lán + 50þ. Sími 696-8743

## 4x4 Lancer station

árg. '94, ek. 180 þ. Sumar og vetrardekk. Tilb. eða skipti. Uppl. í s. 899 7806.

Toyota Corolla touring 4x4 árg. 1998, ekinn 95.000 km. Ný tímareim ofl. Verð 600 þúsund. Uppl. í síma 565 2500.

Suzuki Liana 4x4 árg. 2004, ekinn 34.000 km. Vel með farinn bíll, fæst gegn yfirtöku láns. Uppl. í síma 565 2500.

## 0-250 þús.



Suzuki Swift 1996, gott eintak, nýskoðaður, km 145.000, kr. 155.000. Uppl. í s. 660 3930.



Til sölu Peugeot 306, árg. 1995. Verð 200.000 staðgreitt. Uppl. í s. 696 9520.



Til sölu Renault 19, árg. '94, ssk., ek. 144 þús. Tengibúnaður. Mikið yfirfarinn! bremsur, tímareim, púst o.fl. Sk. '07. Verð 230.000. S. 861 3790.

## Toyota Corolla

Toyota Corolla, árg 92, ekinn 243þ. km., sumar og vetrardekk. Ný yfirfarinn - er í góðu lagi. Verð 90.000kr. Uppl í 663 0801.

Vespa, Vento Zip R3i Turbocam 14 daga gömul. Verð 160.000. Uppl. í s. 659 1632.

Stórútsala!! Opel Corsa árg. '99, 3 d., nýsk. V. 155 þ. Kia Clarus árg. '99, ssk., toppl., mikið yfirf. nýsk. V. 175 þ. S. 844 6609.

Daweo Nubira STW '98. Litur silvur, ek. 147 þ. Ágætis bíll fyrir 90 þ. S. 896 2006.

Subaru Legacy 2.0. 4x4. Árgerð '93, ssk. Ekinn aðeins 150 þ. Góður bíll. Uppl. í s. 849 5000.

Ford Fiesta '97, sk. '07, ek. 90 þ. Toppbíll. Verð 150 þ. Uppl. í s. 699 2707.

2, Polo, 98, 5.d v280 þ,Polo,97,3,d.v250 þ eknir 104 þ . Líta vel út sk 07. Báðir Ssk .S 6901433

Toyota Corolla árg. '96, 4ra dyra, þarfnast lagfæringa. Verð 60 þús. Uppl. í s. 869 9330.

Til sölu Toyota Previa árg. '92, 4x4, 8 manna, sk. '07. Verðh. 200 þús. Uppl. í s. 846 5337.

## 250-499 þús.



Til sölu Daewoo Matiz nýskr. 09/'99, ek. 91 þús. Verð 350 þús. Tilboð 270 þús. Uppl. í s. 898 4050.



200 þús. afsláttur! Nissan Micra 2001, ek. 100 þ., bsk., sk. '07. Listaverð 560 þ. Fæst á u.þ.b. 370 þ. Uppl. í síma 864 5554.



Chevrolet Suburban árg. '87, ek. 77 þús. mílur. 8 cyl. Bensín. Gott kram. Uppl. í s. 863 8111.



M.Benz 230E árg.'91 til sölu vegna flutninga til útlanda. Mjög vel með farinn. sk '07. Ný heilsársdekk, Viper þjófavörn, topplúga, beinskiptur, reyklaus. Ek. 284 þús. Tilboð 480 þús. Uppl. í s. 863 1909 & 865 6915.

Einn Sparneytinn!! Yaris árg. '01. Sk. '07. Sumar/vetrardekk. Góður bíll. Verðtilb. Uppl. í s. 849 5000.

## 500-999 þús.



Toyota Corolla árgerð 2001 til sölu. Ekinn 93.000 km. Vetrardekk fylgja. Verð kr. 800.000



Hyundai Getz, nýskr. jan 2004, ekinn 34.000 km. Í ábyrgð fram í jan. 2007. Vel með farinn. Álfelgur og krómgrill. Verð 850.000 kr. Engin skipti möguleg.



Avensis '98, 2ja lítra vél, sjálfskiptur, álfelgur. Yfirtaka 460 þ. 190 þ. út. S. 866 1390.



Passat Turbo 10/'98, ek. 140 þ., 17" felgur+vetrardekk á felgum. Rafm. í öllu, lúga. Ásett 950 þ. Tilboð 720 þ. stgr. Uppl. í s. 864 5554.



Volvo S40 árg. '98, ekinn aðeins 96 þús., 5 gíra, nýsk. '07, CD, vindskeið, glæsilegur bíll í toppstandi. Verð aðeins 590 þús. S. 864 8338.



## Skólabíllin er klár og ekkert út !!!

VW Polo 1400 árg. '00, ek. 75 þ., 5 gíra, CD, sk. '07. Ásett 550 þ. Yfirtaka 509 þ. 14 þ. pr. mán. S. 661 8185.

3ja dyra Yaris árg. 2002, ek. 83 þús. Verð 695 þús. Uppl. í s. 897 7994 e. kl. 17.30.

## 2 milljónir +



Mercedes Benz ML-500 árg. '03, ek. 48 þ. míl. ABS, ASR spólvörn, álf., ESP stöðugleikakerfi, CD-magasín, glertopplúga, hiti í sætum, hraðastillir, innspýting, leðuráklæði, litað gler, loftk., reykl. bíll, DVD og dráttarbeisli. Gullfallegur bíll með öllum hugsanlegum aukabúnaði. Verð 4.980.000. Uppl. í s. 644 8363.



M5 07/'99, ek. 93 þús. Bíll sem nýr. Verð 3,9 millj. Áhvílandi 1,9. Skipti ath. á mótorhjóli eða bíl. Uppl. í s. 894 9002.

## Bílar óskast

Óska eftir fornbíl, helst Chevrolett Corvette en skoða allt, allar tegundir, skiptir ekki máli í hvaða ástandi þeir eru, 0-500 þús. S. 691 4441 eða bilar@internet.is

Bíll óskast, helst VW Golf á verðbilinu 250 þús. - 350 þús. stgr. S. 551 5564.

## Jeppar




Frábær jeppatilboð! Nýjir 2006 bíla nær 30% undir listaverði. T.d. Honda Pilot nýr lúxusjeppi sem hefur rakað inn verðlaunum fyrir sparneytni og búnað og sem gefur Landcruiser VX diesel harða samkeppni. Einnig frábær tilboð frá öðrum framleiðendum. Láttu okkur leiðbeina þér með bestu bílakaupin. Nýjir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum. Íslensk Ábyrgð fylgir. Bílalán. Sími þjónustuvers 552 2000 og netspjall við sölumenn á www.islandus.com

KYNNING

# Kynning á vinnuvélum og bílum

**Vélasvið HEKLU leggur upp í hringferð um landið í dag í þeim tilgangi að kynna eftirfarandi bíla og tæki fyrir landsbyggðinni:**

- SCANIA R 500 árgerð 2006
- GOLDHOFER 3ja öxla vélavagn árgerð 2006
- CAT TH 210 skotbómulyftari, árgerð 2006
- CAT 301.8C smágrafa árgerð 2006
- CAT 302.5CR smágrafa árgerð 2006
- CAT 303.CR smágrafa árgerð 2006
- CAT CVP 110 jarðvegsþjappa
- ATLAS COPCO MP 500 fleygur
- ENGCON rototilt



**Kynningin verður á eftirtöldum stöðum:**



| | | |
|---|---|---|
| Miðvikudaginn 23. ágúst | kl. 13:00 | Borgarnes - hjá Geisla. |
| Fimmtudaginn 24. ágúst | kl. 10:00 | Blönduós - hjá Vörumiðlun. |
| Fimmtudaginn 24. ágúst | kl. 16:00 | Sauðárkrókur - hjá Vörumiðlun. |
| Föstudaginn 25. ágúst | kl. 13:00 | Akureyri - hjá Trukknum. |
| Þriðjudaginn 29. ágúst, | kl. 14:00 | Húsavík - hjá Alla Geira. |
| Miðvikudaginn 30. ágúst | kl. 10:00 | Egilsstaðir - hjá Aðalflutningum. |
| Miðvikudaginn 30. ágúst | kl. 15:00 | Reyðarfjörður - hjá HEKLU. |
| Fimmtudaginn 31. ágúst | kl. 10:00 | Höfn í Hornafirði - hjá Flytjanda. |
| Föstudaginn 1. september | kl. 10:00 | Hvolsvöllur - hjá Flytjanda. |
| Föstudaginn 1. september | kl. 15:00 | Selfoss - hjá HEKLU. |

**Vélasvið HEKLU er til húsa í Klettagörðum 8-10, Reykjavík, í glæsilegri þjónustumiðstöð sem er sérhönnuð með tilliti til starfsemi Vélasviðs og gerir okkur kleift að veita viðskiptavinum okkar úrvalsþjónustu.**

**HEKLA er eitt elsta starfandi fyrirtæki landsins í sölu og þjónustu á atvinnutækjum og býr þar af leiðandi yfir ómældri reynslu til að miðla til viðskiptavina sinna.**

HEKLA®

# MARKAÐURINN

Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...

Miðvikudagur 23. ágúst 2006 – 32. tölublað – 2. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir


**Síminn**

Sækir inn á nýjar vígstöðvar



8




**Eigendur Vefmiðlunar**

Ætluðu að sleppa við námslánin



12

## FL með í HoF viðskiptum

FL Group hefur staðfest að félagið tilheyri fjárfestahópi sem á í viðræðum um kaup á House of Fraser. Tilboð fjárfestahópsins hljóðar upp á 148 pens fyrir hvern hlut. Samkvæmt því er House of Fraser metið á 47 milljarða íslenskra króna.

Baugur leiðir fjárfestahópinn. Aðrir eru Don McCarthy og Stefan Cassar sem meðal annars eiga í Shoe Studio, bresku fjárfestingarfélögin West Coast Capital og Uberior Investment, auk Kevins Stanford, annars stofnenda Karen Millen tískuverslanakeðjunnar.

Bréf í House of Fraser stóðu í 144 pensum á hlut í Kauphöllinni í Lundúnum seinni partinn í gær.

-jsk

## Ríkisinngrip í dagblaðastríð

Fyrirhugað samstarf 365 Scandinavia og Post Danmark um dreifingu á fríblaðinu Nyhedsavisen er misnotkun á fyrirtæki í ríkiseigu, að mati danska Sósíaldemókrataflokksins. Post Danmark er að 75 prósenta hlut í eigu danska ríkisins.

Danska samkeppniseftirlitið hefur gefið samstarfi fyrirtækjanna bráðabirgðasamþykki „Það gefur augaleið að samstarf Post Danmark við einungis eitt hinna nýju fríblaða gefur því blaði ósanngjarnt forskot,“ sagði Mogens Jensen, þingmaður Sósíaldemókrata.

Stjórnendur Nyhedsavisen vísa allri gagnrýni á bug og benda á að dreifing blaðsins verði í höndum sjálfstæðs fyrirtækis, sem verði að fjórutíu og níu prósenta hlut í eigu Post Danmark. 365 Scandinavia ráði afgangnum.

-jsk

### FRÉTTIR VIKUNNAR

**Vextir hækka** | Seðlabanki Íslands hækkaði stýrivexti um fimmtíu punkta og standa þeir nú í 13,5 prósentum. Bankinn telur enn þörf á aðhaldi í peningamálum.

**Gagnrýna hækkun** | ASÍ gagnrýndi vaxtahækkun Seðlabankans og telur hættu á að hækkunin skili sér inn í hagkerfið á sama tíma og samdráttar gæti í efnahagslífinu.

**Mikið tap** | Dagsbrún tapaði rúmum 1,5 milljarði króna á fyrri hluta ársins og þar af 1,3 á öðrum ársfjórðungi. Uppgjörið var mun lakara en gert var ráð fyrir.



**Boða hagræðingu** | Stjórnendur Dagsbrúnar ætla ekki að ráðast í róttækar aðgerðir eftir slakt uppgjör á öðrum ársfjórðungi en boða hagræðingu á 365.

**Bæta við** | FL Group hefur aukið hlut sinn í Glitni banka um þrjú prósent, úr 24,4 prósentum í 27,6 prósent, og fóru kaupin fram á genginu 17,7.

**Vilja breytingar** | Skráð fyrirtæki í Kauphöll Íslands þrýsta á um samruna við OMX-kauphöllina og segja smæð kauphallarinnar og íslensku krónuna þeim fjötur um fót.

**Slök afkoma** | Hagnaður IG nam 223 milljónum króna á fyrri helmingi árs og 125 milljónum á öðrum ársfjórðungi. Það var undir markmiðum stjórnenda.

**Aukinn hagnaður** | Hagnaður MP Fjárfestingarbanka nam 615 milljónum króna á fyrstu sex mánuðum ársins sem er 270 milljónum króna meira en á sama tíma fyrir ári.

# Endurfjármögnun fyrir næsta ár er langt komin

**Viðskiptabankarnir þrír virðast hafa greiðan aðgang að lánsfjármagni. Talsverð eftirspurn er eftir skuldabréfum bankanna enda vaxtaálag enn hátt.**

**Hólmfríður Helga Sigurðardóttir**
skrifar

Endurfjármögnun viðskiptabankanna þriggja, Glitnis, KB banka og Landsbankans, fyrir árið 2007 er vel á veg komin. Árshlutauppgjörum bankanna var að mestu vel tekið og eftirspurn eftir skuldabréfum bankanna hefur aukist í kjölfarið á þeim. Vaxtaálag á fimm ára skuldabréfum er þó enn þá vel yfir því sem eðlilegt gæti talist og svo virðist sem fjárfestar sjái tímabundin tækifæri í því.

Heildar fjármögnunarþörf Landsbankans fyrir árið 2007 er 2,6 milljarðar evra. Að sögn Matthíasar P. Einarssonar, forstöðumanns í erlendri fjármögnun hjá Landsbankanum, er bankinn í þann mund að loka stórri skuldabréfaútgáfu í Bandaríkjunum sem er í tveimur hlutum, til þriggja og fimm ára. Eftir þann samning mun hann hafa lokið við meira en helming endurfjármögnunarþarfar næsta árs. Þar hefur hann að undanförnu staðið fyrir kynningum fyrir breiðan hóp fjárfesta og fengið góð viðbrögð. Gert var ráð fyrir að samningurinn yrði kláraður í gær.

Endurfjármögnunarþörf KB banka fyrir árið 2007 er í kringum fjórir milljarðar króna. Að sögn Guðna Níels Aðalsteinssonar, framkvæmdastjóra fjárstýringar KB banka, hefur bankinn þegar tryggt um áttatíu prósent af útgáfunni. Gert er ráð fyrir að henni verði að fullu lokið septemberlok.

KB banki hefur að mestu gefið út bréf í Bandaríkjunum og Asíu. Í upphafi árs tilkynnti bankinn að hann hygðist ekki gefa út á Evrópumarkaði og hefur hann staðið við það. Segir Guðni eftirspurnina þar hafa aukist að undanförnu. Bæði komi það til af því að útgefin bréf séu að komast á gjalddaga og fjárfestar vilji endurnýja þau. Þar að auki séu margir að átta sig á að „íslenska áhættan“ hafi verið orðum aukin. Hyggst bankinn samt sem áður bíða með evrópska útgáfu enn um sinn og sjá ávöxtunarkröfu á markaðnum lækka og eftirspurnina aukast enn.

Tómas Kristjánsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Glitnis, segir bankann leitast við að fjármagna sig jafnóðum. Lausafjárstaðan sé þó orðin nógu góð til að dekka vel endurfjármögnunarþörf næsta árs. Til þessa dags hefur bankinn gefið út skuldabréf fyrir meira en 2,7 milljarða króna, sem er jafnt endurfjármögnunarþörf næsta árs. Bankinn hefur að mestu leyti gefið út bréf í Bandaríkjunum en líka í Evrópu og Ástralíu. Tómas segir aðganginn að fjármagni nokkuð greiðan en bendir á að vaxtaálag sé enn verulega hærra en eðlilegt þyki en hafi þó farið lækkandi undanfarnar vikur.

# Kaupmáttur hefur ekki rýrnað

**Launavísitala síðustu 12 mánaða hefur hækkað umfram verðbólgu.**

Launavísitalan hækkaði um 1,7 prósent á milli júní og júlí og hefur vísitalan hækkað um 10,2 prósent síðastliðna tólf mánuði, samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands. Til samanburðar mældist 8,6 prósenta verðbólga á sama tímabili.

Ingvar Arnarson, sérfræðingur hjá greiningardeild Glitnis, segir hækkunina margfalda á við það sem vanalega sjáist í þessum mánuði. Megi rekja hækkunina til samkomulags Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins í síðasta mánuði. Í samkomulaginu felst 5,5 prósenta launahækkun og fimmtán þúsund króna hækkun ofan á lægstu kauptaxta.



**INGVAR ARNARSON** Greiningardeild Glitnis segir að hækkun launavísitölunnar í júlí megi rekja til samkomulags ASÍ og SA.

Ingvar segir það áhugavert að á síðastliðnum tólf mánuðum hafi laun hækkað um 10,2 prósent, sem merki að kaupmáttur hafi í raun ekki dregist saman þrátt fyrir að verðbólguskotið sé að ganga yfir. „Það hefur hægt á vexti kaupmáttar en hann hefur ekki rýrnað á þessu tólf mánaða tímabili,“ segir hann.

Ingvar segir ennfremur mikla spennu á vinnumarkaði og aðstæður þannig að hætta sé á launaskriði. „Þessi hækkun og það ástand sem ríkir getur skapað undirliggjandi verðbólguþrýsting og getur dregið úr líkum á að Seðlabankinn nái verðbólgumarkmiðum sínum í bráð,“ segir hann en bætir við að greiningardeild Glitnis standi við spá sína um að markmið bankans náist í lok næsta árs.

- jab


120 1886 2006

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Peningabréf Landsbankans

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

ISK 13,3%*

GBP 5,4%*

USD 5,3%*

EUR 3,2%*

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluaðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

* Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 3. júlí - 1. ágúst 2006.

GOTT FÓLK McCANN

**GENGISÞRÓUN**

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Actavis | 1% | 30% |
| Alfesca | 4% | 9% |
| Atlantic Petroleum | 0% | 29% |
| Atorka Group | 3% | -7% |
| Avion Group | 4% | -26% |
| Bakkavör | 2% | 2% |
| Dagsbrún | -7% | -16% |
| FL Group | 14% | -9% |
| Glitnir | 6% | 9% |
| KB banki | 11% | 5% |
| Landsbankinn | 9% | -8% |
| Marel | -1% | 24% |
| Mosaic Fashions | 1% | -9% |
| Straumur | -1% | -1% |
| Össur | 4% | 4% |

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn*

# Reynslubolti í brú FlyMe

Norðmaðurinn Finn Thaulow tekur innan skamms við stjórnarformennsku í sænska lággjaldaflugfélaginu FlyMe af Björn Olegård, sem mun sitja áfram í stjórn, að því gefnu að hluthafar samþykki þessa tilnefningu.

Thaulow er gamall jaxl úr flugheiminum en hann starfaði um þrjátíu ára skeið hjá SAS Group.

Í lok þessa mánaðar mun stjórn FlyMe óska eftir því að hún fái heimild til að selja nýtt hlutafé fyrir tæpa þrettán milljarða króna til þess að standa straum af yfirtökum. - eþa

# Sveiflur eru á tryggingaálagi skuldabréfa

Töluverðar sveiflur hafa verið á tryggingaálagi á fimm ára skuldabréf viðskiptabankanna (CDS) undanfarna daga eftir að það lækkaði nokkuð hratt í byrjun mánaðarins og má ráða að þær hækkanir sem hafa orðið á hlutabréfamarkaði á liðnum dögum skýrist ekki af þróun tryggingaálags.

Jóhann Ottó Wathne, sérfræðingur í alþjóðlegri fjármögnun hjá Glitni banka, segir að það hafi heldur hækkað ef eitthvað er. Tryggingaálagið er nú um 55 punktar fyrir skuldabréf Glitnis, 65 fyrir Landsbanka og um 71 fyrir KB banka.

Jóhann segir að það sé erfitt að spá um framhaldið en auðvitað voni menn að álagið gefi eftir, enda hefur það verið notað sem viðmið við útgáfu nýrra skuldabréfa bankanna. „Þetta er töluvert hærra álag en á sama tíma í fyrra og hefur það hækkað um þrjátíu til fimmtíu punkta, mismunandi eftir bönkum.“ - eþa

# Nífalt betri en áætlað var

Afkoma Kauphallar Íslands á fyrri helmingi ársins var tæplega níu sinnum betri en rekstraráætlanir í upphafi árs gerðu ráð fyrir. Hagnaður Kauphallarinnar nam alls 173 milljónum króna en stjórnendur bjuggust við um tuttugu milljóna króna hagnaði.

Kauphöllin er í eigu Eignarhaldsfélagsins Verðbréfaþings sem er í eigu banka, Seðlabankans og fleiri aðila.

Frávikið skýrist af meiri veltu skráðra verðbréfa, auk þess sem hreinar fjármunatekjur voru meiri en reiknað var með. - eþa

# Hlutabréfamarkaður tekur við sér

## Bankarnir leiða hækkanir undanfarinnar viku í Kauphöllinni. FL Group hækkar félaga mest.

Úrvalsvísitala Kauphallarinnar hækkaði um tæp sjö prósent síðastliðna viku og stendur í rúmum 5.800 stigum. Bréf ellefu félaga af fimmtán hafa hækkað. Vísitalan hefur ekki verið hærri síðan snemma í júní á þessu ári og hefur nú hækkað um tæp fjögur prósent frá áramótum.



**KÁTT Í KAUPHÖLLINNI** Úrvalsvísitala Kauphallarinnar hefur hækkað um tæp sjö prósent undanfarna viku.

Segja má að bankarnir hafi leitt hækkanirnar, enda vega þeir þungt í úrvalsvísitölunni; bréf í KB banka og Landsbankanum hafa hækkað um tólf prósent en bréf í Glitni um rúm sjö. Bréf í FL Group hafa þó hækkað allra mest, um rétt tæp þrettán prósent. Þá hafa bréf í Flögu hækkað um tæp ellefu prósent.

Bréf þriggja félaga lækkuðu undanfarna viku; rúmlega fimm prósenta lækkun hefur orðið á bréfum Dagsbrúnar, Straumur-Burðarás hefur lækkað um 0,6 prósent og Actavis um 0,2 prósent.

Bréf héldu áfram að hækka í Kauphöllinni í gær og hafði úrvalsvísitalan hækkað um tæpt prósent um hádegisbilið. -jsk

# Vilja fá lífeyrissjóði í hóp eigenda

Stjórn Marels hefur fengið heimild til að hækka hlutafé félagsins vegna kaupa á Scanvægt. Einnig fær hún heimild til að selja sextíu milljónir hluta til hluthafa og annarra fjárfesta, þar af helming til fagfjárfesta eins og lífeyrissjóða og erlendra aðila.

Árni Oddur Þórðarson, stjórnarformaður Marels, segir að það sé mikilvægt að breikka og stækka hluthafahópinn og horfir í því sambandi einkum til íslenskra lífeyrissjóða sem hefur vantað í hluthafahóp Marels. „Það væri mjög gott að fá þá inn í hluthafahóp Marels. Þeir hafa styrk og kraft til enn meiri verkefna.“



**VILJA FÁ FAGFJÁRFESTA** Árni Oddur Þórðarson stjórnarformaður og forstjórinn Hörður Arnarson spjalla saman fyrir hluthafafund. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Árni Oddur nefnir einnig að mikill áhugi sé fyrir því að bjóða erlendum fagfjárestum að hlutabréf í félaginu.

Lífeyrissjóðir eiga í dag um 3-4 prósent í Marel en ef áætlun stjórnenda gengur eftir myndi hlutdeild sjóðanna fara í um það bil tíu prósent. - eþa

# Skýr merki um lækkun íbúðaverðs

## Fyrstu merki um verðlækkanir á fasteignamarkaði eru komin fram. Eftirspurn hefur aukist eftir leiguhúsnæði. Leiga hefur hækkað um fjórðung frá því í vor.

**Jón Skaftason**
skrifar

Velta á fasteignamarkaði hefur dregist saman um sextíu og fimm prósent á átta mánuðum. Veltan nam tæpum 2,2 milljörðum króna vikuna 11. til 17. júní en var rúmlega 6,1 milljarður vikuna 9. til 15. desember 2005.

Íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu lækkaði um 1,7 prósent í júlí síðastliðnum samkvæmt tölum frá Fasteignamati ríkisins. Verð á sérbýli hefur hækkað mest.

Björn Rúnar Guðmundsson, sérfræðingur greiningardeildar Landsbankans, segir þessa þróun ekki koma á óvart. Fram séu komin fyrstu skýru merkin um verðlækkanir á fasteignamarkaði. „Við eigum von á því að þessi þróun haldi áfram. Það verða nokkrar lækkanir, þótt ekkert hrun sé í spilunum.“

Hann segist eiga von á samdrætti bæði eftirspurnar og framboðs sem valdi því að smám saman dofnar yfir markaðnum. „Kaupsamningum hefur fækkað snarpt að undanförnu. Bæði er minna framboð af notuðu húsnæði auk þess sem eftirspurn er minni. Ég á jafnvel von á því að framboð nýbygginga dragist saman í kjölfarið.“

Á vef greiningardeildar Glitnis kemur fram að mikill þrýstingur sé til lækkunar íbúðaverðs um þessar mundir. Vaxtahækkanir, meiri fjármagnskostnaður auk minni kaupmáttar neytenda hafi dregið úr eftirspurn á íbúðamarkaði. Þá hafi framboð á nýbyggingum aukist talsvert á sama tíma. Greiningardeild Glitnis reiknar með fimm til tíu prósenta lækkun á nafnverði íbúðaverðs næstu tvö árin.

Sigurður Helgi Guðjónsson, formaður Húseigendafélagsins, segir sína tilfinningu að verð á leiguhúsnæði hafi hækkað um tuttugu til þrjátíu prósent síðan í vor. Hann segir eftirspurn eftir leiguhúsnæði jafnframt hafa aukist og að erfiðara sé fyrir leigjendur að finna húsnæði en áður. „Þetta er ekki lengur leigjendamarkaður. Verðið hefur hækkað talsvert eftir að aðgangur að fjármagni til húsnæðiskaupa varð erfiðari.“



**101 SKUGGAHVERFI** Fasteignaverð lækkaði um 1,7 prósent í júlí. Sérfræðingur segir fyrstu skýru merkin um verðlækkanir á fasteignamarkaði komin fram.

Sigurður telur þó mikilvægt að leigjendur taki ekki mark á tröllasögum sem ganga um verð á leiguhúsnæði. „Fjölmiðlar eiga það til að blása upp undantekningartilvik um gríðarháa leigu. Þannig verða til tröllasögur sem valda jafnvel verðhækkunum á endanum.“

Hefur þú áhyggjur af barninu þínu?

Faðir hringdi...
Sonur okkar hefur breyst mikið undanfarið og í gær fann ég undarlega hluti í skólatöskunni sem vekur grun um að ekki sé allt með felldu. Hann er nýbyrjaður í framhaldsskóla og hefur eignast nýja vini sem hann hangir mikið með um helgar. Hann er farinn að tala um að hætta í skóla og fara að vinna, vanti pening og hluti. Síðustu nótt kom hann ekki heim fyrr en undir morgun...

Móðir hringdi...
Dóttir mín kom heim í kvöld eftir bíóferð með vinkonum sínum og var talsvert ölvuð. Hún neitaði því að hafa drukkið áfengi en við vitum að hún hefur fiktað við að reykja. Hún verður alltaf uppstökk og æst þegar við reynum að tala við hana um vímuefni og í kvöld hótaði hún því að láta sig hverfa ef við hættum ekki. Hún er 14 ára...

Foreldrasíminn opinn allan sólarhringinn...

FORELDRA símin 581 1799

1986-2006
www.vimulaus.is
VÍMULAUS ÆSKA




# SUND ER SLÖKUN

AFGREIÐSLUTÍMI LAUGA
Virka daga frá kl. **6:30 - 22:30**
Helgar kl. **8:00 - 22:00**
afgreiðslutími er mismunandi eftir sundstöðum, sjá nánar á www.itr.is

Stakt gjald fullorðnir **280 kr.**
10 miða kort fullorðnir **2.000 kr.**
Stakt gjald börn **120 kr.**
10 miða kort barna **800 kr.**

Sund er æðislegt

www.itr.is | sími 411 5000

Laugarnar í Reykjavík

ÍTR

# Minni verðbréfakaup að utan

## Verðbréfakaup erlendra aðila hér á landi hafa dregist saman um fjörutíu prósent.

Heildarviðskipti erlendra aðila með innlend verðbréf námu rúmum 6,7 milljörðum króna á öðrum ársfjórðungi, samkvæmt tölum frá Seðlabanka Íslands. Verðbréfaviðskipti erlendra aðila hér á landi hafa dregist saman um þrjátíu og átta prósent sé miðað við sama tímabil í fyrra.

Erlendir fjárfestar keyptu skuldabréf fyrir rúma 5,5 milljarða króna á öðrum ársfjórðungi en hlutabréf fyrir 422 milljónir.

Í Morgunkornum Glitnis segir að neikvæð umræða um íslenskt fjármálakerfi í erlendum fjölmiðlum virðist hafa haft áhrif á fjárfestingar erlendra aðila hér á landi. Þá hafi veiking krónunnar ekki bætt úr skák og hvatt erlenda fjárfesta til að innleysa eignir sínar í innlendum verðbréfum.

Seðlabankinn birti ekki alls fyrir löngu tölur um fjármunaeign erlendra aðila hér á landi. Athygli vakti að um fimmtung erlendrar fjárfestingar hér á landi má rekja til lágskattasvæða á borð við Ermarsundseyjuna Guernsey. -jsk

# Nærri 40 prósenta arðsemi hjá MP

## Mikill gengishagnaður af verðbréfum en gengistap af gjaldeyri.

MP Fjárfestingarbanki hagnaðist sem nam 615 milljónum króna á fyrri hluta ársins sem er yfir 78 prósenta aukning milli ára. Jafngildir þetta um 39 prósenta arðsemi eigin fjár á ársgrundvelli.



**STYRMIR ÞÓR BRAGASON, FRAMKVÆMDASTJÓRI MP** Bankinn skilaði methagnaði á fyrstu sex mánuðum ársins.

Hreinar rekstrartekjur MP voru 1.077 milljónir króna. Vaxtatekjur voru neikvæðar um 250 milljónir, þóknunartekjur voru 569 milljónir króna og gengishagnaður af fjármálastarfsemi var 725 milljónir króna. Mikill gengishagnaður varð af verðbréfastarfsemi eða 1.693 milljónir króna, hins vegar nam gengistap af gjaldmiðlum um 968 milljónum króna.

Heildareignir bankans voru 24,8 milljarðar króna um mitt ár og höfðu dregist saman um eitt prósent frá áramótum. Þar af lækkuðu markaðsverðbréf og eignarhlutur í öðrum félögum um fimmtung frá áramótum og námu 15,6 milljörðum króna. Umsvif bankans voru aukin erlendis en efnahagsreikningur bankans hérlendis dróst saman.

Eigið fé bankans hækkaði um einn milljarð króna á tímabilinu og stóð í 4.378 milljónum króna í lok júní. Hækkunin kemur að hluta til vegna aukins hlutafjár en innra virði hlutafjár hefur hækkað um 22 prósent á árinu, úr 3,35 í 4,09. Margeir Pétursson og félög í hans eigu eiga stærstan hlut í MP. - eþa

# Áhættan skilaði sér

## Rock Star Supernova reynist Skjánum búbót.

Tveir af vinsælustu viðburðum sumarsins í sjónvarpi, HM á Sýn og Rock Star Supernova á Skjá einum, hafa sogað til sín stóran hluta af auglýsingamarkaðnum yfir þennan rólegasta tíma ársins. Kunnugir segja að árangur söngvararns Magna hafi gert Rockstar að gullnámu. „Það vill nú þannig til að við höfum sett met í hverjum einasta mánuði á þessu ári. Vissulega hefur þessi ágæti þáttur gefið okkur mikinn meðbyr,“ segir Magnús Ragnarsson, sjónvarpsstjóri Skjás eins, aðspurður um þýðingu Rockstar fyrir stöðina.



**MAGNI Á ÞAKI SKJÁS EINS** Rock Star Supernova nýtur vinsælda.

Magnús bendir á að Skjárinn hafi fjárfest svolítið í Rockstar með því að óska eftir því að prufur færu fram hérlendis. „Við greiddum töluvert af þeim kostnaði til að reyna að koma inn manni. Það heppnaðist og við fengum til baka ávöxtun af því áhættufé.“

Enski boltinn er einnig vinsæll viðburður. Magnús segir að við lok síðasta keppnistímabils hafi um tólf þúsund áskrifendur verið að enska boltanum en reiknar með að þeir verði komnir í sextán þúsund fyrir árslok.

„Okkur hefur vegnað vel á þessu ári, kannski af því að við erum að selja einn, sterkan miðil,“ segir Magnús og skýtur skotum í átt að aðalkeppinautinum í 365. - eþa

# Álrisi í fæðingu?

Stjórnendur rússneska álfyrirtækisins Sual neita fréttum þess efnis að fyrirtækið ætli að sameinast keppinaut sínum og samlanda, Rusal í október. Ef af samruna fyrirtækjanna verður mun bandaríski álrisinn Alcoa, sem nú um stundir er stærsti álframleiðandi í heimi, verða sá næststærsti á eftir sameinuðu fyrirtæki Sual og Rusal.



**ÚR ÁLVERINU Á GRUNDARTANGA** Rusal hefur sýnt áhuga á að reisa álver á Norðurlandi.

Alexey Prokhorov, talsmaður Sual, sagði í gær að fyrirtækið tjái sig ekki um orðróm en fréttir um hugsanlegan samruna birtust í rússneska dagblaðinu Kommersant á dögunum.

Rusal, sem er þriðji stærsti álframleiðandi í heimi, og Sual vinna nú þegar að því í sameiningu að auka framleiðslu sína í NV-Rússlandi, að sögn breska ríkisútvarpsins.

Þá er Rusal eitt þeirra fyrirtækja sem sýnt hefur áhuga á að reisa álver á Norðurlandi. - jab



**KAUPHÖLL ÍSLANDS** Forstjóri Kauphallarinnar segir bara tímaspursmál hvenær iSEC tekur við sér. Mikilvægt sé að Kauphöllin bjóði ungum og vaxandi fyrirtækjum upp á þennan kost.

# Sjö vikur án viðskipta

## Enn hafa engin viðskipti verið með bréf á iSEC-markaðnum. Góð hugmynd en slæm tímasetning segir sérfræðingur.

**Jón Skaftason**
skrifar

Engin viðskipti hafa átt sér stað á hinum nýja iSEC-markaði Kauphallar Íslands. Opnað var fyrir viðskipti á markaðnum þriðja júlí síðastliðinn. Hampiðjan er enn sem komið er eina félagið á markaðnum.

Haraldur Pétursson, sérfræðingur KB banka, segir iSEC-markaðinn ágætis hugmynd sem komið hafi fram á röngum tíma. „Þetta snýst náttúrulega allt saman um peninga og ef að þeir fást ekki er betra að einfaldlega bíða þar til rætist úr. Hugmyndin er alls ekkert dauðadæmd, sérstaklega ef ástand markaða batnar eins og við reiknum með að gerist nú í haust og vetur.“

iSEC-markaðurinn er einkum ætlaður sprotafyrirtækjum og eru skráningarskilyrði ekki jafn ströng og á aðallista Kauphallarinnar. Upphaflega stóð til að opna markaðinn skömmu eftir síðustu áramót en tafir urðu á.

Mörg fyrirtæki hafa verið orðuð við skráningu; þeirra á meðal 3-Plús og CCP. Þá hugði íslensk-bandaríska líftæknifyrirtækið Cyntellect á skráningu en varð frá að hverfa í kjölfar misheppnaðs hlutafjárútboðs.

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, segir að vissulega hafi menn gert sér vonir um kraftmeiri gang hins nýja markaðar. Hins vegar sé engin ástæða til að örvænta; enda eðli smærri markaða að velta sé lítil. „iSEC er spennandi kostur fyrir ung vaxandi fyrirtæki í leit að fjármagni. Við teljum það skyldu okkar og hlutverk að bjóða fyrirtækjum þennan kost.“

HB Grandi hefur þegar verið afskráð af aðallista Kauphallarinnar og hyggur á skráningu á iSEC-markaðinn annan október. Þórður býst við fimm til tíu félögum til viðbótar á næstu tveimur misserum. „Við teljum það bara tímaspursmál hvenær iSEC-markaðurinn tekur við sér.“

Besta ávöxtunin

Býður nokkur betur?

Stuttur skuldabréfasjóður og Langur skuldabréfasjóður SPRON Verðbréfa báru hæstu vextina á síðustu 6 og 12 mánuðum, miðað við síðasta skráningardag 31. 7. 2006, í samanburði við alla sambærilega verðbréfasjóði á Íslandi.

12,1% Stuttur skuldabréfasjóður

9,4% Langur skuldabréfasjóður

SPRON VERÐBRÉF

Rekstrarfélag SPRON sér um rekstur þeirra fimm sjóða sem eru verðbréfasjóðir skv. lögum nr. 30/2003. Nánari upplýsingar má nálgast í útboðslýsingu hjá SPRON Verðbréfum.

Ofanskráðar upplýsingar eru fengnar á www.sjodir.is, sem er óháð upplýsingasíða um verðbréfasjóði.

Himinn og haf – SÍA



ORMSSON
SÍÐUMÚLA 9 / SÍMA 530 2800 / WWW.ORMSSON.IS
SKRIFSTOFUTÆKI
sem gera vinnuna ánægjulegri og verkin vandaðri
Framúrskarandi faxtæki fyrir fyrirtæki og heimili
SHARP
FRAMÚRSKARANDI ENDING OG GÆÐI - GÓÐ ÞJÓNUSTA OG HAGSTÆTT VERÐ
Kynnið ykkur málið!
SHARP UX-P410
• Faxtæki/sími
• Hitafilmuprentun
• 50 blaða pappírsbakki
• 10 blaða arkamatari
• 448Kb móttöku minni (24bls)
Kr. 15.900
SHARP FO-3150
• Faxtæki
• Laser prentun
• 200 blaða pappírsbakki
• 20 blaða arkamatari
• 1,8 Mb móttöku minni (100bls)
Tilboðsverð:
Kr. 39.900
SHARP AM-400
• 12 eintök á mínútu
• Afrita- og frumritastærð stærst A4
• Minnkun & stækkun 25% - 400%
• Sjálfvirk lýsing afrita
• Sérstök ljósmyndastilling
• 250 blaða pappírsskúffa
• 600 x 600 dpi upplausn í
• prentun /ljósritun og skönnun
• Laserprentari
• Litaskanni
• Fax G3 super modem 33,6 Kbps
Kr. 49.900
Hágæða prentarar og ljósritunarvélar fyrir allar stærðir fyrirtækja
Áratuga þróun hefur skipað SHARP prenturum/ljósritunarvélum í fremstu röð um allan heim. SHARP prentarar/ljósritunarvélar eru augljós lausn fyrir krefjandi þarfir og metnað skrifstofunnar. Úrval véla fyrir allar stærðir fyrirtækja.
SKERPAN KEMUR FRÁ SHARP
SHARP AR-M 550/620/700
Ljósritunarvél/Prentari/Skanni/Fax
• 55 / 62 / 70 eintök á mínútu
• A3 stærst A5R minnst
• Minnkun & stækkun 50%-400%
• Sjálfvirk lýsing afrita
• Frumritamatari 150 blöð
• 40Gb harður diskur
• 100 blaða framhjámatari
• Pappírsgeymsla lágmark 3.100 hámark 6.600 blöð
• 1200 x 600 punkta upplausn
• Snúningsbúnaður afrita
• Hægt að vista allt að 30.000 blöð í vélinni.
Aukabúnaður:
• Netkort (AR-M550)
• Faxbúnaður G3, modem hraði 33,600 bps, hægt að senda beint á netföng
• Skönnun allt að 600 punkta upplausn
• 3500 blaða pappírsgeymsla
• Raðari (með eða án heftunar)
• Gatari
• PostScript letur
• Strikamerkjaletur
• Data security kit
• Inserter
SHARP AR-M160D
• Prentari/litaskanni/ljósritunarvél
• 16 eintök á mínútu
• Ljósritar/prentar á stærst A3
• Minnkun–stækkun: 50–400%
• Sjálvirk lýsing afrita
• Sérstök ljósmyndastilling
• 100 blaða framhjámatari
• 250 blaða pappírsskúffa
• Innbyggður litaskanni 600x1200 punktar
• Ljósritar/prentar á 56-200gr pappír
*Frumritamatari á mynd ekki innifalinn í tilboðsverði
Tilboðsverð
Kr. 149.900
TILBOÐSVERÐ
SHARP AL-1566
Prentari • Ljósritunarvél • Faxtæki • Skanni
• 15 eintök á mínútu, ljósritun/prentun A4
• 30 blaða frumritamatari
• Snúningsbúnaður (duplex)
• 250 blaða pappírsskúffa
• 50 blaða framhjámatari
• Minnkun–stækkun: 25 - 400%
• Rafrænn raðari
• Netprentari
• Prent upplausn: 600 x 600 punktar
• Litaskanni: 600 x 1200 punktar
Tilboðsverð
Kr. 79.900
Öruggar og þægilegar sjóðvélar og reiknivélar
SHARP ERA-220
• Sjóðvél
• 15/30 vöruflokkar
• Allt að 500 PLU númer
• Sjálfvirk dagsetning og tími
• Hitaprentun
• Íslenkur strimill
• Rafrænn innri strimill
• Mjög fyrirferðalítil skúffa.
Kr. 45.900
SHARP EL2607P
•Reiknivél
Tilboðsverð
Kr. 9.900
SHARP XR-10S
• Skjávarpi
• Birta: 2000 ANSI LUMEN
• Upplausn: 800 X 600
• Þyngd: 3,9 kg
Kr. 96.900
3ja ára ábyrgð
TILBOÐSVERÐ
SHARP XR-10X
• Skjávarpi
• Birta: 2000 ANSI LUMEN
• Upplausn: XGA 1024 x 768
• Þyngd: 3.9 kg
Tilboðsverð:
Kr. 119.900
3ja ára ábyrgð
www.ormsson.is
Þú gengur að gæðunum vísum...

# Ford dregur saman seglin

Bandaríski bílaframleiðandinn Ford hefur ákveðið að skera niður framleiðslu á bílum á næstu tveimur ársfjórðungum til að hagræða í rekstri fyrirtækisins vegna minni sölu á bílum.

Niðurskurðurinn á fjórða ársfjórðungi nemur 168 þúsund bílum eða 21 prósenti. Þá er fyrirhugað að skera niður bílaframleiðsluna um tuttugu þúsund bíla á þriðja ársfjórðungi.

Bill Ford, forstjóri fyrirtækisins, segir niðurskurðinn hafa alvarlegar afleiðingar fyrir Ford en bætti við að þetta væru rétt skref. Nánar yrði greint frá niðurskurðinum í næsta mánuði, að sögn Fords.

Ford tapaði 123 milljónum dala, jafnvirði 8,5 milljarða íslenskra króna, á öðrum ársfjórðungi og þótti nauðsynlegt að grípa til hagræðingarhnífsins.

Auk þess hefur áður verið greint frá því að fyrirtækið muni loka fjórtán verksmiðjum í Bandaríkjunum og ætli að segja upp þrjátíu þúsund manns fyrir árið 2012. Fjölmiðlar vestra hafa hins vegar ýjað að því að fyrirtækið muni segja upp sex þúsund manns til viðbótar til að ná fram hagræðingu í rekstri. - jab

# Lífeyrissjóðirnir bættir vestra

George W. Bush, forseti Bandaríkjanna, undirritaði ný lög í Hvíta húsinu í Washington í Bandaríkjunum á fimmtudag í síðustu viku sem eiga að skikka bandarísk fyrirtæki til að tryggja lífeyrisgreiðslur til starfsmanna sinna.

Nokkur fjöldi manna var viðstaddur þegar Bush skrifaði undir lögin enda hefur þeirra verið beðið lengi. Forsetinn sagði að um væri að ræða mestu umbætur á lögum um bandaríska lífeyrissjóði í meira en þrjátíu ár. „Bandaríkjamenn sem vinna baki brotnu alla sína ævi eiga að ganga að lífeyri sínum vísum þegar þeir setjast í helgan stein,“ sagði Bush og benti á að mörg fyrirtæki stæðu ekki við loforð sín um að leggja fjármagn til hliðar til að tryggja starfsmönnum sínum lífeyri líkt og þeim var lofað.




**VIÐ UNDIRRITUN REGLUGERÐARINNAR** Nýju lögin eiga að tryggja lífeyrisgreiðslur launþega í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Gagnrýnendur laganna segja þau gera lítið gagn og muni það veikja lífeyrissjóðakerfið vestra til lengri tíma litið.

Bandaríkjaforseti vísaði allri gagnrýni á bug við undirritun laganna. Sagði hann ábyrgðina vera í höndum atvinnurekenda og ítrekaði að þeir yrðu að efna loforð sín við launþega. - jab

# Góður hagnaður Wembleysmiða

Hagnaður ástralska verktakafyrirtækisins Multiplex nam 216,8 milljónum ástralskra dala, jafnvirði 11,5 milljarða íslenskra króna, á fyrri helmingi árs. Um er að ræða tvöföldun á hagnaði á milli ára.

Hagnaðurinn er að mestu vegna sölu eigna og hækkunar á virði annarra eigna fyrirtækisins.

Multiplex hefur umsjón með byggingu nýja Wembley íþróttaleikvangsins í Lundúnum í Bretlandi, sem átti að vera tilbúinn fyrir ári. Forsvarsmenn fyrirtækisins hafa varað við því að það muni skila frá sér færri verkum á næstu tveimur árum og séu líkur á að afhending leikvangsins dragist fram á mitt næsta ár. Verður hún þá tæpum tveimur árum á eftir áætlun.

Kostnaður við nýja leikvanginn, sem rúmar níutíu þúsund manns í sæti, hefur farið langt fram úr áætlun og sagði John Roberts, stofnandi og stjórnarformaður Multiplex, af sér í maí á síðasta ári vegna þessa. Segir fyrirtækið tafir á afhendingu verksins vera komnar til vegna breytinga rekstraraðila á hönnun leikvangsins.



**WEMBLEY** Afhending nýja Wembley leikvangsins hefur dregist von úr viti. Leikvangurinn átti að vera tilbúinn í ágúst í fyrra en búist er við að afhendingin dragist fram á mitt næsta ár. MYND/GETTY IMAGES

Lengi vel var búist við að fyrirtækið þyrfti að greiða breska knattspyrnusambandinu fjörutíu milljónir punda, jafnvirði 5,2 milljarða íslenskra króna, í sektir vegna tafanna en fastlega er búist við að fallið verði frá kröfunni. - jab

# Dýrir farsímar seljast vel í Danmörku

Demantsskreyttir og gullhúðaðir farsímar frá Nokia eru uppseldir í Danmörku.

Danska dagblaðið Politiken hefur eftir Hans Ryser, framkvæmdastjóra dönsku verslanakeðjunnar Ole Mathiesen, sem hefur umboð fyrir símana, að fyrirtækið hafi haft símana í sölu í hálfan mánuð. Hafi þeir rokið út og sé ljóst að Danir þurfi ekki að halda fast um budduna.

En það er fjarri að símarnir séu fyrir hvern sem er. Auk þess sem þeir eru skreyttir demöntum þá er gullskreytingin úr átján karata hvítu gulli. Rúsínan í pylsuendanum er svo verðið en þeir kosta um eina milljón danskra króna eða jafnvirði rúmra 1,2 milljóna íslenskra króna hjá Ole Mathiesen.

Þessir verðmætu farsímar nefnast Vertu og hafa verið framleiddir í Bretlandi undir vörumerki Nokia frá árinu 2001. Símarnir, sem líkjast að mestu hefðbundnum farsímum frá Nokia, eru skreyttir sjö hundruð demöntum og tekur heila sjö daga að framleiða þá. Segja bresku framleiðendurnir þetta svo langt ferli og erfitt að mörkunum sé að framleiðslan borgi sig. - jab



**VERTU FARSÍMI** Demantsskreyttir farsímar frá Nokia hafa selst eins og heitar lummur í Danmörku þótt þeir kosti rúma eina milljón íslenskra króna. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Sony og Dell vissu um rafhlöðugalla

## Dell og Sony halda áfram samstarfi þrátt fyrir að kostnaður við innköllun nemi milljörðum króna.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Bandaríski tölvuframleiðandinn Dell ákvað að innkalla 4,1 milljón rafhlaða frá Sony á þriðjudag í síðustu viku. Um ein milljón rafhlaða seldist utan Bandaríkjanna og er um að ræða mestu innköllun á rafeindabúnaði til þessa. Í lok vikunnar kom í ljós að fyrirtækin vissu um gallann í október á síðasta ári.

Rafhlöðurnar voru seldar með fartölvum Dell frá því í apríl árið 2004 til júlí á þessu ári. Um varúðarráðstöfun var að ræða þar sem hætta var talin á að rafhlöðurnar gætu ofhitnað en vitað er um sex tilvik þar sem kviknaði í þeim.

Ekki er með fullu vitað hversu mikið innköllunin mun kosta fyrirtækin en sérfræðingar telja hana geta numið þrjátíu milljörðum króna.

Að sögn Rick Clancys, talsmanns Sony, snýst málið um litlar málmagnir í rafhlöðunum, sem hafi gert það að verkum að þær biluðu og ofhitnuðu. Hafi Sony gert breytingar á þeim í kjölfarið. Stjórnendur Dell og Sony ræddust við í október í fyrra og í febrúar vegna málsins en ákváðu að innkalla ekki seldar rafhlöður þar sem ekki var talið að hætta stafaði af þeim. Þá sagði hann stutt síðan Sony bárust fréttir um ofhitnun rafhlaðanna og var ákveðið að innkalla þær upp frá því.

Anne Camden, talsmaður Dell, vildi ekki tjá sig um samskipti forsvarsmanna fyrirtækjanna en benti á að einblínt væri á að koma í veg fyrir viðlíka vandamál í framtíðinni.




**DELL SVARAR FYRIR SIG** Michael Dell, stofnandi og stjórnarformaður tölvuframleiðandans Dell, sagði á föstudag að fyrirtækið myndi nota áfram rafhlöður frá Sony. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fyrirtækin munu þrátt fyrir þetta ekki hafa í hyggju að slíta samstarfinu.

# Ferðalangur stóðst ekki læknisskoðun

Japanski kaupsýslumaðurinn Daisuke Enomoto, sem keypti sér farmiða í vor með rússneska geimfarinu Soyuz og stefndi að því að verða fjórði einstaklingurinn til að dvelja í tíu daga í alþjóðlegu geimstöðinni, stóðst ekki læknisskoðun um helgina og fær þar af leiðandi ekki að uppfylla draum sinn.

Fyrirhugað var að Enomoto, sem er 34 ára og fyrrum stjórnarmaður í japanska netfyrirtækinu Livedoor, færi í loftið áleiðis til geimstöðvarinnar um miðjan næsta mánuð.

Talsmaður rússnesku geimvísindastofnunarinnar, Roskosmos, vildi ekki tilgreina nákvæmlega hvað amaði að Enomoto. Annar ferðalangur mun að öllum líkindum fara til stöðvarinnar í hans stað.

Ekkert hefur verið látið uppi um hvort Enomoto fái ferðina endurgreidda en víst þykir að hann hafi pungað út vel yfir milljarði króna fyrir sætið.

Bandaríski auðkýfingurinn Greg Olson, sem var sextugur þegar hann fór til geimstöðvarinnar í október í fyrra, stóðst heldur ekki læknisskoðun í fyrstu. Hann varð af ferðinni í það skiptið en stóðst aðra læknisskoðun og fór að lokum út í geim nokkru síðar en áætlað var. - jab




**DAISUKE ENOMOTO** Japanski kaupsýslumaðurinn brosir í kampinn íklæddur geimbúningi. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP





Markaðsvaktin - Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?

ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI á www.mentis.is

Microsoft CERTIFIED Partner

Sigtúni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is

mentis HUGBÚNAÐUR

# ASUS




## TRAUSTAR OG HRAÐVIRKAR
## HÁGÆÐA FARTÖLVUR
## TILBÚNAR Í SKÓLANN
MEÐ WINDOWS XP PROFESSIONAL

Windows XP PROFESSIONAL FYLGIR

INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL
TASKA OG MÚS FYLGIR ÖLLUM FARTÖLVUM

**ASUS**
A6F-AP009P

- Intel Yonah Core Duo T2300 1.66GHz örgjörvi
- 1GB DDRII 533MHz vinnsluminni
- 100GB 5400rpm harður diskur
- Intel 945GM skjákort
- 8x DVD+/- RW Dual Layer skrifari
- Þráðlaust net
- Windows XP Professional
- Innbyggð vefmyndavél
- ASUS taska og mús

KYNNINGARVERÐ
**AÐEINS KR. 9.999**
**Á MÁNUÐI Í 14 MÁNUÐI**
**VAXTALAUST!**
**EÐA KR. 139.990 STAÐGREITT**

**INTEL YONAH CORE DUO T2300 1.66GHZ ÖRGJÖRVI** | **INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL** | **DVD+/- RW DUAL LAYER SKRIFARI**




**ASUS**
A3HF-5A017P

**INTEL CELERON M420 1.6GHZ ÖRGJÖRVIVI**
**DVD+/- RW DUAL LAYER SKRIFARI**
**INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL**

- Intel Celeron M420 1.6GHz örgjörvi
- 512MB DDRII 533MHz vinnsluminni
- 80GB 4200rpm harður diskur
- Intel 940GML Express skjákort
- 8x DVD +/-RW Dual Layer skrifari
- Þráðlaust net
- Windows XP Professional stýrikerfi
- 1.3 MegaPixel vefmyndavél
- ASUS taska og mús fylgir

TASKA OG MÚS FYLGJA MEÐ

Windows XP PROFESSIONAL FYLGIR

KYNNINGARVERÐ
**AÐEINS 99.990**
FULLT VERÐ kr. 109.990




**ASUS**
A6M-Q001P

**AMD SEMPRON 3200+ ÖRGJÖRVI**
**DVD+/- RW DUAL LAYER SKRIFARI**
**INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL**

- AMD Sempron 3200+ 1.8GHz örgjörvi
- 512MB DDR 677MHz vinnsluminni
- 80GB 5400rpm harður diskur
- NVIDIA GeForce Go 6100 128MB skjákort
- 8x DVD+/- RW Dual Layer skrifari
- Þráðlaust net
- Windows XP Professional stýrikerfi
- Innbyggð vefmyndavél
- ASUS taska og mús fylgir

TASKA OG MÚS FYLGJA MEÐ

KYNNINGARVERÐ
**AÐEINS 109.990**
FULLT VERÐ kr. 124.990




**ASUS**
A7M-7S002P

**AMD MOBILE TURION64 X2 TL50 64 BITA ÖRGJÖRVI**
**DVD+/- RW DUAL LAYER SKRIFARI**
**INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL**

TASKA OG MÚS FYLGJA MEÐ

- AMD Mobile Turion64 X2 TL50 64 bita örgjörvi
- 1GB DDRII 667MHz vinnsluminni
- 100GB 5400rpm harður diskur
- Nvidia GeForce Go 6100 128MB skjákort
- 8x DVD+/- RW Dual Layer skrifari
- Þráðlaust net
- Windows XP Professional
- Innbyggð vefmyndavél
- ASUS taska og mús

Windows XP PROFESSIONAL FYLGIR

KYNNINGARVERÐ
**AÐEINS KR. 12.499**
**Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI**
**VAXTALAUST!**
**EÐA KR. 149.990 STAÐGREITT**

Alltaf gæði og góð kaup!
1971 - 2006

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶** REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Þristur, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Verslunin Vík, Reyðarfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Brimnes, Vestmannaeyjum. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.

# Síminn sækir inn á nýjar vígstöðvar

**Sigríður Olgeirsdóttir**, fyrrum framkvæmdastjóri Ax hugbúnaðarhúss, hefur verið ráðin til Símans þar sem henni er ætlað að þefa uppi álitlega fjárfestingarkosti á erlendri grundu. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* hitti Sigríði í höfuðstöðvum Símans.

Við því er að búast að Síminn muni láta til sín taka á næstunni. Þar á bæ hefur nú aukinn kraftur verið settur í útrás og leit stendur yfir að erlendum fjárfestingartækifærum. Í því augnamiði hefur Sigríður Olgeirsdóttir, fyrrum framkvæmdastjóri Ax hugbúnaðarhúss, verið ráðin til félagsins og er henni ætlað að vinna að fjárfestingum í erlendum félögum og fylgja þeim eftir. Hún mun þar að auki starfa með Brynjólfi Bjarnasyni, forstjóra Símans, að nýjum innlendum þróunarverkefnum.

"Verkefni mitt snýr fyrst og fremst að því að hjálpa til við vöxt fyrirtækisins," segir Sigríður. "Fjarskiptatæknin og upplýsingatæknin eru sífellt að tengjast meira saman. Síminn leitast við að veita fjölbreyttari þjónustu til einstaklinga og heimilanna og ekki síst til fyrirtækja. Þessar fjárfestingar munu hjálpa til við það enda munu þær miðast að því að fylgja stefnu fyrirtækisins og finna álitlega kosti sem falla vel að rekstri Símans."

**FJÖLMÖRG VAXTARTÆKIFÆRI**

Töluverð vinna hefur þegar átt sér stað á erlendri grundu og er útrás Símans því formlega hafin. Að mati Sigríðar hefur Síminn mörg tækifæri til ytri vaxtar og verður það hennar helsta starf að þefa þau tækifæri uppi og fylgja þeim eftir, með samræmingu og samnýtingu þar sem hægt er, í nánu samstarfi við Brynjólf Bjarnason, forstjóra og þróunarsvið Símans. Hún segir tækifærin jafnframt fjölmörg hér á landi en ekki sé þó tímabært að deila þeim með umheiminum enn sem komið er.

Í erlendum fjárfestingum stefnir Síminn meðal annars að því að eignast ráðandi hluti í fyrirtækjum í rekstri sem henta Símanum og því er leitast við að greina tækifæri sem bjóða upp á samþættingu fjarskipta og upplýsingatækni. Í þeim tilfellum sem Síminn mun kaupa ráðandi hluti mun það koma í hlut Sigríðar að sitja í stjórn fyrir hönd Símans. Samstarf við önnur fyrirtæki eru líka í skoðun og þá kemur, að sögn Sigríðar, til greina að Síminn eigi minni hluti í þeim félögum.

**FORRITARI SEM LÍTIÐ HEFUR FORRITAÐ**

Mestan hluta starfsferils síns hefur Sigríður unnið í upplýsingatækni og hún hefur verið í störfum tengdum viðskiptahugbúnaði undanfarin tuttugu ár. Hún er kerfisfræðingur að mennt en segist þó lítið hafa komist í það að forrita. Undanfarin ár hefur hún gegnt starfi framkvæmdastjóra Ax hugbúnaðarhúss þar sem hún gat sér góðs orðs fyrir vaska framgöngu. Er henni meðal annars þakkað að hafa snúið margra ára tapi í góðan og arðbæran rekstur á nokkrum árum. Það er því ekki komið að tómum kofanum í reynslu af stjórnun og rekstri fyrirtækja.

Þrátt fyrir erilsamt starf taldi Sigríður það ekki eftir sér að sitja á skólabekk samhliða því og lauk hún MBA-námi í alþjóðastjórnun frá Háskólanum í Reykjavík í fyrra. "Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á öllu sem heitir alþjóðlegt og alltaf verið á nokkuð miklum þvælingi. Í nýja starfinu verð ég meira í þessu alþjóðlega umhverfi en í fyrra starfi og það þykir mér mjög spennandi. Þannig kynnist maður ýmiss konar fólki af öðrum menningarheimum. Það er bráðnauðsynlegt að skilja menningu fólks sem maður vinnur með og allt aðrar víddir sem koma inn í starfið leggi maður sig eftir því."

**ENGIN VANDAMÁL - BARA TÆKIFÆRI**

Reynsla Sigríðar af upplýsingatækni og rekstri er sem fyrr segir umtalsverð. Það sem hins vegar er nýtt fyrir henni er fjarskiptamarkaðurinn og sú staðreynd að nú eru engin vandamál til staðar heldur bara tækifæri til að ráðast í. "Þegar ég tók við starfinu í Ax hugbúnaðarhúsi var ég stöðugt að takast á við vandamál og í baráttu fyrir framtíð fyrirtækisins. Ég hafði gaman af því og það var mikil áskorun. Núna eru hins vegar engin vandamál heldur nóg af tækifærum og nýjungum sem ég þarf að finna," segir Sigríður. Hún segir að það hafi verið tímabært að breyta um starf og segist hafa séð ákveðin tækifæri í því að fara yfir í fjarskiptamarkaðinn. Þar séu gífurlegar hræringar sem henni þyki eftirsóknarverðar. "Ég hef það í mér að þurfa alltaf að vera að takast á við eitthvað nýtt og spennandi. Ef það færist of mikil ró yfir hlutina þá verð ég að finna upp á einhverju nýju að gera," segir hún hlæjandi. "Þegar maður er búinn að vera lengi í ákveðinni starfsgrein hefur maður líka gott af því að skipta um vettvang. Í tækninni er alltaf eitthvað nýtt að gerast og maður nær aldrei að vera leiður því hún rífur mann alltaf áfram í endurnýjun. Þetta er ótrúlega skemmtilegur bransi upp á það að gera. Í upplýsingatækninni er ofboðslega spennandi en um leið mjög krefjandi."

**FRÁ STOFNUN Í MARKAÐSDRIFIÐ STÓRFYRIRTÆKI**

Eins og engum hefur dulist hefur Síminn, sem í september fagnar hundrað ára afmæli sínu, farið í gegnum miklar breytingar síðan fyrirtækið var stofnað. Á það ekki síst við um síðustu ár, þegar hann hefur farið frá því að vera opinber stofnun í það að vera markaðsdrifið fyrirtæki. Með breyttu eignarhaldi og kröfu um arðsemi hefur fyrirtækið orðið framsæknara og áherslurnar breyst töluvert. Eftir einkavæðinguna fór fyrirtækið í gegnum mjög umfangsmikla stefnumótun og mikið hefur verið unnið með að breyta menningu þess. Eitt af því sem leitast hefur verið við að breyta er ímynd Símans úr því að vera "bara" tæknifyrirtæki í að vera þjónustufyrirtæki sem er alltaf með nýjustu tæknina og setur hana fram á einfaldan hátt fyrir viðskiptavininn.

Stefna Símans er að vinna eftir hugmyndafræði stafrænnar tilveru á einstaklingssviði og stafrænna viðskipta á fyrirtækjasviði. Þetta einkennist að miklu leyti af samþættingu fjarskiptatækni og upplýsingatækni sem er hvort tveggja kunnur og ókunnugur flötur fyrir Sigríði sem hefur að mestu unnið í upplýsingatækni.

"Síminn stendur á tímamótum núna og það er mikið að gera í samþættingu fjarskipta og upplýsingatækninnar," segir Sigríður. "Það er spennandi að vera hluti af þessari þróun því víst er að hún muni halda hratt áfram og verða sífellt sjálfsagðari hlutur af lífi okkar allra."



**SIGRÍÐUR OLGEIRSDÓTTIR** Sigríður, sem á glæstan feril að baki í upplýsingatæknigeiranum, hefur verið ráðin til starfa hjá Símanum þar sem hún mun leiða fyrirhugaða erlenda útrás.




Humarhúsið

HUMARHÚSIÐ RESTAURANT

Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • humarhusid.is



# Fjölbreytt tæknistörf hjá öflugu fyrirtæki

## STÖRF Í BOÐI HJÁ NÝHERJA

## Sérfræðiþjónusta við öflugustu upplýsingakerfi landsins

Nýherji leitar að traustum og heilsteyptum einstaklingum í margvísleg tæknistörf innan fyrirtækisins. Rík áhersla er lögð á frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og vandvirkni. Umsækjendur þurfa að vera tilbúnir að sækja námskeið erlendis og vera færir um að sinna samskiptum við erlenda birgja.

### Sérfræðingur í samþáttun upplýsingakerfa

**Starfslýsing**
Greining, hönnun og þróun samþættingarverkefna.

**Kröfur**
Reynsla af WebSphere, TIBCO eða WebMethods er æskileg og háskólamenntun í tölvunarfræði eða verkfræði er krafa.

### Tæknimaður Microsoft

**Starfslýsing**
Þjónusta við Microsoft-stýrikerfi og -hugbúnað.

**Kröfur**
Þriggja ára reynsla af sambærilegum störfum við rekstur og þjónustu Microsoft-kerfa er æskileg.

### Sérfræðingur Microsoft

**Starfslýsing**
Þjónusta við Microsoft-lausnir og samhæfing við ólík kerfi, s.s. símstöðvar og notendahugbúnað.

**Kröfur**
MCSE og fimm ára reynsla af þjónustu. Háskólamenntun er kostur sem og þekking á miðjuhugbúnaði Microsoft, s.s. á Sharepoint, SQL server, BizTalk og LCS.

### Sérfræðingur Lotus Notes

**Starfslýsing**
Þjónusta og forritun í Lotus Notes.

**Kröfur**
Notes Admin- og Notes Design-þekking er krafa. Mikill kostur að hafa góða þekkingu á Microsoft.

### Sérfræðingur IP-símalausna

**Starfslýsing**
Þjónusta og uppsetning á IP-samskiptabúnaði og samþætting við Microsoft- og IBM-hugbúnað.

**Kröfur**
Þekking á netkerfum og Microsoft er mikill kostur sem og háskólamenntun. Áhugi og reynsla af IPT er eftirsóknarverður eiginleiki í fari umsækjenda.

### Java-forritari

**Starfslýsing**
Forritun í tengslum við ýmis samþættingarverkefni sem byggð eru á WebSphere, Portlet Factory og Rational Application Developer.

**Kröfur**
Háskólanám í tölvunarfræði eða verkfræði er krafa og reynsla af sambærilegum verkefnum er nauðsyn.

### Tæknimaður varaaflgjafa

**Starfslýsing**
Þjónusta og uppsetning á APC-varaaflgjöfum.

**Kröfur**
Rafvirki af sterkstraumssviði. Kostur að hafa góða tölvuþekkingu og reynslu af varaaflgjöfum.

### Umsóknarfrestur er til 4. september nk.

Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir að sækja um á heimasíðu Nýherja, www.nyherji.is, en þar er að finna nánari lýsingu á störfunum. Starfsmannastjóri Nýherja, Sturla Jóhann Hreinsson (sturla@nyherji.is) veitir einnig nánari upplýsingar.

NÝHERJI

Nýherji hf. · Borgartúni 37 · 105 Reykjavík · Sími 569 7700 · www.nyherji.is

# Fyrirtæki hugleiða *að kasta*

Stór fyrirtæki vilja fá að skrá hlutabréf sín í erlendri mynt og telja að þar með yrði rutt úr veg
sem erlendir fjárfestar horfa til. Einnig er hvatt til sameiningar Kauphallar Íslands og OMX-k
*Ármannsson* kynnti sér vangaveltur um krónuna í viðskiptalífinu og víðar. Í haust verða mál
ársfundi Alþýðusambands Íslands, þar sem menn hafa velt fyrir sér launagreiðslum í evrum

Í viðskiptalífinu hækka sífellt þær raddir sem telja krónuna einn helsta þröskuldinn í vegi þess að erlendir fjárfestar sýni íslenskum fyrirtækjum áhuga. Stór íslensk fyrirtæki sem hafa bæði tekjur og skuldir í erlendri mynt horfa nú til þess að skrá hlutabréf sín í evrum, eða jafnvel bandaríkjadölum og tengja það viðræðum sem Kauphöll Íslands á við um samstarf, eða jafnvel sameiningu við OMX-kauphöllina, en það er samstarfsvettvangur kauphalla á Norðurlöndunum og Eystrasaltsríkja. Þórður Friðjónsson segir Kauphöll Íslands gjarnan vilja vera „fjölmyntarkauphöll“ og segist bíða þess að fyrirtæki fari fram á það. Tæknilegar hindranir virðast þó vera í vegi þess að hægt sé að fara þá leið, sér í lagi að lokauppgjör hvers viðskiptadags kauphallar þarf að fara fram í landi gjaldmiðilsins sem notaður er í viðskiptum með hlutabréfin. Hér fer lokauppgjör í gegnum reikninga Seðlabanka Íslands og í evrulöndum sér Seðlabanki Evrópu um uppgjörið.

Í lok síðustu viku ræddi Árni Oddur Þórðarson, stjórnarformaður Marels, smæð Kauphallarinnar og evruskráningu hlutabréfa á hluthafafundi í fyrirtæki sínu. Hann skorar á Kauphöll Íslands og OMX-kauphöllina að ljúka yfirstandandi viðræðum sínum með fullum samruna. Verði af honum íhugar fyrirtækið að breyta skráningu hlutabréfa sinna úr krónum í evrur, en hann segir liggja beinast við að fyrirtæki sem fara vilji þessa leið taki upp evruna, enda yrði óhentugt að vera með mjög marga gjaldmiðla í gangi í Kauphöllinni. „Þarna eru félög á borð við Actavis, Bakkavör, Marel og Össur og sennilega bankarnir líka, sem eru með verulegan hluta tekna sinna í erlendri mynt,“ segir Árni Oddur.

Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar, telur einnig að sameining Kauphallarinnar og OMX sé nauðsynleg. „Ef ekki verður af henni hleypur bara þróunin frá íslenska hlutabréfamarkaðnum,“ segir hann og kveðst einnig líta á skráningu hlutabréfa fyrirtækis síns sem rökrétt skref. „Við verðum vör við mikinn áhuga fjárfesta á Össurarbréfum, enda er tæpur helmingur bréfa fyrirtækisins í höndum erlendra fjárfesta,“ segir hann, en telur að krónan fæli erlenda fjárfesta frá.

Halldór Kristmannsson, forstöðumaður innri og ytri samskipta Actavis, segir að þar á bæ hafi menn mikinn áhuga á skráningu bréfa félagsins í annarri mynt en krónunni, en áréttar að eigi að ýta undir erlendar fjárfestingar þurfi að koma til fleiri breytingar í starfi Kauphallarinnar. „Við höfum aðeins rætt þetta við Kauphöllina, en eins og ég skil þetta strandar ekki á Kauphöllinni heldur fremur á sjálfri Verðbréfaskráningunni og þá hvernig fram fer uppgjör milli króna og evra. Þetta skilst mér að sé ekki búið að leysa. En þetta myndi vissulega einfalda málið,“ segir hann og segir félagið finna fyrir miklum áhuga hjá erlendum fjárfestum, en sérkenni markaðarins hér og krónan virðist vera þeim töluverður þröskuldur. „Óvissa í kring um krónuna hefur áhrif og svo þurfa erlendir aðilar alla jafna að fara í gegnum íslenska banka til að eiga viðskipti í Kauphöllinni hér, eða smærri óþekktari banka í útlöndum.“ Hann segist hafa unnið að því um skeið að fá til liðs fleiri kauphallaraðila og telur líklegt að stór alþjóðlegur banki bætist í hópinn á næstu misserum. „Ég nefni hann kannski ekki strax, en við erum í samstarfi við hann og hann mun jafnframt taka upp greiningu á Actavis, sem væri þá í fyrsta skipti sem erlendur banki gerði það. Enn hefur ekkert íslenskt fyrirtæki fengið erlenda greiningaraðila og það held ég að menn þurfi að sjá hér. Til þess að laða að erlenda fjárfesta þarf markaðurinn að fá ákveðinn gæðastimpil úti og það fæst þegar erlendir greiningaraðilar fara að meta fyrirtækin og stærri fjárfestingarsjóðir koma inn í þessi félög.“ Halldór segir samruna Kauphallarinnar og OMX ágætan út af fyrir sig þótt það myndi kannski ekki breyta svo miklu fyrir Actavis, þar sem helstu markaðir félagsins væru í Bretlandi og Bandaríkjunum. „Við höfum ekki verið að markaðssetja okkur sérstaklega gagnvart fjárfestum á Norðurlöndunum, en evran gæti verið mjög jákvætt skref.“

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands, bendir á að Kauphöllin hafi í byrjun mánaðarins sent

## TILKYNNING KAUPHALLARINNAR UM VIÐRÆÐUR VIÐ OMX

Í byrjun ágústmánaðar sendi Kauphöll Íslands frá sér tilkynningu um að Kauphöllin og OMX, sem á og rekur kauphallirnar í Stokkhólmi, Helsinki, Kaupmannahöfn og Eystrasaltsríkjunum, hafi hafið viðræður um nánara samstarf. „Viðræðurnar eru á frumstigi. Kauphöllin og OMX eiga nú þegar með sér samstarf um ýmsa þætti viðskiptaumhverfis kauphallanna“ segir þar og tekið er fram að viðræðurnar nú snúist um hvernig kauphallirnar gætu aukið samstarfið til hagsbóta fyrir skráð félög, markaðsaðila og fjárfesta.



# krónunni

einni af þeim hindrunum
uphallarinnar. *Óli Kristján*
jaldmiðilsins einnig rædd á

frá sér tilkynningu um nánara samstarf við OMX, en þar sé innifalinn möguleiki á sameiningu. „Við höfum einnig, í þessu vinnuferli sem við erum í, ákveðið að vinna þetta hratt og fá niðurstöðu fljótt. Á þessu stigi er hins vegar ekki hægt að upplýsa meira um viðræðurnar en að þær ganga eftir áætlun," segir hann.

Varðandi það að gera Ísland að fjölmyntarmarkaði segir Þórður það samræmast stefnu Kauphallarinnar. „Við höfum í raun lagt á það áherslu að bjóða það sem valkost, hefðu menn á því áhuga, að skrá sig í evrum eða dollurum. Þetta hefur reyndar komið upp í viðræðum við fyrirtæki sem velt hafa þessu fyrir sér," segir hann en kveður þurfa að koma ákveðnum þáttum varðandi frágang á viðskiptum í örugga höfn áður en af myntbreytingu getur orðið. „En það verður auðvitað gengið í það verk um leið og einhver sýnir skýran vilja að fara þessa leið. Okkar niðurstaða hingað til, með flestum sem velt hafa þessu fyrir sér, hefur á endanum orðið sú að til hagsbóta væri fyrir skráða fyrirtækið, jafnvel þótt það væri erlent, að vera í íslensku myntinni, vegna þess að það væri það umhverfi sem íslenskir fjárfestar væru vanir að vinna í." Af þessum sökum segir Þórður engan enn hafa komist að einhlítri niðurstöðu um það enn að fara með allt saman yfir í erlenda mynt.

Þórður segist einnig telja að fleira standi í vegi erlendra fjárfesta en krónan ein og unnið sé að því að sníða af agnúa sem verið geti að fæli þá frá. Þannig segist hann ekki telja það forsendu þess til að laða erlenda fjárfesta að, að leggja niður krónuna þótt vissulega myndi það einfalda margt. „Ef við bara berum okkur saman við Finnland þegar þeir fóru yfir í evruna og svo lönd á borð við Danmörku, Svíþjóð og Noreg þar sem notast er við myntir viðkomandi landa, þá er myntin vissulega ákveðin hindrun, en ég er ekki alveg sannfærður um að hún sé mjög há og tel aðra þætti jafnvel ekki skipta minna máli. Þar á meðal er að skapa alþjóðlegt umhverfi og leysa vandamál varðandi ákveðin sérkenni hér sem útlendingar eru ekki vanir." Hann bendir á að hér gildi uppgjörstími sem nefnist T+1 meðan á nálægum mörkuðum sé notaður uppgjörstíminn T+3. „Atriði af þessu tagi eru svolítið skrítin í augum útlendinga og þarf að laga til þess að umhverfið hér sé í öllum aðalatriðum í samræmi við alþjóðlega staðla og það sem gerist og gengur víðast hvar." Ef af sameiningu við OMX verður segir Þórður að viðbótarskref verði gengið í þessa samræmingarátt, en í Kauphöllinni sé einnig unnið eftir ákveðinni aðgerðaáætlun þar sem verið sé að sníða af „þessa agnúa, eða sérkenni á íslenska markaðnum".



## ASÍ veltir fyrir sér greiðslum í evrum

Sá möguleiki að launafólk fái hluta launa sinna greiddan í evrum hefur verið ræddur á vettvangi Alþýðusambands Íslands (ASÍ). Á ársfundi sambandsins í október verða kostir og gallar krónunnar sem gjaldmiðils teknir til sérstakrar skoðunar.

„Ég get staðfest að þessi hugmynd hefur komið upp. Ekki kannski um að semja alfarið í evrum heldur að fólk geti tekið út ákveðinn hluta launa sinna í evrum," segir Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ. „Þá eru menn til dæmis að velta fyrir sér ef fólk er með húsnæðislán sín í erlendri mynt þá er mjög dýrt fyrir einstaklinga að standa gjaldeyrisvaktina, slíkt er fyrirtækjunum jú miklu tamara. Fyrirtækin gætu þá axlað það ef launamaðurinn vildi taka lán í evrum. Slíkt lán yrði með einhverjum föstum evruvöxtum, öðrum og lægri heldur en hér og út úr því kæmi ákveðin endurgreiðsla, en þann hluta launa væri hægt að taka út í evrum." Með þessu segir Gylfi að lágmarka mætti gengisáhættu af því að taka langtímalán í erlendri mynt.

Gylfi segist hins vegar þeirrar skoðunar að ef fólk færi að semja um evrulaun í einstaklingsbundnum samningum, gæti sú staða komið upp, vegna gengissveiflna, að laun fólks færu undir lögbundin lágmarkslaun hér sem eru jú í íslenskum krónum. „Málið er því ekki alveg einfalt og verður örugglega seint þannig að íslenskt atvinnulíf og verkalýðshreyfing skipti um mynt þrátt fyrir vilja Alþingis og stjórnmálamanna."

Á ársfundi ASÍ í október verður umræða um kosti og galla krónunnar. „Á því er engin launung að sveiflukenndur gjaldmiðill, eins og hann er, og mistök sem gerð hafa verið í hagstjórn bitna mjög illilega á fólki. Grunnvextir eru 13,5 prósent, sem þýðir að fólk er að borga af venjulegum lánum frá 15 upp í 18 prósenta vexti. Það gefur auga leið að þetta hefur gríðarleg áhrif á afkomu okkar félagsmanna."



**GYLFI ARNBJÖRNSSON** Gylfi sem er framkvæmdastjóri ASÍ segir að innan samtakanna hafi verið hreyft við hugmyndum um að fólk fái laun sín að hluta greidd í evrum.

## Umræðan að fara í gang í bönkunum

Halldór J. Kristjánsson, bankastjóri Landsbankans, segir skráningu hlutabréfa bankans í annarri mynt en þeirri íslensku ekki hafa verið rædda í neinni alvöru í bankanum. „Auðvitað er þetta samt kostur sem er fyrir hendi hjá félögum, en hins vegar held ég að markaðurinn geri sér alveg grein fyrir því hjá hverju félagi fyrir sig hver sé samsetning tekna, eigna og skulda. Það á því að vera tiltölulega auðvelt að átta sig á því hver er í raun ráðandi mynt í hverju félagi fyrir sig." Hann segir þó að til lengri tíma litið sé þetta valkostur við það taka upp evru, að einangra og afmarka í rekstri fyrirtækja helstu áhættuþætti sem leiða af krónunni. „En meira er nú tæpast um þetta að segja að sinni," segir hann en bætir um leið við að vitanlega þurfi menn að velta þessum hlutum fyrir sér, svona úr því að upptaka evru sé ekki á dagskrá. „Þá gætu einhver af fyrirtækjunum skoðað þessa leið."

Innan Kaupþings banka er svo aukið samstarf Kauphallar Íslands við erlendar kauphallir litið mjög jákvæðum augum. Samkvæmt upplýsingum þaðan er væntanleg sameining Kauphallar Íslands við OMX án efa talin verða til hagsbóta fyrir íslensk fyrirtæki, enda muni hún auðvelda erlendum fjárfestum að fjárfesta hér, auk þess sem stærstu íslensku fyrirtækin kæmust á norræna vísitölulista, en það myndi jafnframt auka áhuga erlendra fjárfesta á þeim. Hins vegar hefur innan Kaupþings banka ekki farið fram umræða um að skrá hlutabréf bankans í evrum, eða öðrum gjaldmiðli.



**BANKASTJÓRAR LANDSBANKANS** Halldór J. Kristjánsson hugsi og í forgrunni og úr fókus er Sigurjón Þ. Árnason. Þeir eru bankastjórar Landsbanka Íslands.

## Evruviðskipti þarf að gera upp í evrulandi

„Við getum í sjálfu sér gefið út hlutabréf í hvaða einingu sem er. Það er svo sem ekkert vandamál. Vandamálin snúa hins vegar að því að gera upp," segir Einar S. Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Verðbréfaskráningar Íslands. „Ef menn eru tilbúnir að gera upp í íslenskum krónum er það ekki vandamál að öðru leyti en umreikna þarf viðkomandi verð í lok hvers dags. Ef menn vilja hins vegar gera upp í annarri mynt, svo sem evrum, verða til vandamál. Þá þurfum við að hafa einhvern uppgjörsbanka."

Seðlabanki Íslands er uppgjörsbanki með viðskipti í Kauphöllinni sem fram fara í krónum. „Þetta fer allt í gegnum reikninga Seðlabankans, en þar er ekkert uppgjörskerfi fyrir evrur eða aðra erlenda mynt. Seðlabankar gera held ég bara upp í sinni heimamynt. Þannig hleypir Evrópski seðlabankinn þeim löndum sem eru með evru í að geta gert upp í evrum," segir Einar og kveður kálið því ekki alveg sopið þótt í ausuna sé komið. Hann bætir þó við að ekki þyrfti endilega að koma til Seðlabanki, heldur mætti ef til vill semja við stóran banka í Evrópu um að sjá um uppgjörið. „Þá þyrftu allir meðlimir í verðbréfaskráningunni hér að vera með upgjörsreikninga í viðkomandi banka," segir hann. Ekki hefur verið kannað hvort íslenskur banki gæti tekið hlutverkið að sér. „Menn gætu viljað hafa einhvern stærri og sterkari sem jafnframt er óháður, en þetta hefur ekkert verið skoðað."

Tómas Örn Kristinsson, framkvæmdastjóri peningamálasviðs Seðlabanka Íslands, segist telja að lokauppgjör fari fram í því landi þar sem myntin er til staðar. „Ef um er að ræða viðskipti milli banka enda viðskiptin alltaf í því landi sem gjaldmiðillinn er frá. Viðskipti í krónum fara til dæmis á endanum alltaf í gegnum einhverja reikninga hér heima, jafnvel þó þau eigi sér stað milli tveggja erlendra aðila," segir hann og bætir við að svo komi náttúrulega til stöðugar gengisbreytingar sem þyrfti að gera ráð fyrir.

VERÐBRÉFASKRÁNING ÍSLANDS
ICELANDIC SECURITIES DEPOSITORY

# MARKAÐURINN

Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...

Skorað á Kauphöll að hraða viðræðum:

## *Hætta á atgervisflótta*

**Eggert Þór Aðalsteinsson**

Stjórnarformaður Marels hefur skorað á stjórnendur Kauphallar Íslands að hraða yfirstandandi viðræðum við OMX-kauphallarhópinn eins og auðið er, í því augnamiði að sameina kauphallirnar. „Verði af samrunanum þá mun stjórn Marels taka til alvarlegrar skoðunar að breyta hlutabréfum félagsins úr krónum í evrur,“ sagði Árni Oddur Þórðarson, stjórnarformaður Marels, í samtali við Fréttablaðið um helgina og telur að slíkt muni henta stórum hópi fyrirtækja í Kauphöllinni.

Annar forstjóri stórs útrásarfyrirtækis, Jón Sigurðsson hjá Össuri, er sama sinnis. Hann segir að verði ekkert af samruna er hætt við því að þróunin hlaupi frá íslenska hlutabréfamarkaðnum. „Við notum krónuna í raun ekki í annað en skráningu bréfa fyrirtækisins og það er ekki gott,“ segir forstjóri Össurar.

Viðræður milli Kauphallar og OMX eru í fullum gangi um samruna eða nánara samstarf og hefur kauphöllin eignast hlutabréf í OMX og Norsku kauphöllinni með það fyrir augum að búa sig undir nánara samstarf. Það kynnu að verða kaflaskil í sögu íslensks athafnalífs ef af sameiningu kauphalla yrði, vegna opnara aðgengis íslenskra fyrirtækja að erlendu fjármagni.

**Þótt ekkert verði fullyrt um hvort það myndi henta öllum fyrirtækjum að fara þessa leið sem forvígismenn Marels og Össurar skoða er vitað að víða er hljómgrunnur fyrir því að skrá hlutabréf í erlendri mynt.**

Þótt ekkert verði fullyrt um hvort það myndi henta öllum fyrirtækjum að fara þessa leið sem forvígismenn Marels og Össurar skoða, er vitað að víða er hljómgrunnur fyrir því að skrá hlutabréf í erlendri mynt. Krónan er að margra mati það mikill farartálmi að hún fælir frá erlenda fjárfesta sem vilja ekki bera þá gengisáhættu að eiga hlutabréf í krónum. Hættan er auðvitað sú að einhver félög munu á endanum gefast upp og færa skráningu, og jafnvel starfsemi, út úr landi. Og ekki einvörðungu skráð félög heldur einnig fyrirtæki sem hafa alla burði til að skrásetja sig hér á landi, til dæmis hátæknifyrirtæki.

Umræða undanfarinna mánaða um stöðu og þróun íslenska hagkerfisins og margar þarflegar ábendingar erlendra fjármálafyrirtækja og matsfyrirtækja móta að miklu þessar hugmyndir. Það er nauðsynlegt að efla fjárfestingu erlendra aðila í íslenskum hlutabréfum alveg eins og áríðandi hefur verið fyrir okkur að fjárfesta annars staðar. Erlendir fjárfestar sjást ekki víða í Kauphöllinni. Þó má benda á Össur sem besta dæmið í því sambandi þar sem um helmingur eignarhalds er í erlendum höndum. Þá hafa stjórnendur Marels lýst því yfir að þeir vilji auka vægi erlendra fjárfesta innan sinna vébanda. Bakkavör er einnig með hóp útlendinga sem gerðust hluthafar í félaginu þegar það keypti fyrirtæki þeirra. En almennt er fátt um fína drætti - það gengur illa að fá erlenda fjárfesta til að koma inn í íslenskt athafnalíf. En meginforsenda aukinnar fjárfestingar útlendinga veltur á því hvort af samruna kauphalla verði þannig að umhverfi hérlendis, leikreglur og starfshættir, verði samræmt við það sem gerist til dæmis á Norðurlöndunum.

Með aukinni sókn íslenskra fyrirtækja á erlenda markaði hefur mikilvægi krónunnar í rekstri þeirra farið minnkandi. Hún er að rýrna í bókstaflega öllum skilningi. Tekjur útrásarfélaganna, banka og framleiðslufyrirtækja, eiga sér uppruna að stórum hluta erlendis og í sumum tilvikum liggur við að engar tekjur séu í krónum. Útrásin felur einnig í sér að sýnileiki íslensku fyrirtækjanna vex og eftir þeim er tekið í ýmsum efnum. Til dæmis má ætla að áhugi erlendra aðila eigi eftir að aukast enn þá frekar og sjónir þeirra beinist í frekari mæli að framleiðslufyrirtækjunum svokölluðu.

eggert@markadurinn.is | haflidi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markaðurinn.is | olikr@markadurinn.is

**Þau hafa lengt sinn sólarhring!**

“Hópurinn mjög ánægður með námskeiðið og allir sáu greinilegar framfarir á lestrarhraða. ...mun nýtast okkur vel í starfi.”

**Hópur frá Upplýsingatæknisviði Landsbankans.**

**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**
Frábært, markvisst, hnitmiðað, krefjandi, mikil aðstoð, árangursríkt, góð þjónusta.

**Nýtt** 6. vikna námskeið 6. sept. **(dagnámskeið)**
**Nýtt** 6. vikna námskeið 6. sept. **(dagnámskeið)**
**Nýtt** 3. vikna hraðnámskeið 21. sept.
.. næsta 6. vikna námskeið**12. september**
**AKUREYRI 31. ágúst** og **SUÐURNES 12. október**
***Náðu árangri með okkur í haust og skráðu þig á hraðlestrarnámskeið Hraðlestrarskólans.***

**Skráning á hraðlestrarnámskeið er hafin**
á www.h.is og í síma 586-9400

HRAÐLESTRARSKÓLINN

**VR** og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

# Fórnum ekki meiri hagsmunum fyrir minni

ORÐ Í BELG



**Halla Tómasdóttir**
framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands

Á síðustu vikum hefur talsverð umræða farið fram um tekjudreifingu, skattbyrði og hlut fjármagnstekna í samfélaginu. Sér í lagi hafa menn beint sjónum sínum að fjármagnstekjuskatti og þeirri staðreynd að á síðustu árum hefur það færst í vöxt að einstaklingar framfleyti sér af fjármagnstekjum einum saman. Sú tillaga hefur borið á góma að nauðsynlegt sé að samræma skatthlutfall fjármagnstekna við tekjuskattshlutfall. Það er full ástæða til að vara eindregið við hækkun fjármagnstekjuskatts sem getur haft víðtækar afleiðingar fyrir efnahagslegt umhverfi landsins.

**HÁ LAUN/HÁAR SKATTTEKJUR**

Það er sannarlega velmektarvandamál íslensks samfélags að einstaklingar greiði háan tekjuskatt. Háar skatttekjur einstaklinga eru háðar þeirri forsendu að há laun séu greidd í samfélaginu. Háar launatekjur eru öðrum þræði merki um mikla verðmætasköpun sem kvíslast um alla anga samfélagsins. Kakan stækkar og allir fá bita, svo einfalt er það. Það er engum greiði gerður með því að jafna sem flesta launamenn niður á við í nafni jafnræðis.

Í þessu ljósi er full ástæða til að gjalda varhuga við þeirri hugsun að endurvekja sérstakan tekjuskatt á tekjuháa einstaklinga og hafna ber með öllu að slíkur gerningur sé til þess fallinn að auka jöfnuð í samfélaginu. Jöfnuður er ekki lausnarorð í umræðunni, enda er auðvelt að hugsa sér samfélag með fullkomnum jöfnuði þar sem allir búa við lök kjör á sama máta og líta má til samfélags með meiri ójöfnuði en mikilli velmegun – bara mismikilli velmegun. Af tvennum kostum hlýtur sá seinni að vera æskilegri.

Markmið stjórnvalda ætti að vera aukin lífsgæði fyrir alla. Aukin skattlagning á háar tekjur er ekki leiðin til velferðar. Nær væri að leita leiða til að auka kaupmátt tekna þeirra launalægstu, t.a.m. með lækkun tekjuskatts á alla launamenn og draga úr ríkisútgjöldum. Hagur þeirra lægst launuðu vænkast nefnilega lítið þótt sérstakur tekjuskattur verði lagður á háar tekjur. Ef mönnum er hins vegar í alvöru umhugað um að bæta kjör þeirra launalægstu væri heppilegra að afnema t.d. vörugjöld og verndartolla á innfluttar landbúnaðarvörur. Það væri skynsamleg ráðagerð.



**FJÁRMAGN ER SÉR Á BÁTI**

Fjármagn er kvikur skattstofn enda er mjög auðvelt að færa það á milli landa. Á þessu hafa ríkisstjórnir fjölmargra vestrænna ríkja áttað sig og hafa beitt sér fyrir umbótum á rekstrarumhverfi fyrirtækja, sér í lagi með það fyrir augum að laða að fyrirtæki og einstaklinga í alþjóðlegri fjármálastarfsemi. Fyrrverandi forsætisráðherra lýsti því nýlega yfir að hann sæi fyrir sér Ísland sem alþjóðlega miðstöð fjármála. Hækkun fjármagnstekjuskatts gengur þvert á þá hugsun og er til þess fallin að draga úr framtíðarvaxtarmöguleikum landsins.

Það er ekki að ástæðulausu sem fjármagnstekjur eru ekki taldar til launatekna enda er eðli þeirra mjög ólíkt. Fjármagnstekjur skapast af því að sá sem þeirra aflar hefur bundið peninga í fjárfestingu með tilheyrandi kostnaði og áhættu. Launamaður tekur hins vegar ekki áhættu með þessum hætti og hann ber ekki kostnað af sinni vinnu. Í ljósi þessa er eðlilegt að taka tillit til þess kostnaðar og þeirrar áhættu sem fjármagnseigandi tekur með lægri skattprósentu, enda er viðkomandi að veita fjármagni til atvinnusköpunar.

Til samanburðar má taka dæmi af einstaklingi sem hefur tekjur sínar af verktöku en ekki launavinnu. Munur á verktökum og almennum launamönnum er meðal annars sá að verktakinn ber kostnað af framkvæmd vinnu sinnar en ekki launamaðurinn. Tekið er tillit til þess ólíka eðlis með því að gera verktakanum kleift að draga frá skattstofni þann kostnað sem hann ber af verkinu og greiða með því lægri skatta en ella. Eðlilegt er að sama gildi um fjármagnseigendur enda bera þeir fjármagnskostnað sinn sjálfir.

**REIKNAÐ ENDURGJALD?**

Hins vegar eru skiljanlegar þær raddir sem telja óheppilegt að hópur manna greiði aðeins fjármagnstekjur en engan tekjuskatt. Mörgum svíður sú tilhögun, þar sem fjármagnstekjuskattur rennur í vasa ríkisvaldsins, enda hallar á sveitarfélögin við þá tilhögun. Skattalög gera almennt ráð fyrir því að einstaklingar sem stunda eigin atvinnurekstur verði að greiða sér eðlileg laun og greiða tekjuskatt af þeim, svokallað reiknað endurgjald, í stað þess að þeir taki allan hagnað úr rekstrinum í formi arðs. Reiknað endurgjald tryggir að einstaklingar í eigin atvinnurekstri greiði tekjuskatt af beinum launatekjum, en geti síðan leyst hluta af hagnaði félagsins til sín í formi arðgreiðslna, sem skattlagðar eru sem fjármagnstekjur.

Ég tel það óheppilegan ráðahag að hækka fjármagnstekjuskatt eða að flækja skattkerfið frekar með skiptingu fjármagnstekjuskatts milli ríkis og sveitarfélags. Fjöldamargir kostir eru við núverandi fyrirkomulag. Ef pólitísk samstaða knýr á um breytingar á fjármagnstekjuskatti væri heppilegra að leita annarra leiða. Ein leið væri t.d. að skoða þann möguleika að fjárfestum sem sjá sér farborða með því að sýsla með fjármagn sitt verði gert að reikna sér skynsamleg laun sem lúti ákvæðum tekjuskattslaga.

Slík breyting gæti verið flókin í framkvæmd. Þannig er full ástæða til að hvetja stjórnvöld til að stíga varlega til jarðar. Það er engum greiði gerður að sitja uppi með hátt fjármagnstekjuskattshlutfall en á sama tíma horfa á eftir skattstofninum til annarra landa. Það heitir að fórna meiri hagsmunum fyrir minni.

**Það er engum greiði gerður að sitja uppi með hátt fjármagnstekjuskattshlutfall en á sama tíma horfa á eftir skattstofninum til annarra landa. Það heitir á íslensku að fórna meiri hagsmunum fyrir minni.**

UM VÍÐA VERÖLD

## Sálfræðilegur samningur

Kenningar um sálfræðilegan samning milli starfsmanna og vinnuveitenda voru fyrst settar fram á sjötta áratugnum. Þá var haldið fram að um óskrifaðan samning væri að ræða á milli starfsmanna og vinnuveitenda, sem seinna var kallaður sálfræðilegi samningurinn eða psychological contract.

Sálfræðilegur samningur lýsir sambandi starfsmanns og vinnuveitanda á þann hátt að þegar einstaklingur ræður sig til vinnu hefur hann vissar væntingar um þau atriði sem hann á að fá frá vinnuveitanda, s.s. tækifæri til starfsþróunar, stöðuveitingu, vinnupláss, aðstöðu o.fl. Vinnuveitandinn hefur einnig væntingar til starfsmanns sem snúa t.d. að tæknilegri kunnáttu hans, tíma hans, orku, hæfni í mannlegum samskiptum, stjórnunarhæfileikum og trúnaði. Ekkert af þessum atriðum er þó skriflegt í samningum.

Margir telja að hinn hefðbundni sálfræðilegi samningur sem átti sér stað milli vinnuveitenda og starfsmanna sé ekki lengur til. Áður fyrr var algengt að starfsmenn og börn þeirra eyddu ævi sinni hjá sama fyrirtækinu. Starfsfólkið hafði trú á langtíma vinnusambandi þar sem mikill trúnaður við vinnuveitanda var verðlaunaður með starfsöryggi og stöðugum umbunum. Starfsmennirnir voru trúir sínum vinnuveitendum og gerðu ráð fyrir að fá stöðuhækkanir því lengur sem þeir unnu hjá fyrirtækinu. Nú er breytt umhverfi sem lýsir sér m.a. í auknum efnahagslegum vexti fyrirtækja en einnig í minna starfsöryggi og minni starfsánægju starfsmanna vegna mikils vinnuálags.

Til þess að auka líkur á sanngjörnum sálfræðilegum samningi við ráðningu starfsmanns er nauðsynlegt að nota raunsæja starfslýsingu þar sem fram fer kynning á bæði jákvæðum og neikvæðum hliðum starfsins, séu þær til einhverjar. Raunhæfar væntingar til starfsins minnka líkur á óánægju starfsmanna og vinnuveitenda þegar fram í sækir.



**Sif Sigfúsdóttir M.A. í mannauðsstjórnun.**

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Jón Skaftason, Óli Kristján Ármannsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Anna Elinborg Gunnarsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni.
Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Vaxtahækkanir víðar en á Íslandi

**ÞJÓÐARBÚSKAPURINN**

Seðlabanki Íslands hækkaði stýrivexti um fimmtíu punkta í síðustu viku. Hækkunin tók gildi á mánudag og fóru vextirnir í 13,5 prósent. Stýrivaxtahækkunin var sú fimmta á árinu og sú 16. á rúmum þremur árum.

Í rökstuðningi Seðlabankans fyrir hækkuninni segir að þótt útlit sé fyrir að verðbólga á þriðja fjórðungi ársins verði eitthvað minni en spáð var í Peningamálum í júlí breyti framvindan ekki því að verðbólga sé langt yfir markmiði bankans.

Í Vefriti fjármálaráðuneytisins í síðustu viku kemur fram að hækkun stýrivaxta hér sé ekkert einsdæmi því vextirnir hafi verið á uppleið í helstu viðskiptalöndum okkar síðustu misserin. Í Bandaríkjunum hafa stýrivextir hækkað sautján sinnum um síðastliðin tvö ár samfara auknum áhyggjum af hækkandi verðbólgu og standa nú í 5,25 prósentum. Nú virðist hægja á verðbólgu og hækkaði bankinn ekki vexti í byrjun mánaðarins. En greiningaraðilar eru ekki á einu máli um hvort hækkanahrinan sé á enda. Segja sumir um stutt hlé að ræða en aðrir lesa úr ákvörðun Ben Bernankes seðlabankastjóra að bankinn hafi áhyggjur af því að kæfa allan vöxt í hagkerfinu.

Í Vefritinu segir ennfremur að verðbólguhorfur á evrusvæðinu hafi versnað að einhverju leyti. Verðbólga er nú lítillega yfir verðbólgumarkmiði Evrópska seðlabankans en stýrivextir hafa hækkað síðan á vetrarmánuðum 2005 og standa nú í þremur prósentum.

Þá hækkaði Seðlabanki Japans nýverið stýrivexti um 25 punkta. Vextir í Japan höfðu staðið í núll prósentum síðan efnahagslægðin reið yfir Asíu um síðustu aldamót. Virðist nú sem hagkerfið sýni nokkuð skýr og stöðug batamerki eftir rúmlega fimmtán ára stöðnun.

Fleiri lönd hafa rifið sig upp úr efnahagslægðinni og er Kína eitt þeirra. Nú er svo komið að hagkerfið þar hefur hitnað umtalsvert síðustu misseri. Á öðrum ársfjórðungi mældist 11,3 prósenta hagvöxtur miðað við sama tíma í fyrra. Seðlabanki landsins hefur gripið til ýmissa aðgerða til að hægja á, til dæmis með hækkun vaxta og bindiskyldu bankanna. Að mati greiningardeildar KB banka hafa aðgerðir kínverska seðlabankans ekki borið árangur. Sérfræðingar telja einu leiðina til að hægja á hagkerfinu að leyfa umtalsverða styrkingu á kínverska gjaldmiðlinum, þvert á álit ráðamanna sem hafa frá því gengi júans var sett á flot í júní í fyrra reynt að koma í veg fyrir of mikla og snögga gengishækkun.

Og aftur að íslensku stýrivöxtunum því greiningardeild KB banka spáir því að Seðlabankinn muni lækka vexti sína á fyrstu þremur mánuðum næsta árs og verði þeir komnir í sjö prósent á vordögum 2008. - jab

**SPÁKAUPMAÐURINN**

## Trölla fórnað í æsingi

Ég var nýkominn í bæinn þegar markaðurinn fór á flug. Þetta hljómar eins og spennandi saga af íslenskum bankamanni nema það að þetta gerðist í alvörunni. Allir voru byrjaðir að tala um að ekkert myndi gerast á markaðnum fyrr en í fyrsta lagi í haust, jafnvel ekkert fyrr en eftir áramót. Bankarnir myndu liggja í dvala þangað til. Ég tek allri svona umræðu með góðum fyrirvara, deildi í hana með tveimur og fékk út að hlutirnir gerðust fyrr. Enda engin ástæða til að líta hlutina öðrum augum þegar annað hvert félag í Kauphöll er á undirvirði.

Ég lagði nánast allt það sem ég gat í bankana, FL Group og Straum. Tæmdi alla vasa og reikninga á ofurvöxtum og hefði meira að segja selt stigaganginn í Berlín ef það hefði ekki tekið hálft ár að ganga frá sölunni. Verst þótti mér að brjóta forláta Tröllabauk sonar míns sem ég hafði erft hann að. Hver gleymir Trölla sem sönglaði: “Í kolli mínum geymi ég gullið.”

Ástandið á markaðnum síðustu dagana minnti mann hálfpartinn á brjálæðið um áramótin nema þá var ég á söluhliðinni. Nú eru bankarnir og flest fyrirtækin á hagstæðum kennitölum og hafa hækkað um tíu prósent á einni viku. Þetta var nánast brunaútsala á bankabréfum.

Auðvitað vissi ég að lífeyrissjóðirnir væru komnir á stjá eins og hungraður skógarbjörn að vori nema að þessi björn var frekar eins og sturlað naut. Þegar dýptin á markaðnum er álíka mikil og í grunnu lauginni þá rýkur allt upp úr öllu valdi.

Mér líst vel á framhaldið og horfi á Úrvalsvísitöluna í sex þúsund stigum í september eða jafnvel enn fyrr. Bankarnir eru á góðri leið með að fjármagna sig á næsta ári og fá þann traustsstimpil sem gerir þá tilbúnari í næstu verkefni. Exista-skráningin verður að veruleika í næsta mánuði og þá er ekki verra að eiga í KB banka. Þeir ætla að borga aukaarð í formi Exista bréfa en ég get varla séð að markaðurinn hafi áttað sig á því. Svo var Lansinn á algjörum tombóluprís í 21. Ég er því glaður og reifur þessa stundina en auðvitað verður maður að halda vöku sinni því það gárar reglulega þann heim sem við lifum í. Spákaupmennska er ekki meðfædd hæfileiki en eins og með aðrar kappgreinar þá skapar æfingin meistarann.

**Spákaupmaðurinn á horninu**

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



# HM breytti ímynd Þjóðverja



DOKTOR MARTIN WANSLEBEN FRAMKVÆMDASTJÓRI ÞÝSKA VIÐSKIPTARÁÐSINS
Framkvæmdastjórinn telur Þýskaland spennandi kost fyrir íslenska fjárfesta. Auk þess að vera einn stærsti markaður heims sé staðsetningin í Evrópu gulls ígildi. Þýskaland geti verið stökkpallur inn á Evrópu- og heimsmarkað.

Doktor Martin Wansleben, framkvæmdastjóri Þýska viðskiptaráðsins, var staddur á Íslandi á dögunum og boðaði til morgunverðarfundar í Húsi verslunarinnar. Fundurinn var haldinn á vegum Þýsk-íslenska viðskiptaráðsins og Viðskiptaráðs Íslands. *Jón Skaftason* sat fundinn og komst að því að Heimsmeistarakeppnin í knattspyrnu olli viðhorfsbreytingu meðal Þjóðverja.

Doktor Martin Wansleben er framkvæmdastjóri Þýska viðskiptaráðsins og kemur fram fyrir hönd viðskiptalífsins gagnvart stjórnvöldum í Berlín og stofnunum Evrópusambandsins. Þýska viðskiptaráðið á sér langa sögu en fyrsta skrifstofan var sett á laggirnar í Sviss árið 1901. Í dag rekur ráðið um hundrað skrifstofur víðs vegar um heim. Um 3,6 milljónir fyrirtækja eiga aðild að Þýska viðskiptaráðinu og er ráðið með útibú í áttatíu borgum Þýskalands.

Atvinnuleysi hefur verið rúmlega tíu prósent í Þýskalandi undanfarin ár. Nú hefur þó tekist að fjölga störfum í landinu og mældist atvinnuleysi 8,2 prósent í júní. Doktor Wansleben segir áhyggjur af atvinnuleysinu nú á undanhaldi. Það sé Heimsmeistarakeppninni í knattspyrnu, sem haldin var í Þýskalandi í sumar, ekki síst að þakka. „Þjóðverjar lærðu ýmislegt um Þýskaland á meðan keppninni stóð. Nú vitum við að Þjóðverjar geta slakað á og að við spilum góða knattspyrnu. Við fengum líka endanlega staðfest að við getum skipulagt stóra atburði.“

### LAUSIR UNDAN OKI STAÐALÍMYNDA

Sérfræðingar spá rúmlega tveggja prósenta hagvexti í Þýskalandi á árinu og er stór hluti þess vaxtar rakinn beint til heimsmeistarakeppninnar. Wansleben telur þó að stærsta ávinning keppninnar sé hvorki hægt að mæla í evrum né prósentum. Þjóðverjar hafi komist að því hversu mikilvægt er að gleyma amstri hversdagsins. „Þjóðverjar komust að því í sumar að við erum gestrisin þjóð og að útlendingum finnst gott að koma til landsins.“

Doktor Wansleben segir ef til vill best að lýsa áhrifum heimsmeistarakeppninnar með lítilli dæmisögu af bandarískum mæðginum sem heimsóttu Wansleben fjölskylduna til Berlínar meðan á keppninni stóð. Mæðginin hafi í upphafi haft nokkuð neikvæða ímynd af Þýskalandi og hvergi getað hugsað sér að búa nema í Bandaríkjunum. Wansleben fjölskyldan hafi því boðið þeim í vikuferð um Þýskaland og síðan eytt annarri viku í Berlín á meðan Heimsmeistarakeppnin náði hápunkti sínum. Eftir tvær vikur sagði sonurinn „Nú veit ég að það er gott að búa í Þýskalandi. Landið er fallegt og fólkið bæði vingjarnlegt og hjálpsamt. Hér gæti ég hugsað mér að búa.“

Wansleben segir þessa dæmisögu lýsa þeim umskiptum sem orðið hafi á þýsku samfélagi. „Þessu hefði ég ekki trúað sjálfur. Ég held nefnilega að margir Þjóðverjar hafi haft þessa sömu neikvæðu ímynd af landinu og ég verð að viðurkenna að ég er kannski ekki alveg saklaus sjálfur í þeim efnum.“

Hann telur að meiri bjartsýni ríki nú en áður á horfur í landinu. „Heimsmeistarakeppnin olli ekki þessari breytingu, heldur hjálpaði okkur að gera okkur grein fyrir henni. Í Þýskalandi er mikið af ungu, vel menntuðu og víðförlu fólki. Þetta unga fólk hefur hjálpað okkur að losna undan oki staðalímynda og valdið ákveðinni viðhorfsbreytingu.“

### ÞÝSKALAND SPENNANDI FJÁRFESTINGARKOSTUR

Doktor Wansleben telur þessa auknu bjartsýni einmitt eina ástæðu þess að íslenskir fjárfestar ættu að horfa í auknum mæli til Þýskalands. Þrátt fyrir að tiltölulega háir skattar séu á fyrirtæki í Þýskalandi sé ýmislegt annað sem vegur þar upp á móti. „Þýsk fyrirtæki eru traust og vel samkeppnishæf. Ég er þriggja barna faðir og get staðfest að í Þýskalandi er sérlega mikið af ungu og efnilegu fólki.“

Wansleben segir stjórnkerfið allt og regluverk jafnframt afar traust. Það sé þó ekki síst staðsetning landsins í miðri Evrópu sem geri þýsk fyrirtæki eftirsóknarverðan fjárfestingarkost og markaðinn spennandi. „Þýskaland er mjög samofið Evrópu og raunar heiminum öllum. Þegar menn fjárfesta í Þýskalandi koma þeir ekki eingöngu inn á einn stærsta markað heims, heldur reisa þeir góðan stökkpall til fjárfestinga í Evrópu og heiminum öllum. Það sést best á því að í Þýskalandi eru mörg alþjóðleg stórfyrirtæki með starfsemi um víða veröld.“

Doktor Wansleben er mikill íþróttagarpur; siglir um heimsins höf auk þess að hlaupa um víðan völl. Hann notaði einmitt tækifærið meðan á dvölinni hér á landi stóð til að taka þátt í Reykjavíkurmaraþoni Glitnis. „Ég reyni stundum að haga ferðum mínum þannig að ég geti tekið þátt í hlaupum á þeim stöðum sem ég heimsæki. Ég vona að ég komist í mark í maraþoninu á morgun.“




VOLVO S40 VOLVO V50 VOLVO S60 VOLVO V70 VOLVO S80 VOLVO XC70 AWD VOLVO XC90 AWD

VELDU VOLVO V50 FYRIR NOTAGILDIÐ

Volvo V50 er stærðfræðileg snilld, sportlegur og fullur af lífsorku. Hann er sparneytinn og slær keppinautum sínum við fyrir glæsileika, aksturseiginleika og tæknibúnað. Áratuga umhyggja Volvo fyrir öryggi fjölskyldunnar og þörfum hennar kristallast í Volvo V50. Áhersla á markvissa hönnun skutbíla setur Volvo V50 á stall hjá fjölskyldufólki sem leitar að réttu samræmi rýmis og hleðslu, þar sem rétt þyngdardreifing skerðir ekki aksturseiginleika skutbílsins. Veldu sérhannaðan herragarðsbíl frá Volvo: Volvo V50. Þú finnur notagildið sem hann færir þér og þínum í leik og starfi.

Mikill staðalbúnaður einkennir Volvo

Þú færð mikinn staðalbúnað í Volvo V50: WHIPS bakhnykksvörn, SIPS hliðarárekstrarvarnarkerfi, stöðugleikastýringu og spólvörn, ABS hemlakerfi með EBD hemlajöfnun, 4 loftpúða auk hliðarloftpúða, tölvustýrða loftkælingu með hitastýringu, hágæða hljómflutningstæki með 8 hátölurum, rafdrifnar rúður, upphituð sæti, 16“ álfelgur og margt fleira.

Þú velur um skemmtilegar vélar í Volvo V50. Hinar geysiöflugu 170 og 220 hestafla vélar mörkuðu tímamót í bílgreininni fyrir nýstárlega hönnun og tæknibúnað. Nú færðu Volvo V50 með óvenjusprækri 125 hestafla 1,8 lítra vél og enn meiri búnaði en áður. Komdu í Brimborg.

Heimsbíll ársins í fyrsta sinn í sögunni

Volvo V50 var tilnefndur sem „Heimsbíl ársins 2005“ og bætist tilnefningin við flóru viðurkenninga Volvo V50 og Volvo S40 en Volvo S40 er m.a. bíll ársins á Íslandi. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo!

Komdu í Brimborg. Spurðu söluráðgjafa Volvo á Íslandi um verð og gæði. Við gerum þér gott tilboð um staðgreiðsluverð fyrir gamla bílinn.



*Finndu fegurðina sem býr í gæðum einfaldleikans. Skoðaðu nýtt stjórnborðið sem ekki átti að vera hægt að framleiða.*

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.volvo.is



GO ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

Volvo V50 bensín.
Verð frá 2.745.000 kr.*

Volvo V50 dísil.
Verð frá 3.115.000 kr.*



* Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# Ætluðu að sleppa við námslánin

**Friðbjörn Orri Ketilsson og Arthur Ólafsson reka fyrirtækið Vefmiðlun. Þeir félagar eiga og reka hina ýmsu vefi og hafa vakið mikla athygli fyrir viðskiptavefinn M5. Vefurinn er þeirra vandaðasti til þessa og býður fjárfestum sem öðrum áhugamönnum um viðskipti ýmsa nýja möguleika. Friðbjörn Orri Ketilsson sagði *Jóni Skaftasyni* frá fyrirtækinu sem þróaðist úr áhugamáli tveggja skólafélaga í alvöru rekstur.**



FRIÐBJÖRN ORRI KETILSSON OG ARTHUR ÓLAFSSON, EIGENDUR VEFMIÐLUNAR Friðbjörn og Arthur sinna báðir háskólanámi meðfram rekstri Vefmiðlunar. Friðbjörn segir vel ganga að sameina nám og starf „Við spýtum duglega í lófana á sumrin.“

Vefmiðlun er í eigu þeirra Friðbjörns Orra Ketilssonar og Arthurs Ólafssonar. Fyrirtækið sérhæfir sig, eins og nafnið gefur til kynna, í alhliða vefþjónustu. Það heldur til að mynda úti verðbréfavefnum m5.is, afþreyingarsíðunni b2.is auk fjarskiptaþjónustunnar Streymis.

Vefmiðlun hefur vakið sérstaka athygli fyrir fjármálavefinn M5, sem veitir upplýsingar um allt sem viðkemur bæði hlutabréfa- og gjaldeyrismarkaði. Vefurinn hefur á tæpum mánuði náð að festa sig í sessi sem einn mest sótti viðskiptavefur landsins; áskrifendur að síðunni eru orðnir tæplega þrjú hundruð og heimsóknir skipta þúsundum.

Friðbjörn og Arthur stofnuðu Vefmiðlun árið 1999 þegar þeir voru við nám í Verzlunarskóla Íslands. Upphaflega hugmyndin var sú að stofna eigið fyrirtæki og sleppa þannig við að slá námslán. „Við byrjuðum mjög smátt. Tókum að okkur eitt og eitt verkefni. Það má segja að þetta hafi smám saman undið upp á sig og árið 2002 byrjar þetta síðan fyrir alvöru.“

Árið 2002 byrjuðu þeir félagar að búa til eigin vefi sem þeir síðan reka sjálfir. Má þar nefna afþreyingarvefina b2.is og Leikjanet.is. „Ég var að vinna í verðbréfaviðskiptum hjá KB banka og fékk þar innsýn í viðskiptin. Við ákváðum síðan fyrir rúmu ári að ráðast í gerð M5 og höfum unnið sleitulaust að því að koma vefnum á laggirnar síðustu sjö mánuði. Okkar aðaláhersla er í dag á M5.“

### HAFA ALDREI TEKIÐ LÁN

Þeir félagar, Friðbjörn Orri og Arthur, eru einu starfsmenn Vefmiðlunar. Þeir bera enga titla enda þess kannski ekki þörf í jafn smáu fyrirtæki. Í tengslum við afþreyingarvefina eru sextíu manns sem sinna ýmsum verkefnum án þess að vera á fullum launum „Við erum miklir aðdáendur þess að halda öllum kostnaði í lágmarki. Ef við þurfum aukaþjónustu kaupum við hana einfaldlega annars staðar frá. Við höfum til að mynda keypt ýmsa þjónustu tengda M5 frá Indlandi.“

Friðbjörn og Arthur hafa fjármagnað allan sinn rekstur sjálfir. „Við höfum aldrei tekið lán. Þetta kann að þykja gamaldags en svona viljum við hafa þetta. Tekjur og gjöld upp á gamla mátann,“ segir Friðbjörn.

Hann segir stærstan hlut tekna fyrirtækisins koma af sölu auglýsinga. „Líklega kemur meira en helmingur tekna Vefmiðlunar af auglýsingasölu. Stærsti útgjaldaliðurinn er þróunarkostnaður. Það kostar talsverðar fjárhæðir að koma verkefni á borð við M5.is á laggirnar.“ Friðbjörn vill ekki fara nánar út í bókhaldið en segir Vefmiðlun þó frá fyrstu tíð hafa vaxið hratt og örugglega.

Friðbjörn og Arthur eru báðir á fullu í háskólanámi. Arthur nemur hugbúnaðarverkfræði við Háskóla Íslands og Friðbjörn er í hagfræði við sama skóla. Friðbjörn segir ganga vel að sameina nám og starf. „Það krefst auðvitað talsverðrar skipulagningar að sinna hvoru tveggja svo vel sé. Hins vegar er reksturinn mjög sveigjanlegur og við höfum reynt að haga því þannig að minna álag sé á veturna og þá sérstaklega á prófatímum. Við spýtum síðan duglega í lófana á sumrin.“

### M5 ER FLAGGSKIPIÐ

Friðbjörn segir verðbréfavefinn M5 vera flaggskip Vefmiðlunar. Það sé vandaðasta afurð fyrirtækisins til þessa og hvergi til sparað. Hann segir vefinn raunar veita ítarlegri upplýsingar en vefsvæði Kauphallarinnar og telur M5 standast fyllilega samanburð við sambærilega vefi erlendis. „Kveikjan að M5 var raunar sú að við félagarnir vorum að sýsla eilítið með hlutabréf og rákum okkur á hálfgerðan upplýsingavegg. Þá sáum við að þörf væri á góðri upplýsingamiðstöð.“

M5 er í stöðugri þróun. Til stendur að veita upplýsingar á rauntíma með haustinu en nú berast þær með fimmtán mínútna seinkun líkt og á Kauphallarvefnum. Á M5 er einnig hægt að nálgast upplýsingar um eignatengsl félaga í Kauphöllinni, hluthafalista og ýmis konar söguleg gögn. Notendur síðunnar geta einnig fengið send textaskeyti í farsíma þar sem fram koma nýjustu upplýsingar af markaði. Þá er hægt að nálgast gengi íslensku krónunnar gagnvart erlendum myntum og stendur jafnvel til að veita þær upplýsingar á rauntíma í náinni framtíð. „Það er gaman að segja frá því að stærstu notendur M5 eru viðskiptabankarnir en auk þess sækja útflutningsfélög upplýsingar um gengi hinna ýmsu gjaldmiðla á síðuna.“

Friðbjörn segir ýmislegt framundan hjá Vefmiðlun. Stutt sé í að ensk útgáfa M5 verði tilbúin. Einnig stendur til að tungumálavæða kerfið sem M5 byggist á og hugsanlega selja það úr landi í kjölfarið. Þeir félagar hafa einnig unnið að því að búa til sýndarviðmót fyrir skóla þar sem nemendur geta kynnt sér hvernig eigi að bera sig að við hlutabréfa-, skuldabréfa- og gjaldeyrisviðskipti. „Við ætlum okkur að vaxa talsvert meira. Við sjáum ýmsa möguleika í stöðunni,“ segir Friðbjörn Orri Ketilsson.



VOLVO
for life

*Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú lítir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!*

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.volvo.is



**FORSÆTISRÁÐHERRANN OG FJÁRMÁLARÁÐHERRANN** Thierry Breton, fjármálaráðherra Frakklands, er hæstánægður með hagvöxt í landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Ánægður með hagvöxt í Frakklandi

Hagvöxtur í Frakklandi jókst um 1,1 prósent í júní. Landsframleiðsa jókst um 0,5 prósent á fyrsta ársfjórðungi og er búist við að framleiðslan aukist um 1,9 prósent á árinu. Thierry Breton, fjármálaráðherra landsins, er hæstánægður með aukninguna, sem er sú mesta í tuttugu ár.

Nokkur viðsnúningur hefur verið í frönsku efnahagslífi en ríkisstjórn Dominique de Villepins, forsætisráðherra, hefur haft það á stefnuskrá sinni að auka hagvöxt og minnka atvinnuleysi.

Breska ríkisútvarpið hefur eftir David Naude, hagfræðingi hjá Deutsche Bank, að á fyrsta ársfjórðungi hafi fyrirtæki í Frakklandi haldið að sér höndum og dregið úr eyðslu. Óttast hafi verið að þau myndu endurtaka leikinn á öðrum ársfjórðungi vegna tíðra hækkana á heimsmarkaðsverði á olíu. Hækkanirnar virðast hafa haft tímabundin áhrif á vöxt fyrirtækja því raunin varð önnur á öðrum fjórðungi ársins, að hans sögn. - jab

# Oftast kvartað yfir Ryanair

Neytendasamtökum Evrópu bárust tæplega 400 kvartanir vegna írskra flugfélaga á fyrstu sex mánuðum ársins. Flestar kvartanir bárust frá farþegum sem flugu með lággjaldaflugfélaginu Ryanair en 133 farþegar fundu eitt og annað að starfsemi þess.

Rúmlega helmingi færri, eða 62, kvörtuðu vegna Air Lingus.

Flestar kvartanirnar voru vegna tafa eða niðurfellinga á flugi og vegna skemmda eða taps á farangri.

Neytendasamtökin segja niðurstöðurnar benda til þess að einungis þriðjungur flugfarþega kvarti þegar eitthvað bjáti á. Þá segja samtökin ennfremur að flugfélögin fari oftar en ekki á svig við þær reglur sem þeim séu settar. Sé meðal annars á þau lagt að endurgreiða fyrir flug sem fellur niður og koma farþegum á áfangastað með öðru flugi. Sé það ekki í boði á flugfélagið að greiða fyrir fæði handa flugfarþegum og jafnvel gistingu.

Í stað þessa hafa farþegar, sem orðið hafa fyrir óþægindum vegna tafa og fleiri þátta, orðið að greiða öll útgjöld sjálfir og senda síðan flugfélaginu reikning fyrir útlögðum kostnaði, að sögn Neytendasamtakanna. - jab




**VÉL FRÁ RYANAIR** Flestir flugfarþegar á Írlandi kvörtuðu yfir Ryanair á fyrstu sex mánuðum ársins.



**MANNHAF Í LUNDÚNUM** Á Oxfordstræti í Lundúnum er ys og þys allan ársins hring. Atvinnuleysi í Bretlandi hefur aukist lítillega, en ástandið er samt betra en oft áður.

# Aukið atvinnuleysi í Bretlandi

Atvinnuleysi í Bretlandi jókst um 0,3 prósent á öðrum fjórðungi ársins og jafngildir það 5,5 prósenta atvinnuleysi. Samkvæmt þessu eru 1,68 milljónir manna án atvinnu í landinu en atvinnuleysi hefur ekki mælst meira í Bretlandi síðastliðin sex ár.

Atvinnulausum hefur fjölgað um 250 þúsund frá sama tíma í fyrra sem er mesta aukning atvinnuleysis í áratug.

Þrátt fyrir mikið atvinnuleysi hafa aldrei verið jafn margir á atvinnumarkaði í Bretlandi á sama tíma eða tæpar 29 milljónir manna og hafa aldrei verið jafn margir í vinnu þar í landi síðastliðin 36 ár. -jab

## FÓLK Á FERLI

**HLYNUR SIGURÐSSON** hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Fríhafnarinnar ehf. og tekur við starfinu 1. september næstkomandi. Hann lauk meistaraprófi í rekstrarverkfræði frá Háskólanum í Álaborg árið 2002 og hefur verið innkaupastjóri Fríhafnarinnar frá 2003. Hlynur hefur jafnframt starfað sem afleysingakennari í stjórnun og rekstri fyrirtækja við Meistaraskólann í Reykjavík. Hann er kvæntur Helgu Völu Gunnarsdóttur félagsfræðingi og eiga þau þrjú börn. Sturla Eðvarðsson, sem verið hefur framkvæmdastjóri Fríhafnarinnar undanfarin fjögur ár, hefur ráðið sig til starfa sem framkvæmdastjóri Samkaupa.



**HALLDÓR G.** Eyjólfsson hefur verið ráðinn í starf forstjóra Sjóklæðagerðarinnar - 66°Norður, eins elsta framleiðslufyrirtækis landsins. Undanfarinn áratug hefur framleiðsla fyrirtækisins og sala á fjölbreyttum fatnaði til útivistar aukist mjög og fyrirtækið fengið margvísleg verðlaun fyrir hönnun sína og markaðsstarf síðastliðin ár. Í dag rekur fyrirtækið tíu verslanir á Íslandi undir vörumerkjum 66° Norður og Rammagerðarinnar. 66°Norður hefur verið í útrás á síðustu árum. Í dag eru þrjár verslanir í Lettlandi og sú fjórða verður opnuð á næstunni. Þar að auki fást vörurnar hjá endursöluaðilum í fjölmörgum öðrum löndum. Halldór starfaði áður sem framkvæmdastjóri hjá Sjóvá Almennum tryggingum hf. og þar áður sem framkvæmdastjóri hjá Kristjáni Guðmundssyni og deildarstjóri hjá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Halldór er kvæntur Sólveigu H. Sigurðardóttur lyfjafræðingi og eiga þau tvö börn.






# Ofmátu afkomu Bang & Olufsen

Hagnaður danska raftækjaframleiðandans Bang & Olufsen nam 431 milljón danskra króna eða jafnvirði rúmra 5,2 milljarða íslenskra króna fyrir skatta á síðasta ári. Danska dagblaðið Börsen segir hagnaðinn nítján milljónum dönskum krónum, eða rétt rúmum 230 milljónum íslenskum krónum, minni en greiningaraðilar höfðu spáð. Afkoman er í takt við væntingar fyrirtækisins.

Velta raftækjaframleiðandans nam 4,23 milljörðum danskra króna, eða eða rúmum 51 milljarði íslenskra króna, sem er hundrað milljónum, eða um 1,2 milljörðum íslenskra króna, meiri en búist hafði verið við.

Reiknað er með að velta Bang & Olufsen muni aukast um átta til tíu prósent á þessu ári en veltan jókst um fjórtán til tuttugu prósent í Bretlandi, Hollandi og í Belgíu á síðasta ári.

Þá spá greiningaraðilar því að Bang & Olufsen skili um 521 milljón danskra króna, rúmum 6,3 milljörðum íslenskra króna, í hagnað fyrir skatta á þessu ári en það er nokkuð yfir spá fyrirtækisins.



**TÆKI FRÁ BANG & OLUFSEN** Afkoma danska raftækjaframleiðandans Bang & Olufsen var minni en greiningaraðilar höfðu spáð, en í takt við væntingar fyrirtækisins.

Gengi bréfa í félaginu lækkaði um þrjú prósent á markaði í Danmörku í gær vegna fréttanna. FL Group á 10,5 prósent í Bang & Olufsen og var markaðsvirði hlutarins í lok júní rúmir 11,8 milljarðar íslenskra króna. - jab

# Verðbólga lækkar á evrusvæðinu

Verðbólga á evrusvæðinu mældist 2,4 prósent í júlímánuði, sem er lækkun um 0,1 prósentustig frá fyrri mánuði.

Hagfræðingar segja lækkunina þó líklega ekki koma í veg fyrir að evrópski seðlabankinn hækki stýrivexti í október.

Verðbólgulækkunin kemur hagfræðingum hins vegar nokkuð á óvart enda var búist við hækkaðri mælingu líkt og í Bandaríkjunum, en þar hækkaði verðbólgan um 0,4 prósent í júlí, sem er tvöföldun á milli mánaða.

Verðhækkanir á eldsneyti og öðrum orkugjöfum er áhyggjuefni, að mati evrópska seðlabankans en verðbólgan er nokkuð yfir tveggja prósenta verðbólgumarkmiðum bankans.

Þá mældist 2,4 prósenta verðbólga í Bretlandi í síðasta mánuði en varað hefur verið við því að hún geti farið í 2,7 prósent ef ekki verði gripið til aðgerða. - jab



# Olíusjóður skilaði tapi

Lífeyrissjóður norska ríkisins, sem gjarnan er nefndur Norski olíusjóðurinn, tapaði 22 milljörðum norskra króna, tæpum 248 milljörðum íslenskra króna, á öðrum fjórðungi ársins. Helsta ástæða tapsins er gengislækkun hlutabréfa í Japan og á nýmörkuðum. Þá á stýrivaxtahækkun heima fyrir hlut að máli.

Stór hluti fjárfestinga Olíusjóðsins er utan Noregs til að koma í veg fyrir ofhitnun í norska hagkerfinu, en þrjátíu til fimmtíu prósentum hans er varið til kaupa í ríkisskuldabréfum.

Þrátt fyrir tapið er fjarri að olíusjóðurinn rambi á barmi gjaldþrots. Markaðsvirði hans í lok fjórðungsins nam 1.505 milljörðum norskra króna, jafnvirði tæpra sautján þúsund milljarða íslenskra króna. Er það aukning um 21 milljarð norskra króna á tímabilinu sem aðallega er til komin vegna tilfærslu sjóða. - jab


VERKEFNASTJÓRAAKADEMÍA STJÓRNENDASKÓLA HR



VERKEFNASTJÓRNUN FYRIR ATVINNULÍFIÐ

Námslína sem hentar öllum þeim sem þurfa að stjórna eða taka þátt í verkefnum þar sem stefnt er að mælanlegum og áþreifanlegum árangri.



*Leiðbeinendur:*
*Sigurjón Hákonarson,*
*Þórður Víkingur Friðgeirsson,*
*Elín Þ. Þorsteinsdóttir.*

NÁMSLÍNA

| | DAGS.: | TÍMI: |
|---|---|---|
| Grunnatriði verkefnastjórnunar | 8. sept. | kl. 13.00 - 17.00 |
| Áætlanagerð í verkefnum I | 12. og 13. sept. | kl. 13.00 - 17.00 |
| Verkefnastjórnunarumhverfið | 26. og 27. sept. | kl. 08.00 - 12.00 |
| Verkfærakistan I - Að greina aðalatriði frá aukaatriðum | 10. okt. | kl. 13.00 - 17.00 |
| Áætlanagerð í verkefnum II - Verkframvinda | 24. og 25. okt. | kl. 13.00 - 17.00 |
| Verkfærakistan II - Ákvarðanir og árangur í verkefnum | 7. nóv. | kl. 13.00 - 17.00 |
| Breytingastjórnun í verkefnum | 21. nóv. | kl. 13.00 - 17.00 |
| Mind Manager | 27. nóv. | kl. 13.00 - 19.00 |
| Áhætta í verkefnum og besta ákvörðun við óvissar aðstæður | 12. og 13. des. | kl. 13.00 - 17.00 |

Skráning er hafin - Hægt er að skrá sig í einstaka hluta námslínu á vef Stjórnendaskólans.
Nánari upplýsingar er að finna á www.stjornendaskoli.is

FABRIKAN 2006

*Nánari upplýsingar veitir:*
***Guðrún Helga Hamar***
*Verkefnastjóri*
*Sími: 599 6404*
*gudrunhelga@ru.is*

Ofanleiti 2, 3. hæð
103 Reykjavík
Sími: 599 6200
Fax: 599 6201
www.stjornendaskoli.is

STJÓRNENDASKÓLI HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK



# Söluráðgjafi

OpenHand™

**OpenHand óskar að ráða drífandi og metnaðarfullan einstakling í starf söluráðgjafa.**

**Starfssvið:**
- Ráðgjöf og sala á þjónustu fyrirtækisins
- Samskipti og upplýsingagjöf við viðskiptavina, núverandi og verðandi
- Tilboðs- og samningagerð

**Hæfniskröfur:**
- Brennandi áhugi á sölumálum
- Afburða þjónustulund og söluhæfni
- Reynsla af sölu- og kynningarmálum
- Þekking og áhugi á íslensku fyrirtækjaumhverfi
- Tungumálakunnátta, íslenska og enska
- Frumkvæði, metnaður og árangursdrifni

OpenHand sérhæfir sig í samskiptalausnum fyrir fólk á ferðinni. Auðvelt aðgengi að gögnum og hámarks hagkvæmni í rekstri eru hornsteinar þróunarvinnu hjá OpenHand. Framtíðarsýn fyrirtækisins byggir á árangursríku samstarfi við viðskiptavini í að veita starfsmönnum tækifæri til að vera fullfærir um að sinna skyldum sínum, óháð stað og stund. OpenHand rekur vinnuumhverfi þar sem upplýsingakerfi fyrirtækja er hægt að heimfæra yfir á símtæki starfsmanna. Við slíkar aðstæður er nýting tíma hámörkuð og framleiðni eykst. Stefna OpenHand er að lausnin vaxi með þörfum fyrirtækisins, hvort sem er um að ræða fjölda starfsmanna eða þarfir þeirra.

Nánari upplýsingar um OpenHand er að finna á www.openhand.is.

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

**Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga@img.is) og Sigurður J. Eysteinsson (sigurdure@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 27. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.**

Borgartúni 27
105 Reykjavík
Sími 540 7100
mannafl@img.is

Skipagötu 16
600 Akureyri
Sími 461 4440
www.mannafl.is

Strandgötu 53
735 Eskifirði
Sími 540 7140
www.img.is



**MAGNÚS ÞORSTEINSSON** Magnús, sem er stjórnarformaður Avion Group, sést hér halda ræðu á aðalfundi félagsins.

# Avion kaupir í Advent Air

Avion Group hefur gert samning um kaup á fimm prósentum hlutafjár í ástralsk-asíska flugrekstrarfélaginu Advent Air. Kaupverð er tvö hundruð milljónir króna.

Jafnframt gerði Avion Group samstarfssamning við Advent Air. Í samstarfinu felst að Advent Air mun leigja allt að fjórar Airbus A320 vélar af dótturfélögum Avion Group, Star Airlines í Frakklandi og Star Europe í Þýskalandi. Skywest, sem er dótturfélag Advent Air og flýgur einkum til Ástralíu, mun nota flugvélarnar.

Advent Air er skráð á AIM-hlutabréfamarkaðinn í Lundúnum. -jsk

# Slæm afkoma Gap

Hagnaður bandarísku fatakeðjunnar Gap nam 128 milljónum bandaríkjadala, jafnvirði tæplega 8,9 milljarða íslenskra króna, á öðrum ársfjórðungi.

Á sama tíma fyrir ári nam hagnaðurinn 272 milljónum dala eða 18,8 milljörðum króna og jafngildir þetta 53 prósenta samdrætti á milli ára.

Helsta ástæðan er minni sala, verðlækkanir á vörum fyrirtækisins, aukinn auglýsingakostnaður og harðari samkeppni.

Að sögn fyrirtækisins mun samdráttur einnig hafa verið hjá fyrirtækinu í þessum mánuði og er því spáð slakari afkomu fyrir árið í heild en áður var búist við.

Greiningaraðilar segja niðurstöðurnar slæmar fyrir Gap og hefur gengi bréfa fyrirtækisins lækkað ört. - jab



**ÚR EINNI VERSLUN GAP** Hagnaður Gap dróst saman um 83 prósent á milli ára.

# Indverjar bora eftir olíu í Afríku

Stjórnvöld á Indlandi hafa hug á að verja sem nemur einum milljarði bandaríkjadala eða rúmum 69 milljörðum íslenskra króna í olíuleit-, vinnslu og námagröft á Fílabeinsströndinni á vesturströnd Afríku á næstu fimm árum.

Með verkefninu mun vera horft til þess að ná í ódýrara eldsneyti úr auðlindum Fílabeinsstrandarinnar til að anna ört vaxandi eftirspurn eftir orkugjöfum á Indlandi.

Amarendra Khatua, sendiherra Indlands á Fílabeinsströndinni, segir Indverja glíma við sama vanda og Kínverjar. Landsmönnum hafi fjölgað mikið í báðum löndunum, efnahagur íbúanna batnað mikið á undanförnum árum og þeir hafi ráðrúm til fjárfestinga. Þá geri þeir miklar kröfur um ódýra og örugga orkugjafa.

Sextíu þúsund tunnur af hráolíu eru framleiddar á Fílabeinsströndinni á degi hverjum en Indverjar horfa til þess að auka framleiðsluna enn frekar og hafa varið sem nemur 832 milljónum íslenskra króna til frekari rannsókna. Þá munu tilraunaboranir vera þegar hafnar úti fyrir ströndum landsins. - jab



**OLÍUBORUN** Indverjar horfa til þess að auka olíuframleiðslu sína með borun á Fílabeinsströndinni.



**SNYRTIVÖRUR FRÁ ESTÉE LAUDER**

# Estée Lauder græðir minna

Bandaríski snyrtivöruframleiðandinn Estée Lauder skilaði minni hagnaði en spáð hafði verið á öðrum ársfjórðungi. Hagnaðurinn nam 49,1 milljón bandaríkjadala, jafnvirði rúmra 3,4 milljarða íslenskra króna, en það er 17,8 milljóna dala minni hagnaður en á sama tíma fyrir ári.

Þrátt fyrir þetta námu tekjur fyrirtækisins 108,8 milljónum dala á tímabilinu og 51 senti á hlut. Það er þremur sentum betur en sérfræðingar höfðu spáð fyrir um.

Stjórnendur snyrtivörufyrirtækisins segja fyrirtækið ætla að einbeita sér að nýjum mörkuðum auk þess að efla vörur sínar á heimamarkaði. Þá hyggst fyrirtækið hagræða í rekstri og er spáð mun betri afkomu á tímabilinu eða um tveimur dölum á hlut. - jab

# *Einkaþjálfarar hugans útskrifast*

Það færist í aukana að íslensk fyrirtæki ráði til sín nokkurs konar einkaþjálfara til að hámarka frammistöðu stjórnenda sinna, fyrirtækinu og þeim sjálfum til hagsbóta. Fer þessi starfsvettvangur vaxandi og æ fleiri sem hafa hug á að veita ráðgjöf með þessari hugmyndafræði.

Nú í vor lauk fyrsti hópurinn námi í svokallaðri ACC Coachþjálfun (Associated Certified Coach) á vegum Leiðtoga ehf. og í ágúst hefur annar hópur nám sitt á þessu sviði. Kennslan fer þannig fram að alltaf eru tveir leiðbeinendur, kona og karl. Matilda Gregersdotter, annar stofnenda Leiðtoga ehf., leiðbeinir á námskeiðinu auk Svíans Domenico La Corte, sem er vottaður coach-þjálfari. Matilda hefur nýverið staðist próf og fengið vottun frá International Coach Federation og hefur því öðlast réttinn á starfstitlinum ACC, Associated Certified Coach.

Að sögn Matildu hefur lítið sem ekkert verið rannsakað á þessu sviði í Evrópu á akademísku stigi. Úr því vildi hún bæta og því sótti hún um og fékk samþykkt doktorsnám við guðfræðideild Háskóla Íslands undir handleiðslu Hauks Inga Jónassonar. Þar leitast hún við að spyrja hvort nota megi markþjálfun sem sálgæsluaðferð til að koma uppbyggjandi gildum kirkjunnar á skilvirkan hátt inn í þjóðfélag og athafnalíf. - hhs



**MATILDA GREGERSDOTTER HJÁ LEIÐTOGA** Stundar doktorsnám við guðfræðideild Háskóla Íslands þar sem hún leitast við að spyrja hvort nota megi markþjálfun sem sálgæsluaðferð.



**ACTAVIS STYRKIR FORVARNAVERKEFNIÐ YOUTH IN EUROPE Í VILNIUS** Svafa Grönfeldt, aðstoðarforstjóri Actavis, og Arturas Zuokas, borgarstjóri Vilnius, handsala hér samning um þátttöku Vilnius í forvarnaverkefni evrópskra borga sem var undirritaður í höfuðstöðvum Actavis á dögunum. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, er verndari verkefnisins og Reykjavíkurborg leiðir samstarfið, en Actavis er aðal styrktaraðilinn. Markmiðið er að rannsaka fíkniefnaneyslu evrópskra ungmenna, bera saman ólíkar forvarnir og virkja stofnanir og almenning til aðgerða gegn fíkniefnavá. Viðstaddir undirritunina voru forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarstjóri í Reykjavík. Á myndinni eru einnig Jónas Tryggvason, framkvæmdastjóri Actavis í Mið- og Austur-Evrópu og Asíu, og vísindamennirnir Þórólfur Þórlindsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir, sem standa að rannsóknunum sem verkefnið byggir á.

Markmál
Þýðingar og skjalagerð
Aðsetur í ReykjavíkurAkademíunni - Hringbraut 121
www.markmal.is - markmal@markmal.is - S: 660 5003

Skrifstofuhúsgögn

Hirzlan
Smiðsbúð 6 Garðabæ Sími 564 5040


STÓRÚTSALA Í ÁGÚST
20-70% AFSLÁTTUR
LÁGT VERÐ
Nýtt kortatímabil
Vínrekki 65x35x85
Verð áður 17.800
Verð nú 14.200
UPPSELT
Bekkur 116x46x80
Verð áður 29.800
Verð nú 23.800
Consola 120x40x80
Verð áður 28.000
Verð nú 23.000
Borð 135x90x80
Verð áður 36.000
Verð nú 28.800
Diskarekki 62x24x76
Verð áður 9.900
Verð nú 7.900
Hilluhengi 70x20x40
Verð áður 5.800
Verð nú 4.600
Skápur á borð eða vegg
71x22x52
Verð áður 9.900
Verð nú 7.900
Veggskápur 50x21x69
Verð áður 13.900
Verð nú 11.000
Kommóða 85x40x96
Verð áður 39.000
Verð nú 31.000
Speglar
3 stærðir
verð frá 2.960.- kr
Glerskápur 49x39x180
Verð áður 39.000
Verð nú 31.000
CD standur 26x20x107
Verð áður 13.000
Verð nú 10.400
Tvöfaldur glerskápur
107x40x184
Verð áður 68.000
Verð nú 54.500
Bókahillur tvær stærðir
64x33x181 og
90x38x185
Verð frá 28.000
Kommóða 60x38x100
Verð áður 34.000
Verð nú 27.000
Hornskápur 67x40x180
Verð áður 33.800
Verð nú 27.000
Kertastjakar frá 1000.- kr
Glerskápur 60x36x182
Verð áður 44.000
Verð nú 35.000
Skatthol 80x48x102
Verð áður 23.000
Verð nú 18.400
Glæsilegt leðursófasett 3+1+1
Kynningarverð 159.000
Fæst einnig í: Versluninni Þórðarhöfða Sauðárkrók, Hólmar húsgagnaverslun á Reyðarfirði, Blómaborg Hveragerði og Draumalandi, Keflavík
1928
VERSLUN • VÖRUHÚS
www.1928.is
Laugavegi 20b • Sími 552 2515 • Auðbrekku 1 • Sími 544 4480
Opnunartími: mán - föst 10-18 og lau 11-16

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**10%** lækkun hlutabréfa í Dagsbrún daginn eftir að félagið sýndi 1,5 milljarða tap á fyrri hluta árs.

**615** milljóna króna hagnaður MP Fjárfestingarbanka á fyrstu sex mánuðum ársins.

**27,6%** hlutur FL Group í Glitni eftir að hafa bætt við sig 3,2 prósenta hlut í vikunni.

## BANKAHÓLFIÐ



### Körfubolta-maðurinn Kári

Kári Stefánsson, forstjóri DeCode, hefur sérstaklega mikinn áhuga á körfuknattleik. Svo mikill er áhuginn að Kári lét setja upp körfuboltavöll í fullri stærð fyrir utan höfuðstöðvarnar í Vatnsmýrinni. Völlurinn er vel sóttur af ungum Vesturbæingum sem kunna vel að meta gestrisni Erfðagreiningar. Sagan segir að nokkrir fílefldir ungir menn hafi verið þar samankomnir í reglulegum bumbubolta þegar út kom jakkafataklæddur maður og sagði: „Því miður strákar ég verð að biðja ykkur um að fara. Það er engin vinnufriður fyrir látunum í ykkur.“ Þegar drengirnir hugðust hafa sig möglunarlaust á brott sagði sá jakkafataklæddi: „Ég var nú bara að grínast í ykkur strákar. Auðvitað megið þið spila, það er bara ósanngjarnt að ég þurfi að vinna á meðan.“ Síðan tók sá jakkafataklæddi upp boltann, skaut honum beinustu leið í körfuna og hélt áfram að vinna. Sá í jakkafötunum var vitaskuld Kári Stefánsson.

### Norrænt samráð

Danskur sparisjóður hefur ákveðið lána viðskiptavinum sínum fé til kaupa á íslensku krónunni og ganga viðskiptin út á það að krónan styrkist á næstu þrjátíu mánuðum. Þetta merkir líklega að danski bankinn meti það svo að krónan styrkist gagnvart dönsku krónunni. Væri þetta ekki gráupplagt tækifæri fyrir íslenska banka og sparisjóði að taka þátt í þessum glæfraleik með því að lána kúnnum til að veðja á veikingu dönsku krónunnar?

### Áhrif á hagkerfi

Átökin milli Ísraela og Hizbollah hafa haft gríðarleg áhrif á efnahagskerfi Líbanons. Miklar fasteignahækkanir hafa orðið í Beirút á liðnum árum en nú eru heilu borgarhverfin rústir einar.

Borgin er fjármálamiðstöð og þangað hafa arabískir peningar streymt. Ófriðurinn hafði einna mest áhrif á ört vaxandi ferðamannaiðnað í Líbanon og kom á versta tíma sem hugsast gat.

Þótt Ísraelar finni minna fyrir eyðileggingunni þá er ljóst að spár um fimm prósenta hagvöxt í Ísrael á þessu ári eru foknar út í hafsauga en mun minna verður um fjárfestingu útlendinga en væntingar stóðu til. Ísraelar hafa byggt upp öflugan hátækniiðnað með aðstoð erlends fjármagns og hefur hafnarborgin Haifa, sem varð verst úti í flugskeytaárásum Hizbollah, gegnt mikilvægu hlutverki í þessari uppbyggingu.





TVEIR FYRIR EINN

Í TILEFNI AF 35 ÁRA AFMÆLI NISSAN Á ÍSLANDI BÝÐUR INGVAR HELGASON NÚ ALGERLEGA EINSTAKT REKSTRARLEIGUTILBOÐ*

Þú tekur Nissan Pathfinder og Nissan Micra á rekstrarleigu og greiðir sömu upphæð fyrir báða bílana og fyrir rekstrarleigu á einum Toyota Land Cruiser, eða **99.800 kr. á mánuði****

Nissan Pathfinder er lipur blanda af kraftmiklum fjórhjóladrifnum jeppa og rúmgóðum fólksbíl og hann er að mati bílablaðamanna sambærilegur Toyota Land Cruiser.

***Dæmi um rekstrarleigu:***
Nissan Pathfinder SE sjálfskiptur **75.300 kr.** á mánuði m/vsk.
Nissan Micra beinskipt **24.500 kr.** á mánuði m/vsk.
Nissan Patrol Elegance **80.757 kr.** á mánuði m/vsk.

*Innifalið í rekstrarleigu er smur- og þjónustueftirlit skv. þjónustubók.
Rekstrarleiga getur tekið gengisbreytingum myntkörfu fjármögnunarfyrirtækis.
Leiga miðast við 39 mán. og 65 þús. km.

**www.toyota.is

ÞÚ FÆRÐ MEIRA FYRIR MINNA MEÐ NISSAN

ENNEMM / SÍA / NM23012

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn um land allt | Akranesi 431 1376 | Akureyri 464 7940 | Höfn í Hornafirði 478 1990 | Njarðvík 421 8808 | Reyðarfirði 474 1453



E*TRADE®

120 1886 2006

„Ég hef alltaf verið keppnismaður“

Þess vegna hef ég aðgang að E*TRADE. Með þátttöku á E*TRADE í gegnum Landsbankann býðst einstaklingum möguleiki á að nýta sér beint og milliliðalaust áhugaverð fjárfestingartækifæri. Á E*TRADE getur þú keypt og selt hlutabréf í Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Bandaríkjunum. E*TRADE er einfalt í notkun, í boði eru ókeypis námskeið og allt viðmót er á íslensku.

Ert þú á E*TRADE?

Kynntu þér málið á landsbanki.is eða hringdu í síma 410 4000.



Landsbankinn
Banki allra landsmanna í 120 ár

**Hefur þú áhuga á fötum?**
**Ef svo er þá erum við að leita að jákvæðum og hressum einstaklingum í hópinn okkar, miklir tekjumöguleikar. Þjálfun, fræðsla og stuðningur fyrir réttan aðila. Engin áhætta eða útlagður kostnaður.**
**Skoðaðu www.clamal.is og hafðu svo samband við Sylvíu í síma 565 3900 eða 660 7401**

**Cafe Bleu.**
**Óskum eftir þjónum í dagvinnu frá mánud- föstudags. Góð laun í boði. Ekki yngri en 18.**
**Uppl. gefa Jón í s. 690 1074 og Signý í s. 695 0786 eða á staðnum. Café Bleu Kringlunni. S. 588 0300.**

Lagermaður óskast Límtré Vírnet ehf. Gylfaflöt 9 Reykjavík óskar eftir starfsmanni til lagerstarfa og útkeyrslu. Nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri Reynir Guðmundsson í síma 530 6073 & 893 1426 þá er hægt að nálgast umsóknir á www.limtrevirnet.is.

**Kaffihús, Bakarí**
**Bakarameistarinn, Húsgagnahöllinni, Smáratorgi, Austurveri, Suðurveri, Glæsibæ og Mjódd óskar eftir afgreiðslufólki. Vinnutími 10-19 og 13-19. Góð laun í boði.**
**Uppl. í s. 897 5470 til kl.17.00 einnig umsókareyðublöð www.bakarameistarinn.is.**

**Herrafataverslun Birgis.**
**Óskar eftir 2 starfsmönnum til lengri tíma. Þurfa að geta hafið störf strax.**
**Upplýsingar á staðnum. Herrafataverslun Birgis Fákafen 11.**

**Starf í tískuvöruverslun**
**Starfsfólk óskast í tískuvöruverslun.**
**Uppl í s. 820 1299.**

**Aðföng**
**Aðföng vöruhús Haga óska eftir starfsfólki. Leitað er að duglegum og áreiðanlegum einstaklingum sem eru eldri en 18 ára og vilja framtíðarstarf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki.**
**Umsóknareyðublöð má fá í móttöku Aðfanga að Skútuvogi 7, 104 Reykjavík. Einnig er hægt að sækja um á www.adfong.is. Upplýsingar er hægt að fá í síma 693 5602.**

**Afgreiðslustörf**
**Óskum eftir að ráða ungt fólk til afgreiðslustarfa í fullt starf, einnig vantar helgarstarfsfólk.**
**Umsóknir liggja frammi í afgreiðslu.**
**Gallabuxnabúðin, Kringlunni.**

**Hressingarskálinn Austurstræti**
**Langar þig til að vinna á skemmtilegum vinnustað þar sem gott viðmót skiptir máli. Vantar starfsfólk við þjónustu í sal bæði í fullt starf og hlutastarf. Einnig vantar fólk í glasatínslu og uppvask.**
**Upplýsingar á staðnum eða sendið upplýsingar á valdi@hresso.is**

**Leikskólinn 101 Bræðraborgarstíg 1**
**sem er lítill einkarekinn leikskóli óskar eftir leikskólakennara eða áhugasömum starfsmanni í 100% starf.**
**Upplýsingar gefur Hulda í s. 562 5101.**

**Kjúklingastaðurinn Suðurveri**
**Vaktstjóra og starfsfólk óskast í vaktavinnu. Einnig vantar fólk í hlutastörf. Íslensku kunnátta æskileg. Ekki yngri enn 18 ára.**
**Upplýsingar í síma 553 8890.**

**Veitingahús**
**Starfsfólk óskast á veitingastað í kvöld og helgarvinnu.**
**Upplýsingar í síma 897 4433.**

**Íslandspóstur**
**Íslandspóstur óskar eftir starfsfólki í Bréfadeild Póstmiðstöðvar. Um er að ræða fullt starf eða hlutastarf sem hentar mjög vel með skóla.**
**Upplýsingar gefur Helga í síma: 580-1230, umsóknir er hægt að senda á netfangið helgabo@postur.is**
**Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Íslandspóst, www.postur.is**

**Hellulist ehf**
**Getum bætt við okkur tveim mönnum í hellulagnir. Heimkeyrsla.**
**Uppl. gefur Gísli í s. 698 5222.**

**Jarðkraftur ehf - Starfsmenn óskast**
**óskum eftir vönum starfsmönnum í almenna jarðvinnu. Einnig óskum við eftir vélamönnum og bílstjórum til starfa. Næg vinna framundan.**
**Upplýsingar í síma Karel 892 7673 & Þórarinn 868 4043 eða á jardkraftur@simnet.is**

**Kaffi Sólon**
**Kaffi Sólon óskar eftir starfsfólki í eldhús og til þjónustustarfa. Fastar vaktir og aukavaktir í boði.**
**Frekari upplýsingar á Kaffi Sólon. Einnig er hægt að senda umsóknir á solon@solon.is**
**Kaffi Sólon - Bankastræti 7a - 101 Reykjavík**

**Bílstóri/Útkeyrsla**
**Óska eftir bílastjóra hjá Bakarameistarnum. Þarf að geta byrjað sem fyrst. Aðeins reglusamur einstaklingur kemur til greina. Ekki yngri en 20 ára. Vinnutími er frá kl 06.00 - 14.00 virka daga og 3 hverja helgi**
**Uppl. gefur Óttar Sveinsson framleiðslustjóri í síma 864 7733**

**Leikfangaverslun**
Starfsmann vantar í leikfangaverslun. Fullt starf. Uppl. í s. 865 8289 á milli kl. 9 og 16.

**Lagerstarf**
**Vífilfell óskar eftir að ráða starfsmann á lager fyrirtækisins Stuðlahálsi. Æskilegt er að viðkomandi hafi lyftarapróf ( ekki skilyrði).**
**Umsóknareyðublöð liggja frammi í afgreiðslunni Stuðlahálsi 1. Nánari upplýsingar í síma 525 2500**

**Skemmtileg og lærdómsrík störf!**
Svæðisskrifstofa Reykjaness leitar að starfsfólki. Ýmsar starfsprósentur. Uppl. í síma 525 0900 og á www.smfr.is

Europris, Starfsfólk óskast, uppl. sima 511 3322 og 533 3360, Europris

Ísl hjón á Englandi óska e barngóðri stúlku, eldri en 18, t a gæta 8 mán drengs. Uppl. lapsurg@blueyonder.co.uk

Nornabúðin. Dugleg kona eða karl óskast í afgreiðslu, þrif og snúninga. Áhugafólk, sendið tölvupóst á nornabudin@nornabudin.is

Aðstoðamanneskja óskast á hársnyrtistofu. Aldur eða menntun engin fyrirstaða. Áhugasamir hringi í síma 697 3512.

**Bakaríið Kornið**
Afgreiðslufólk óskast. Vinnutími frá 13-18. Hentar fólki á öllum aldri. Góð laun í boði. Upplýsingar í síma 864 1585, Dagbjartur eða á kornid.is

**Kaffi Hafnarborg**
auglýsir eftir vönum pizzabakara og fólki í sal. Áhugasamir hafi samband við Guðfinnu í s. 534 2100.

**Bráðvantar starfsmann**
Handlaginn mann vantar til starfa við húsaviðgerðir o.fl. Góð laun fyrir réttan aðila. S. 616 1569.

Lítið hótel í Reykjavík leitar eftir næturverði frá 01. sept. Hentar vel með skóla. Vinsamlegast sendið umsókn ásamt feriskrá til alfa@hotelvik.is.

Kaffibrennslan Pósthússtræti 9 óskar eftir yfirkokk sem getur hafið störf sem fyrst. Einnig vantar okkur starfsfólk í sal. Hótel Valhöll Þingvöllum óskar eftir starfsfólki sem fyrst. Góð laun í boði fyrir gott fólk. Umsóknir eru á kaffibrennslunni eða sara@brennslan.is.

**Gröfumaður**
óskum eftir að ráða vélamann á beltagröfu til vinnu á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í s. 892 8626.

Verkamann vantar í sandblástur og málningarvinnu. Verður að geta byrjað sem fyrst. Góð laun. Uppl 587 7177 Hermann.

**Járnsmíði**
Óskum eftir mönnum vönum járnsmíði og aðstoðarmönnum. Upplýsingar í síma 692 8041.

Óska eftir að ráða vana menn í ýmis konar útivinnu, s.s hellulagnir, þökulagnir ofl. Uppl. í s. 893 3504, Gísli.

Óska eftir starfskrafti við heimilisþrif tvisvar í mánuði, meðmæli æskileg. Uppl. í s. 557 5552.

Vantar starfsmann í frystihús hjá Þorbjörn hf, í Grindavík. Uppl. í s. 420 4419 & 895 6272.

Góður og duglegur starfskraftur óskast í skólamötuneyti að afgreiða nemendur. Vinnutími 8-16, góð laun í boði. Uppl. í s. 691 5976 e. kl. 13.

**Atvinna atvinna!!**
Duglegt starfsfólk vantar á kassa. Fullt starf í boði. Upplýsingar gefa Ívar Skeifunni 13 eða í síma 820 8003, Eyþór Smáratorgi 1 eða í síma 820 8004, Rúmfatalagerinn.

**Atvinna atvinna!!**
Lagermenn óskast til starfa sem fyrst. Góð laun í boði fyrir duglegt fólk Upplýsingar gefur Örn í síma 820-8006 eða á staðnum Smiðjuvegi 3 Rúmfatalagerinn.

**Atvinna atvinna!!**
Sölumenn í húsgögnum óskast til starfa sem fyrst. Góð laun í boði fyrir duglegt fólk. Upplýsingar gefur Ómar í síma 820-8015 eða á staðnum Smáratorgi 1 Rúmfatalagerinn.

Gólfþjónusta Íslands ehf. leitar að ábyrgum og heiðarlegum starfmanni með hreint sakarvottorð í fullt starf. Starfið felur í sér viðhaldsvinnu á bónuðum gólfum í fyrirtækjum. Viðkomandi þarf að vera eldri en 25 ára og geta hafið störf sem fyrst. Áhugasamir sendið tölvupóst á info@golfthjonusta.is eða hafa samband í síma 544 4024.

**Bakarí - kaffihús, Skipholti**
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa. Vinnutími virka daga frá 12-18.30 og annan hvorn laugardag. Ekki yngri en 25 ára. Helst reyklaus. Uppl. í s. 820 7370.

Vélavörður óskast á Hrungni GK-50 Upplýsingar í síma 852 2350.

Björnsbakari-vesturbæ óskar eftir að ráða starfskraft til afgreiðslustarfa. vinnutími er frá kl 07-13/13-18.30. einnig er unnið aðra hverja helgi. áhugasamir hafi samband við Sigríði í síma 699-5423 eða á netfangið: bjornsbakari@bjornsbakari.is

## Atvinna óskast

**Af hverju að auglýsa þegar að við getum fundið rétta fólkið fyrir þig ?**
**Traust fyrirtæki með reyndum, færum og áreiðanlegum steypumönnum, smiðum, járnbindingarmönnum, kranamönnum, rafvirkjum, færir verkamenn**

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í flestar starfsgreinar. Uppl. í síma 864 7887.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

## Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

Bingó í kvöld, allir velkomnir. Vinabær.

## Leikir

Bingó í kvöld kl. 19:15. Vinabær, Skipholti 33.

## Einkamál
















**Símaspjall 908 2444.**
Símaspjall 908 2444. Ég er spennandi, ég er Klara. Ásamt fleiri stelpum sem langar að vera vinkona þín í kvöld. Opið allan sólahringinn.

Langar þig í spennandi símaleik? Eða ljúft símaspjall? Dömurnar á Rauða Torginu eru fjölbreyttur hópur yndislegra kvenna. Hver verður vinkona þín í kvöld? Símar 908-6000 (símatorg, kr. 299,90 mín) og 535 9999 (Visa, Mastercard, kr. 199,90 mín).

Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Hafðu samband í síma 869 6914.






**Er fasteignin þín ekki í mest lesna fasteignablaðinu?**
Þegar hægist um á fasteignamarkaði er mikilvægara en nokkru sinni að auglýsa á besta staðnum. **Samkvæmt nýjustu könnun Gallup* lesa 40% fleiri Íslendingar á aldrinum 25–49 ára Allt-fasteignir en Fasteignablað Morgunblaðsins.** Vertu viss um að eignin þín nái athygli sem flestra!

*Samkvæmt könnun Gallup, maí 2006

FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

## VEITINGAHÚSIÐ VIÐ TJÖRNINA

óskar eftir vönu afleysingarfólki í eftirtalin störf:
Matreiðslumann, aðstoð í eldhúsi, uppvask og aðstoð í sal.

Upplýsingar í síma 551-8666

# Smiðir

## Kraftafl ehf auglýsir

**Erum með vana smiði sem óska eftir mikilli vinnu.**
**Upplýsingar í síma 891 8667**

## Starfsmaður á lukkuhjól



**Fyrirtækið:**
Atlantsolía var stofnað á vormánuðum 2002 og hóf að selja bensín til almennings 8. janúar 2004. Fyrirtækið rekur 8 bensínstöðvar ásamt því að veita verktökum og skipaútgerðum eldsneytisþjónustu. Hjá fyrirtækinu starfa 16 manns. Atlantsolía er eina íslenska olíufyrirtækið sem býður upp á Dælulykla.

**Starfslýsing**
- Atlantsolía leitar að starfskrafti til að sjá um lukkuhjól fyrirtækisins í Kringlunni eða Smáralind.
- Skemmtilegt starf í lifandi umhverfi þar sem verið er að taka á móti umsóknum fyrir Dælulykla.
- Vinnutími frá 12 til 18.30. Hentugt með annarri vinnu.

**Æskilegir eiginleikar:**
Við leitum að kröftugum, stundvísum og nákvæmum aðila sem er reiðubúinn að taka þátt í uppbyggingu á nýju og ört vaxandi fyrirtæki.

**Umsóknir sendist á Huga Hreiðarsson, hugi@atlantsolia.is, nánari upplýsingar í síma 591-3132 eða 825-3132.**

piper / SÍA / 0440

ATLANTSOLIA

Atlantsolía - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur - Sími 591-3100 - atlantsolia@atlantsolia.is

oddi

## Háseti óskast

Háseti óskast á línuskipið Núp BA 69 sem gert er út frá Patreksfirði. Skipið fer á veiðar í lok ágúst. Upplýsingar í síma 862 5767 eða 869 8681. Núpur BA 69 er gerður út af Odda hf. og hefur skipið góðar aflaheimildir.

**Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar**
## Öldutúnsskóli

Sérkennara og skólaliða vantar nú þegar við Öldutúnsskóla.

Allar upplýsingar veitir skólastjóri,
Erla Guðjónsdóttir í síma 555 1546/664 5896
herla@oldutunsskoli.is.
Umsóknarfrestur er 30. ágúst.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í **síma 585 5500** og á heimasíðunni **www.hafnarfjordur.is**

# Rekstrar- og sölustjóri

Pitstop leitar að rekstrar- og sölustjóra fyrir verkstæði Pitstop í Hafnarfirði. Við erum að leita að kraftmiklum og hugmyndaríkum starfsmanni, einstaklingi sem á auðvelt með mannleg samskipti og hefur þekkingu og áhuga á bílum og tengdum hlutum.

*Upplýsingar veitir Sigurður Ævarsson í síma 568 2020 eða 898 3031*



Pitsop kappkostar að vera ætíð með á boðstólum gæðavöru á góðu verði. Vöruúrvalið er borið uppi af framleiðsluvörum frá Michelin fyrirtækinu en það eru vörumerkin Michelin, BFGoodrich og Kleber. Auk þessa selur Pitstop dekk frá fleiri framleiðendum, dekk í öllum verðflokkum undir fólksbíla, jeppa, sendibíla, vörubíla og önnur farartæki.

*– þjónusta í fyrirrúmi.*

pitstop

Dugguvogi 10 (v/Sæbraut) • 104 R.vík • S: 568 2020
og Hjallahrauni 4 • 220 H.fj • Sími 565 2121

*Vörumerki sem framleidd eru af Michelin – þekktasta og virtasta dekkjaframleiðanda í heimi*

MICHELIN BFGoodrich Kleber

# Íbúð óskast til leigu

Norðurál óskar eftir snyrtilegri og vandaðri 3 - 4 herbergja íbúð til leigu miðsvæðis í Reykjavík (t.d. í Skuggahverfi). Æskilegt er að skemmtilegt úsýni sé úr íbúðinni og að hún sé laus sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir Rakel Heiðmarsdóttir, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs.
Sími 430 1000, rakel@norðural.is

NORÐURÁL
Century ALUMINUM

Grundartanga • 301 Akranesi • Sími 430 1000 • Fax 430 1001 • nordural@nordural.is • www.nordural.is

# Aðstoðarverslunarstjóri



## Domino's Pizza óskar eftir aðstoðarverslunarstjóra

**Í starf aðstoðarverslunarstjóra er leitað að manneskju sem býr yfir reynslu af sambærilegum störfum. Hér er um að ræða gott tækifæri fyrir fólk með metnað. Aðstoðarverslunarstjóri er þjálfaður með það að markmiði að hann verði síðar verslunarstjóri.**

**Góð laun eru í boði.**

**Nánari upplýsingar veitir Guðbjörg Erna Guðmundsdóttir starfsmannastjóri í síma 585 0800. Umsóknir sendist á gubjorg@dominos.is. Umsóknarfrestur er til 28. ágúst.**

01 - 9041

Hjá Domino's Pizza starfar kraftmikill hópur starfsmanna með ólíkan bakgrunn. Alls vinna 330 manns hjá fyrirtækinu í 16 deildum. Domino's Pizza gerir miklar kröfur til sinna starfsmanna og sér til þess að þeir hljóti viðeigandi þjálfun. Innan fyrirtækisins er öflugt félagslíf og áhersla lögð á góðan starfsanda.

Domino's Pizza
www.dominos.is

## VISSIR ÞÚ ...

... að hver manneskja borðar á ævinni jafn mikinn mat og samsvarar þyngd sex fullorðinna fíla?

... að fyrsta matreiðslubókin sem vitað er um var gefin út á fjórðu öld fyrir krist. Það var gríska skáldið Archestratus frá Gela sem setti saman nokkur hundruð uppskriftir í bundnu máli?

... að heimsendar pítsur þekktust á Ítalíu á 19. öld?

... að fyrsti pítustaðurinn í Bandaríkjunum var opnaður í New York árið 1895?

... að kaffi kólnar hraðar ef rjóminn er settur út í síðast?

... að til þess að búa til tvo bolla af kaffi þarf baunir af tveimur kaffitrjám?

... að kaffi var fyrst notað sem meðal?

... að á Indlandi er mjólk seld í frosnum kubbum?

... að á vissum stöðum í Tíbet, Mongólíu og Kína er te drukkið með salti en ekki sykri?

... að hver Bandaríkjamaður borðar þrjátíu og fimm þúsund smákökur á ævinni?

... að sykur var eitt sinn svo sjaldséður í Evrópu að hann þótti jafn verðmætur og gimsteinar? Sykur þótti til að mynda góð brúðargjöf fyrir kóngafólk.

... að á 14. öld var sykur notaður sem meðal?

... að kartöflur eru hvorki grænmeti né ávextir?

... að í Mið-Ameríku á 18. öld máttu aðeins þeir sem höfðu náð 60 ára aldri drekka súkkulaði?

... að það eru til um það bil 500 mismunandi tegundir af banönum?

... að spagettí er kínverskur réttur? Kínverjar borðuðu spagettí mörg þúsund árum áður en Ítalir fóru að búa það til?

# TOPP5: KEANU REEVES



Keanu Reeves býr kannski ekki yfir sömu leikhæfileikum og Robert de Niro eða Al Pacino en hann hefur svo sannarlega haft heppnina með sér svo ekki sé nú talað um útlitið. Reeves varð fyrst þekktur fyrir leik sinn sem aulabárðurinn Ted í Bill´s and Ted´s Excellent Adventure (1989) en vann sig smám saman upp í alvarlegri hlutverk með myndum eins og Point Break (1991), Much Ado about Nothing (1993) og Speed (1994). Hér eru þær fimm bestu á ferlinum.

**1.** My Own Private Idaho (1991). Líf hórdrengja er meginviðfangsefni kvikmyndar Gus van Sant, sem byggir að hluta á verki Williams Shakespeare Hinrik V. Vel unnin mynd og einkar eftirminnileg vegna þátttöku Rivers Phoenix sem lést ungur að aldri úr eiturlyfjaneyslu nokkrum árum síðar.

**2.** Dangerous Liaisons (1988). Reeves leikur ungan tónlistarkennara sem verður peð í valdatafli siðlauss aðalsfólks á 18. öld. Búningadrama eins og það gerist best þar sem leikstjórinn Stephen Frears nær því besta úr leikarahópnum, með Glenn Close og John Malkovich í fararbroddi.

**3.** Matrix (1999). Veruleikinn eins og við þekkjum hann byggir á tálsýnum véla, sem hafa náð yfirráðum í heiminum. Reeves í feiknaformi í vísindaskáldskap með biblíulegum stefjum sem gat af sér tvær (og að sumra mati langdregnar) framhaldsmyndir.

**4.** Sweet November (2001). Mynd um dauðvona konu sem fær sér nýja elskhuga í hverjum mánuði þar til hún fær ör í hjartastað. Sumum þykir myndin keyra um þverbak í væmni, en hér er hún tekin fram yfir vinsælar myndir á borð við Speed vegna sannfærandi samleiks Reeves og Charlize Theron.

**5.** Bram Stoker´s Dracula (1992). Sagan um greifann blóðþyrsta, sem er eftirminnilega túlkaður af Gary Oldman, sett fram sem ódauðleg ástarsaga með hæfilegu magni af blóðsúthellingum. Reeves leikur Johnatan Harker sem reynir að bjarga unnustu sinni frá blóðsugunni og illþýði hennar.


allt heimili
Alla fimmtudaga

MARKAÐURINN
Sögurnar, tölurnar, fólkið.
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

AUGLÝSINGASÍMI 550 5000



SMÁRALIND SÍMI 545 1550 GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 KRINGLUNNI SÍMI 545 1580
ÚTILÍF



**KAFFIBAUNIR** Heimsmarkaðsverð á kaffibaunum hefur hækkað um 35 til 50 prósent síðastliðna tólf mánuði vegna uppskerubrests í helstu útflutningslöndum.

# Kaffibaunir aldrei verið dýrari en nú

Heimsmarkaðsverð á kaffibaunum hefur hækkað mikið það sem af er ári vegna úrhellis í Asíu og þurrka í Suður-Ameríku sem spillt hefur kaffibaunauppskeru í helstu útflutningslöndunum og er svo komið að verðið hefur ekki verið hærra í sjö ár.

Vegna áhrifa veðurfars á kaffibaunauppskeru hafa birgðir af kaffibaunum minnkað á helstu mörkuðum og er útlit fyrir frekari hækkanir á næsta ári vegna uppskerubrests á Indlandi.

Verð á grófmöluðu og þurrkuðum kaffibaunum, sem notaðar eru í skyndikaffi, og fer á markað í næsta mánuði, hefur hækkað um 50 prósent á síðastliðnum tólf mánuðum og kostar tonnið nú um stundir 882 pund, jafnvirði 117.500 króna.

Þá hefur verð á fínmöluðum kaffibaunum hækkað um 35 prósent á sama tímabili aðallega vegna þurrka í Brasilíu, sem hefur um 65 prósenta markaðshlutdeild á kaffibaunamarkaðnum.

Verðhækkanir á kaffibaunum hafa ekki skilað sér út í verðlag á unnu kaffi en Alþjóðasamtök um kaffiframleiðslu (ICO) sem hefur aðsetur í Lundúnum í Bretlandi, segir kaffiskortinn tímabundinn og býst við lítilsháttar verðhækkunum til neytenda á næstunni. - jab







RIVER PHOENIX
FÆDDIST ÞENNAN DAG 1970

*„Ég vil ekki deyja í bílslysi. Dagurinn sem ég dey verður stórkostlegur.“*

**Glæstur leikferill Rivers Phoenix fékk sviplegan endi þegar hann lést af ofneyslu eiturlyfja.**



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST 23. ÁGÚST 1926

# *Elskhuginn mikli fellur frá*

Rudolph Valentino, eitt helsta kyntákn þöglu myndanna, lést á þessum degi árið1926. Leikarinn var aðeins 31 árs þegar blæðandi magasár dró hann til dauða. Valentino var flestum harmdauði og það bárust fréttir af ófáum sjálfsmorðstilraunum harmi sleginna aðdáenda hans og ástkona hans, pólska leikkonan Pola Negir, var sögð óhuggandi.



Aðdáendur hans hópuðust saman í tugum þúsunda og vottuðu honum virðingu sína við kistulagninguna í New York. Þá komu 100.000 syrgjendur saman fyrir utan kirkjuna þar sem minningarathöfn var haldin um hann en jarðneskar leifar hans voru síðan sendar með lest til Hollywood þar sem hann var borinn til grafar.

Valentino tókst á stuttum leikferli að festa sig í sessi sem meiri háttar kyntákn og var alla jafna kallaður „elskhuginn mikli“. Hann fæddist í Castellaneta á Ítalíu árið 1895 og fluttist til Bandaríkjanna árið 1913. Þar vann hann fyrir sér sem garðyrkjumaður, uppvaskari, þjónn og fylgdarsveinn þangað til hann fór til Hollywood. Árið 1917 brá honum fyrir í danshlutverki í myndinni Alimony. Í kjölfarið fylgdu nokkur smáhlutverk og hann varð eftirsóttur í hlutverk illmenna þar til stóra tækifærið kom árið 1921 þegar hann landaði aðalhlutverkinu í Four Horsemen of the Apocalypse. Þar dansaði hann tangó í eftirminnilegu atriði sem bræddi fjölmörg kvenhjörtu um víða veröld og gerði hann að stórstjörnu. Vinsældir hans jukust svo jafnt og þétt með ástarsögunum The Sheik, Blood and Sand og The Eagle.

## MERKISATBURÐIR

**1821** Mexíkó fær sjálfstæði frá Spáni.

**1921** Faisal I er krýndur konungur Íraks.

**1954** Steinkista Páls Jónssonar biskups finnst við uppgröft í Skálholti en Páll lést árið 1211.

**1967** Danska knattspyrnulandsliðið vinnur það íslenska með fjórtán mörkum gegn tveimur í Kaupmannahöfn.

**1990** Armenía lýsir yfir sjálfstæði frá Sovétríkjunum.

**1990** Vestur- og Austur-Þýskaland tilkynna að ríkin verði sameinuð 3. október.

**1992** Fellibylurinn Andrew kemur til Suður-Flórída.

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn og bróðir, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

### Halldór Jón Kristinsson

sem lést að dvalarheimilinu Hornbrekku Ólafsfirði, mánudaginn 14. ágúst, verður jarðsunginn frá Ólafsfjarðarkirkju föstudaginn 25. ágúst kl. 14. Þeir sem vilja minnast hans vinsamlega látið dvalarheimilið Hornbrekku njóta þess.

**Hulda Helgadóttir**
**Sigríður Kristinsdóttir**
**Anna Halldórsdóttir** — **Svanberg Þórðarson**
**Bragi Halldórsson** — **Auðbjörg Eggertsdóttir**
**Gunnar Halldórsson** — **Sigurlaug Anna Sigtryggsdóttir**
**Svanfríður Halldórsdóttir** — **Gunnar L. Jóhannsson**
**Jón Halldórsson** — **Guðlaug Skúladóttir**
**og afabörnin.**

---



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

### Sigurður Sigurðsson

Hátúni 12, Reykjavík, fyrrverandi bóndi og sjómaður frá Hamraendum, Stafholtstungum, Mýrasýslu,

er látinn. Jarðarförin auglýst síðar.

**Sigrún Sigurðardóttir**
**Jóhann Sigurðarson** — **Guðrún Sesselja Arnardóttir**
**Ólöf Sigurðardóttir** — **Stígur Snæsson**
**Þorsteinn Gauti Sigurðsson** — **Halldóra Björk Friðjónsdóttir**
**afabörn, langafabarn og aðrir aðstandendur.**

---



†

*Faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,*

### Björn Bjarnason

Hellisgötu 25,

lést föstudaginn 4. ágúst á Sólvangi í Hafnarfirði. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Björn Björnsson** — **Guðrún Þóra Sigurðardóttir**
**Stefán Björgvin Björnsson**
**Bjarni Gunnar Björnsson** — **Guðrún Þórdís Ingólfsdóttir**
**Hólmfríður Steinunn Björnsdóttir** — **Jose Antonio Rodriguez Gonzalez**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---




Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér til hliðar má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

---

HLYNUR SIGURÐSSON: NÝR FRAMKVÆMDASTJÓRI FRÍHAFNARINNAR EHF.

# Með 150 manns í starfi

Hlynur Sigurðsson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Fríhafnarinnar ehf. og tekur við starfinu þann fyrsta september næstkomandi.

Hlynur lauk meistaraprófi í rekstrarverkfræði frá Háskólanum í Álaborg árið 2002 og segir hann að námið þar hafi nýst sér mjög vel hér á landi. Hann hóf störf sem innkaupastjóri Fríhafnarinnar árið 2003 þar sem hann hefur verið allar götur síðan.

„Þetta leggst mjög vel í mig,“ segir Hlynur og viðurkennir að nýja starfið sé ansi umfangsmikið. „Við erum með 150 manns í starfi og það þarf að halda utan um það og sömuleiðis söluna. Svo er annað sem er á þessum framkvæmdatímum, en það breytingarnar á búðunum sem mun taka töluverðan tíma frá öðru,“ segir hann og á þar við stækkun brottfararverslunarinnar og breytingu og flutning komuverslunarinnar.



**HLYNUR SIGURÐSSON** Hlynur hefur störf sem framkvæmdastjóri Fríhafnarinnar þann fyrsta september næstkomandi. MYND/ELLERT GRÉTARSSON

Hvað varðar áhugamál nefnir Hlynur golfið til sögunnar. „Það er að verða áhugamál þó svo að tíminn sé vandamálið. Vinnan hefur fyrst og fremst verið í forgrunni undanfarin þrjú ár.“ Vonast hann til þess að golfið eigi eftir að koma sterkt inn á næstu árum.

Auk þess að starfa sem innkaupastjóri hjá Fríhöfninni hefur Hlynur hefur starfað undanfarin tvö ár sem afleysingakennari í stjórnun og rekstri fyrirtækja við Meistaraskólann í Reykjavík. Mun hann láta af því starfi fyrir þessa önn og einbeita sér að nýju framkvæmdastjórastöðunni.

Hlynur, sem er 33 ára að aldri og býr í Hafnarfirði, er ættaður úr Hörgárdal fyrir norðan Akureyri. Hann er kvæntur Helgu Völu Gunnarsdóttur félagsfræðingi og eiga þau þrjú börn.

Sturla Eðvarðsson, sem verið hefur framkvæmdastjóri Fríhafnarinnar undanfarin fjögur ár, hefur ráðið sig til starfa sem framkvæmdastjóri Samkaupa.

**freyr@frettabladid.is**

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

### Ólöf Jónasdóttir

frá Magnússkógum,

lést á dvalarheimilinu Silfurtúni, Búðardal, aðfaranótt laugardagsins 19. ágúst. Útförin fer fram frá Hvammskirkju í Dölum laugardaginn 26. ágúst kl. 14.

**Ingibjörg Guðmundsdóttir** — **Magnús Pálsson**
**Jónas Guðmundsson** — **Sigurbjörg Jónsdóttir**
**Guðbjörn Guðmundsson** — **Jóhanna B. Jóhannsdóttir**
**Jensína Guðmundsdóttir** — **Andrés P. Jónsson**
**Guðrún Guðmundsdóttir** — **Helgi Þorvaldsson**
**barnabörn og fjölskyldur.**

---

## AFMÆLI

**Magnús Leopoldsson** fasteignasali er 60 ára.



**Úlfar Eysteinsson** matreiðslumeistari er 59 ára.






## ÚTFARIR

**14.00 Guðlaug Sjöfn Hannesdóttir**, Hrafnkelsstöðum, verður jarðsungin frá Hrunakirkju.

**14.00 Logi Sigurðsson**, Sólbrekku 2, Húsavík, verður jarðsunginn frá Húsavíkurkirkju.

**15.00 Gertrud M. Sigurjónsdóttir**, húsmóðir, Krókahrauni 12, verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju.

---



†

*Okkar bestu þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

### Friðbjörns H. Guðmundssonar

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki 11E á Landspítalanum v. Hringbraut fyrir alúðlega umönnun og einstaka góðvild. Einnig þökkum við sr. Karli V. Matthíassyni og tónlistarfólki kærlega fyrir vel unnin störf.

**Kristín G. Friðbjörnsdóttir** — **Grétar Örn Magnússon**
**Þorvarður Friðbjörnsson** — **Ragnhildur Sigurðardóttir**
**Guðmundur Friðbjörnsson** — **Anna Margrét Kristjánsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**

---

†

*Elskuleg móðir okkar, amma, langamma og langalangamma,*

### Regína Sveinbjarnardóttir

frá Skálabrekku í Þingvallasveit,

lést á Hrafnistu í Reykjavík að morgni 21. ágúst.

**Guðrún Þóra Guðmannsdóttir**
**Hörður Guðmannsson**
**Óskar Arnar Hilmarsson** — **Guðlaug Christensen**
**Guðmann Reynir Hilmarsson** — **Hrönn Ægisdóttir**
**Guðmann Ólafsson** — **Kristjana Knudsen**
**Jón Ólafur Ólafsson**
**langömmubörn og langalangömmubörn.**


KF FOLALDASTEIK
Frampartur úr frystinum
EKKERT BRUÐL
FOLALDASTEIK/FRAMPARTUR
299 KR. kg
MERKT VERÐ 499KR.
40% afsláttur við kassann
ÚRBEINAÐAR SVÍNAKÓTELETTUR
hunangsmarineraðar og létttreyktar
30% afsláttur við kassann
ALI REYKTAR SVÍNAKÓTELETTUR
1518 KR.
MERKT VERÐ 2168KR.
6 pítubuff
6 pítubrauð
og pítusósa
EKKERT BRUÐL
30% afsláttur við kassann
PÍTUTILBOÐ
629 KR.
Merkt verð 898KR.
Allt fyrir þig...
ERAN/Landlist
SMYRILL
og brauðið verður betra
BÓNUS
SMYRILL
98 KR.
400g
EKKERT BRUÐL
KÍLÓ BRAUÐ
BÓNUS
Kornbrauð
KÍLÓBRAUÐ
98 KR.
BÓNUS KORN
OS FETAOSTUR
Í KRYDDOLÍU/
MEÐ ÓLÍFUM
OG TÓMÖTUM
OS FETAOSTUR
239 KR.
250g
FETA
2 LÍTRAR CHIQUITA
299 KR.
Vitality
ACE
Orange, Carrot, Lemon
2 lítrar
í fernu
BÓNUS
Malakoff
MALAKOFF
719 kg KR.
Merkt verð 799KR.
MALAKOFF
REYKT SKINKA
BÓNUS
Reykt brauðskinka
REYKT SKINKA
799 kg KR.
Merkt verð 888KR.
KOFAREYKTU SVEITABJÚGUN
SVEITABJÚGU
299 KR.
KOFAREYKT
KJARNAFÆÐI
FOLALDAKJÖT
Kofareykt frá Kjarnafæði
KOFAREYKT FOLALDAKJÖT
362 kg KR.
MERKT VERÐ 659KR.
45% afsláttur við kassann
Bónus býður betur!
EKKERT BRUÐL
CHEERIOS
299 KR.
567g
Cheerios
Morgunkorn úr heilum próteinríkum höfrum
567g
KORNFLÖGUR
299 KR.
750g
Kellogg's
CORN FLAKES
750g
Ferskur trönuberjasafi
án viðbætts sykurs
1 lítri trönuberjasafi
199 KR.
Florida
LAMBARIF
Grillkrydduð, feit og fín
35% afsláttur við kassann
SPIKFEIT OG KRASSANDI RIF
259 kg KR.
MERKT VERÐ 399KR.
www.bonus.is
bonus.is
BÓNUS
Tilboð í viku 34 gilda til sunnudags eða á meðan birgðir endast




## STUÐ MILLI STRÍÐA Þverröndótt áltyppi

**KRISTJÁN HJÁLMARSSON** VILL AÐ LÖGREGLAN KOMI HREINT FRAM



Álframleiðandinn Alcan í Hafnarfirði hefur stutt við bakið á ýmiskonar viðburðum í heimabyggð sinni undanfarið. Meðal þess má nefna Jónsmessuhátíð sem Hafnarfjarðarbær stóð fyrir í Hellisgerði fyrr á þessu ári og stórtónleika Björgvins Halldórssonar og Sinfóníuhljómsveitar Íslands í tilefni af fjörutíu ára afmæli Ísal.

Á þeirri annars vel heppnuðu hátíð sem Jónsmessuhátíðin í Hellisgerði var fór það ekki milli mála að álframleiðandinn væri aðalstyrktaraðili hennar því um svæðið sprönguðu tveir unglingar klæddir sem rauð þverröndótt áltyppi – minni útgáfan af sílóunum, kennimerki álversins – og gáfu börnum á svæðinu sápukúlur og gos.

Meginhugmyndin með styrkjum álframleiðandans er væntanlega að koma sér í mjúkinn hjá Hafnfirðingum enda liggur fyrir að stækka á álverið og það mun koma í hlut bæjarbúa að kjósa um hvort af stækkuninni verður.

Álframleiðandinn Alcoa á Austurlandi hefur heldur ekki látið sitt eftir liggja í að styrkja ýmis málefni í heimabyggð sinni undanfarin ár. Meðal þess sem Alcoa hefur styrkt er ferðalag tveggja lögreglumanna sem sóttu námskeið í fíkniefnaleit á Flórída.

Eins og gefur að skilja finnst mörgum það skjóta skökku við að laganna verðir séu styrktir af einkaaðilum úti í bæ enda hætt við því að fyrirtækið sé að reyna að koma sér í mjúkinn hjá þeim. Þá er einnig hætt við því að lögreglan verði ekki óhlutdræg þegar mál fyrirtækisins berast inn á borð til hennar og það sem meira er, hún geti orðið háð styrkjum álframleiðandans.

En þótt lögreglumennirnir hafi þegið styrkinn verðum við að hafa meiri trú á þeim en svo að þeir geti ekki sinnt starfi sínu af bestu getu. Til að svo geti orðið verða lögeglumennirnir hins vegar að gefa það skýrt til kynna að þeir hafi þegið styrkinn frá álframleiðandanum og það gera þeir best með því að klæðast rauðum þverröndóttum áltyppabúningum eins og unglingarnir í Firðinum.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Velkomin í Tölvuskólann þinn

Kynntu þér aðstöðuna og ræddu við kennarana

## OPIÐ HÚS

**26. ágúst kl 13 – 16 í Reykjavík og 2. septemer kl 13 – 16 á Akureyri**

## Tölvu- og skrifstofunám

Sérlega viðamikið og hagnýtt nám í takt við þarfir markaðarins, nám sem hentar fólki á öllum aldri, hvort sem það er á leiðinni út á vinnumarkaðinn að nýju eða vill skapa sér sterkari stöðu á vinnumarkaði með aukinni menntun. Hentar einnig vel sjálfstætt starfandi atvinnurekendum sem vilja vera sem mest sjálfbjarga í allri tölvuvinnu og við bókhaldið.
Að námi loknu eiga þátttakendur að geta unnið sjálfstætt við öll almenn skrifstofustörf og sem öflugir tölvunotendur í öllum helstu skrifstofuforritunum, sem ritarar eða í bókhaldi.
Kennd er ein námsgrein í senn sem lýkur með prófi eða verkefni, tölvugreinunum lýkur flestum með alþjóðlegri prófgráðu.

**Tölvugreinar:**
Windows XP tölvugrunnur og skjalavarsla, Word, Excel, Internetið, MSN og Outlook tölvupóstur, dagbók og skipulag.

**Margmiðlun:**
PowerPoint glærukynningar, Stafrænar myndavélar og stafrænar myndir í tölvu, tónlist í tölvunni og spilurum, brennsla CD og DVD diska.

**Persónuleg færni:**
Tjáning og framkoma, atvinnuumsóknir, atvinnuviðtöl og ferilskrár, sölutækni og markaðsmál. Enska, þjálfun í talmáli og ensk verslunarbréf.

**Viðskiptagreinar:**
Verslunarreikningur, VSK meðferð og reglur, bókhald, tölvubókhald í Navision og tollskýrslur.

Kennt er þrisvar í viku og er boðið upp á morgun og kvöldhópa. Sjá stundaskrá á heimasíðu skólans.
Lengd: 260 std. - Námið er metið til eininga.
Verð: 199.000,- Allar kennslubækur og námsgögn innifalin.
Hefst 6. september í Reykjavík og 11. september á Akureyri.

## Grafísk hönnun

Vinsælt og sérlega hagnýtt nám ætlað þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í grafískri vinnslu eða fólki sem vill skapa sér forskot í frekara hönnunarnámi t.d. á háskólastigi. Þetta nám hentar einnig þeim sem vilja hanna sínar auglýsingar sjálfir.
Á þessu námskeiði eru tekin fyrir þrjú mest notuðu hönnunarforritin í dag,



- Photoshop
- Illustrator
- InDesign

Einnig læra þátttakendur að ganga frá verkefnum sínum í Acrobat Distiller (PDF)

Námskeiðið felst í því að kynna nemendum virkni og uppbyggingu forritanna, og að nýta möguleika þeirra til sjálfstæðra vinnubragða. Kennsla byggir á fyrirlestrum og verklegum æfingum og fá þátttakendur hagnýt verkefni í tengslum við innihald náms.

Lengd: 105 std.
Verð kr: 116.000,- stgr. Allt kennsluefni innifalið.
Hefst 5. september í Reykjavík og 25. september á Akureyri.

## Námskeið í september

Sjá námskrá skólans sem dreift verður 24. ágúst.

### Tölvu- og bókhaldsnám
200 stundir Verð kr. 153.000,- Morgun og kvöldnámskeið.
Hefst 21. september í Reykjavík og Akureyri.

### Tollskýrslugerð
21 std. Verð kr. 28.000,-
Hefst 12. september í Reykjavík og 26. september á Akureyri

### Byrjendanámskeið
42 stundir. Verð kr. 32.900,- Morgun og kvöldnámskeið.
Hefst 4. september í Reykjavík og 5. september á Akureyri

### Almennt tölvunám
63 stundir. Verð kr. 39.900,- Morgun- og kvöldnámskeið.
Hefst 5. september í Reykjavík.

### ECDL – tölvunám
Allar „ECDL - TÖK" greinarnar teknar fyrir. 100 stundir.
Verð kr. 75.000. Morgun og kvöldnámskeið.
Hefst 21. september í Reykjavík og 11. september á Akureyri.

### Vefsíðugerð – grunnur
42 stundir. Verð kr. 36.000,- Kvöldnámskeið.
Hefst 6. september í Reykjavík og .4. september á Akureyri.

### MCP XP
60 stundir. Verð kr. 88.900,- (m. prófinu) Tvö kvöld í viku.
Hefst 19. september. Eingöngu í boði á haustönn í Reykjavík.

### MCSA
240 stundir. Verð kr. 266.000,- (m. 4 prófum) Tvö kvöld í viku.
Hefst 19. september. Eingöngu í boði á haustönn í Reykjavík.

### Fjölmiðlun
Fyrir ungmenni. 15 stundir, Verð kr. 9.900,- Næsta námskeið hefst á Akureyri 12. september. Kennt er tvo daga í viku frá kl. 16 -18.

### Eldri borgarar 60+
30 stunda byrjendanámskeið. Verð kr. 19.500,- Kennt er tvo daga í viku frá kl 13 - 16. Hefst 6. september Reykjavík og Akureyri.

### Eldri borgarar 60+
30 stunda framhaldsnámskeið. Verð kr. 19.500,- Kennt er tvo daga í viku frá kl 13 - 16. Hefst 7. september Reykjavík og Akureyri.

## Önnur námskeið að hefjast

**Stafrænar myndavélar.** Lengd: 14 std. Verð: 15.000,-

**Photoshop grunnur.** Lengd: 21 std. Verð: 24.000,-

**Photoshop ljósmyndun 1.** Lengd: 30 std. Verð: 29.000,-

**Dreamweaver.** Lengd: 31 std. Verð: 29.000,-

**Word.** Lengd: 21 std. Verð: 19.000,-

**Excel.** Lengd: 21 std. Verð: 19.000,-

**Bókhald I.** Lengd: 110 std. Verð: 94.000,-

**Bókhald II.** Lengd: 21 std. Verð: 26.000,-

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING

REYKJAVÍK & AKUREYRI

FAXAFEN 10 | GLERÁRGATA 36 | WWW.TSK.IS | SÍMI: 544 2210
108 REYKJAVÍK | 600 AKUREYRI | SKOLI@TSK.IS

**!** **Kl. 13.00**

*Tumi Magnússon og Aleksandra Signer sýna vídeó og innsetningar í Listasafni ASÍ. Í Arinstofu verða sýnd verk eftir Gunnlaug Scheving, Jóhann Briem og Jóhannes S. Kjarval. Sýningarnar standa til 10. september.*

**menning**

menning@frettabladid.is

# Myndir um Philip K. Dick

Nýlega var tilkynnt um gerð tveggja kvikmynda um líf og störf bandaríska rithöfundinn Philips K. Dick. Rithöfundurinn, sem af mörgum er álitinn einn fremsti vísindaskáldsöguhöfundur síðustu aldar, gaf út á fimmta tug bóka auk fjölda smásagna en honum hlotnaðist lítil upphefð eða viðurkenning fyrr en eftir dauða sinn. Vinsældir Dicks jukust til muna þegar leikstjórinn Ridley Scott gerði myndina Blade Runner eftir einni sagna hans og í kjölfarið fylgdu fleiri kvikmyndaaðlaganir en stórmyndirnar Total Recall og Minority Report eru einnig gerðar eftir sögum hans.

Breska dagblaðið The Guardian greinir frá því að leikarinn Paul Giamatti hafi tekið að sér hlutverk höfundarins í mynd sem gerð verður með sérstöku samþykki afkomenda hans en að Bill Pullman sé orðaður við hlutverkið í annarri mynd sem fyrrverandi poppstjarnan Matthew Wilder ætlar að leikstýra. Giamatti taki einnig þátt í framleiðslu fyrrgreindrar myndar en hann er yfirlýstur aðdáandi Dicks. Ekki hefur enn verið tilkynnt um leikstjóra.



**PAUL GIAMATTI** Leikur Philip K. Dick en hann er mikill aðdáandi verka hans.

Dick lifði æði litskrúðugu lífi, var giftur fimm sinnum og orðaður við ítrekaðar tilraunir með skynörvandi efni en haft er eftir Lauru Leslie, elstu dóttur Dicks og eins af framleiðendum myndarinnar, að áherslan verði ekki á atburði í lífi föður hennar heldur sköpunarmáttinn og heimspekina að baki verkum hans.

## > Ekki missa af...

**kúbanskri** list á **Barnum** við Laugaveg 22. Í kvöld verður danskennsla á staðnum en þar stendur yfir málverkasýning **Milu Pelaez.**

**Huldukonum** í **íslenskri** myndlist en sýning helguð þeim stendur nú yfir í Þjóðminjasafninu.

síðustu sýningum á söngleiknum **Footloose** í **Borgarleikhúsinu**. Allir í grifflur og glansbuxur.

# Móðir og dóttir sýna saman í Gerðarsafni

**Sýning á verkum mæðgnanna Valgerðar Briem og Valgerðar Bergsdóttur opnaði í Gerðarsafni um helgina. Valgerður eldri var einn af áhrifamestu myndlistarkennurum hérlendis á síðustu öld en mörg verka hennar hafa aldrei komið fyrir almenningssjónir.**



**VALGERÐUR BERGSDÓTTIR MYNDLISTARKONA** Sýningin hennar „Teikn + hnit" og sýning móður hennar „And-Lit" standa nú yfir í Gerðarsafni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Guðbjörg Kristjánsdóttir, forstöðumaður Gerðarsafns, segir listferil Valgerðar Briem mjög merkan en á sýningunni er einnig varpað ljósi á kennsluaðferðir og hugmyndafræði hennar sem Guðbjörg telur til mikillar fyrirmyndar. „Valgerður Briem var annálaður kennari sem hafði mikil áhrif á nemendur sína," segir Guðbjörg og bendir á að oft sé vitnað til orða Erró sem nefndi hana sem áhrifamesta kennara sinn. „Hún hafði ótrúlegt lag á að vekja fólk til umhugsunar um umhverfi sitt og sjálft sig sem er einkar mikilvægt fyrir myndlistarfólk. Hún veitti fólki líka gott veganesti með því að hvetja það áfram en hún hvatti nemendur sína til að vinna að alvöru."

Valgerður Briem fæddist árið 1914 en lést fyrir fjórum árum. Árin 1945 til 1947 dvaldi hún við myndlistarnám í Stokkhólmi en þegar hún kom heim hóf hún kennslu við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og gegndi þeirri stöðu til ársins 1972. „Hún kenndi í næstum fimm áratugi, til dæmis í Austurbæjarskóla þar sem hún skipulagði kennslustofuna upp á nýtt. Hún sló aldrei af neinum kröfum og þetta var allt mjög myndarlegt og vel úthugsað hjá henni." Á sýningunni í Gerðarsafni gefur að líta kennslugögn Valgerðar Briem en Guðbjörg segir þau vitna skýrt um hversu vandvirk hún var og hvernig hún nálgaðist kennsluna af alvöru og dýpt. „Manni finnst eins og við hljótum að fljóta á einhverju yfirborði í dag þegar maður sér hversu djúpa og mikla alvöruvinnu hún hefur lagt í kennsluna," áréttar Guðbjörg.

Samhliða kennslunni vann Valgerður Briem að list sinni en hún var fjölskyldukona og þegar hún fékk meira næði á sínum fullorðinsárum vann hún mikið að sögn Guðbjargar. „Hún var ástríðufullur teiknari, hún settist við teikniborðið á kvöldin og sat fram eftir. Það eru hundruð teikninga sem liggja eftir hana en verk hennar voru lítið þekkt og meirihluti þeirra sem hér eru hefur aldrei komið fyrir almenningssjónir." Í list sinni var Valgerður Briem mjög sjálfstæð í vinnubrögðum og Guðbjörg bendir á að þrátt fyrir að abstraktlistin hafi hafið innreið sína hérlendis á þessum árum hafi Valgerður lítið skipt sér af henni. „Hún vann af þörf og tók mið af verkefni sínu hverju sinni og valdi aðferð út frá því," segir Guðbjörg. Á sýningunni í Gerðarsafni eru teikningaseríur, pennateikningar og frumlegar myndir sem sýna óm af íslensku landslagi, eins og séð úr lofti en þær teikningar fylla nú vestursal sýningarrýmisins.

Dóttir Valgerðar og nafna fetaði svipaða braut og móðirin en í list sinni hefur hún einnig einbeitt sér að teikningunni auk þess sem Valgerður Bergsdóttir hefur einnig kennt myndlist um áraraðir. Valgerður yngri segir þó að listabrautin hafi ekki legið fyrir alla tíð en vinna móður hennar hafi haft mikil áhrif á sig í uppvextinum. „Ég var nemandi hennar í barnaskóla og síðar í Myndlista- og handíðaskólanum þar sem hún kenndi lengi." Í Gerðarsafni sýnir Valgerður nú teikningar sem gerðar voru fyrir steinda glugga sem vígðir voru í Reykholtskirkju fyrr í sumar en hún hefur unnið að því verkefni undanfarin fjögur ár. Gluggana byggir Valgerður á teikningu og rannsóknavinnu sinni á bókmenntum og myndlistararfi Íslendinga sem snýr að víkingaog miðaldalist Vestur-Evrópu. Viðeigandi er að sýna þessar teikningar í Gerðarsafni þar sem Gerður, sú er safnið heitir eftir, var frumkvöðull í glerlist hér á landi og í eigu safnsins er töluvert af frumteikningum af því tagi.

Í tengslum við sýningarnar tvær koma út rit um verk mæðgnanna og ritar dr. Halldór Björn Runólfsson meðal annars grein um Valgerði Briem og myndspeki hennar. Í bókinni má einnig finna greinar sem Valgerður eldri skrifaði um myndlistarkennslu og myndlist barna auk þess sem dóttir hennar tekur saman æviferil móður sinnar.

Sýningarnar eru opnar til 1. október og segir Guðbjörg að lokum að þangað sé kjörið fyrir myndlistarkennara að fara í pílagrímsför til að sjá verk þessa merka og áhrifamikla listamanns og kennara. kristrun@frettabladid.is




RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA
OPIÐ ALLA DAGA
laugard. 10:00 - 17:00
sunnud. 11:00 - 17:00
Útiljósadagar
VERÐ FRÁ 495-
ÚTILJÓS
LITIR: SVART HVÍTT
995-
495-
1995-
LITIR: SVART HVÍTT RUST
995-
795-
795-
795-
495-
795-
ÚTILJÓS Á VEGGI
2995-
LITIR: STÁL KOPAR
1495-
LITIR: STÁL KOPAR
1995-
LITIR: STÁL KOPAR
2495-
LITIR: STÁL KOPAR
1995-
ÚTISTAURAR
3495-
3495-
3995-
2995-
LITIR: STÁL KOPAR
2495-
3995-
LITIR: STÁL KOPAR
3495-
3995-
LITIR: STÁL KOPAR
3495-
ÚTILJÓS Í MIKLU ÚRVALI
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
RAFVÖRU MARKAÐURINN
Lágvöruverslun með rafmagnsvörur



**MYNDLIST ALISTAIRS MACINTYRE** Náttúruöflin og eðilsfræðin mætast á pappír.

# Ísþrykk í Turpentine

Breski myndlistarmaðurinn Alistair Macintyre sýnir í galleríi Turpentine í Ingólfsstræti en sýningin „Vanishing point“ var opnuð á Menningarnótt. Í fréttatilkynningu um sýninguna er þess getið að verk hans vísi sterklega til landakorta þar sem landfræðileg tákn verði að persónulegri túlkun listamannsins á árþúsunda tilvist mannsins á jörðinni. Verk sín vinnur Macintyre með nokkurs konar ísþrykki en hann setur ísblokkir á pappírsörkum og lætur þær bráðna. Í ísnum kemur hann fyrir járnformum sem síðar ryðga og gefa frá sér lit og áferð á pappírinn.

Fyrri verk hans hafa stuðst við tákn kortagerðar og landmælinga en Macintyre hefur meðal annars sýnt þau á Kjarvalsstöðum og í Gerðarsafni.

Sýningin er opin þriðjudaga til föstudaga milli 12-18 og á laugardögum milli 11-16 til 5. september. **-khh**





Sýnt í Landnámssetri í Borgarnesi

| | | | |
|---|---|---|---|
| Föstudag | 25. ágúst | kl. 20 | Uppselt |
| Laugardag | 26. ágúst | kl. 20 | Uppselt |
| Laugardag | 2. september | kl. 20 | Uppselt |
| Sunnudag | 3. september | kl. 15 | Uppselt |
| Sunnudag | 3. september | kl. 20 | Uppselt |
| Fimmtudag | 7. september | kl. 20 | Laus sæti |
| Föstudag | 8. september | kl. 20 | Laus sæti |
| Laugardag | 9. september | kl. 20 | Laus sæti |
| Sunnudagur | 10. september | kl. 16 | Laus sæti |
| Föstudagur | 15. september | kl. 20 | |
| Laugardagur | 16. september | kl. 20 | |
| Laugardagur | 23. september | kl. 20 | |
| Sunnudagur | 24. september | kl. 16 | |

**LEIKHÚSTILBOÐ**
**Tvíréttaður matur, miði og frítt í Göngin til baka í boði Landnámsseturs**
**Frá kr. 4300 - 4800**
**MIDAPANTANIR Í SÍMA 437 1600**


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**ÁGÚST**

20 21 22 **23** 24 25 26

**Miðvikudagur**

**SÝNINGAR**

- 10.00 Sýning á verkum sem tilnefnd voru til norrænu **Carnegie Art Award** listverðlaunanna í ár stendur yfir í Hafnarhúsinu. Verk rúmlega tuttugu málara eru á sýningunni en þar á meðal eru verk eftir **Finnboga Pétursson**, **Steingrím Eyfjörð** og **Jón Óskar** auk verka eftir **Eggert Pétursson** sem hlaut önnur verðlaun í keppninni.
- 11.00 Sumarsýning **Hafnarborgar** sækir innblástur sinn til meistara **Kjarvals**. Á sýningunni **Hin blíðu hraun** er úrval verka eftir fimm íslenska myndlistarmenn sem allir vinna með hraunið. Sýningarstjóri er **Jón Proppé**. Sýningin er opin milli 11-17 en henni lýkur 28. ágúst.
- Í anddyri **Norræna hússins** stendur yfir ljósmyndasýning frá **Austur-Grænlandi** eftir **Ole G. Jensen**. Hann þekkir þennan hluta Grænlands betur en flestir en hann hefur verið búsettur þar með hléum síðan 1975. Sýningunni lýkur á sunnudaginn.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

# Fólk má flissa upp úr ljóðabókinni

**Skáldið og grínistinn Þorsteinn Guðmundsson hefur gefið út nýja ljóðabók sem gæti allt eins kallast brandarabók eða nótnabók uppistandara.**

„Þetta er bara svona hugarflug einmana manns í Þingholtunum. Ég skrifa um það sem ber fyrir augu og gerist í lífi fertugs manns,“ segir Þorsteinn Guðmundsson um nýju ljóðabókina, Barkakýli úr tré. Umfjöllunarefni bókarinnar er því að miklu leyti daglegt líf og skrítnar hugdettur og segir Þorsteinn að þau ættu því að vera auðveld aflestrar og eiga við marga. „Ljóðin eru að minnsta kosti afskaplega einföld á yfirborðinu, enda eru nokkur ljóðanna það sem margir myndu bara kalla setningar. Ég ætlaði fyrst að kalla þetta ljóð og fyrirsagnir, því sum ljóðanna minna á fyrirsagnir í blöðum eða fyrirsagnir í auglýsingum. Þetta er því bara stutt og laggott,“ segir Þorsteinn og hlær.

Þorsteinn er enginn nýgræðingur í skáldskapnum þótt margir þekki helst til hans sem leikara og uppistandara. „Ég byrjaði að skrifa út úr hallæri þegar ég var atvinnulaus leikari. Þá fór ég að skrifa leikrit sem ég sendi í pósti út á land og reyndi að selja skólum. Svo vatt þetta upp á sig.“ Hann hefur gefið út þrjár ljóðabækur hjá Eddu, Klór frá árinu 2000, Hundabókina frá 2002 og Fífl dagsins sem gefin var út í hittifyrra, en hefur nú gengið til liðs við Nýhil.




„Það er heiður að fá að vera með vegna þess að þetta er kraftmikið fólk og ótrúlegur drifkraftur þarna að baki,“ segir Þorsteinn spurður um hvaða þýðingu það hafi fyrir hann að vera genginn í raðir Nýhils. „Þau eru að skrifa ljóð með nýja afstöðu. Mín kynslóð og eldri kynslóðir hafa verið uppteknar af því að hugsa hvort ljóðið væri þess virði að gera það, hvort það væri dautt og eitthvað svoleiðis. En þetta fólk er bara að vinna að ljóðlist eins og ekkert sé sjálfsagðara og mér finnst það mjög heilbrigt.“




**HEIÐUR AÐ VERA MEÐ Í NÝHIL** Grínistinn og ljóðskáldið Þorsteinn Guðmundsson er á heimavelli þegar kemur að gríni og uppistandi og því kemur ekki á óvart að ljóðin úr nýrri ljóðabók hans, Barkakýli úr tré, eru ekki langt frá uppistandi og gríni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þorsteinn segir þó að lesendur hans megi ekki láta ljóðatitilinn hræða sig frá bókinni. Í henni sé hann að gera það sem honum er tamt og að ljóðin séu alls ekki langt frá því sem hann sé búinn að vera að gera í uppistandi og gríni. „Fólk má ekki láta hræða sig frá bókinni að hún sé kölluð ljóðabók, því það má alveg eins kalla hana brandarabók, nótnabók eða hvað sem er. Bókin er fyrst og fremst fyrir þá sem hafa haft gaman af því sem ég er búinn að vera að gera.“ Hann segist geta fallist á að ljóðin sín séu að minnsta kosti hálfgert grín. „Fólk flissar upp úr bókinni og ég kann vel við það. Þar er ég á heimavelli,“ bætir Þorsteinn við.

Barkakýli úr tré er kilja í vasabókarbroti og kostar 1.890 kr. Útgefandi bókarinnar er Nýhil og Eiríkur Örn Norðdahl ljóðskáld ritar formála.

**annat@frettabladid.is**




RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 10/9 kl. 14 · Sun 17/9 kl. 14
Sun 24/9 kl. 14 · Lau 30/9 kl. 14

VILTU FINNA MILLJÓN?
Lau 2/9 kl. 20 · Sun 3/9 kl. 20 UPPS.
Fim 7/9 kl. 20 · Sun 10/9 kl. 20

FOOTLOOSE
Fim 24/8 kl. 20 · Fös 25/8 kl. 20 UPPS.
Fim 31/8 kl. 20 · Lau 9/9 kl. 20

EYFI STÓRTÓNLEIKAR
Fös 1/9 kl. 20 · Fös 1/9 kl. 22

HÖRÐUR TORFA-AFMÆLISTÓNLEIKAR
Fös 8/9 kl. 19:30 · Fös 8/9 kl. 22:00

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is




Aðsóknarmesta sýning síðasta leikárs!

Drepfyndinn gamanleikur í Reykjavík!

Miðasala er þegar hafin!

Næstu sýningar:

| | | |
|---|---|---|
| Föstudaginn | 18. ágúst | kl. 20:00 |
| Laugardaginn | 26. ágúst | kl. 19:00 |

Á ÞAKINU · LEIKFÉLAG AKUREYRAR

Miðasala í síma 551 4700 // opið 13:00-17:00 // www.midi.is //Austurbæjarbíó – Snorrabraut 37




**DANSLEIKHÚSLISTAKONAN PINA BAUSCH** Kemur til Íslands í september.

# Frumkvöðull til Íslands

Dansleikhúsdrottningin Pina Bausch er væntanleg hingað til lands um miðjan næsta mánuð ásamt 50 manna danshópi sínum, Pina Bausch Tanztheater Wuppertal. Hópurinn mun sýna dansverkið Aqua fjórum sinnum í Borgarleikhúsinu, fyrsta sýningin verður 17. september og er miðasalan hafin. Sýningin var frumsýnd árið 2001 en hefur síðan verið sýnd víða við fádæma góðar undirtektir.

Pina Bausch er einn áhrifamesti sviðslistamaður samtímans og brautryðjandi á sviði dansleikhúss í heiminum og er því mikill fengur fyrir íslenskt leikhúsfólk og dansághugamenn að komu hennar hingað. **-khh**

# Vönduð og vel gerð

**[ TÓNLIST ]**

**UMFJÖLLUN**

Á Blús tekur KK fyrir tólf af sínum uppáhalds blúslögum. Lögin eru eftir nokkrar af stórstjörnum blústónlistarinnar, þeirra á meðal Howlin Wolf, Willie Dixon, Muddy Waters, Carey Bell, Lowell Fulson, Little Walter Jacobs, Big Bill Broonzy, Jimmy Reed, John Mayall og JJ Cale. Í stað upprunalegu textanna eru hins vegar komnir nýir íslenskir textar eftir Braga Valdimar Skúlason, sem er ein af aðalspprautum Baggalúts.

Það er óhætt að hrósa KK og aðstandendum þessarar útgáfu fyrir vönduð vinnubrögð. Hljóðfæraleikur er óaðfinnanlegur, það hefur verið lögð alúð í útsetningar og umslagið er glæsilegt. Ég veit ekki hvort það var þörf á því að semja nýja texta, en þessir textar Braga falla alla vega mjög vel að tónlistinni. Umfjöllunarefnin eru í anda blúsins og eins og í upprunalegu textunum er mikið af endurteknum frösum sem fylgja tónlistinni. Mér finnst samt hljómurinn vera full poppaður. Það hefði passað þessari tónlist vel að hafa hann svolítið hráan og skítugan. Það kemur ekkert á óvart á plötu eins og þessari, enda varla ætlunin. Hér er verið að rifja upp gamla




**KK**

BLÚS

**Niðurstaða:** Blús er vönduð og vel gerð plata sem safnar saman nokkrum úrvalslögum úr sögu blústónlistarinnar. Hún ristir ekki mjög djúpt, en rennur þægilega í gegn.

takta og kynna þá fyrir nýjum hlustendum, ekki verið að þróa blúsinn áfram tónlistarlega. Lagavalið er nokkuð fjölbreytt. Það er komið við í mismunandi afbrigðum blústónlistarinnar.

Blús er plata sem rennur þægilega og hnökralaust í gegn. Hún er ánægjuleg, en ristir ekkert sérstaklega djúpt. Eins og gjarnan með vel heppnaðar tökulagaplötur þá vekur hún hjá manni löngun til þess að grafa upp upprunalegu útgáfurnar og kynna sér þá listamenn sem eiga heiðurinn af þeim.

**Trausti Júlíusson**

# ÍTALÍA

-allt það besta!

# Nýtt á Íslandi

beint frá Ítalíu




## Njóttu þess besta!

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

# Sjónvarpskokkur kaupir Habitat

Jón Arnór Guðbrandsson hefur keypt húsgagnaverslunina Habitat ásamt eiginkonu sinni Ingibjörgu Þorvaldsdóttur og taka þau því við af Árna Ólafi Ásgeirssyni og Sólveigu Hannam sem rekið hafa búðina í rúm sjö ár.

Kaupin gengu í gegn á laugardaginn og þegar Fréttablaðið hafði samband við Habitat var það fyrsta símtal Jóns í nýrri verslun. „Þetta hefur alltaf verið aðaláhugamál okkar tveggja; að innrétta með fallegum húsgögnum,“ segir Jón sem var kampakátur með nýju verslunina en hún hefur lengi verið vinsæl meðal fagurkera í innanhúsarkitektúr. „Við ætlum að gera þó nokkrar breytingar en auðvitað tekur alltaf tíma að fá nýjar vörur inn í búðina,“ bætir Jón við og segist gjarnan vilja uppfæra þær vörur sem til eru og láta búðina vera meira í takt við það sem er að gerast erlendis. „Núna erum við aðallega að reyna kynnast og læra af öllu því góða fólki sem hér starfar,“ segir hann og hefur greinilega miklar hugmyndir um búðina. „Við viljum stækka hana og breyta og gera hann ögn líflegri og bjartari,“ útskýrir hann en róar þó aðdáendur búðarinnar sem þurfa engu að kvíða þrátt fyrir eigendaskiptin.


**STÓRTÆK HJÓN** Þau Jón Arnór og Ingibjörg hafa fest kaup á Habitat-versluninni sem hefur lengi verið vinsæl meðal fagurkera í innanhúsarkitektúr.

Jón Arnór vakti mikla athygli þegar hann kom heim til frægra Íslendinga og eldaði fyrir þá ásamt félaga sínum, Rúnari Gíslasyni auk þess sem þeir félagar ráku veisluþjónustuna Kokkarnir. „Svo var bara komin tími til að breyta til,“ útskýrir Jón en hann hætti hjá fyrirtækinu fyrir þremur árum. Nú rekur hann fimm Oasis verslanir ásamt Ingibjörgu í Danmörku og er Habitat því enn ein rósin í hnappagatið. - fgg


**KÆRUSTUPARIÐ** Diaz og Timberlake munu vera ástfangin upp fyrir haus og gefur Diaz ekkert eftir þegar kemur að kvenkyns aðdáendum söngvarans.

# Stöðvaði aðdáendur

Leikkonan góðkunna Cameron Diaz þurfti að verja kærasta sinn, söngvarann Justin Timberlake, á dögunum fyrir æstum kvenkyns aðdáendum.

Dömurnar munu hafa elt Timberlake uppi á skemmtistaðnum Social í Hollywood og þegar þær gerðust ágengar mun Diaz hafa farið til þeirra og sagt þeim að láta mann sinn vera. „Þið getið verið aðdáendur hans en ég sef hjá honum, heyrið þið það,“ sagði Diaz og lætur ekki deigan síga þegar kemur að því að verja kærastann.

# Frá Kenzo til Kaupmannahafnar

Jóhanna Jóhannesdóttir hefur búið í Kaupmannahöfn í ein sjö ár og hefur verið iðin við kolann síðan hún hélt út. Í apríl opnaði hún ásamt sjö öðrum stelpum fataverslun og verkstæði sem ber nafnið Mogetoj og er staðsett rétt hjá Nörreport-járnbrautarstöðinni. Í þessum hópi er önnur íslensk stelpa sem heitir Guðbjörg Reykjalín sem hannar undir merkinu Greykjalín. Jóhanna er útskrifuð úr skólanum Håndarbejdets Fremme í Kaupmannahöfn og er því lærður handavinnukennari fyrir fullorðna eins og það heitir á dönsku.


**KENZO** Hér sést falleg hekluð peysa sem Jóhanna heklaði fyrir Tískuhúsið Kenzo og er komin í búðir um þessar mundir.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES


**MJAW** Götufatnaður fyrir ungt fólk sem Jóhanna hannar í samvinnu við vinkonu sína.

„Þetta er búið að vera skemmtilegt ævintýri og búðin hefur gengið vonum framar,“ segir Jóhanna en hún selurð tvær línur í búðinni sem heita Mjaw og Goodlife. „Mjaw er svona götufatnaður fyrir stráka og stelpur frá 18 til 25 ára. Við erum tvær stelpur saman að hanna fyrir það merki,“ segir Jóhanna en Goodlife er hennar eigið merki þar sem hver einasta flík er einstök og bara framleitt eitt eintak af hverri flík. Jóhanna gerir allt sjálf og heklar til dæmis mikið töskur og fylgihluti.


**GOODLIFE** MJóhanna hannar sjálf allt undir þessu vörumerki og er hver einasta flík einstök.

Jóhanna hefur selt vörur sínar hjá Rögnu Fróða hérlendis og svo gerðist hún svo fræg komast í verknám hjá tískuhúsi Kenzo í París. „Það var skemmtileg tilviljun og það var Emiliana Torrini vinkona mín sem reddaði þessu fyrir mig. Vinur hennar var að vinna hjá Kenzo og vantaði nema þannig að hún benti á mig og ég fór út í þrjá mánuði,“ segir Jóhanna en hún var aðallega í því að hekla peysur fyrir vetrarlínu Kenzo sem komin er í búðir núna og hefur sést á tískupöllum út allan heim. alfrun@frettabladid.is



**JÓHANNA JÓHANNESDÓTTIR** Er ánægð með búðina sína í Köben en þar getur fólk komið og keypt sér föt og fylgst með hönnuðunum að störfum.






# Giuliani til landsins

Rudolph Giuliani, fyrrverandi borgarstjóri New York, er væntanlegur til landsins á vegum Símans vegna hundrað ára afmælis fyrirtækisins sem verður 29. september. Giuliani mun flytja fyrirlestur á ráðstefnu sem Síminn stendur fyrir á afmælisdaginn og nefnist Leiðtogar til framtíðar. Giuliani er einhver fremsti leiðtogi Repúblikanaflokksins í Bandaríkjunum en hann vakti heimsathygli fyrir frammistöðu sína í borgarstjórastólnum þegar árásirnar á Tvíburaturnanna í New York árið 2001 voru gerðar.

Að sögn Evu Magnúsdóttur, upplýsingafulltrúa Símans, er alltaf erfitt að fá jafn valdamikla menn hingað til lands og hefur koma hans hingað til lands útheimt mikla vinnu. Miklar öryggisráðstafanir verða væntanlega gerðar á meðan á dvöl Guilianis stendur og vildi Eva ekki upplýsa neitt um ferðir hans um landið eða hversu lengi borgarstjórinn fyrrverandi myndi vera hér.


**Á FRUMSÝNINGU WORLD TRADE CENTER** Rudolph Giuliani mætir hér á frumsýningu á kvikmyndinni World Trade Center ásamt kærustu sinni Judith Nathan, en myndin fjallar einmitt um árásirnar á Tvíburaturnana sem voru gerðar á meðan Giuliani var borgarstjóri.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES


**MARIAN SALZMAN** Er einhver þekktasta markaðskona heims og á meðal annars heiðurinn af hinu velþekkta tískuorði ¿metro man.¿

Auk Guilianis kemur hingað Marian Salzman, aðstoðarframkvæmdastjóri og markaðstjóri JWT, einnar virtustu og elstu auglýsingastofu heimsins en hún mun flytja erindi á sömu ráðstefnu. Þrátt fyrir að nafn Salzman sé kannski minna þekkt er hún engu að síður ábyrg fyrir mörgum af helstu tískubylgjum síðari ára og á meðal annars heiðurinn af hinu velþekkta tískuorði „Metro-Man“ sem tröllriðið hefur allri karlmannatísku.

Síminn býður til mikillar veislu vegna afmælisins og verður meðal annars haldið veglegt afmælishóf í Laugardalshöll á afmælisdaginn. Þá mun einnig verða gefin út bók um sögu Símans sem rituð er af þeim Helgu Guðrúnu Johnsen og Sigurveigu Jónsdóttur en þær hafa einnig yfirumsjón með gerð heimildarmyndar um Símann. - fgg

# Blómadagar

í Eden Hveragerði



dagana 23. - 27.ágúst





- *Sýning á afskornum blómum föstudag - sunnudags.*
- *Í tilefni af* ***Blómadögum í Hveragerði*** *verður tilboð á öllum pottablómum.*
- ***50%*** *afsl reiknast við kassa.*
- *Flottir blómvendir á sértilboði.*
- *Gjafavara í blómadeild verður öll með* ***20% afslætti*** *og reiknast af við kassa.*
- *Kaffi og tertusneið á aðeins* ***kr. 790,-***
- ***10%*** *kynningarafsláttur á Cintamani útivistarfatnaði um helgina.*

EDEN
HVERAGERÐI

***Frábær helgi framundan í Eden!***

www.eden.is / eden@st.is









**TOM CHAPLIN** Chaplin er farinn í meðferð vegna áfengis- og fíkniefnanotkunar sinnar.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Chaplin í meðferð

Tom Chaplin, söngvari hljómsveitarinnar Keane, hefur leitað sér hjálpar vegna áfengis- og fíkniefnanotkunar sinnar.

Í yfirlýsingu sem hljómsveitin sendi frá sér segist hinn 27 ára Chaplin hafa ákveðið að fá aðstoð sérfræðinga til að koma sér á beinu brautina á nýjan leik. Fyrr í þessum mánuði frestaði Keane þrennum tónleikum og var skýringin sú að Chaplin þjáðist af ofþreytu. Sveitin hefur nú frestað fyrirhugaðri tónleikaferð sinni um Norður-Ameríku sem átti að hefjast í næsta mánuði.

„Mér finnst mjög leiðinlegt að valda aðdáendum okkar vonbrigðum en ég vil láta mér batna svo að ég geti haldið áfram tónleikaferðinni út þetta ár,“ sagði Chaplin.

Keane vann tvenn Brit-tónlistarverðlaun á síðasta ári fyrir bestu bresku plötuna, Hopes and Fears, og fyrir bestu nýju hljómsveitina. Önnur plata Keane, Under the Iron Sea, fór á topp breska vinsældalistans í júní síðastliðnum. Keane spilaði á Iceland Airwaves-hátíðinni í Reykjavík fyrir tveimur árum við góðar undirtektir.

# bin Laden heltekinn af Whitney

Hryðjuverkaleiðtoginn Osama bin Laden var heltekinn af söngkonunni Whitney Houston fyrir nokkrum árum. bin Laden var svo ákveðinn í að ná í söngkonuna að hann íhugaði að myrða eiginmann hennar, söngvarann Bobby Brown. Þetta kemur fram í nýrri bók Kola Boof, konu sem heldur því fram að bin Laden hafi haldið henni nauðugri sem kynlífsþræl. Boof segir al-Qaeda leiðtogann hafa talað stanslaust um Whitney.

„Hann sagðist ekki geta staðist Whitney Houston, talaði stanslaust um hve falleg hún væri og hvað bros hennar væri fallegt. Þá sagði hann að hún væri í raun sannur fylgismaður Islam, en hún væri heilaþvegin af bandarískri menningu og eiginmanninum. Osama talaði um að láta myrða hann, eins og það væri eðlilegt að láta myrða eiginmenn kvenna.“

Kola er 37 ára og frá Súdan. Diary of a Lost Girl er sjálfsævisaga hennar en þar kemur allt þetta fram. Rithöfundurinn segir að Osama hafi nauðgað henni fyrir tíu árum og haldið henni fanginni í fjóra mánuði. Auk þess fylgir það sögunni að hryðjuverkaleiðtoginn hafi geymt eintök af Playboy í skjalatösku sinni hvert sem hann fór.



**OSAMA BIN LADEN** Var svo hrifinn af Whitney Houston að hann íhugaði að láta myrða eiginmann hennar.



**WHITNEY HOUSTON** Söngkonan og vandræðagemsinn vissu eflaust ekkert af sjúklegum áhuga þekktasta hryðjuverkaleiðtoga heims á henni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY-IMAGES

# Bó byrjar að selja

Miðasala á tónleika Björgvins Halldórssonar og Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Laugardalshöll 23. september hefst á föstudaginn.

Á tónleikunum mun Björgvin flytja úrval laga úr efnisskrá sinni ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands, Fóstbræðrum, Hljómsveit Björgvins, bakröddum og nokkrum landsþekktum gestum. Sérstaklega verður vandað til tónleikana á allan hátt og má telja líklegt að um verði að ræða einu umfangsmestu tónleika sem ráðist hefur verið í hérlendis með íslenskum listamanni.

Miðasalan á föstudag hefst klukkan 10.00 á midi.is, bravo.is, í verslunum Skífunnar, í BT á Akureyri, Egilsstöðum og Selfossi og í síma 580 8020. Miðaverð er 6.500 krónur í stúku og 7.500 í sal auk miðagjalds.

Sérstök forsala fyrir M12 áskrifendur Stöðvar 2 mun fara fram daginn áður og hefst klukkan 10.00 á sömu sölustöðum.



**BJÖRGVIN HALLDÓRSSON** Söngvarinn Björgvin Halldórsson syngur með Sinfóníuhljómsveit Íslands í næsta mánuði.

# Eitraðir flugfarþegar

**[ UMFJÖLLUN ]**
**KVIKMYNDIR**

Ungur maður verður vitni að morði á Hawaii. Morðinginn er valdamikill glæpaforingi sem svífst einskis til að hafa hendur í hári óvina sinna og lögreglumaðurinn Nelville Flynn (Samuel L. Jackson) er fenginn til að fylgja vitninu frá Hawaii til Los Angeles, þar sem það á að mæta fyrir rétt og koma morðingjanum bak við lás og slá. Þrátt fyrir varúðarráðstafanir komast þorpararnir að því hvaða flugvél vitnið er í og fylla það af baneitruðum snákum, sem eru ærðir til hins ósegjanlega með þar til gerðu ferómóni. Þegar þeim er svo sleppt úr prísund sinni í miðju flugi er fjandinn laus. Eins og titillinn gefur ef til vill til kynna er Snákar í flugvél mynd sem kemur sér beint að efninu. Litlum tíma er varið í að kynna persónur til leiks, þó nægum til að framkalla lágmarkssamkennd með farþegunum. Myndin tekur sig sem betur fer ekki sérlega alvarlega svo að rýr persónusköpun og stirðbusaleg samtöl koma ekki að sök, enda eru snákarnir stjörnur myndarinnar. Og skila sínu með prýði. Það er ekki kræsileg sjón að sjá þá skríðandi í hundraðatali um alla ganga og op flugvélarinnar og láta verstu óra þeirra sem eru haldnir snákafælni rætast. Mikil vinna hefur verið lögð í að láta snákana vekja sem mesta velgju, með góðum árangri og á köflum mætti segja myndina ágæt drög að splatter.

Keyrslan (eða flugið öllu heldur) í myndinni er mikið og hún heldur dampi allan tímann. Frammistaða leikaranna er nánast aukaatriði, enda eru persónurnar flestar lítið annað en snákafóður. Reyndar er Samuel L. Jackson orðinn leiðinlega einsleitur í harðjaxlahlutverkinu sem hann hefur fest sig í undanfarin misseri.

Á heildina litið er Snákar í flugvél fín afþreying fyrir þá sem finnst gott að láta kalt vatn renna milli skinns og hörunds stöku sinnum. Mikið fjör meðan á því stendur en mikið lengra nær það ekki.



**SNAKES ON A PLANE**

LEIKSTJÓRI: DAVID R. ELLIS. AÐALHLUTVERK: SAMUEL L. JACKSON, JULIANNA MARGULIES

**Niðurstaða:** Snákarnir vekja mikinn hroll í mynd sem heldur dampi allan tímann, en skilur að öðru leyti lítið eftir sig.

**Bergsteinn Sigurðsson**




ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| LADY IN THE WATER | KL. 5:30-8-10:20 | B.I. 12 |
| LADY IN THE WATER VIP | KL. 5:30-8-10:20 | |
| 5 CHILDREN & IT | KL. 4-6 | LEYFÐ |
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 | KL. 5-7-8-10 | B.I. 12 |
| THE LONG WEEKEND | KL. 8-10:10 | B.I. 14 |
| OVER THE HEDGE ísl. tal | KL. 4-6 | LEYFÐ |
| OVER THE HEDGE enskt. tal | KL. 11 | LEYFÐ |
| SUPERMAN RETURNS | KL. 8 | B.I. 10 |
| BÍLAR ísl. tal | KL. 4 | LEYFÐ |

SAMBÍÓIN SÍMI: 575-8900

KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| *LADY IN THE WATER | KL. 5:40-8:10-10:30 | B.I. 12 |
| 5 CHILDREN & IT | KL. 4-6 | LEYFÐ |
| MIAMI VICE | KL. 8-10:45 | B.I. 16 |
| *PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 | KL. 8-11 | B.I. 12 |
| *OVER THE HEDGE ísl. tal | KL. 4 | LEYFÐ |
| *OVER THE HEDGE enskt tal | KL. 4-6 | LEYFÐ |

*SÝNDAR Í STAFRÆNNI ÚTGÁFU. MYND OG HLJÓÐ

www.sambioin.is

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| STORMBREAKER | KL. 8 | LEYFÐ |
| SILENT HILL | KL. 10 | B.I. 16 |
| MIAMI VICE | KL. 8 | B.I. 16 |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| 5 CHILDREN & IT | KL. 6 | LEYFÐ |
| HALF LIGHT | KL. 8-10:20 | B.I. 16 |
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 | KL. 6-9 | B.I. 12 |

| | | |
|---|---|---|
| LADY IN THE WATER | KL. 6-8:20-10:40 | B.I. 12 |
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 | KL. 5:30-7- 8:30-9-10:30 | B.I. 12 |
| SUPERMAN RETURNS | KL. 6 | B.I. 10 |
| THE BREAK UP | KL. 5:30-8-10:30 | LEYFÐ |

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919


# Götukarfa á Miklatúni

**Götukörfuboltamótið 305 verður haldið á Miklatúni um næstu helgi. Leikarinn Ívar Örn Sverrisson og tónlistarmaðurinn Sverrir Bergmann, sem standa fyrir mótinu, búast við góðri þátttöku.**



**GÖTUKARFA** Það verður væntanlega hart barist í götukörfuboltamótinu á Miklatúni um næstu helgi.

„Við erum búnir að pæla í þessu lengi að það sé kominn tími á að endurvekja götuboltann á Íslandi," segir Ívar Örn Sverrisson. „Það er búið að vanta aðstöðu og við ýttum á eftir því að það yrði eitthvað gert. Núna eru komnar nýjar körfur í réttri hæð á Miklatúni og við erum að halda mótið í tilefni af því," segir hann, en rétt hæð er 305 sentimetrar eins og nafn mótsins ber með sér.

„Ég var í þessu þegar þetta stóð sem hæst þetta körfuboltaæði hérna heima. Það er synd að því var ekki fylgt eftir meira og það var eins og aðstaðan hyrfi smátt og smátt. Ég held að það sé forsenda fyrir því að það sé blómlegt körfuboltalíf hérna að það verði aðstaða fyrir krakkana að leika sér," bætir Ívar við. Vonast hann eftir því að mótið eigi eftir að festa sig í sessi í framtíðinni. „Ef það verður vel tekið í þetta mót sjáum við því ekkert til fyrirstöðu að reyna að hafa þetta árlegan viðburð."



**ÍVAR ÖRN SVERRISSON** Ívar Örn stendur fyrir mótinu ásamt tónlistarmanninum Sverri Bergmann.
FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Mótið hefst kl. 10.00 á laugardag og stendur yfir fram eftir degi. Hvert lið er skipað 3-4 leikmönnum en þrír keppa á móti þremur í hverjum leik með einn varamann. Keppt verður í fjórum flokkum, karla- og kvenna. Annars vegar fyrir 15-17 ára leikmenn og hins vegar 18 ára og eldri. Skráningargjald er 500 kr. á hvern leikmann og er greitt á staðnum. Tilkynna þarf þátttöku á 305@hive.is. Senda þarf nöfn leikmanna og kennitölur, nafn liðsins og upplýsingar um réttan aldursflokkinn. Í verðlaun verða glænýir Nike körfuboltaskór og boltar.

# Collins í lið með Canora

Bandaríkjamaðurinn Dave Collins, sem hefur unnið með þekktum rokksveitum á borð við Soundgarden, Queens of the Stone Age, Black Sabbath og Mötley Crüe, lagði nýverið lokahönd á fyrstu plötu íslensku sveitarinnar Canora.



**CANORA** Liðsmenn Canora í hljóðverinu ásamt Ronan Chris Murphy.

Samlandi Collins, Ronan Chris Murphy, tók plötuna upp hér á landi fyrr í sumar en hann er hvað þekktastur fyrir samstarf sitt við David Fripp, leiðtoga King Crimson, og hefur endurhljóðblandað nokkrar plötur King Crimson frá áttunda áratugnum.

„Ronan hafði samband við þennan gæja [Dave Collins] og hann masteraði þetta. Ég efast ekki um að þetta eigi eftir að koma vel út," sagði Albert Ástvaldsson, söngvari Canora, sem á enn eftir að heyra lokaútkomuna. Platan er væntanleg í október og hefur fengið nafnið Kelvinator.

Þrír meðlimir Canora voru áður í d.u.s.t. sem gaf út eina plötu árið 2002 en hætti ári síðar eftir að hafa verið nálægt því að skrifa undir útgáfusamning í Bandaríkjunum.

# Rífast aldrei

Ashton Kutcher og Demi Moore fagna eins árs brúðkaupsafmæli sínu í næsta mánuði og heldur hinn 28 ára gamli Kutcher því fram að þau hjónin rífist aldrei.

Hann segir að lífið með 43ja ára gamalli eiginkonu sinni sé ánægjulegt og að þau ráði fram úr öllum deilum áður en þær verða að rifrildum. „Við rifumst einu sinni á fyrstu þremur mánuðum sambands okkar en síðan þá höfum við aldrei rifist," segir leikarinn og bætir við: „Ég hef aldrei reynt að breyta konunni minni og hún hefur aldrei reynt að breyta mér."



**KUTCHER** Kann að forðast rifrildi við eiginkonu sína, Demi Moore.

# Black besti vinurinn

Gamanleikarinn Jack Black varð efstur í breskri skoðanakönnun þar sem fólk átti að nefna þann leikara sem það vildi helst eiga sem vin.

Ekki kemur á óvart að Jack Black hafi náð toppsætinu enda hefur hann farið á kostum í hinum fjölmörgu grínmyndum og þykir jafnan hrókur alls fagnaðar. Nýjasta mynd hans, Nacho Libre, hefur jafnframt fengið fínar viðtökur.



**NÚMER EITT** Leikarinn Jack Black er afar vinsæll á meðal Breta.

Athygli vekur að Tom Cruise lenti í neðsta sæti í könnuninni. Er þar vafalítið um að kenna tengslum hans við hina umdeildu vísindakirkju og þegar hann gekk nánast af göflunum eftir að hafa kynnst leikkonunni Katie Holmes.



**TOM CRUISE** Hegðun Tom Cruise hefur þótt fremur undarleg að undanförnu.

Í öðru sæti lenti Johnny Depp en þar á eftir komu Will Smith og Samuel L. Jackson. Þeir Brad Pitt, Orlando Bloom og Mel Gibson voru einnig ofarlega á blaði. Alls tóku rúmlega 2.000 Bretar þátt í könnuninni sem var gerð á vegum Yahoo! Entertainment. Gátu þeir valið á milli ellefu leikara og fékk Tom Cruise aðeins 3 prósent atkvæða.

# Baggalútur í Hveragerði

Köntrísveit Baggalúts heldur tónleika á Hótel Örk í Hveragerði á föstudag í tilefni Blómstrandi daga.

Á efnisskrá verða valin tónverk af plötunni Pabbi þarf að vinna auk verka af glænýrri plötu sveitarinnar, sem ber heitið Aparnir í Eden. Þess ber þó að geta, til að valda ekki misskilningi, að í Eden hafa aldrei verið apar, þeir voru annars staðar. Í Eden var hinsvegar talandi krákan Margrét til margra ára.

Tónleikarnir hefjast kl. 22.00 og miðinn kostar 1.500 krónur.



**BAGGALÚTUR** Hljómsveitin Baggalútur spilar í Hveragerði á föstudag.
MYND/GUÐMUNDUR FREYR VIGFÚSSON



## Handboltinn að byrja

Undirbúningur handboltaliða landsins er kominn á fulla ferð og í dag eru fyrstu leikirnir í hinu árlega æfingamóti Reykjavík Open. Leikið er með riðlafyrirkomulagi næstu 3 daga en úrslitin fara svo fram í Austurbergi á laugardaginn. Karlarnir spila í Austurbergi og konurnar í Seljaskóla. Nánari upplýsingar um mótið er að finna á www.hsi.is.

# sport

sport@frettabladid.is

GARÐAR JÓHANNSSON: ÆTLAR AÐ STANDA SIG Í NORSKU ÚRVALSDEILDINNI

# *Mikill léttir að komast úr KR*

Valsarinn Garðar Jóhannsson mun í dag halda til Noregs þar sem hann mun gangast undir læknisskoðun hjá norska úrvalsdeildarliðinu Frederikstad og ef allt gengur að óskum mun hann skrifa undir samning hjá félaginu. Frederikstad vann um daginn Noregsmeistarana í Vålerenga í fjórðungsúrslitum norsku bikarkeppninnar, 3-2, og í kjölfarið var þjálfari Vålerenga, Kjetil Rekdal, rekinn úr starfi en árangurinn hjá Árna Gauti Arasyni og félögum hans í ár hefur ekki staðist væntingar.
„Það hefur ekki verið stefnan hjá mér að komast í atvinnumennskuna en ég ákvað að grípa tækifærið þegar það gafst," sagði Garðar við Fréttablaðið í gær. „Nú fer maður þarna út með það fyrir augum að standa sig. Norska deildin býður upp á fleiri tækifæri en sú íslenska og aldrei að vita hvað gerist svo í kjölfarið ef maður stendur sig vel."



Þetta er ekki í fyrsta skipti í sumar sem Garðar skiptir um félag en um miðjan júlímánuð gekk hann til liðs við Val frá KR. Hjá Val sló hann í gegn og skoraði fjögur mörk í sínum fyrstu tveimur leikjum hjá félaginu, þar af þrennu gegn ÍBV í deildinni.
„Seinni hlutinn af sumarinu hefur verið mjög góður en fyrri hlutinn var fremur leiðinlegur," sagði Garðar sem gekk til liðs við KR fyrir tímabilið 2003. „Það var allt annað líf að koma í Val og það var mikill léttir að komast í burtu frá KR. Þar gekk fátt upp hjá mér, ég lenti í meiðslum og fékk ekki að spila lengi vel. Ekki það að það hafi verið leiðinlegt í KR en þetta var orðið fínt."
Þjálfari KR, Teitur Þórðarson, gagnrýndi Garðar í pistli sem birtist á stuðningsmannasíðu KR um helgina og sagði hann ekki hafa verið tilbúinn að leggja sig nógu mikið fram. „Ég held nú að hann hafi bara verið að reyna að afsaka sig. Ég hlusta alla vega ekki á þetta. Ég lagði mig alveg jafn mikið fram og aðrir í liðinu."

## > Bjarni hættur í KR

Varnarmaðurinn Bjarni Þorsteinsson er hættur í KR og hélt í gær til Danmerkur þar sem hann mun senn hefja nám. Bjarni hefur átt við mikil meiðsli að stríða undanfarin misseri og lítið spilað með KR. Teitur Þórðarson, þjálfari KR, greinir frá þessu í pistli sem birtist á stuðningsmannasíðu KR og þakkar Bjarna fyrir tíma þeirra saman hjá félaginu.



# Leggja hart að sér og eru til friðs

**Ólafur Garðarsson, umboðsmaður knattspyrnumanna, segir að ástæðan fyrir vinsældum íslenskra knattspyrnumanna í Skandinavíu sé það góða orð sem þeir hafa á sér. Hann segir að fleiri gætu verið á leiðinni út.**

**FÓTBOLTI** Íslenskir knattspyrnumenn hafa nánast myndað loftbrú til meginlands Evrópu undanfarnar vikur og mánuði en þeim fer sífellt fjölgandi sem gerast atvinnumenn, sér í lagi á Norðurlöndunum. Nú síðast sömdu þeir Ármann Smári Björnsson og Garðar Jóhannsson við norsk lið, Brann og Frederikstad, og eru íslenskir atvinnumenn þar með orðnir ellefu talsins í Noregi og gætu þar með myndað heilt knattspyrnulið. Til glöggvunar og skemmtunar stillir Fréttablaðið upp þessum leikmönnum í slíkt „Íslendingalið" hér til hliðar.

„Þetta kemur vissulega í bylgjum," segir Ólafur Garðarsson umboðsmaður knattspyrnumanna í samtali við Fréttablaðið um þessa miklu útrás íslenskra leikmanna. „Þetta fer mikið eftir því hvernig leikmenn standa sig þarna úti. Núna hafa íslenskir knattspyrnumenn mjög gott orð á sér, Í Noregi mynda Ólafur Örn Bjarnason og Kristján Örn Sigurðsson besta miðvarðapar Noregs sem fær á sig fæst mörk og Veigar Páll Gunnarsson skorar flest mörk allra. Í Svíþjóð varð Gunnar Heiðar Þorvaldsson markakóngur í fyrra og fleiri leikmenn, eins og Pétur Marteinsson, Gunnar Þór Gunnarsson, Helgi Valur Daníelsson og Kári Árnason, eru að standa sig vel og á það reyndar við um alla þessa stráka."

Fleira kemur við sögu eins og aukið fjármagn í íþróttafélögum á Norðurlöndunum, sér í lagi í Noregi. „Norðmenn borga betur en Svíarnir en það er ódýrara að lifa í Svíþjóð. En peningurinn í þessum bolta er að aukast smátt og smátt og síðast var sjónvarpsrétturinn í Noregi seldur mjög dýrt. Það hjálpar einnig félögunum að skattareglur eru hagstæðari fjárfestum en hér á landi. Þar er hægt að fá fjárframlög til lista og íþrótta og fleira í þeim dúr frádráttarbær frá skatti og myndi það breyta miklu fyrir íslensk félög ef þau fengju þetta einnig í gegn.

En fyrst og fremst segir hann ástæðuna vera gott orð sem íslenskir knattspyrnumenn hafa á sér. „Þeir leggja hart að sér og skapa engin vandræði utan vallar. Árangur Íslendinga hefur vakið athygli og réttilega svo."

Eins og málin standa nú eru 25 íslenskir leikmenn samningsbundnir knattspyrnuliðum á Norðurlöndunum. Samkeppnin um stöður í íslenska landsliðinu er því orðin gífurlega mikil því þar að auki eru fjórtán Íslendingar að leika reglulega með aðalliðum annarra félaga víða um Evrópu.

Alþjóðlegi félagaskiptaglugginn lokar um næstu mánaðamót þar til hann opnar aftur um áramótin og segir Ólafur að fleiri leikmenn gætu verið á förum héðan til erlendra liða. „Það er möguleiki. Það eru nokkur mál í gangi og nokkrir leikmenn sem hafa bara gott af því að fara á næsta stig og þroska sína hæfileika. Þeir eru þó nokkrir sem gætu vel tekið þetta skref." eirikur.asgeirsson@frettabladid.is




ÍSLANDSÚRVAL NOREGS



**GARÐAR JÓHANNSSON** Á leið til norska úrvalsdeildarliðsins Frederikstad sem Ríkharður Daðason lék áður með. Er hér (númer 30) í leik með Val gegn ÍBV FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**OBAFEMI MARTINS** Er að íhuga samning frá Newcastle. NORDIC PHOTOS/GETTY

Martins á leið til Newcastle:

## Inter samþykkti tilboð

**FÓTBOLTI** Glenn Roeder, framkvæmdastjóri Newcastle, leitar nú eins og óður maður að nýjum sóknarmanni. Eins og flestir vita þá lagði markahrókurinn Alan Shearer skóna á hilluna í vor og Michael Owen varð fyrir því óláni að meiðast illa á hné fyrr í sumar. Leitin virðist senn vera á enda því í gær samþykkti Inter Milan tilboð frá Newcastle í sóknarmanninn Obafemi Martins, en það tilboð hljómaði upp á 10 milljónir punda.

„Það er nú í höndum leikmannsins og umboðsmanns hans að samþykkja tilboð okkar," sagði Freddy Shepherd, stjórnarformaður Newcastle, á heimasíðu liðsins. - dsd



**KARL-HEINZ RUMMENIGGE** Var frábær leikmaður á sínum tíma. Hann er orðinn mjög þreyttur á kollegum sínum hjá Man United. NORDIC PHOTOS/GETTY

Owen Hargreaves:

## Bayern hótar að kæra Man. Utd

**FÓTBOLTI** Stjórnarmenn hjá Bayern München hafa hótað að kæra Manchester United til Alþjóða knattspyrnusambandsins, FIFA, ef þeir láta enska landsliðsmanninn Owen Hargreaves ekki í friði.

Bayern München hefur beðið kollega sína hjá Manchester United að hafa sig hæga hvað varðar Hargreaves. „Annars förum við með málið til FIFA," sagði Karl-Heinz Rummenigge, stjórnarformaður Bayern München, í gær. „Félagið sem leikmaðurinn er samningsbundinn verður að gefa leyfi fyrir því að annað félag hafi samband við leikmanninn," bætti Rummenigge við en Owen Hargreaves er samningsbundinn þýska liðinu til ársins 2010.

Sir Alex Ferguson, framkvæmdastjóri Manchester United, hefur margoft lýst yfir áhuga sínum á að fá Hargreaves til liðsins og sér hann fyrir sér sem arftaka Roy Keane á miðjunni hjá Manchester-liðinu. - dsd

Bæði Valur og KR græða á sölu Garðars Jóhannssonar til Noregs:

# KR fær vænan hlut af söluverði Garðars

**FÓTBOLTI** Samkvæmt reglum Knattspyrnusambands Íslands skiptist söluverð Garðars Jóhannssonar á milli Vals og KR, þeim félögum sem hann hefur leikið með undanfarin þrjú ár. Garðar heldur í dag til Noregs þar sem hann mun að öllum líkindum skrifa undir þriggja og hálfs árs samning við norska úrvalsdeildarliðið Frederikstad.

Garðar gerði því stuttan stans hjá Valsmönnum sem hann gekk til liðs við frá KR í júlí síðastliðnum. Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri KSÍ, segir reglurnar kveða á um ákveðinn útreikning á skiptingu söluverðsins. „Fjórðungur gengur alltaf beint til félagsins sem viðkomandi leikmaður er samningsbundinn og svo 25 prósent fyrir hvert ár sem leikmaðurinn var samningsbundinn ákveðnu félagi. Án þess að hafa reiknað þetta nákvæmlega er samkvæmt þessu hlutur Vals 25 prósent plús 5-10 prósent til viðbótar fyrir þann tíma sem hann var hjá Val."



**GEKK ILLA Í KR** Garðar skoraði ekki mörg mörk í KR-búningnum. Hér er hann í leik gegn FH, í baráttu við Auðun Helgason. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Samkvæmt reglunum á KR þá rétt á meirihluta söluverðs Garðars en aðspurður vill Ótthar Edvardsson, framkvæmdastjóri Vals ekki segja hvað félögin tvö sömdu um í þessu tilviki. „Þetta er í reglunum og förum við eftir þeim eins og aðrir," sagði Ótthar. „Það er búið að semja við alla aðila í þessu máli en ég verð að halda trúnaði og get ekki greint frá því hvers kyns samkomulagið er."

Garðar er fimmti leikmaður Vals sem félagið selur á undanförnu ári en hinir eru Garðar Gunnlaugsson, Ari Freyr Skúlason, Bjarni Ólafur Eiríksson og Sigþór Júlíusson en allir héldu þeir utan í atvinnumennsku nema sá síðastnefndi – hann fór í KR.

„Þetta er bara eins og hlutirnir eru í dag. Það er draumur margra knattspyrnumanna að fara í atvinnumennsku og félögin á Íslandi lifa að stórum hluta á þeim peningum sem þau fá fyrir að selja leikmenn. Þetta virkar því í báðar áttir en tilboðið sem við fengum í Garðar var nógu hagstætt til að taka því."

Hann kvíðir þó ekki lokasprettinum í deildinni. „Við erum með stóran og breiðan hóp og það kemur maður í manns stað. Stefnan er enn sett á annað sæti deildarinnar og breytist það ekkert við þetta." - esá



**VÖLLURINN UNDIRBÚINN** Með nýju stúkunni á Laugardalsvelli rúmar völlurinn um tíu þúsund áhorfendur. FRÉTTABLAÐIÐ

Miðasalan á Danaleikinn:

## 4.500 miðar í boði á netinu

**FÓTBOLTI** Miðasala hófst í gær á landsleik Íslands og Danmerkur sem fer fram miðvikudaginn 6. september en hún fer fram á netinu, á vefsíðunni midi.is. Miðasalan hófst klukkan 13 í gær og seinni partinn voru þegar þúsund miðar seldir.

Að sögn Geirs Þorsteinssonar, framkvæmdastjóra KSÍ, standa almenningi um 4.500 miðar til boða. Fyrirtæki hafa þegar keypt vel á annað þúsund miða, þúsund miðar eru fráteknir fyrir danska stuðningsmenn og á þriðja þúsund miða fá styrktaraðilar KSÍ, dómarar, boðsgestir og fleiri. - esá

Notaðir bílar. Fislétt kaup - aðeins 10% útborgun.
Engir ábyrgðarmenn. Lægra verð - lægri afborgun.*
Aðeins í 3 daga. Komdu strax.

# Fislétt kaup

## Þig vantar bíl. Núna

## Aðeins 43 bílar í 3 daga

## Komdu strax

**Opið frá kl. 9-18**

**Tökum notaðan uppí notaðan**

NATURALIS

### Fislétt bílakaup - afborgun undir 15.000 kr. á mánuði




Citroën Berlingo Van 1,4 beinsk. skrd. 10/2003 ek: 41.000 km.
Verð ~~1.090.000 kr.~~ Tilboðsverð 990.000 kr. Útborgun 99.000 kr.
13.792 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. SJ-700.




Ford Focus Trend 1,6 beinsk. skrd. 10/2003 ek: 72.000 km.
Verð ~~1280.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.050.000 kr. Útborgun 105.000 kr.
14.637 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. IR-058.




Daihatsu Gran Move 1,6 sjálfsk. skrd. 12/2000 ek: 81.000 km.
Verð ~~720.000 kr.~~ Tilboðsverð 620.000 kr. Útborgun 62.000 kr.
14.764 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði. PU-421.




Ford Fusion Trend 1,4 beinsk. skrd. 02/2004 ek: 33.000 km.
Verð ~~1.190.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.070.000 kr. Útborgun 107.000 kr.
14.907 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. UF-006.

### Fislétt bílakaup - afborgun 15.000 - 20.000 kr. á mánuði




Nissan Micra 1,2 sjálfsk. skrd. 06/2004 ek: 49.000 km.
Verð ~~1.270.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.090.000 kr. Útborgun 109.000 kr.
15.185 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. AZ-206.




Ford Focus Trend 1,6 beinsk. skrd. 04/2003 ek: 79.000 km.
Verð ~~1.220.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.120.000 kr. Útborgun 112.000 kr.
15.604 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. UI-904.




Ford Focus Trend 1,6 beinsk. skrd. 03/2004 ek: 58.000 km.
Verð ~~1.380.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.190.000 kr. Útborgun 119.000 kr.
16.589 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. OF-953.




Ford Focus Ambiente 1,6 beinsk. skrd. 12/2004 ek: 12.000 km.
Verð ~~1.520.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.420.000 kr. Útborgun 142.000 kr.
19.783 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. OB-168.

### Fislétt bílakaup - afborgun 20.000 - 25.000 kr. á mánuði




Ford Focus Trend 1,6 beinsk. skrd. 12/2004 ek: 20.000 km.
Verð ~~1.590.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.490.000 kr. Útborgun 149.000 kr.
20.757 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. TX-614.




Ford Mondeo Trend 2,0 sjálfsk. skrd. 08/2003 ek: 47.000 km.
Verð ~~1.690.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.490.000 kr. Útborgun 149.000 kr.
20.757 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. PV-007.




Citroën Picasso Exclusive 1,8 beinsk. skrd. 11/2004 ek: 21.000 km.
Verð ~~1.650.000~~ kr. Tilboðsverð 1.520.000 kr. Útborgun 152.000 kr.
21.175 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. PJ-490.




Ford Focus Trend 1,6 sjálfsk. skrd. 12/2004 ek: 10.000 km.
Verð ~~1.680.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.590.000 kr. Útborgun 159.000 kr.
22.151 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. UH-880.

### Fislétt bílakaup - afborgun yfir 25.000 kr. á mánuði




Land Rover Freelander 2,5 sjálfsk. skrd. 10/2000 ek: 78.000 km.
Verð ~~1.570.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.390.000 kr. Útborgun 139.000 kr.
33.136 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði. VF-347.




Ford Explorer XLT 4,6 sjálfsk. skrd. 05/2003 ek: 66.000 km.
Verð ~~2.890.000 kr.~~ Tilboðsverð 2.590.000 kr. Útborgun 259.000 kr.
36.106 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. OM-203.




Ford Explorer XLT 4,0 sjálfsk. skrd. 01/2004 ek: 71.000 km.
Verð ~~3.290.000 kr.~~ Tilboðsverð 2.690.000 kr. Útborgun 269.000 kr.
37.500 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. MP-623.




Ford Escape XLT 3,0 sjálfsk. skrd. 12/2004 ek: 19.000 km.
Verð ~~3.040.000~~ kr. Tilboðsverð 2.790.000 kr. Útborgun 279.000 kr.
38.895 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. VG-270.

**Þig vantar bíl. Komdu núna. Kíktu á netið.**
**Fislétt kaup. Aðeins í 3 daga.**

Aflaðu þér frekari upplýsinga
www.brimborg.is

Taktubíl

brimborg
Öruggur staður til að vera á

*Engir ábyrgðarmenn ef viðkomandi er eldri en 25 ára, er fasteignaeigandi og hvorki kaupandi eða maki er á vanskilaskrá. Nánari upplýsingar um vexti og lánskjör hjá söluráðgjöfum Brimborgar. Lán háð samþykki Lýsingar hf.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.brimborg.is

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

### *VISA-bikar kvenna:*

| | |
|---|---|
| VALUR-STJARNAN | 2-1 |

0-1 Björk Gunnarsdóttir (40.), 1-1 Katrín Jónsdóttir (65.), 2-1 Rakel Logadóttir (80.).

| | |
|---|---|
| BREIÐABLIK-FJÖLNIR | 2-0 |

1-0 Erna Björk Sigurðardóttir (25.), 2-0 Edda Garðarsdóttir, víti (87.).

### *Meistaradeild Evrópu:*

| | |
|---|---|
| MACCABI HAIFA-LIVERPOOL | 1-1 |

0-1 Peter Crouch (54.), 1-1 Colautti (63.)

***Liverpool fer áfram, 3-2, samanlagt.***

| | |
|---|---|
| OSASUNA-HSV | 1-1 |

1-0 Cuellar (6.), 1-1 DeJong (74.).

***HSV fer áfram, 1-1, samanlagt.***

| | |
|---|---|
| RAUÐA STJARNAN-AC MILAN | 1-2 |

0-1 Filippo Inzaghi (29.), 0-2 Clarence Seedorf (79.), 1-2 Dokic (80.)

***AC Milan fór áfram, 1-3, samanlagt.***

| | |
|---|---|
| BENFICA-AUSTRIA VÍN | 3-0 |

1-0 Costa 821.), 2-0 Gomes (45.), 3-0 Petit (57.)

***Benfica fór áfram, 4-1, samanlagt.***

### *Enska úrvalsdeildin:*

| | |
|---|---|
| WATFORD-WEST HAM | 1-1 |

1-0 Marlon King (63.), 1-1 Bobby Zamora (64.).

| | |
|---|---|
| TOTTENHAM-SHEFFIELD UNITED | 2-0 |

1-0 Dimitar Berbatov (7.), 2-0 J. Jenas (17.).



**BARÁTTA** Þær Greta Mjöll Samúelsdóttir Bliki og Guðný Jónsdóttir Fjölniskona berjast hér um knöttinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Blikar í vanda með Fjölni:

# Baráttuglaðar Fjölnisstelpur

**FÓTBOLTI** Breiðablik komst í gær í úrslit VISA-bikarkeppni kvenna þegar liðið sigraði Fjölni, 2-0. Fyrirfram var búist við nokkuð auðveldum sigri Blika en annað kom á daginn. Erna B. Sigurðardóttir kom Breiðablik yfir með marki eftir hornspyrnu á 25. mínútu en síðara markið kom ekki fyrr en á 87. mínútu þegar Edda Garðarsdóttir skoraði úr vítaspyrnu. Lokatölur 2-0 en Fjölnisstúlkur geta borið höfuðið hátt eftir frammistöðu liðsins í gær.

„Fjölnir er með mjög gott lið og þær áttu alveg skilið að fara í úrslitaleikinn eins og við í dag,“ sagði markvörður Breiðabliks, Þóra B. Helgadóttir.

„Þetta var bara mjög erfiður leikur gegn góðu liði. Þetta Fjölnislið sýndi mikla baráttu og fínt spil á köflum í dag,“ sagði Guðmundur Magnússon, þjálfari Breiðabliks.

Aðspurður um úrslitaleikinn gegn Val sagðist Guðmundur eiga von á frábærum knattspyrnuleik og hvatti alla áhugamenn um knattspyrnu að mæta á leikinn. „Við sjálf ætluðum okkur meiri hluti á Íslandsmótinu í sumar en bikarinn er eftir og hann ætlum við að taka,“ bætti Guðmundur við. Eitt er þó ljóst að Breiðabliksstúlkur þurfa að spila mun betur í úrslitaleiknum ef þær ætla sér að vinna hann. - dsd

Evrópukeppnin í handbolta:

# Stjarnan fer til Króatíu

**HANDBOLTI** Í gær var dregið í Evrópukeppni bikarhafa og félagsliða. Bikarmeistarar Stjörnunnar drógust gegn króatíska liðinu Agram Medvescak frá Zagreb.

Haukar, sem keppa í Evrópukeppni félagsliða, drógust á sama tíma gegn tapliðinu í viðureign HCM Constanta frá Rúmeníu og ítalska liðsins Conversano en þau mætast í forkeppni Meistaradeildarinnar.

Bæði íslensku liðin eiga útileikinn fyrst en hann verður spilaður 30. september eða 1. október og heimaleikurinn er viku síðar. - hbg

Valur kominn í úrslit VISA-bikars kvenna eftir erfiðan sigur á Stjörnunni, 2-1:

# Stjarnan veitti Val verðuga keppni

**FÓTBOLTI** Það verða Valur og Breiðablik sem mætast í úrslitum VISA-bikars kvenna í ár. Valur lagði Stjörnuna, 2-1, á Valbjarnarvelli og á sama tíma vann Breiðablik sigur á Fjölni, 2-0.

Aðstæður á Valbjarnarvelli í gær voru vægast bágbornar – hellirigning og nokkur vindur. Ekki beint áhorfendavænt veður og því mátti telja áhorfendur leiksins á fingrum annarrar handar þegar flautað var til leiks.

Stjörnustúlkur fóru sér í engu óðslega í upphafi leiks, lágu til baka, leyfðu Val að sækja og einbeittu sér að því að verjast vel. Sú ráðagerð gekk ágætlega því Valsstúlkur voru í nokkrum vandræðum með að opna vel skipulagða vörn Stjörnunnar. Á sama tíma náði Stjarnan nokkrum ágætum skyndisóknum sem þær hefðu getað nýtt betur. Lítið var um opin færi en þau fáu sem komu voru Valsstúlkna en Sandra Sigurðardóttir varði ávallt vel í Stjörnumarkinu.

Markalaust var í leikhléi en Stjörnustúlkur byrjuðu síðari hálfleikinn með látum og Björk Gunnarsdóttir kom gestunum yfir með laglegu marki eftir stungusendingu.



**ÖLL SUND LOKUÐ** Valsstúlkan Pála Marie Einarsdóttir leitar hér fyrir sér án árangurs en Valur var lengi í vandræðum með að brjóta niður sterka Stjörnuvörn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Valsstúlkur spýttu í lófana eftir markið og uppskáru jöfnunarmark á 65. mínútu þegar fyrirliðinn, Katrín Jónsdóttir, lyfti boltanum laglega yfir Söndru og í markið. Valsstúlkur héldu áfram að pressa að marki Stjörnunnar og þær náðu loksins að komast yfir tíu mínútum fyrir leikslok þegar Rakel Logadóttir lyfti boltanum laglega yfir Söndru á ný en Sandra, sem átti stórleik, gat lítið gert við mörkunum.

Yfir þetta áfall komust dauðþreyttar Stjörnustúlkur ekki og eftirleikurinn því nokkuð auðveldur fyrir Valsstúlkur sem fögnuðu sanngjörnum sigri sem þær þurftu þó að hafa mikið fyrir. - hbg



**MAREL JÓHANN** Er markahæstur í Landsbankadeildinni en gæti hafa leikið sínn síðasta leik fyrir félagið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Blikar og Molde semja:

# Marel kominn til Noregs

**FÓTBOLTI** Landsliðsframherjinn Marel Jóhann Baldvinsson flaug til Noregs í gær um leið og Breiðablik og Molde komust að samkomulagi um kaupverð á framherjanum. Marel mun gangast undir læknisskoðun í dag og gangi hún að óskum mun hann skrifa undir tveggja og hálfs árs samning við norska úrvalsdeildarfélagið.

„Þetta verður spennandi. Þeim er kunnugt um að ég geng ekki fullkomlega heill til skógar og get aðeins æft einu sinni á dag. Þeir vilja skoða hnéð á mér betur og ég veit í raun ekki hvernig þetta mun fara og hvað þeir sætta sig við. Það kemur allt í ljós eftir skoðunina en ég er með báða fætur á jörðinni þangað til,“ sagði Marel við Fréttablaðið í gær. - hbg

# Vona að FH misstígi sig enn frekar

**Baldur Sigurðsson er leikmaður 14. umferðar Landsbankadeildar karla að mati Fréttablaðsins. Hann skoraði bæði mörk Keflavíkur í 2-1 sigri á Íslandsmeisturum FH og hefur verið öflugur með liðinu í allt sumar.**

**FÓTBOLTI** Baldur Sigurðsson, leikmaður Landsbankadeildarliðs Keflavíkur, er nánast sjálfvalinn leikmaður 14. umferðar deildarinnar en hann skoraði bæði mörkin í 2-1 sigri Keflavíkur á Íslandsmeisturum FH á sunnudag. Þetta var aðeins annað tap FH í sumar en Keflavík náði með sigrinum að saxa á forskot meistaranna niður í átta stig en FH-ingar verða engu að síður að teljast líklegir sigurvegarar á mótinu í sumar þegar fjórar umferðir eru eftir.

LEIKMAÐUR UMFERÐARINNAR

„Það var auðvitað mjög gaman að því að vinna FH og ekki síður að skora þessi mörk,“ sagði Baldur við Fréttablaðið. Hann segir sumarið hafa verið gott, sérstaklega eftir að liðið hafði náð að hrista af sér slenið eftir fyrstu umferðirnar. „Eftir að við komumst á skrið hefur gengið mjög vel hjá okkur. Það var einnig ævintýri að taka þátt í Evrópukeppninni og erum við núna að berjast fyrir því að tryggja okkur þátttökurétt í henni aftur. Það er skemmtileg viðbót við sumarið og gaman að fara út og reyna sig gegn sterkari liðum.“

Keflavík hefur ekki tapað í deildinni síðan það mætti Fylki þann 12. júní síðastliðinn og er því ósigrað í sjö leikjum í röð. „Það hefur eitthvað smollið hjá okkur,“ segir Baldur aðspurður um hið góða gengi liðsins. „Vörnin hefur verið sterk og miðjan góð. Svo hefur mikil samkeppni ríkt á milli framherjanna um stöður í byrjunarliðinu og keppast þeir við að nota sitt tækifæri vel og skora. Það er hið besta mál og á meðan samkeppni er um stöður í liðinu er gengið gott.“

Tapið gegn Fylki var þriðja tap liðsins í röð á þeim tíma og segir Baldur að þjálfari liðsins, Kristján Guðmundsson, hafi aldrei misst trúna á sínum mönnum þrátt fyrir að á móti blési. „Hann vissi alltaf hvað í okkur bjó og það var bara spurning um hvenær þetta myndi hrökkva í gang hjá okkur. Það hlaut að koma að því,“ sagði Baldur.






**BALDUR SIGURÐSSON** Keflvíkingar fögnuðu sigrinum á FH vel og innilega. Hér er hann fyrir miðri mynd. VÍKURFRÉTTIR/ÞORGILS

Hann hefur ekki farið varhluta af þeirri miklu útrás íslenskra knattspyrnumanna og verið orðaður við atvinnumennskuna. Hann segist þó minnst vita um það sjálfur. „Ég veit að hinir og þessir hafa verið að fylgjast með leikjunum en ég hef ekki heyrt nein nöfn. Þetta kemur þá bara í ljós ef eitthvað gerist.“

Baldur segir að Keflvíkingar hafi farið í leikinn gegn FH fullir sjálfstraust. „Við ætluðum allan tímann að vinna þennan leik. Við vissum að þeir voru í vandræðum í bakvarðastöðunum og ákváðum að keyra því stíft upp báða kantana. Það tók þó sinn tíma að skora og þegar það gerðist svöruðu þeir strax fyrir sig. En við náðum að skora svo annað mark undir lok leiksins og var það afar ljúft.“

Keflavík er enn með í bikarkeppninni og mætir Víkingum í næstu umferð. En skyldi Baldur hafa einhverja trú á því að FH gefi það mikið eftir á lokasprettinum að Keflavík eigi möguleika á að hrifsa af þeim titilinn?

„Maður hefur nú alltaf trú á því þó svo að líkurnar séu mjög litlar,“ segir hann í léttum dúr. „En þetta er bara spurning um að við vinnum og þeir tapi. Við verðum bara að hugsa um okkur og vona að þeir hugsi um eitthvað annað en sjálfa sig.“

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is

Liverpool slapp með skrekkinn gegn Maccabi Haifa í forkeppni Meistaradeildar Evrópu:

# Liverpool komst naumlega áfram í riðlakeppnina

**FÓTBOLTI** Ensku bikarmeistararnir í Liverpool komust í gær í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu þegar liðið gerði 1-1 jafntefli við ísraelska liðið Maccabi Haifa í seinni leik liðanna sem fram fór í Kænugarði í gær. Fyrri leikur liðanna endaði með 2-1 sigri Liverpool og samanlögð úrslit úr leikjunum tveimur því 3-2.

Þrátt fyrir að Liverpool hefði ráðið ferðinni í fyrri hálfleik var staðan jöfn í hálfleik, 0-0.

Liverpool náði forystunni á 54. mínútu þegar Peter Crouch skallaði boltann í netið eftir góðan undirbúning frá Jermaine Pennant. Adam var þó ekki lengi í paradís því 9. mínútum síðar jafnaði Roberto Colautti metin fyrir Maccabi Haifa þegar hann fylgdi vel eftir skoti frá Xavier Anderson sem Jose Reina, markvörður Liverpool, náði ekki að halda. Reina kom hins vegar Liverpool til bjargar stuttu síðar þegar hann varði glæsilega skot frá Roberto Colautti sem stefndi beint í netið.



**PETER CROUCH** Fagnar markinu mikilvæga. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

„Þetta var erfiður leikur, þeir sýndu og sönnuðu að þeir eru með gott lið. Þetta var kannski ekki fallegur sigur en við erum komnir áfram,“ sagði markaskorari Liverpool í leiknum, Peter Crouch.

Crouch mun fá samkeppni frá Dirk Kuyt um sætið í liðinu í vetur en hann segist njóta þess að spila með Mark Gonzalez og Jermaine Pennant á köntunum. „Það er gott fyrir leikmann eins og mig að hafa tvo góða vængmenn, ég þarf bara að koma mér inn í vítateiginn. Það er alltaf samkeppni hjá stórum liðum og vonandi þrífst ég bara á því,“ var haft eftir Peter Crouch. - dsd







## Sirkus kemur á föstudögum!

Nú færðu nýtt og litríkara Sirkus-tímarit með Fréttablaðinu á föstudögum. Sirkus er blaðið sem flytur þér skemmtilegar fréttir af áhugaverðu fólki og sér til þess að þú vitir allt sem er að gerast um helgina. Auk þess fjallar blaðið á ferskan hátt um tísku, kvikmyndir, tónlist, lífsstíl og alls kyns fleira skemmtilegt.

FRÉTTABLAÐIÐ

– Mest lesið

## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

**„Any men don't wanna get killed, better clear on out the back."**

**Svar:** Bill Munny úr myndinni Unforgiven frá árinu 1992.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON ÞREYTTIST FLJÓTT Á NÝJUM FORMANNI

# Sama bullið allan daginn

Áhugi minn á pólitískum umræðum hefur minnkað með árunum. Ekki að ég hafi engan áhuga á hvernig landinu er stjórnað og af hverjum heldur virðist mér sem stjórnmálamenn hafi á undanförnum árum horft full mikið á bandaríska stjórnmálamenn sem stjórnaðir eru af spunameisturum. Þeir eru farnir að apa upp eftir þeim leiðindar talsmáta sem felst meðal annars í því að segja sömu „mikilvægu" línuna tvívegis, taka undir með fréttamanninum en snúa síðan spurningu hans upp í eitthvað innantómt hjal sem fjarar fljótlega út í eyrum hlustandans.

Fátt hefur gerst meira spennandi í stjórnmálum á undanförnum misserum en formannskjör Framsóknarflokksins um helgina. Reyndar er það svo að Framsóknarflokkurinn er langt frá því að vera stærsti flokkur landsins og því mætti ætla að þjóðin hefði jafn mikinn áhuga á kosningunni og kjöri nýs formanns einhvers íþróttafélags úti á landi. Framsóknaflokkurinn er hins vegar sá stjórnmálaflokkur sem hefur verið hvað oftast í ríkisstjórn síðan Ísland varð lýðveldi og því skiptir máli hver leiðir flokkinn enda er líklegra heldur en hitt að sá „útvaldi" verði í valdamikilli stöðu næstu áratugina.

NFS var með beina útsendingu frá flokksþingi Framsóknarflokksins allan laugardaginn. Ég geri mikið af því að hlusta á NFS í útvarpinu þegar ég keyri á milli bæja en forðast í lengstu lög að stilla á stöðina á imbakassanum. Eftir að hafa hlustað á einkaviðtal stöðvarinnar við Jón Sigurðsson, nýkjörinn formann flokksins, klukkan ellefu að morgni hafði ég gert mér í hugarlund hvers slags maður þetta væri. Þegar viðtalið hafði „rúllað" ca. tíu sinnum yfir allan daginn var ég kominn með nóg af þessum ágæta manni, kunni viðtalið nánast utan að og fannst hún innantómt blaður um ekki neitt. Jón þarf hins vegar ekki að líta í eigin barm því hann er vel máli farinn og skýrmæltur stjórnmálamaður sem gerir „blaður" hans áhugavert. Það var hins vegar þreytandi að í hvert skipti sem ég þurfti að bregða mér af bænum þá hljómaði sama viðtalið, aftur og aftur.



**JÓN SIGURÐSSON** Viðtal við hann var endurtekið ca. tíu sinnum á tíu klukkustundum þegar NFS var með beina útsendingu frá flokksþingi Framsóknarflokksins.



▶ 21.30 *Gaman*

LITTLE BRITAIN



▶ 20.50 *Spjall*

OPRAH



▶ 21.30 *Spenna*

GHOST WHISPERER



▶ 21.30 *Raunveruleiki*

ROCK STAR: SUPERNOVA



▶ 07.00 *Dægurmál*

ÍSLAND Í BÍTIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Disneystundin **18.01** Stjáni **18.25** Sígildar teiknimyndir (26:30)

**18.32 Líló og Stitch (45:49)**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Bráðavaktin (1:22)** (ER XII) Bandarísk þáttaröð. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**20.55 Kastljós – molar**
**21.00 Kokkar á ferð og flugi (2:8)** (Surfing the Menu)
▶ **21.30 Litla-Bretland (2:8)** (Little Britain I) Grínistarnir Matt Lucas og David Walliams bregða sér í ýmissa kvikinda líki og kynna áhorfendum Bretland og furður þess. Þættirnir hafa unnið til fjölda verðlauna. e.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Íþróttakvöld**
**22.35 Formúlukvöld** Hitað upp fyrir kappaksturinn.

**23.00** Vesturálman (17:22) **23.45** Kóngur um stund (11:12) **0.20** Kastljós **0.45** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah Winfrey **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Strong Medicine (21:22)

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Home Improvement (24:25) **13.30** How I Met Your Mother **14.05** Medium **14.50** Las Vegas **15.35** Blue Collar TV **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.40** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 The Simpsons (14:22)** (Simpson-fjölskyldan)
**20.05 Neyðarfóstrurnar (5:16)** (McKelvain Family) Yvonne neyðarfóstra heimsækir McKevain fjölskylduna. Stevi og John eru foreldrar fjögurra barna.
▶ **20.50 Oprah (88:145)** (Young Boy Lured Into Becoming An Internet Porn Star)
**21.35 Medium (22:22)** (Miðillinn)
**22.20 Strong Medicine (22:22)** (Samkvæmt læknisráði) Ný sería af þessum vönduðu spítalaþáttum sem fjalla um kraftmikla kvenlækna sem berjast fyrir bættri heilsu kynsystra sinna.

**23.05** Footballers' Wives (B. börnum) **23.55** Cold Case (B. börnum) **0.40** Autopsy (e) (B. börnum) **1.30** Solaris (B. börnum) **3.05** Finding Graceland **4.40** Medium (B. börnum) **5.20** Fréttir og Ísland í dag

## SIRKUS TV

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Pípóla (6:8) (e)**
**20.00 Seinfeld (21:22)** (The Opposite)
**20.30 Sirkus RVK (e)**
**21.00 Stacked (11:13)** (Day The Music Died)
▶ **21.30 Ghost Whisperer (6:22)** Melinda Gordon er ekki eins og flestir aðrir. Sálirnar sem hún nær sambandi við eiga það sameiginlegt að þurfa á hjálp Melindu að halda. Melinda notar hæfileikana til að fá mikilvægar upplýsingar að handan og kemur skilaboðunum til þeirra sem er ætlað að fá þau.
**22.20 The Beach** (Ströndin)

**0.15** Seinfeld (21:22)

## SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e)

**15.30** All About the Andersons (e) **16.05** Brúðkaupsþátturinn Já (e) **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Beverly Hills 90210**
**19.45 Beautiful People** Lynn sannfærist loks um að fara á stefnumót með yngri manni. Samband Karenar og Bens breytist eftir að bíllinn hans bilar.
**20.30 Emily's Reasons Why Not!**
▶ **21.30 Rock Star: Supernova – raunveruleikaþátturinn** Íslendingur er nú með í fyrsta sinn í einum vinsælasta þætti í heimi en í ár er kenndur við hljómsveitina Supernova. Hver verður söngvari Supernova með þunga-rokkurunum Tommy Lee úr Motley Crüe, Jason Newstead úr Metallica og Gilby Clarke úr Guns N'Roses?
**22.00 Rock Star: Supernova – tónleikarnir**

**23.00** Sugar Rush **0.00** Rock Star: Supernova – úrslit vikunnar **1.00** Love Monkey (e) **1.45** Beverly Hills 90210 (e) **2.30** Óstöðvandi tónlist

## NFS

▶ **7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin **11.40** Brot úr dagskrá

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið, fréttaviðtal. **13.00** Sportið **14.00** Fréttavaktin **17.00** 5fréttir **18.00** Íþróttir og veður

**18.30 Kvöldfréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.
**20.10 Brot úr fréttavakt**
**21.00 Fréttir**
**21.10 Panorama 2006** (Exiting From Iraq)
**22.00 Fréttir** Fréttir og veður
**22.30 Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.

**23.10** Kvöldfréttir **0.10** Fréttavaktin **3.10** Fréttavaktin **6.10** Hrafnaþing

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Triumph of Love **8.00** Rat Race **10.00** Starsky & Hutch (Bönnuð börnum) **12.00** Spy Hard **14.00** Triumph of Love **16.00** Rat Race **18.00** Starsky & Hutch (Bönnuð börnum) **20.00 Spy Hard (e) 22.00 The Whole Ten Yards 0.00** Blue Collar Comedy Tour: The Movie (e) (Bönnuð börnum) **2.00** Life or Something Like It **4.00** The Whole Ten Yards (Bönnuð börnum)

## SKJÁR SPORT

**7.00** Að leikslokum **14.00** Everton – Watford **16.00** Watford – West Ham **18.00** Upprifjun 2005 – 2006 (e)

**18.50 Charlton-Man Utd**
**21.00 Man City – Portsmouth**

**23.00** Middlesboro – Chelsea **1.00** Dagskrárlok

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**11.30** Number One Single **12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** 101 Most Sensational Crimes of Fashion! **16.00** 101 Most Sensational Crimes of Fashion! **17.00** Sexiest Latin Lovers **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** Eva Longoria: The Interview with Ryan Seacrest **20.00** 101 Incredible Celebrity Slimdowns **21.00** Girls of the Playboy Mansion **21.30** Girls of the Playboy Mansion **22.00** Wild On Tara **22.30** Wild On Tara **23.00** Sexiest European Stars **0.00** Eva Longoria: The Interview with Ryan Seacrest **1.00** 101 Incredible Celebrity Slimdowns **2.00** 101 Most Starlicious Makeovers

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15




## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Veronica Mars **RÚV** kl. 20.10

### *Fyndinn og skemmtilegur þáttur*



Veronica Mars tekur til við að fletta ofan af glæpamönnum eftir að besta vinkona hennar er myrt og pabba hennar er bolað úr stöðu sinni sem lögreglufógetinn í heimabæ þeirra Neptune. Pabbi hennar er ekki par hrifinn af athæfinu en Veronica er ákveðin og stendur á sínu. Það getur hins vegar verið erfitt, sérstaklega þegar það kostar að vera öðruvísi í menntaskóla.
Auk þess að vera fyndinn og skemmtilegur þáttur er Veronica Mars sögupersóna sem öll fjölskyldan getur sameinast yfir að horfa á. Hvort sem Veronica fæst við að leysa morðmál eða finna týnda hvolpa getur hún skemmt öllum aldurshópum. Til þess notar hún engin dýr tól og tæki, aðeins gamaldags spæjaraaðferðir. Þátturinn hefur notið mikilla vinsælda en í kvöld hefst önnur þáttaröðin.
Eina vandamálið við þættina er að þegar maður byrjar að horfa þá er afskaplega erfitt að hætta.

## ■ Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 2 | | 8 | | 9 | |
| | | 4 | 7 | | | 5 | | |
| 2 | | | | | | 1 | 3 | |
| 3 | | | | | 1 | | 6 | |
| | | | 3 | | 7 | | | |
| | 8 | | 6 | | | | | 1 |
| | 5 | 6 | | | | | | 3 |
| | | 7 | | | 9 | 4 | | |
| | 4 | | 8 | | 2 | | | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 1 | 4 | 6 | 5 | 8 | 3 | 7 |
| 3 | 7 | 4 | 2 | 1 | 8 | 5 | 6 | 9 |
| 8 | 6 | 5 | 3 | 9 | 7 | 4 | 2 | 1 |
| 4 | 3 | 8 | 9 | 7 | 2 | 1 | 5 | 6 |
| 2 | 5 | 9 | 6 | 8 | 1 | 3 | 7 | 4 |
| 7 | 1 | 6 | 5 | 3 | 4 | 2 | 9 | 8 |
| 1 | 9 | 3 | 8 | 2 | 6 | 7 | 4 | 5 |
| 6 | 4 | 7 | 1 | 5 | 3 | 9 | 8 | 2 |
| 5 | 8 | 2 | 7 | 4 | 9 | 6 | 1 | 3 |



▶ 18.55 *fótbolti*

ARSENAL – DYNAMO ZAGREB

SÝN *besta sætið*

**16.20** Meistaradeild Evrópu 2006 – forkeppni 3. umferð (Maccabi Haifa – Liverpool) **18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30** **Timeless** (Íþróttahetjur)
▶ **18.55** **Meistaradeildin 2006 – forkeppni 3. umferð** (Arsenal vs. Dynamo Zagreb) Bein útsending frá leik í forkeppni Meistaradeildar Evrópu í knattspyrnu.
**21.00** **NBA – Bestu leikirnir** (LA Lakers – Philadelphia 76ers 80) Magic Johnson var lykilmaður hjá Lakers á árum áður. Hér fer hann á kostum í einvíginu við Philadelphiu fyrir aldarfjórðungi (1980). Þetta var sjötti leikur liðanna í úrslitunum og Magic varð heldur betur að taka á honum stóra sínum og m.a. að bregða sér í miðherjastöðuna.
**22.40** **Hápunktar í PGA mótaröðinni**
**23.35** Meistaradeildin 2006 – forkeppni 3. umferð (Arsenal vs. Dynamo Zagreb)

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Óvissuferð – allir velkomnir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.20** Hádegisfréttir **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Sögur af sjó og landi **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.25** Spegillinn **19.00** Litla flugan **19.40** Laufskálinn **20.20** Norrænt **21.00** Út um græna grundu **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Tónlistarhornið **22.30** Kvöldsagan **23.05** Schumann og fjölskylda: Clara **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Á vellinum **22.10** Geymt en ekki gleymt **22.10** Popp og ról

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957 /** Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær /** Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin /** Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan /** Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun /** Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss /** Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó /** 12 spora efni
**FM 91,9 XFM /** Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður


www.volkswagen.is




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 3024

aukabúnaður á mynd: álfelgur, vindskeiðar og sóllúga

## Skólabíll á aðeins 13.950 kr. á mánuði*

Volkswagen Fox er rétti bíllinn fyrir skólafólk. Hann er á góðu verði og ódýr í rekstri, TDI® dísilvélin eyðir einungis 4,9 l/100 km. Hann er lítill, lipur og þægilegur í umferðinni, frábærlega hannaður og flottur eftir því. Niðurstaðan: Draumabíll námsmannsins.

Í nýlegu árekstrarprófi ADAC í Þýskalandi fékk Volkswagen Fox fjórar stjörnur og reyndist öruggasti bíllinn í sínum stærðarflokki.

Aus Liebe zum Automobil

M.v. 30% útborgun og bílasamning SP Fjármögnunar í blandaðri erlendri myntkörfu í 84 mánuði. Verð 1.345.000 kr.

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is



## HRÓSIÐ

*... fær Guðrún Kristmundsdóttir á Bæjarins beztu sem valinn var annar besti matsöluturn Evrópu í úttekt The Guardian.*



**LÁRÉTT**
**2** atlaga **6** skóli **8** struns **9** stansa **11** hætta **12** möglа **14** gapa **16** í röð **17** almætti **18** fæða **20** guð **21** áætlun.
**LÓÐRÉTT**
**1** ómögulegur **3** guð **4** aðgætinn **5** skjön **7** örlátur **10** kraftur **13** tækifæri **15** hástétt **16** ósigur **19** samtök.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** árás, **6** fg, **8** ark, **9** æja, **11** vá, **12** röfla, **14** flaka, **16** tu, **17** guð, **18** ala, **20** ra, **21** plan. **LÓÐRÉTT: 1** ófær, **3** ra, **4** árvakur, **5** ská, **7** gjöfull, **10** afl, **13** lag, **15** aðal, **16** tap, **19** aa.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. The Guardian
2. Ítalir
3. Garður






# Leoncie með aðstoðarkonu á Englandi

Popp-prinsessan Leoncie býr á Englandi um þessar mundir þar sem hún reynir að koma tónlist sinni á framfæri. Leoncie reyndi fyrir skömmu að komast að í raunveruleikaþáttunum X - Factor þar sem þau Sharon Osbourne, Paul Welsh og Simon Cowell ráða ríkjum en sérstakur gestadómari í þessum þætti var hin geðþekka Paula Abdul sem hefur verið aðaldómari í American Idol þáttunum. Þættirnir njóta mikilla vinsælda í Bretlandi og hafa sigurvegararnir náð góðum árangri eftir að hafa komið fram í þáttunum. Leoncie söng Tom Jones-slagarann, It's Not Unusual, fyrir dómefndina við miklar undirtektir hennar þar sem Paula Abdul sprakk meðal annars úr hlátri þegar flutningnum lauk.

Þegar Fréttablaðið reyndi að ná tali af Leoncie reyndist það þrautinni þyngri því söngkonan hefur ráðið til sín aðstoðarkonu, Michelle, sem svarar öllum spurningum handa Leoncie. „Leoncie bað mig um að svara tölvupóstinum frá þér en hún er ekki við sem stendur. Sendu mér spurningarnar og ég mun láta Leoncie hringja í þig," skrifaði aðstoðarkona Leoncie sem greinilega hefur í nógu að snúast fyrir poppdívuna á Englandi. Þá kom fram í svari Michelle að Leoncie hefði fengið fjölda tilboða í kjölfar sjónvarpsþáttarins og væri ákaflega upptekin manneskja um þessar mundir. -fgg



**LEONCIE** Söng lag Tom Jones, It's Not Unusual, með sínu nefi.



**DÓMNEFNDIN** Hefur örugglega ekki séð aðra eins frammistöðu í þættinum eins og þá sem Leoncie töfraði fram í X - Factor.



**LEIKSTJÓRABÖRNIN Á ÆFINGU** Frá vinstri eru Ugla Egilsdóttir, Hera Hilmarsdóttir, Gunnur Martinsdóttir Schlüter, Jörundur Ragnarsson, Guðný Halldórsdóttir, Atli Rafn Sigurðarson, Arnmundur Ernst Björnsson, Baltasar Breki Baltasarsson, Tinna Hrafnsdóttir og Hilmir Snær Guðnason, sem er kominn með myndarlegt hippaskegg fyrir myndina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

GUÐNÝ HALLDÓRSDÓTTIR: LEIKSTÝRIR VEÐRAMÓTUM

# Börn þekktustu leikstjóra landsins saman í bíómynd

„Það varð nú óvart þannig að öll þessi leikstjórabörn verða í myndinni. Þegar ég var að leita að leikurum í vetur fór ég á menntaskólasýningarnar og þá voru þessir krakkar þau sem stóðu upp úr," segir kvikmyndaleikstjórinn Guðný Halldórsdóttir. Tökur á nýrri mynd hennar, Veðramótum, hefjast í vikunni og svo skemmtilega vill til að hún hefur safnað saman í leikhópinn börnum flestra þekktustu kvikmyndaleikstjóra landsins.

Þekktustu nöfnin í leikhópnum eru þeir Hilmir Snær Guðnason og Atli Rafn Sigurðarson en með önnur stór hlutverk fara börn flestra þekktustu kvikmyndaleikstjóra landsins. Þau eru Tinna Hrafnsdóttir, dóttir Hrafns Gunnlaugssonar, Gunnur Martinsdóttir Schlüter, dóttir Ásdísar Thoroddsen, Hera Hilmarsdóttir, dóttir Hilmars Oddssonar, Baltasar Breki, sonur Baltasars Kormáks, og Arnmundur Ernst Björnsson, sonur Eddu Heiðrúnar Backman.

„Þetta eru allt börn leikstjóra, börn vina minna. Sum þeirra hef ég ekki séð síðan þau voru oggulítil og hafði því ekki hugmynd um að þau væru komin út í leiklistina. En það virðist sem þau séu öll með brennandi áhuga og hafa mörg skipað stóran sess í þeim leikfélögum sem þau hafa verið í. Sum krakkanna hafa svo leikið hjá mér áður," segir Guðný.

„Þetta er náttúrlega spennusaga eins og mikið er í tísku núna. Ég tolli í tískunni," segir Guðný þegar hún er spurð út í nýju myndina. Veðramót fjallar um heimili fyrir vandræðaunglinga norður í landi árið 1974. Sagan gerist í nútímanum en brugðið er upp svipmyndum frá 1974 „þegar hippamenskan var við lýði," eins og Guðný orðar það. „Það er ungt fólk sem tekur við þessu vandræðaheimili og það innleiðir nýjar uppeldisaðferðir. Ég myndi halda að óhætt sé að segja að þar gangi á ýmsu," segir Guðný.

hdm@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Vandræðalegt atvik átti sér stað skömmu fyrir útsendingu á seinni hálfleik í viðureign Chelsea og Manchester City á Skjá Sporti á sunnudag. **Snorri Már Skúlason**, sem hefur staðið sig með mikilli prýði í umfjöllun sinni um enska boltann, vissi greinilega ekki að kveikt væri á myndavélinni því hegðun hans var afar óvenjuleg. Klóraði hann sér í nefinu, purraði með munninum og spjallaði við útsendingarstjóra allt þar til hann fékk ábendingu um að leikurinn væri að byrja. Atvikið var grátbroslegt og það merkilega var að það stóð yfir í að minnsta kosti eina mínútu án þess að Snorri hefði nokkra hugmynd um að hann hefði verið í mynd allan tímann.



Stelpnabandið The Nana's með **Nönu** úr Idolinu í broddi fylkingar stefnir á að gefa út plötu snemma á næsta ári. Þegar hafa stöllurnar sent eitt lag í útvarpsspilun og munu taka upp annað lag á næstu dögum. Lögin sem um ræðir eru I Lose My Mind og It Must Have Been Love með Roxette með íslenskum texta. Hljómsveitin stefnir að því að gefa út eitt lag til viðbótar áður en upptaka plötunnar hefst. Þess má geta að trommuleikari hljómsveitarinnar er Dísa, nýbökuð eiginkona Nönu.



Sjónvarpsmaðurinn **Auðunn Blöndal** er fjölhæfur eins og alþjóð veit. Eftir að tilkynnt var um endalok Strákanna á Stöð 2 í vor hefur hann verið að þreifa fyrir sér um næstu verkefni. Í undirbúningi er að hann verði með þætti á Sirkus í vetur en það er ekki komið lengra á veg en svo að Auðunn hefur ákveðið að gefa sér tíma til að læra handritsgerð. Auðunn hefur skráð sig á námskeið í handritsgerð sem haldið verður í byrjun september í tengslum við IFF-kvikmyndahátíðina. Annar kennaranna á námskeiðinu kom að gerð kvikmyndarinnar Deuce Bigalow: European Gigalo svo að Auðunn ætti að fá góða kennslu í fræðunum.








# Svavar Örn sest á skólabekk

„Ég hafði aldrei tíma til að taka meistaranámið af því að ég hafði svo mikið að gera með fram vinnunni á stofunni. Nú er hins vegar kominn tími til að klára þessa gömlu drauga," segir Svavar Örn Svavarsson hárgreiðslumaður sem ætlar að setjast á skólabekk í vetur. Meistaranámið er tvær annir í kvöldskóla og verður aðaláherslan á bókfærslu, stærðfræði og fleira í þeim dúr. „Ég ætti að verða fær um að reikna út línurnar í hausnum á viðskiptavinum mínum eftir námið," segir Svavar og brosir.

Viðskiptavinir Svavars á hárgeiðslustofunni Senter í Tryggvagötu þurfa ekki að hafa áhyggjur því hann segist ætla að skrópa í skólann þegar nýju línurnar koma svo að hann geti áfram fylgst með öllu því nýjasta. „Það verður hver einasta mínúta skipulögð í vetur en ég ætla að einbeita mér algjörlega að stofunni, skólanum og NFS." Svavar ætlar að byrja daginn fyrr á morgnana til að geta sinnt viðskiptavinum sínum áður en hann fer í skólann sem byrjar ýmist klukkan fimm eða sex á daginn. „Á laugardögum kem ég síðan til með að mæta eldsprækur í skólann klukkan átta og síðan beint á stofuna um hádegisbilið," segir hinn orkumikli hárgreiðslumaður, Svavar Örn. - sig



**SVAVAR ÖRN SVAVARSSON** Hárgreiðslumaðurinn vinsæli ætlar að klára meistaranám sitt í hárgreiðslu í vetur. Hann rekur þó áfram hárgreiðslustofuna Senter í Tryggvagötu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


MEGA VIKA
21.-27. ÁGÚST
ALLAR PIZZUR Á
1.090 KR.*
Hvítlauksolía fylgir öllum pizzum
Fyrstu 1.000 pöntunum í dag fylgja ókeypis kartöflubátar
Allt 2 lítra gos á 195 kr.
Brauðstangir 295 kr.
Kjúklingacombo 495 kr.
Hot Wings 495 kr.
Buffalo Wings 495 kr.
Kartöflubátar 295 kr.
58•12345
Domino's Pizza
*ef þú sækir
www.dominos.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR



SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000




BAKÞANKAR
GERÐAR KRISTNÝJAR

## *Aðilar eru líka fólk*

Í frétt um Reykjavíkurmaraþonið í sjónvarpinu á laugardagskvöldið var sagt frá því að slökkviliðsmenn hefðu skokkað með „fatlaða einstaklinga“. Alltaf hegg ég eftir þessu orði „einstaklingar“ og að mér læðist söknuður eftir þeim tíma sem fjölmiðlafólk bar það mikla virðingu fyrir okkur að það kallaði okkur konur, karla, börn, menn, þjóð, Íslendinga eða hvað það nú var sem grípa mátti til. Það er ekki langt síðan, varla meira en fimm ár. Nú erum við ýmist „einstaklingar“ eða „aðilar“. Þetta eru svo ljót og ópersónuleg orð að þegar ég heyri þau dettur mér alltaf í hug hálslausi karlinn í samfestingnum sem skreytir hurðir karlaklósettanna. Aldrei sé ég fyrir mér hálslausu konuna í kjólnum framan á kvennaklósettunum því þessi orð eru bæði karlkyns.

**FJÖLMIÐLAFÓLK** hefur tekið svo miklu ástfóstri við einstaklingana og aðilana að það reynir að pota þeim inn hvað sem tautar og raular. Í fyrrnefndu dæmi hefði til að mynda vel dugað að segja að slökkviliðsmennirnir hefðu hlaupið með fatlaða. Engu skiptir heldur þótt viðmælendur blaðanna tali hvorki um „einstaklinga“ né „aðila“, þessi orð skjóta samt upp kollinum. Í vor fór vinur minn í viðtal við Morgunblaðið þar sem honum varð það á að minnast á „hönnuði“. Þegar viðtalið birtist hafði honum verið lagt orðið „hönnunaraðilar“ í munn. Kannast lesendur við þetta orð, „hönnuðaraðilar“? Nei, ég hélt ekki en það stóð nú þarna samt. Fyrir tíu árum þótti orðið „hönnuður“ alveg nógu tilgerðarlegt en nú þykir það greinilega ekki lengur ná utan um þessa starfstétt.

**SÍÐASTLIÐINN** vetur fór fréttamaður á NFS mikinn í viðtali við starfsmann sjúkrahúss og þegar hann fór að tala um það sem honum fannst vondur aðbúnaður á barnadeildinni sagði hann ítrekað: „Þetta eru yngstu einstaklingarnir.“ Furðulegt í ljósi þess hvað barn er fallegt orð. Af því leggur góð lykt og mann langar að láta það hvíla í hálsakotinu á sér, enda bauð frelsarinn börnunum að koma til sín, ekki yngstu einstaklingunum. Það eitt og sér hefði átt að geta verið nógu góð ástæða til að taka „börn“ fram yfir „yngstu einstaklingana“.

**KLISJUR** eru ljótar og það er ekki hægt að kenna tímaþröng um hvað þær eru lífseigar. Það tekur nefnilega alveg jafnmikinn tíma að temja sér þær og að halda í þá fáguðu íslensku sem var töluð árið 2001.


Yfir 150.000 gestir daglega
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ



www.toyota.is

# BYRJAÐU SKÓLAÁRIÐ Á BÍL SEM ER BÚINN AÐ BRILLERA Á ÖLLUM PRÓFUM

Nú standa yfir tilboðsdagar hjá Toyota - Betri Notuðum Bílum, þar sem fjölmargir bílar eru í boði á afbragðsgóðum kjörum. Við bjóðum námsmönnum, sem og öðrum viðskiptavinum, að sjálfsögðu aðeins bíla sem hafa staðist gæðamat og uppfylla kröfur okkar um öryggi og endingu.




**Suzuki Wagon** 5 gíra, bensín
Á götuna: 03.01 Ekinn: 60.000 km
Verð: 600.000 kr. Skr.nr. OU501




**Renault Mégane** 5 gíra, bensín
Á götuna: 11.00 Ekinn: 70.000 km
Verð: 730.000 kr. Skr.nr. OT561




**Toyota Corolla** 5 gíra, bensín
Á götuna: 06.00 Ekinn: 105.000 km
Verð: 750.000 kr. Skr.nr. TR969




**Volvo V40** 5 gíra, bensín
Á götuna: 05.99 Ekinn: 116.000 km
Verð: 890.000 kr. Skr.nr. UA284




**MMC Lancer** 5 gíra, bensín
Á götuna: 08.99 Ekinn: 115.000 km
Verð: 530.000 kr. Skr.nr. VG292




**Nissan Primera** sjsk, bensín
Á götuna: 06.04 Ekinn: 45.000 km
Verð: 1.470.000 kr. Skr.nr. YL586




**Toyota Avensis** 5. gíra, bensín
Á götuna: 06.99 Ekinn: 140.000 km
Verð: 710.000 kr. Skr.nr. OM283




**Renault Megane 4x4** 5 gíra, bensín
Á götuna: 04.02 Ekinn: 100.000 km
Verð: 1.190.000 kr. Skr.nr. VG049

Komdu og kynntu þér sértilboð okkar sem fela í sér meðal annars:
- Vetrardekk frá Sólningu, umfelguð og ásett
- 90% lánshlutfall og lengri lánstíma
- Lægri vexti og allt að 50% afslátt af lántökugjöldum, í boði Glitnis

BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

GLITNIR

BETRI NOTAÐIR BÍLAR TOYOTA

| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
|---|---|---|---|---|
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | Egilsstöðum |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 421-4888 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 33861 08/2006